

Benjamin Franklin

819.3

For

FORNMANNA SÖGUR,

EPTIR GÖMLUM HANDRITUM

ÚTGEFNAR

AÐ TILHLUTUN HINS

KONÜNGLIGA

NORRÆNA FORNFRÆÐA FÉLAGS.

Urðar orði

kveðr engi maðr.

Fjölsvinnsmál.

FIMTA BINDI.

Saga Ólafs konúngs hins helga.

Önnur deild.

Kaupmannahöfn, 1830.

Prentaðar í enni Poppsku prentsmiðju.





SAGA ÓLAFS KONÚNGS
HINS HELGA.

EPTIR GÖMLUM SKINNBÓKUM

ÚTGEFIN

AD TILHLUTUN HINS

KONÚNGLIGA

NORRÆNA FORNFRÆÐA FÉLAGS.

SÍÐARI DEILD.

Kaupmannahöfn, 1830.

Prentuð í enni *Poppsku* prentsmiðju.



S a g a

Ólafs konúngs helga.

162. Kapítuli.

ÞÁU tíðindi spurðust í Noreg, at Knútr konúngr dró her saman óvígán í Danmörk, ok þat með, at hann ætlaði at halda liði því öllu til Noregs ok leggja þar land undir sik; en er slíkt spurðist, þá vurðu Ólafi konúngi því verri menn til taks, ok fékk hann lítt lið af bóndum; konúngsmenn taluðu um þetta sín í millum, þa kvað Siglívatr:

Út býðr allvaldr sveitum
Englands, en vær fengum,
lítt sé ek lofðung óttast,
lið-fæð¹ ok skip smærri;
ráð eru ljót, ef láta
landsmenn konúng þenna,
lætr² einorð fè firða,
ferð liðþrota verða.

Ólifr konúngr átti hirðstefnu en stundum húsþing við lið sitt allt, ok spurði menn sína ráðs, hvat þeim þætti ráðligast: þurfu vær ekki at dyljast við, segir konúngr, at Knútr konúngr mun koma ok vitja vor í sumar, ok hefir hann her mikinn, sem þær munið spurt hafa, en vær höf-

¹) lið færta, II. ²) svíkr, L.

um lið lítit at svá búnu til móts við lið hans, en landsfólk er oss nú ekki trúligt. En ræðu konungs svara menn, er hann orti orða á, en hér er sagt fra því, er Sighvatr sagði:

Fleira¹ getr, en frýju
 fjandr leggr oss til handa,
 verð ek fyrir æðru orði
 allvalds, enn fè gjalda;
 hvárr skal², þegn þótt þurfi³
 þengils vina gengi,
 [halda sik frá slíku,
 siklíngs⁴ hafa myklu.

163. Þat sumar gjörðust þau tíðindi á Hálogalandi, at Hárekr or Þjóttu minntist þess, at Ásmundr Grankelsson⁵ hafði rænta ok barða húskarla hans; bjó hann skip, er hann átti, tvítugsessu, er flaut fyrir bæ⁶ hans tjaldat ok þilit, gjörði hann þat orð á, at hann ætlaði at fara suðr til Þrándheims. Ok eitthvert kveld gekk Hárekr til skips með húskarla sína, ok hafði nær átta tígi manna, reyru þeir um nóttina ok kvámu er mornaði til bæjar Grankels, slógu þeir hríng um bæin, ok veittu síðan atgaungu, ok lögðu eld í húsin; brann⁷ Grankell inni ok menn hans, en sumir voru úti drepnir; létust þar alls 30 manna. Fór Hárekr heim eptir þat verk, ok sat at

¹) flýja, B. ²) hefnd en, b. v. A. ³) þverri, B, H; þykkni, D, F, L. ⁴) upp (Ulf, B;) hvelfa (hvarfu, B; hvarfla, K;) svik sjálfum, -sik lengst; B, D, H, K, S. ⁵) þannig leiðsett; Grankelsson, hér A. ⁶) eða heldr býr (býi) A. ⁷) Hér byrjar apter E.

búi sínu. Ásmundr var með Ólafikonúngi. Var þat bæði um þá menn, er á Hálogalandi voru, at enginn beiddi Hárek bóta fyri verk þat, enda bauð hann engar.

164. Knútr hinn ríki dró saman her sinn, ok hêlt til Limafjarðar, en er hann var þaðan búinn, þá sigldi hann þaðan öllu liði sínu til Noregs, fór skyndiliga, ok lá ekki við land austan fjarðar, sigldi þá yfir Foldina, ok lagði hann at Ögðum, og krafði þar þínga; koma bæendr ofan ok hêldu þíng við Knút, var hann þar tekinn til konúngs yfir land allt, ok setti hann þar menn í sýslur, en hann tók gjöld af bóndum, mælti engi maðr í móti honum. Ólafr konúngr var þá í Túnsbergi, er her Knúts konúngs fór hit ytra um Foldina; Knútr fór þá norðr með landi, koma þá til hans menn or hêröðum ok játtuðu þá allir honum hlýðni. Knútr lá þá í Eykundasundi nokkura hríð, þá kom til hans Erlíngr Skjálgsson með lið sitt, þa bundu þeir Knútr konúngr og Erlíngr vináttu sína enn af nýju, var þat í heitum við Erlíng af hendi Knúts konúngs, at hann skyldi hafa land allt til forráða milli Staðs ok Rýgjarbits¹. Síðan fór Knútr norðr leiðar sinnar, er þat skjótast frá at segja ferðum hans, at hann létti eigi fyrr enn hann kom norðr í Þronðheim, ok hêlt til Niðaróss, stefndi hann þá í Þronðheimi átta

¹) Rýgjarbotz, B; Rýjarbits, E.

fylkja þíng, ok var á því þíngi Knútr til konúngs tekinn um allan Noreg. Þórir hundr hafði farit or Danmörku með Knúti konúngi, ok þar var Hárekr or Þjóttu kominn; gjörðust þeir Þórir lendir menn Knúts konúngs, ok bundu svardögum; konúngr gaf þeim stórar veizlur, ok fèkk þeim finnferð, ok gaf þeim gjafir stórar á þat ofan; alla lenda menn, þá er til hans vildu snúast, gæddi hanu bæði at veizlum ok lausafè, lèt þá alla hafa meira ríki enn þeir höfðu áðr.

165. Knútr konúngr hafði lagt land allt undir sik í Noregi; þá átti hann þíng fjölment bæði af sínu liði ok af landsmönnum, þá lýsti Knútr konúngr yfir því, at hann vill gefa Hákon jarli, frænda sínum, at yfirsókn land þat allt, er hanu hafði unnit í ferð þeirri, þat fylgði ok því, at hann leiddi í háseti hjá sèr Hörða-Knútr, son sinn, ok gaf honum konúngsnafn ok þarmeð Danaveldi. Knútr konúngr tók gisla af öllum lendum mönnum ok stórbóndum, tók sonu eðr bræðr eðr aðra frændr, eðr þá er þeim voru kærastir, ok honum þóttu bezt tilfallnir, festi Knútr konúngr svá trúnað manna við sik, sem nú var sagt. En er Hákon jarl hafði tekit við ríki í Noregi, þá ræðst til lags með honum Einar Þambaskelfir, mágr hans, tók hann þá upp veizlur allar, þær er hann hafði fyrr haft, þá er jarlar ræðu fyri Noregi. Knútr konúngr gaf Einari stórar gjafir, ok batt hann í kærleikum við sik, svá at Einar skyldi vera mestr maðr

ok göfgastr ólfginna¹ manna í Noregi, [ef eigi er jarl til eðr son hans², meðan hans vald væri yfir Noregi, ok lét þat fylgja, at honum þótti hann bezt tilfallinn at vera tignarmaðr ok bera tignarnafn í Noregi, ef eigi væri jarl til, eðr son hans Eindriði, fyrir ættar sakir ok alls annars; þau heit þóttu Einari mikils verð, ok hét þar í mót trúnaði sínum; hófst nú af nýju höfðingskapr Einars³.

166. Þórarinn hét maðr, ok var kallaðr loftúnga íslenzkr at kyni, hann var skartsmaðr mikill ok skáld gott, hann hafði verit með konúngum eðr öðrum höfðingjum, hann var með Knúti konúngi, ok hafði ort um hann lofkvæði, ok var þat flokk; en er Knútr konúngr vissi at hann hafði ort flokk um hann, þá varð hann reiðr mjök, ok bað hann yrkja um sík drápu um daginn eptir, þá er konúngr sæti yfir borðum, en ef hann gjörði eigi svá, þá sagði konúngr, at Þórarinn skyldi uppi henga fyri dirfð sína, þá er hann hafði ort dræplíng um Knút konúng. Þórarinn orti þá stef í; ok setti í kvæðit, ok jók nokkurum vísum, ok er þetta stef:

Knútr verr grund, sem gætir

Grikkland⁴ himinríkis⁵,

Knútr konúngr launaði vel kvæðit, ok er sú drápa kölluð Höfuðlausn. [Þórarinn orti aðra drápu um Knút konúng, er kölluð er Tögdrápa⁶, í þeirri drápu er sagt frá þessum ferðum Knúts

¹) Hér v. eitt blað í K. ²) frá [v. í hin. ³) Hér byrjar apttr C. ⁴) Grikklands, hin. ⁵) himinríki, hin. ⁶) Tögdrápa, E, F, L.

konúngs, er hann fór sunnan frá Danmörk til Noregs¹, ok er þetta einn stefja bálkr:

Knútr var² und sólar,
siðnæmr, með lið
fór mjök mikit
minn vinr þinnig;
færði or firði
fíra³ gramr Lima
út ólittinn
otr heims flota.

Ygðu Egðir
auðbeiðis⁴ för
sváangs⁵ sigrlana
[sökkr runnr⁶ mjök;
allt var gulli
grams [lið búit⁷,
var sjón⁸ sögu
slíks ríkari.

Ok fyri Lista
liðu fram viðir⁹
há gjálbrs¹⁰ í haf
hart kolsvartir;
byggt var innan
allt brimgalta¹¹,
suðr¹² [sum skriðu¹³,
sund, Eykunda¹⁴

¹) Frá [b. við hin, þykir gleymt úr A. ²) er, B, C, D, H, K, S.
³) fimr, B, L. ⁴) örbeiði, B, C, D, H, K, S. ⁵) svans, B, C, D,
E, K, S. ⁶) sökrammiv, hin. ⁷) skip framit, B, H, K, S.
⁸) sön, E. ⁹) Hér sleppr E, um sinn. ¹⁰) hafgjálfrs C, D;
hranndyrs, H; haggjálfrs, F, L. ¹¹) brimgaltar, hin. ¹²)
sverð, D. ¹³) sæ skiðum, hin. ¹⁴) Eykunda, hin.

Ok fyrir fornan¹
 frið menn liðu
 laug Hjar-nagla²
 haust³, griðfastir⁴;
 Þá er stórir⁵ fyrir Stað
 stafn klif⁶ drifu,
 varat eyðilig⁷,
 auðbeiðir⁸! för.

Knáttu súðir⁹
 svángs mjök lángar
 byr-rökn¹⁰ bera
 brim dyr¹¹ fyrir Stim;
 svá liðu sunnan
 svöl heims völu¹²
 at kom norðr í Nið
 nýtr herflýtir.

Þá gaf sínum
 snjallr gjörvalla
 Noreg nefa
 ujótr [vegr Jóta¹³;
 ok¹⁴ gaf sínum,
 segi ek þat, megi
 [dags! djúpliga¹⁵
 Danmörk svana.

1) norðan, B. 2) Hjar-næla, C. 3) hvast, hin. 4) sið-
 fastir, L. 5) stóð, L; stór, hin. 6) skrif, C. 7) auðilig B;
 æðilig, C. 8) örbeiðis, hin. 9) auðr, B, C. 10) rækn, C.
 11) köld, C. 12) valir, B, H, K. 13) vegjóta, B, C, D, K, S.
 veg jótra, F, L; veghrotar, H. 14) sá, B, H, K, S. 15) dals
 dökksalar (dökkvalar, H) B, H, K, L, S; dal djúpsala, C, D;
 dags djúpsala, L.

Hér getr þess, at þeim var sjón sögu ríkari um ferð Knúts, er þetta kvað; Þórarinn hrósaði því, at hann hefði verit í ferð með Knúti konúngi, er hann kom í Noreg.

167. Menn þeir er Ólafr konúngr hafði sent austr í Gautland eptir skipum sínum, þá fóru þeir með þau skip, er þeim þóttu bezt, en brendu hin, ok höfðu með sér reiða ok annann varnað, er konúngr átti ok menn hans. Þeir sigldu austan, þá er þeir spurðu at Knútr var farinn norðr í Noreg, sigldu þá austan um Eyra¹-sund, ok svá norðr til Víkrinnar ok svá a fund Ólafs konúngs, ok færðu honum skip sín, var hann þá í Túnbergi. En er Ólafr konúngr spurði, at Knútr konúngr fór liði sínu norðr fyrir land, þá hêlt hann inn í Öslarfjörð² ok uppí vatn þat, er Dröfn heitir, ok lá hann þar við, til þess er her Knúts konúngs var farinn út suðr um. En í þeirri ferð, er Knútr konúngr fór norðr³ með landi, átti hann þíng í hverju fylki, var honum þar land svarit ok gefnar gíslar. Síðan fór hann austr yfir Foldina til Borgar, var honum þar land svarit sem annarstaðar. Síðan fór Knútr konúngr til Danmerkr, ok hafði hann í þeirri ferð eignast Noreg orrostulaust, ræð hann þá fyrir þrimr þjóðlöndum, svá segir Hallfreðr háreksblesi⁴, er hann orti um Knút konúng:

¹) þannig hin, ytra, A. ²) þannig A; Oslóar- og Oslarfjörð, hin. ³) suðr, B, K, S. ⁴) þannig hin; háreksblesi, A.

Englandi ræð ýngvi
 einn², hófst friðr at³ beinni³,
 böðrakkr boðar⁴ nökkut⁵
 barkrjóðr⁶ á⁷ Danmörku;
 ok hefir⁸ varða⁹ leiknar
 jálmfrægr¹⁰ und sik, hjálma¹¹
 hjaldr örr haukum þverrir
 húngr [Noreg þrúnginn¹².

168. Ólafr konúgr hêlt skipum sínum
 [út til Túnsbergs¹³, þegar hann spurði at Knútr
 konúgr var farinn til Danmerkr; síðan fór
 Ólafr konúgr með lið þat, er honum vildi
 fylgja, ok hafði hann þá 17¹⁴ skip, síðan hêlt
 hann út eptir Víkinni, ok fêkk hann lítit af fê ok
 svá af mönnum, nema þeir er bygðu eyjar eðr
 útnes, þeir fylgðu honum; gekk konúgr þá
 ekki á land upp, hafði slíkt af fê ok mönnum
 sem á leið hans varð, hann fann þat þá, at landit
 var spanit undan honum, fór hann sem honum
 byrjaði, var þat öndverðan vetr, at þeim byrjaði
 heldr seint, lágu þeir í Sóleyjum mjök lengi, ok
 spurðu þar tíðindi af kaupmönnum norðan or
 landi, var konúngi sagt, at Erlíngr Skjálgsson
 hafði samnað mikinn á Jaðri, ok skeið hans lá
 fyrir landi albúin, ok fjöldi annara manna átti
 þar skip albúin með Erlíngi; voru þar skútur

1) þeim, C. 2) ok, C. 3) beini, B, C, D, K, S. 4) bænar D; bónar, hin. 5) nökkva B, H, K, S; nacca, C. 6) brakrjóðr, C. 7) ok, hin. 8) hvefir, C. 9) odda, hin. 10) álfrjóðr, H; jálmfræyr, hin. 11) málm, D; máлма hin. 12) Noregi þrúngit, hin. 13) b. v. hin. 14) þannig A; 13 hin.

ok aðrar ferjur stórar; konúgr hêlt austan liðinu ok lá um hríð í Eykundasundi, spurðu þá hvárr til annarra, fjölmenti Erlíngr þá sem mest. Thómásmessu fyrir jó! þegar í dagan tók konúgr útor hafninni, var þá góðr byrr ok heldr hvass, sigldu þeir þá norðr¹⁾ fyrir Jaðar, var veðr vát nokkut; þegar ferr njósn hit efra fyrir Jaðar, er konúgr sigldi hit ytra; en er Erlíngr varð þess varr, at konúgr sigldi austan, þa lét hann blása liði sínu öllu til skipa, dreif þá fólk allt til skipa ok bjóst til bardaga, en skip konúngs bar skjott norðr at Jaðri, þá stefndi hann leið, ætlaði hann svá ferð sína at fara inn í Fjörðu ok fá sèr þar lið. Erlíngr sigldi eptir þeim, ok hafði her manns ok fjölda skipa, ok voru skip þeirra örskreið, er þeir höfðu ekki á nema menn ok vâpn, gekk þá skeið Erlíngs miklu meira enn önnur skip, þá lét hann heflla ok beið liðs síns.

169. Þá sá Ólafr konúgr at þeir Erlíngr sóttu eptir þeim, þvíat skip hans voru sett mjök ok sollin, er þau höfðu flotit á sjó um vetrinn ok allt sumarit þartil; ok er hann sá at liðsmunr mundi vera mikill, ef þeir mættu liði Erlíngs öllu senn, þá lét hann kalla skip af skipi, at síga skyldi láta segl ok heldr seint, en svipta af handrifi, ok var svá gjört. Þeir Erlíngr fundu þat, þá kallaði Erlíngr á lið sitt, ok bað þá sigla meira: sjái þær, segir hann, at

¹⁾ þannig hin; norðan A.

nú lægir segl þeirra, ok draga þeir nú undan oss, lét hann þá hleypta or heflum á skeiðinni, gekk hún þa fram brátt hjá öðrum skipunum; Ólafr konúgr stefndi fyrir innan Bokn¹, fal þá sýn millum skipanna; síðan bað konúgr leggja seglin ok róa fram í sundit, er þraungt var í sundinu, lögðu þeir þá saman skipunum, gekk kleppunes² fyrir utan, þá voru menn allir herklæddir. Erlíngur sigldi þá at sundinu, ok fundu þeir eigi fyrr, enn herr Ólafs konúgs lá fyrir þeim, ok þeir sá at menn Ólafs konúgs reyru öllum skipum í senn at þeim, þeir Erlíngur hleyptu ofan seglunum ok tóku til vápna, en konúgs herinn lagði öllumegin at þeim, tókst þar orrosta ok var hin snarpasta, þá snöri brátt mannfalli í lið Erlíngs; Erlíngur stóð í lyptingu á skipi sínu, hann hafði hjálm á höfði ok skjöld fyrir sér, sverð í hendi. Sighvatr skáld hafði verit eptir í Víkinni, ok spurði þar þessi tíðindi, hann var hinn mesti vin Erlíngs, ok hafði þegit gjafir at honum ok hafði verit með honum. Sighvatr orti flokk um fall Erlíngs, ok er þessi 1028
vísa þar í:

Ótt³ ræð Erlíngur skjóta
eik sá eldinn⁴ bleiki⁵,
iflaust er þat, jöfra⁶
arnarfót í móti;
[skeið hans lá svá síðan

¹) Bokn, S. ²) kleppunes, C. ³) út, hin. ⁴) er ræð
(rauð S.) enn, hin. ⁵) bleike, B, C, D, S. ⁶) jöfri, C, D.

siklíngr í her miklum,
snarir börðust þar síðan
síbyrð við skip fyrða¹.

Þá tók at falla lið Erlíngr, ok þegar er áorti ok
uppgángen gjörðist á skeiðina, þá fèll hverr í
sínu rúmi²; konúngr gekk vel fram; svá segir
Sighvatr skáld:

Rakkr þengill hjó rekka,
reiðr gekk hann of skeiðir,
valr lá þraunt³ á þiljum,
þúng var⁴ sókn fyrir Túngum;
bragníngur rauð fyrir breiðum⁵
borðvöll Jaðar norðan;
blóð kom varmt á víðan,
vá frægr konúngr, ægi.

Svá fèll vanliga lið Erlíngr, at engi maðr stóð
upp á skeiðinni nema hann einn; var þat bæði,
at hann⁶ beiddi lítt griða, fèkk ok engi þótt
beiddi, mátti ok ekki snúast á flóttu, þvíat skip
láu umhverfis skeiðina; svá segir Sighvatr:

Öll var Erlíngr fallin,
úngs⁷, fyrir norðan Túngur
skeið vann skjöldúngr auða,
skipsókn við þröm Bókna⁸;
einn stóð sonr á sínu
snarr Skjálgs, vinum fjarri,
í lyptíngu lengi
lætrauðr⁹, skipi auðu.

¹) fyrður, B, C. ²) frá [v. í D. ³) þykkt, D. ⁴) varð,
H, S. ⁵) breiðan, C, D, S. ⁶) hér byrjar K apr. ⁷) úngr,
B. ⁸) Býknar, S. ⁹) látrauðr, K.

Þá var Erlíngur sóttur bæði í fyrirrúminu ok af öðrum skipum; rúm mikit var í lyptíngunni ok bar þat mjök upp frá skipunum öðrum, ok mátti aungu við koma þángat, nema skotum eða spjótalögum, ok hjó hann þat allt af sér. Erlíngur varðist svá þrúðliga, at engi maðr vissi dæmi til, at einn maðr hefði staðit svá lengi fyrir jafnmörgum mönnum í atsókn, en aldri leitaði hann til griða eðr undankvámu. Svá segir Sighvatr skáld:

Ræð eigi grið, Gýgjar,
geðstirðs¹ konúngs firða,
skógs² þóat skúrir³ væri⁴,
Skjálgs-hefnir, sér nefna;
enn varðkeri verðar⁵
við⁶ Bókn, nè⁷ kemr síðan,
gluggs⁸ á gjálfri luktan⁹,
geirs ofurhugi meiri.

Ólafur konungur sótti þá aptr fyrir lyptínguna, ok sá hvat Erlíngur hafðist at; konungur orti orða á hann: öndverðir horfir þú við í dag, Erlíngur! segir hann. Erlíngur svarar: öndverðir skulu ernir klóast, segir hann. Þessa getur Sighvatr skáld:

Öndverða það jarðar,
Erlíngur, sá er vel lengi
geymdi, [halr nè hamdist

¹) geðstirðr, *lin.* ²) skers, *B, H, S*; skots, *C.* ³) skýrir, *D, S.* ⁴) þyrðit, *B*; væzi, *C, D, K*; herðist, *S.* ⁵) virðir, *B*; viðan, *C, D, K*; virða, *H*; varðat, *L.* ⁶) þannig *lin*; við rángt *skr. í A.* ⁷) *h. v. lin.* ⁸) glyggs, *B, C, D, K, S*; gauks, *H.* ⁹) leygðan, *B, S*; lygðan, *C*; bygðu, *D*; loknu, *H.*

hand vörn¹, klóast örn²;
 þá er hans³ at svik⁴ sönnu⁵,
 sá var áðr munuð⁶ ráða
 snjallr⁶ við Útstein illra⁷,
 Ólafr [ok tók⁸ málum.

Þá mælti konúgr: vilt þú á hönd gánga, Erlíngur? Þat vil ek, segir hann; þá tók Erlíngur hjálminn af höfði sér, ok lagði niðrskjöldinn ok sverðit, ok gekk fram í fyrirúmit. Konúgr stakk við honum öxa, hyrnunni í kinnina, ok mælti: merkja skal drottins svikana⁹. Þá hljóp at Áslákr fitjaskalli, ok hjó með öxi í höfuð Erlíngi, svá at stóð í heila niðri, var þat þegar banasár; lét Erlíngur þar líf sitt. Þá mælti Ólafr konúgr við Áslák: högg þú allra manna armast! nú hjóttu Noreg or hendi mér. Þá segir Áslákr: illa var þat, konúgr! er þér er meingjörð at þessu verki, ek þóttumst höggva í hönd yðr; en ef ek hefir yðr misgjört, herra! ok kunni þér mér óþökk fyrir þetta, þá mun mér kostlaust vera þetta verk, þvíat hafa mun ek svá margra manna fjandskap fyrir, at ek munda heldr þurfa yðvart traust ok vináttu. Konúgr segir at svá skyldi vera. Síðan bað konúgr hvern mann gánga á skip sín sem hvatligast: ok munu vær, segir hann, ekki ræna val þenna, ok munu nú hafa hvárir, sem fengit

1) hann lystr né lamdist landvörn, *lin.* 2) hann, *lin.* 3) sík, *B, H.* 4) sönnu, *B, C, D, S.* 5) búinn, *B, C, D, S;* numinn, *F, K;* unninn, *L.* 6) atz, *B, H, S.* 7) hitzi, *B, S.* 8) ofúók, *B, D, S;* tekít, *F.* 9) svikann, *lin.*

hafa; gengu menn þá aptr á skip sín, ok bjöggust sem hvatligast; en er þeir voru búnir, þá rendi skip bænda sunnan í sundit, þá var sem opt berr raunir, þótt lið mikit komi saman, er menn fá slög stór ok láta höfðingja sína, at mönnum verðr ráðfátt, ok sè þá höfðingjalausir. Synir Erlíngs voru engir þar, því varð ekki af atlögu bænda, ok sigldu þeir konúngr noðr leið sína; bændr tóku lík Erlíngs ok bjöggu um, ok fluttu heim á Sóla, ok svá val þann allan, er þar hafði fallit, ok var Erlíngur hit mesta harmaðr, ok hefir þat verit mál manna, at Erlíngur Skjálgs-son hafi verit maðr göfgastr ok ríkastr í Noregi þeirra er eigi báru tignaarnafn. Sighvatr kvað:

Erlíngur fèll, en olli
 allríkr tapaðr¹ slíku²,
 biðiat³ betri dauða
 bragnínga konr⁴ gagni;
 mann veit ek eigi annann,
 allbrátt af' fjör láta⁵,
 einn⁷ þann⁸; er allir⁹ kunnu¹⁰
 aldr fullara at balda.

Þat segir Sighvatr, at Áslákr hafi frændvíg vegit ok mjök úsynju:

Áslákr hefir aukit,
 er¹¹ vörðr¹² dæpinn Hörða,

1) skapat, B; skavpaðr, C; skapaðr, D; skipan, H; skipat, S. 2) slíkri, H. 3) biðar, C; biðr, D, H, K. 4) með, b. við B, D, H, K, S; at, C. 5) at, hin. 6) láti, B, C, D, K, S; látit, F, L. 7) enn, B, C, D, S. 8) sí, hin. 9) ellan, hin. 10) kunni, hin. 11) ætt, B, D. 12) þannig hin; norðr, A.

fáir² skyldu svá foldar
frændsekju styr vekja;
ættvígum má hann eigi,
[um bítast³, þar⁴ níta,
frændr munu⁵ bræði bindast
bornir, málin fornu.

Synir Erlíngs voru sumir norðr í landi í Þránd-
heimi með Hákonjarli, en sumir norðr á Hörð-
alandi, sumir inní Fjörðum, ok voru þeir þar í
líðsamnaði; en er spurðist fall Erlíngs, þa
fylgði þessi sögu útboð um Agðir austan ok
svá um Rogaland ok Hörðaland, var [þat út-
boð⁶; var þetta hit mesta fjölmenni, ok fór
herr sá með sonum Erlíngs norðr eptir Ólafi
konúngi. Þá er Ólafr konúngr fór frá bar-
daga þeirra Erlíngs, sigldi hann norðr um sund
ok var þá dagr mjök líðinn. Svá segja menn
at hann orti vísur þessar:

Lítt mun [herr enn⁷ hætta,
hrafn skeit⁸ af ná peitu⁹,
vær unnum gný guonar¹⁰,
glæðr¹¹ í nátt fyrir Jaðri;
verstillir hefir illa
ættgóðr um rof sætta,
Erlíngr beið til árla
andrán, getit hánun¹².

Lítt mun halrinn hvíti,

¹) Hér byrjar E. ²) áliti, B, II, S. ³) þat, B, II, S. ⁴)
skyli, hin. ⁵) þar her boðit út, hin. ⁶) höldrinn, D. ⁷)
sleit, hin. ⁸) leit, C, D, C. ⁹) geira, C, K. ¹⁰) glæðir, F.
¹¹) vís v. í B, II, S.

hrafn etr af ná getnum,
 vær unnum gny gunnar,
 glaðr¹ í nátt fyrir² Jaðri;
 svá hefir öllungis illa,
 ek gekk reiðr of skeiðar,
 jörð veldr manna morði,
 mitt rán getit hánum³.

Fór konúgr síðan norðr með landi með lið
 sitt, hann spurði allt hit sanna um bónda samnað,
 þar voru þá með Ólafi konungi margir lendir
 menn, þar voru þeir allir Árna synir. Þess
 getr Bjarni gullbrárskáld í kvæði því, er hann
 orti um Kálf Árnason:

[Vart þú⁴ þar er vígs bað kosta
 vígdjarfr⁵ Haralds arfi,
 kynnist⁶ kapp þitt mönnum,
 Kálfr! við Bokn austr⁷ sjálfa;
 gátut Gríðar sóta
 gólig faung til jóla,
 kendr vart þú fyrst⁸ at falli⁹
 flettu-grjóts eða¹⁰ spjóta.

Öld fèkk illt or gjöldum¹¹,
 Erlíngur var þar fenginn,
 óðu bleik¹² í blóði
 borð fyrir Útstein norðan;
 ljós er raun, at ræsir

1) glaðir, C, F. 2) á, C, D. 3) vís v. í K. 4) váttu, E;
 vástu, F, II. 5) vópudjarfr, hin. 6) kunn þú, E. 7) of, C.
 8) fyrst, B, C, D, E, II, K, S. 9) fundi, B, D, II, S. 10) ok,
 hin. 11) deildum, B, C, D, II, S. 12) blökk, B, H, S.

ráðinn varð frá láði,
lögðust¹ lönd und Egða,
lið þeirra frá ek meira.

Fór Ólafr konúgr til þess at hann kom norðr um Stað, ok lagði til Hereyja, ok spurði þar þau tíðindi, at Hákon jarl hafði lið mikit í Þronðheimi. Síðan leitaði konúgr ráðs við lið sitt; Kálfr eggjaði mjök at leita til Þronðheims ok berjast við Hákon jarl, þótt liðsmunr væri mikill; því ráði fylgðu margir aðrir, var þá skotit til orskurðar konúngs.

170. Síðan hēlt konúgr til Steinavágs, ok lá þar um nátt, en Áslákr fitjaskalli hēlt skipi sínu inn til Borgundar, dvaldist hann þar um náttina; þar var ok fyrir Vígleikr Árnason, en um morguninn, er Áslákr vildi gánga til skips síns, þá veitti Vígleikr honum atgaungu, ok hefndi Erlíngs. Nú koma menn til konúngs norðan or Frekeyjarsundi, hirðmenn konúngs, er heima höfðu setit um sumarit, ok sögðu honum þau tíðindi, at Hákon jarl ok margir menn með honum voru komnir um kveldit með mikit fjölmenni í Frekeyjarsund, ok vilja hann taka aflfi, ef þeir ætti vald á; en konúgr gjörði menn sína uppá fjall þat, er þar var; en er þeir kvámu uppá fjallit, þá sá þeir norðr til Bjarkeyja², at norðan fór lið mikit ok mörg skip, ok fóru þegar ofan aptr, ok sögðu konúngi at herr mikill fór norðan, en konúgr lá

¹) lögdot, E, L. ²) Bjarneyja, C, E, D, H; Frekeyja, L.

þar fyrir 12 skipum. Síðan lét konúgr blása, ok tóku menn tjöld af skipum sínum, ok tóku menn til ára, en þá er þeir voru búnir ok þeir lögðu út or hafninni, þá fór herra Þrænda norðan fyrir Þjótandi, ok höfðu hálfan þriðja tög skipa; þá stefndi konúgr fyrir innan Nyrvit¹ ok inn um Húnkver²; en þá er þeir voru jafnfram Borgund, þá fór út skip ímóti þeim, er Áslákr hafði átt. En er hittu Ólaf konúgr, þá segja þeir sín tíðindi, at Vígileikr Árnason hafði tekit af lífi Áslák fitjaskalla fyrir þat, er hann hafði vegit Erlíng. Konúgr lét illa yfir þeim tíðindum, ok máttihann þó eigi dvelja ferð sína fyrir úfriði, ok fór þá konúgr um Veggjarsund ok um Skot, þá skildist lið hans, fór þá Kálfr Árnason á brott ok margir aðrir lendir menn ok skipstjórnar menn, ok hældu til móts við Hákon jarl, en Ólafr konúgr hæld fram sinni ferð, ok létti eigi fyrr enn hann kom á Róðrarfjörðinn⁴ ok lagði at í Valdali⁵, ok gekk hann þar upp af skipum sínum, ok hafði þá 6 skip, ok setti þar upp, ok fékk þar til hirzlu segl ok reiða. Síðan setti hann þar landtjöld á eyrunum, sem Sult⁶ heitir, ok eru þar fagrir vellir, ok reistu þar kross hjá á eyrunum; en

¹) Nýtafi, D. ²) Hundsver, B, C, E, S; Hundver, K.

³) Vegsund, B; Vígund, C, D; Veigsund, S; Veggjaðarsund, L.

⁴) Róðrarfjörð, B, C, E, H, K, S. ⁵) Valdali, B, C, D,

K, S. ⁶) Sultr, B, D, L.

bóndi sá bjó á Mæri, er Brúsi hét, ok var hann höfðingi yfir dalnum; síðan kom Brúsi ofan ok margir bændraðrir á fund Ólafs konúngs, ok fögnuðu vel konúngi, sem vert var, en hann gjörði sik blíðan ímóti fagnaði þeirra. Þá spurði konúngr, hvart fært væri þar or Dölunum ok á Lesjar. Brúsi segir, at urð sú var þar í dalinum, er Sefsurð heitir, ok er þar hvárki fært mönnum nè hrossum. Ólafr konúngr svarar: til munu vær hætta, Brúsi! tekst sem guð vill, ok komið hér í morgin með eyki yðra ok sjálfa yðr, ok sjám, hverir vextir á eru, þá er vær komum til urðarinnar, hvárt vær megum þar nökkur brögð til sjá, at komast megi yfir með hrossum ok mönnum.

171. En er dagr kom þá fóru bændr ofan með eyki sína, svá sem konúngr hafði mælt við þá, fluttu þeir þá í einu varnað sinn ok klæði, en allt liðit gekk ok svá konúngrinn sjálf, hann gekk þar til, er Njósbrekka* heitir, ok hvíldist er hann kom á brekkuna ok sat þar um hrið ok sá ofan í fjörðinn, ok mælti síðan: erfiða ferð hafa þeir fengit oss, lendir menn vorir, er nú hafa skipt um trúnaðinn, er um hrið voru várir vinir ok fulltrúar; þar standa nú (krossar) 2 eptir í brekkunni, sem konúngr sat; konúngr stó þá á bak hesti, ok létti eigi fyrr enn hann kom til urðar. Þá spurði konúngr Brúsa, hvárt

*) *Hér sleppr E apr.* 2) Krossbrekka, B, D, H, K, S; Orósbrekka, C; Njósbrekka, F; Moss, L.

nokkr sel væri þar, svá at þeir mætti íbúa. Hann kvað vera. Konúgr setti landtjald sitt, ok voru þar um nóttina, en um morguninn þá bað konúgr menn sína fara til urðarinnar, ok freista ef þeir mætti koma vögnum yfir urðina; síðan fóru þeir til, en konúgr var heima; en at kveldi kvámu þeir heim, hirðmenn konúngs, ok kváðust hafa haft mikit erfiði ok aungu á leið komit, ok sögðu þeir, at þar mundi aldri vegr yfir leggjast, ok voru þar aðra nátt, ok var konúgr á bænum alla þá nótt; en þegar er hann sá at dagaði, þá bað konúgr menn sína fara til urðarinnar, ok freista ef þeir gæti vögnum yfir komit, þeir fóru ok voru traudir ok segja at þeir mundu ekki geta atgjört; en er þeir voru farnir, þá kom sá maðr til konúngs, er ræð fyrir vistum þeirra, ok sagði konúngi, at eigi var vist meiri enn tvö nautaföll slátrs, en þú hefir nærr 4 hundruð þíns liðs. Þá mælti konúgr, at upp skyldi láta alla ketla ok í hvern ketil nokkut af slátri; ok svá var gjört; en konúgr gekk til, ok gjörði yfir krossmark, ok bað þá búa mat; en konúgr fór til urðar, þar sem þeir skyldu veginn ryðja, en er konúgr kom þar, þá sátu þeir allir ok voru móðir af erfiði. Brúsi mælti: ek sagða yðr, herra! ok vildu þer eigi trúa mæ, at ekki mætti vinna urð þessa. Síðan lagði konúgr af sér skikkjuna, ok mælti, at þeir skyldu tilfara allir ok freista enn, ok var svá

gjört, ok færðu nú þá steina þáingat [20 menn¹, er þeir vildu] er áðr mátti eigi hræra hundrað menn¹, ok var vegrinn ruddr at miðjum degi, at fært var bæði mönnum ok hrossum, eigi verri með klyfjar, enn á sléttum velli. Síðan fóru þeir þáingat sem vist þeirra var, ok nú heitir Ólafshellir; kelda er þar nær hellinum, ok þó konúngr sèr þarí; en er búfè manna verðr þar sjúkt í Dölunum ok drekkur þar af, þá batnar því skjótt. Síðan fór konúngr til matar, ok allt fólk hans, en þá er Ólafr konúngr var mettr, þá spurði (hann), hvárt nokkur sætur væri í dalinum upp frá urðinni ok nær fjallinu ok þeir mætti búa í um nóttina. Brúsi svarar: eru sel ok heita Gresúngar², ok má þar engi maðr vera um nótt fyrir tröllagáangi ok meinvætta, er þar eru í sætrunum. Síðan mælti konúngr, at þeir skyldu fara ferðar sinnar, ok segir at hann vildi þar vera um náttina. Þá kom sá maðr til hans, er fyrir vistum ræð, ok segir at þar var úgrynni vista: ok veit ek eigi hvaðan komnar eru. Konúngr þakkaði guði sending sína, ok lét gjöra margar byrðar bændum þeim, er ofan fóru eptir Dölunum, en konúngr var at sætrinu um nóttina, en at miðri nótt, er menn voru í svefni, þá lét á stöðli afskræmiliga ok mælti: svá brenna mik bænir konúngs, segir sú vætr, at eigi má ek vera at hýbýlum mínum, ok verð ek at flýja frá

¹) Þannig hin, gjormáð í A. ²) Grenningar og Gresningar, hin.

frá heimili mínu ok koma aldri hær síðan; en um morguninn, er menn vöknudu, þá fór konúgr til fjalls, hann mælti við Brúsa: hær skal gjöra bæ, ok mun sá bóndi æ hafa sêr framdrátt, er hær býr, ok aldri skal hær frjósa korn, þótt bæði frjósi fyrir ofan ok fyrir neðan. Síðan fór konúgr yfir fjallit ok kom fram í Einbúa, ok var þar um nótt. Ólafr konúgr hafði þá verit konúgr yfir Noregi 15 vetr með þeim vetri, er þeir Sveinn jarl voru báðir, ok með þessum, er nú um hríð hefir verit frásagt, ok var þá liðit um jól fram, er hann lét skip sín ok gekk á land upp, sem fyrr var sagt. Þessa grein konúgrdóms hans ritaði Ari prestur Þorgilsson hinn fróði, er bæði var sannsögull ok minnigr, ok svá gamall maðr at hann mundi þá menn ok hafði sögur haft af, at þeir voru svá gamlir, at fyrir aldrs sakir máttu muna þau tíðindi, svá sem hann hefir ritat á sínum bókum, ok nefndi þá menn til, er hann hefir fræði afnumit; en hitt er alþýðu sögn, at Ólafr konúgr væri 15 vetr konúgr yfir Noregi áðr hann féll, en þeir er svá segja, þá telja þeir Svein jarl til ríkis þann vetr, er hann var síðast í landi, þvíat Ólafr konúgr var síðan 15 vetr konúgr svá at hann lifði.

172. Síðan er Ólafr konúgr hafði verit um nótt á Lesjum, þá fór hann um daginn eptir í Guðbrandsdali, en þaðan út á Heiðmörk, ok sýndist þá, hverir vinir hans voru,

Þvíat þeir fylgðu honum, en hinir skildu við hann, er með minna trúskap honum höfðu þjónat, en sumir snèrust til úvináttu við hann ok fulls fjandskapar, sem bert varð, kendi þess mjök á um Upplendinga, at illa hafði þeim líkat aftaka Þórisss, sem fyrr var getit. Ólafr konúngr gaf heimfararleyfi mörgum mönnum sínum, þeim er bú áttu ok börn fyrir at hyggja, þvíat þeim þótti ósýnt, hverr friðr gefinn væri varnaði þeirra manna, ef landi brutt færi með konúngi; gjörði konúngr þá bert fyrir alþýðu, at sú var ætlan hans, at fara þá or landi, fyrst austr í Svíaveldi, ok gjöra þá ráð sitt, hvert hann sneyri þaðan, en bað svá vini sína tilætla, at hann mundi þaðan ætla enn til lands síns aptr at leita ok til ríkis, ef guð læði honum lángs lífs; sagði at þat var hugboð hans, at allt fólk í Noregi mundi enn vera allt þjónostubundit við hann: en ek munda ætla, sagði hann, at Hákon jarl muni litla stund hafa vald yfir landinu, ok mun mörgum mönnum eigi þikkja þat undarligt, þvíat Hákon jarl hefir fyrr skort hamíngju við mik; en hinu munu fáir trúa, þóat ek segi þat, er mèr býðr fyrir, er kemr til Knúts hins ríka, at hann mun á fárra vetra fresti vera dauðr ok farit allt ríki hans, ok mun eigi verða upp-reist hans kynslóðar, ef svá ferr, sem mín orð horfa til. En er konúngr hætti tali sínu, þá bjöggu menn ferð sína, ok snèri konúngr þá með þat lið, er honum fylgði, austr til Eiðaskógs,

þar var þá með honum Ástriðr drottning, Úlfhildr ok Magnús son konungs, Rögnvaldr Brúason¹, þeir Árna synir, Þorbergr, Finnur ok Árni² ok enn fleiri lendir menn, hafði hann gott mannval. Björn stallari fékk heimfararleyfi, fór hann aptr til búss síns, ok margir aðrir vinir konungs fóru aptr til búa sinna í leyfi konungs; bað konúgr þess, at þeir skyldu hann vita láta, ef þau tíðindi gjörðist at hann bæri nauðsyn til at vita; býr konúgr þá ferð sína. Þat er at segja frá ferð Ólafs konungs, at hann fór fyrst or Noregi austr um Eiddaskóg til Vermalands, en þaðan utí Vazbæ ok þaðan yfir skóg þann, sem leið liggr, ok kom fram á Neríki³, þar var fyrirríkr maðr ok auðigr, er hét Sigtryggr; Ívar hét son hans; Sigtryggr⁴ var göfugr maðr; þar dvaldist konúgr lengi um vârit með Sigtryggi. En er sumraði þá bjó konúgr ferð sína ok fékk sêr skip, fór hann um sumarit ok létti eigi fyrr enn hann kom austr í Garðaríki á fund Jarazleifs konungs ok þeirra Íngigerðar; Ástríðr drottning ok Úlfhildr voru eptir í Svíþjóð, en konúgr hafði með sêr Magnús son sinn. Jarazleifr konúgr fagnar vel Ólafi konungi, ok bauð honum með sêr at vera ok hafa þar land

1) Dagr ok Hrágr á Gautlandi, Finnur Haraldsson, Egill Hallsson, Tófi Valgautsson, Þórðr dígrí, systurson Einarar Þambarskelfis, Þorsteinn Ragnhildarson, tveir íslenskir menn, Einar ok Þórðr, Þorleifr kveikr og Þorleifr hvítí, *b. v. F.* 2) ok Kolbeinn, Gissur gullbráaskáld, Þormóðr kolbrúnarskáld, *b. v. F.* 3) Náríki, *F, L*; Anaríki, *A.* 4) er síðan, *hin.*

til slíks kostnaðar, sem hann þurfti at halda lið sitt með; þat þekkist Ólafr konúngr, ok dvaldist hann þar. Svà var sagt at Ólafr konúngr var siðlátr ok bænærkinn til guðs alla stund æfi sinnar, en síðan er hann fann at mótstöðumenn hans efdust, en ríki eyddist, þá lagði hann allan hug á at gjöra guðs þjónostu; dvaldi hann þá ekki frá aðrar áhyggjur eðr þat starf, er hann hafði með höndum haft, þvíat hann hafði alla þá stund, er hann sat í konúngdómi sínum, starfat þat, er honum þótti mest nytsemi í vera, fyrst at friða ok frelsa landit af áþján útlendra manna ok höfðingja, en síðan at snúa fólkinu á rétta trú ok þar með at setja lög ok landsrètt, ok þann hlut gjörði hann fyrir réttlætis sakir at hegna þá or rángt gjörðu. Þat hafði verit mikill siðr í Noregi, at lendra manna synir eðr ríkir bæendr fóru á herskipum ok öfluðu sér svà fjár, at þeir herjuðu bæði utanlands ok innanlands; en síðan er Ólafr tók konúngdóm, þá friðaði hann land sitt, svà at hann tók af rán öll þar í landi, ok lagði svà ríkt við, at hann lét aungu öðru fyrir koma, enn þeir (lētu) líf eða limar, hvárki tjóði bæn manna nè fêboð þar fyrir. Svà segir Sig-hvatr skáld:

Gull buðu opt, þeir er ollu
úthlaupum gram kaupast,
rètt¹ en ræsir atti²
ríklunduðum, undan³;

1) rautt, *lin.* 2) nítti, C, F, H, K; neitti, *lin.* 3) slíku, *Li.*

skör lét¹ hann með hjörvi,
herland skal svá verja,
raun² biðu rekka³ trjónur⁴
rifsíng, konúgr⁵ hnefsa⁶.

Leiddi⁷ mest sá er meiddi,
margdýrr konúgr vörgum⁸
hinna⁹ ætt [at hlanna¹⁰,
hann¹¹ stýfði¹² svá þýfða;
þýðr lét þerflast¹³ bæði
þjóf hvern konúgr ernan,
frið bætti hann svá, fóta,
fýkir¹⁴ lands, ok handa.

Vissi heldr¹⁵ þar er hvössum
hundmörgum lét grundar¹⁶
vörðr með vâpnum skorna¹⁷
vskíngum skör ríkis;
mildr hefir mörgu¹⁸ valdit
Magnúss faðir gagni,
frændr¹⁹ Ólafs kveð ek frömdu²⁰
flestan sigr, hins digra.

Hann lét jafna refsíng hafa ríkan sem úríkan,
en þat þótti landmönnum ofrefli ok fýltust

1) har, B; bæð, C, D, II, S. 2) rán, C, D, II, K, S.
3) réttar, B; rekkar, *hín*. 4) sýnar, B; sýna, C; sona, D, S;
þínir, II. 5) firuan, B, C, D, S. 6) efsa, B; eða, D; ofsa, S.
7) fæddi, B, C, D, II, K, S. 8) varga, B, C, D, II, K, S.
9) vinnu, C, *hvinna*, *hín*. 10) ok hlanna, B, C, D, H, S.
11) hevr, B, C, S. 12) skýfði, K. 13) þarnast, B, II;
þermlast, C, F; þrifast, L; þramlasc, S. 14) fylkis, B, C, D,
K, S; fýlkir, F. 15) helzt, B, C, D, S. 16) grundat, K.
17) skerða, B, C, S. 18) mörgum, K. 19) frænd, F, L,
fæggð, H. 20) fundu, C.

Þeir fjandskapar í móti, er þeir létu frændr sína at dómi konúngs, þótt sakir væri sannar; var þat upphaf til þeirrar uppreistar, er lendir menn höfðu í móti Ólafi konúngi, at þeir þoldu honum eigi réttindi, en hann vildi heldr láta af tigu enn af réttlæti, en eigi var honum sú sök réttfundin, at hann væri hnaggr¹ við sína menn, þvíat hann var hinn mildasti við vini sína; en þat bar til, at menn reistu ófrið ímóti honum at mönnum þótti (hann) harðr ok refsíngasamr. En Knútr bauð fram of fjár, en þó urðu stórir höfðingjar af hinu (mest) blektir, er hann hèt hverjum tign ok ríki, ok þat með, at menn voru fúsir í Noregi at taka við Hákon jarli, þvíat hann var hinn vinsælasti maðr af landsmönnum þá fyrr, er hann ræð fyrir landinu.

173. Hákon jarl hafði þá haldit liði sínu or Þrándheimi ok farit á mót Ólafi konúngi suðr á Mæri, sem fyrr var ritat; en er konúngr hèle inn í fjörðinn, þá sótti jarl eptir honum, kom þá til móts við jarl Kálfr Árnason ok fleiri menn, þeir er skildust við Ólaf konúng; var Kálfi þar vel fagnat. Síðan hèle jarl inn þángat at, sem konúngr hafði uppsett skip sín í Róðrarfjörð² í Valdal, tók jarl þar skip þau, er konúngr átti, ok lét framsetja skipin ok búa, voru þar menn skipaðir til skipstjórnar. Sá maðr var með jarli, er Jökull hèt, íslenzkr maðr, son Bárðar Jökuls-

¹) sparr, C; harðr, K; hnögg, lin. ²) þannig B, D. K, S, og síða 19 hær at framan hefir A þat einnig; Koðva-fjörð hær A.

sonar or Vazdal. Jökull hlaut at stýra Vísund, er Ólafr konúgr hafði átt; Jökull orti þá vísu þessa:

Hlaut ek frá¹ Sult, en sóta²,
 síðfregn at ek kvíða,
 vån erum hreggs at hreini
 hlýr-vags³, skipi stýra;
 Því er óstrætis⁴ atti,
 Óleifr vala⁵ kleifar,
 gramr var sjálfr⁶ á sumri
 sigri ræntri, hinn digri.

Þat er hér skjótast af at segja, er síðar varð miklu, at Jökull varð fyrir liði Ólafs konúgrs ok varð hann handtekinn, ok lét konúgr hann til höggs leiða, var vandr snúinn í hár honum, ok hæld á maðr; settist Jökull niðr á bakka nokkurn, þá ræð maðr til at höggva hann, en er hann heyrði hvininn, réttist hanu upp ok kom höggit í höfuð honum, ok varð mikit sárit; sá konúgr at þat var banasár, bað hann þá hætta. Jökull sat þá upp ok orti vísu þessa:

Svíða sár af mæði
 setit hefik opt við betra,
 und er á oss, sú er sprændi,
 ótrauð⁷, legi rauðum;
 býss mæri blóð or hausi⁸

¹) fyrir, K. ²) scota, *lin.* ³) vísundi, *II*; vángs, *lin.* ⁴) ýstettar, *B*; *H*, *S*; eistrætis, *C*; óstettar, *D*. ⁵) suna, *B*, *D*, *H*, *S*; hako, *lin.* ⁶) snjallr, *S*. ⁷) ótrauð, *lin.* ⁸) þessi, *B*, *C*, *H*, *S*.

ben, tæ¹ ek við þrek venjast,
 verpr hjálm-göfugr hilmir
 heitsær² á mik reiði.

Ok þá dó Jökull þegar.

174. Kálfr Árnason fór með Hákonni jarli norðr til Þrándheims, ok bauð jarl honum til sín, at gjöra hann höfðingja. Kálfr segir, at hann mundi fyrst fara inn á Eggju til bú síns, ok láta síðan gjöra ráð sín. Kálfr gjörði svá; en er hann kom heim, þá fann hann þat brátt, at Sigríð, kona hans, var heldr stór, ok taldi upp harma sína, þá er hún þóttist hafa hlötit af Ólafi konúngi, þat fyrst, at hann lét drepa bónda hennar Ölvi, en nú, segir hún, sonu mína tvá, ok vart þú, Kálfr! at aftöku þeirra, ok mundi mik þess sízt vara. Kálfr segir, at þat var mjök at hans úvilja, er þórir var af lífi tekinn; bauð ek, segir hann, fè fyrir hann; en þá er Grjóttgarðr var feldr, lét ek þá Ásbjörn³, bróður minn. Hún svarar: vel er þat, segir hún, er þú hlautst slíkt af konúngi, þvíat vera má þat, at þú vilir hans hefna, þóttu villr eigi hefna minna harma, sátst þú þat, er þórir var drepinn, stjúpson þinn, hversu mikils konúngr virði þik þá; þvílíkar harmtölur hafði hún jafnan uppi fyrir Kálfi. Hann svarar opt stutliliga; en þó varð hitt at lyktum at hann leiddist eptir fortölum hennar, ok hèt því at gjörast jarls maðr, ef hann vildi auka veizlur hans. Sigríð lét senda

¹) skrifast tæ í B, L. ²) heidsær, hin. ³) Arnbjörn, hin.

orð jarli, ok segir hvar þá var komit um mál Kálfs. En þegar er jarl varð þess viss, þá sendi han orð Kálfi, at hann skyldi koma á fund jarls. Kálfr sagðist þá ferð eigi skyldu undir höfuð leggjast, ok fór litlu síðar til Niðaróss, ok fann þar Hákon jarl; fékk hann þar góðar viðtökur, ok áttu þeir jarl tal sitt, kom allt ásamt með þeim, ok ræðu þeir þá, at Kálfr gjörðist handgenginn jarli, ok tók af honum veizlur stórar. Síðan fór Kálfr heim til búss síns; hafði hann þá mest yfirsókn allt inn í Þronðheim; en þegar er váraði bjó Kálfr ferð sína, ok bjó skip sitt, er hann átti, en þá er hann var búinn, þá sigldi hann ok hèlt skipi sínu vestr til Englands, þvíat hann spurði þar til Knúts konúngs, at hann sigldi vestr til Englands; þá hafði Knútr konúngr gefit jarldóm' Haraldí, syni Þorkels háfa; Kálfr Árnason fór þegar á fund Knúts konúngs, er hann kom til Englands. Svá segir Bjarni gullbrár skáld:

Austr ræð allvaldr rista
ótala - hafstáli,
varð at vitja garða
vígmóðr Haralds bróðir;
en um iðnir manna
emka² ek þarfr³ at samna⁴
skrökkvi, at skilnað ykkarn
skjótt lèzt þú Knút of sóttan.

²) í Danmörku, *b. v. S.* ³) emkat, *D.* ⁴) tann, *hín.* ⁴)
sanna, *B, F, L.*

En er Kálfr fór á fund Knúts konúngs, þá fagnaði konúngr honum vel, ok hafði hann á tali við sik, ok var þat í tali Knúts konúngs, at hann beiddi Kálf þess, at bindast fyrir at veita upp-reist í móti Ólafi konúngi, ef hann leitaði aprt í land: en ek mun, segir Knútr konúngr, gefa þér jarlsnafn ok láta þik ráða Noregi; en Hákon frændi minn skal fara til mín, ok er honum þat bezt fallit, þvíat hann er sá heilhugi, at ek ætla hann eigi einn skapti skjóta í móti Ólafi konúngi, þótt þeir finnist. Kálfr hlýddi á þat, er Knútr mælti, ok gjörðist hann fúss til tignarinnar, staðfestist sú ráðagjörð með Knúti konúngi ok Kálfi; bjóst Kálfr til ferðar, ok at skilnaði gaf Knútr konúngr honum gjafir góðar; þess getr Bjarni:

Allt¹ átt þú Englands drottni
 ógnrakkr gjafir² þakka,
 jarlsniðr³! komtu yðru
 ótala-vel máli;
 þér lét fold, áðr færir,
 frest urðu þess, vestan,
 líf þitt erat líttit,
 Lundúnu-gramr fundit⁴.

Síðan fór Kálfr aprt til Noregs ok kom heim til búss síns.

175. Hákon jarl fór þat sumar or landi ok vestr til Englands; en er hann kom þángat

¹) v. í hin. ²) í guði, C. ³) jarlsvinr, D. ⁴) fundun, B, II, S.

fór hann á fund Knúts konúngs. Fagnaði kon-
úngr honum vel. Jarl átti festarmey á Eng-
landi, ok fór hann þess ráðs á vit, ok ætlaði
at gjöra brúðkaup sitt í Noregi, en at afla
til á Englandi þeirra fanga, er honum þótti
torfengust í Noregi. Bjóst jarl til heimferðar
um haustit, ok varð heldr síðbúit; sigldi hann í
haf, þá er hann var búinn; en frá ferð hans var
ekki at segja annat, enn skip þat týndist ok
komst engi maðr af; en þat er sumra manna sögn,
at skip hafi sæzt norðr fyrir Kathanesi síð dags í
stormi miklum, ok stóð veðrit út at Petlands-
firði; segja þeir svá, er slíku vilja fylgja, at
skipit muni rekit hafa í svelginn, en hitt vita
menn með sannindum, at Hákon týndist í hafi,
ok ekki kom á land, þat er í þvískipi var. Þat
sama haust sögðu kaupmenn þau tíðindi, at menn
hugðu at jarl væri týndr, en hitt vissu menn, at
hann kom eigi í Noreg á því hausti, ok land var
höfðingja laust.

176. Björn stallari var heima at búum
sínum, síðan er hann hafði skilizt við Ólaf kon-
úng. Björn var frægr maðr, ok spurðist þat
brátt, at hann sat um kyrt; spurði þat Hákon
jarl ok aðrir landráðamen; síðan gjörðu þeir
menn ok orðsendingar til Bjarnar, fóru þeir er
sendir voru ok framkvomu, tók Björn vel við
þeim; síðan kallaði hann sendimenn til sín, ok
spurði eptir eyrindum; en sá, er fyrir þeim var,

mælti, ok bar kveðju Birni Knúts konúngs ok Hákonar jarls ok fleiri höfðingja, ok þat með, segir hann, at Knútr konúngur hefir spurn mikla af yðr, ok svá um þat, at þú hefir lengi fylgt Ólafi konúngi ok verit úvin Knúts konúngs, ok þikkir oss þat illa, þvíat hann vill vera vinr þinnu, sem allra annarra dugandi manna, þegar er þú vill af hverfa at vera hans úvin, ok er þèr nú sá einn til, at snúast til hans trausts ok vináttu, sem nógt er at leita, ok láta allir menn sér þat sóma í Norðrhálfu heimsins; megu þèr þat líta, er fylgt hafið Ólafi konúngi, hversu hann hefir skilizt með yðr, er þèr eruð nú allir traustlausir fyrir Knúti konúngi ok hans mönnum, en þèr herjuðuð land hans hit fyrra sumarit ok drápuð vini hans, ok er með þökkum at taka þetta, er konúngur býðr sína vináttu, ok væri hitt makligra, at þú bæðir hann til eða byðir fè til vináttu. En er hann hafði lokit sínu máli, þá svarar Björn ok segir svá: ek vil nú sitja um kyrt at búum mínum ok þjóna ekki höfðingjum. Sendimaðr svarar: slíkt er konúngsmenn, sem þú ert, kann ek þèr þat at segja, at þú átt 2 kosti fyrir höndum, sá annar, at fara útlagi af eignum þínum, svá sem nú ferr Ólafr félagsmaðr yðvarr; sá er kostur annar, er sýniligri mun þikkja, at taka við vináttu Knúts konúngs ok Hákonar jarls, ok gjörast þeirra maðr, ok selja til þess trú sína; en tak hèr mála þinn; steypiti fram ensku

silfri or miklum sjóð. Björn var maðr fègjarn, ok var hann hugsjúkr mjök, ok þagnaði, er hann sá silfrit, hugði þá at fyrir sèr, hvat af skyldi taka, þótti mikit at láta eignir sínar, en þótti óviss uppreist Ólafs konúngs at verða mundi í Noregi. En er sendimaðr sá, at Birni gekst hugr við fèit, þá kastar hann gullhríng¹, ok biðr Björn viðtaka, ok sverja eiðinn: ek heit þèr því, at þetta fè er lítils vert hjá því, er þú munt fá, ef þú sækir heim Knút konúng; en af mikilleik fjárinis ok heitum góðum, þá varð hann snúinn til fègirni, ok tók síðan upp fèit ok gekk til handgaungu ok eiða við Knút konúng ok Hákon jarl. Fóru sendimenn þá heim.

177. Björn stallari spurði þessi tðindi, er sagt var, at Hákon jarl væri týndr, þá sneyrisk skjótt skaplyndi hans; iðraðist hann þess, at hann hafði brugðit trú sinni við Ólaf konúng, þóttist hann þá lauss þeirra einkamála, er hann hafði veitt Hákon jarli til hlýðni, þótti Birni þá nokk- or vån uppreistar um ríki Ólafs konúngs, ef hann kvæmi til Noregs, er þar var þá höfðingjalaust fyrir. Býr Björn þá ferð sína skyndiliga, ok hafði með sèr nokkura menn, ok fór síðan dag ok nátt ferðar sinnar, þar til á bestum, er hann má þat, en þat á skipum, er svá mátti, ok létti eigi fyrr ferð sinni, enn hann kom um vetrinn á

¹) gullhríngum 2 digrum, *hin*.

jólum í Garðaríki á fund Ólafs konungs, ok varð konúgr allfeginn, er Björn hitti hann; spurði konúgr margra tíðinda norðan or Noregi. Björn segir konúgi at Hakon jarl var týndr, ok land var höfðingjalaust. Þeim tíðindum urðu margir menn fegnir, þeir er Ólafi konúgi fylgðu or Noregi, ok þar höfðu átt eignir ok frændr ok vini, ok lèku landmunir at at fara aptr til Noregs. Mörg önnur tíðindi segir Björn or Noregi, þau er konúgi var mikil forvitni á at vita. Þá spurði konúgr Björn eptir vinum sínum, hvernveg at þeir hældi trúnað við hann. Björn segir, at þat var misjafnt. Síðan stóð Björn upp ok féll til fóta konúgi, ok tók um fót konúgi, ok mælti: allt á guðs valdi ok yðru, herra! ek hefir tekit fè af Knúts mönnum, ok svarit þeim trúnaðareíða, en nú vil ek yðr fylgja ok aldri við yðr skiljast, meðan við lifum báðir. Konúgr svarar: statt þú upp, Björn! sáttr skalt þú við mik, en bæt þú við guð þetta; vita má ek þat, at fáir munu þeir vera í Noregi, at einörð sinni haldi við oss, er slíkir brugðust viðr oss, sem þú ert, er þat satt, at menn sitja í miklum vanda, er ek er fjarri, en sitja fyrir úfriði fjandmanna vðarra. Björn segir konúgi frá því, hverir mest bundust fyrir at reisa fjandskap í móti konúgi ok hans mönnum; nefndi hann til þess sonu Erlíngs á Jaðri ok aðra frændr þeirra, Einar Þambaskelfi ok Kálf Arnason, Þóri hund ok Hárek or Þjóttu.

178. Síðan er Ólafr konúgr var kominn

í Garðaríki, hafði hann stórar áhyggjur ok hugsaði, hvat ráð hann skyldi upp taka. Jarisleifr konúgr ok Íngigerðr drottníng báðu Ólaf konúng at dveljast þar ok taka upp ríki þat, er heitir í Valgaría¹, ok er þat einn hlutr af Garðaríki, ok var þat fólk allt heiðit í því landi. Ólafr konúgr hugsaði opt fyrir sér þetta boð, en er hann bar þetta ráð fyrir vini sína, þá löttu allir at staðfestast þar, ok eggjuðu konúng at leita norðr til Noregs til ríkis síns; konúgr hafði þat enn í ráðagjörð sinni, at leggja niðr konúngsnafn ok fara út í heim til Jórdanar ok til Jórsala, eðr í aðra helga staði, ok gánga undir reglubald. Þat taldist optast í huginn at hugsa, ef nökkur mundi til verða, at hann næði aptr ríki sínu í Noregi, en er hann hafði þar á huginn, þá minntist hann þess, at hina fyrstu 10 vetr konúngdóms hans voru honum allir hlutir hagfeldir ok farsælligir, en síðan var honum hagr sinn þúnghrærðr ok torsótt allt, ífaði hannum fyrir þá sök, hvárt þat mundi vera vitrligt ráð at treysta svá hamíngju með lítlum styrk í hendr úvinum sínum, er allr landsmúgrinn hafði tilslegizt at veita honum mótgangu. Slíkar áhyggjur bar hann optliga í hug sér, ok skaut til guðs sínu máli, ok bað hann þat láta uppkoma, er hann sæi at bezt gegndi; valkaði hann þat í huginum, ok vissi eigi hvat hann skyldi aftaka, þvíat honum sýndist mein-

¹) Valgaría, B, K, S; Ulgaríá, C, H. ²) *þannig hinc meiri, A.*

auðsýn á því, sem hann taldi upp fyrir sér. Þat var á einni nótt, er Ólafr konúgr lá í reykkju sinni, ok vakti lengi um náttina, ok hugði at ráðagjörð sinni, ok hafði stórar áhyggjur ískapi, en er hugrinn mæddist mjök, þá seig á hann svefn ok þó svá lauss, at hann þóttist vaka ok sjá öll tíðindi í húsinu, hann sá mann mikinn ok vegligan ok hafði klæðnað dýrligan; bauð konúgi þat í hug, at þar mundi vera konúgrinn Ólafr Tryggvason; sá maðr mælti við hann: ert þú mjök hugsjúkr um ráðagjörð þína, hvert ráð þèr skulið upptaka; þat þikki mèr undarligt, er þèr velkið þat ráð fyrir yðr þetta, ok ef þèr ætlið þat fyrir yðr, at leggja niðr konúgsnafn þat er guð hefir gefit yðr; slíkt hit sama sú ætlan, at vera hèr ok þiggja ríki af útlendum konúgi ok yðr úkunnum; fari þèr heldr aptr til ríkis yðvars, er þèr hafið at erfðum tekit ok ráðið leugi fyrir, með þeim styrk, er guð gaf yðr, ok lát eigi undirmenn yðra ráða yðr; þat er konúgs frami at sigrast á úvinum sínum, en vegligr dauði at falla í Noregi^x með liði sínu; eða ifi þèr nokkut, at þèr hafið rètt at mæla í yðvarri deilu, eigi skulu þèr þat gjöra, at dylja yðr sjálfir sannleiks, fyrir því megi þèr djarfliga sækja til landsins, at guð mun bera yðr vitni, at þat er yðr eiga. En er konúgr vaknaði, þá þóttist hann sjá svip mannsins, er á brutt gekk; en þaðan ífrá herði hann huginn

^x) orrostu, B, D, H, K, L, S.

ok einhverfði þá ætlan sína fyrir sér at fara til ríkis síns í Noregi, svá sem hann hafði áðr verið fúsastr¹, ok fann at allir hans menn vildu helzt vera láta; taldi hann þat í hug sér, at landit mundi vera auðsótt, er höfðingjalaust var, svá sem hann hafði spurt; ætlaði, ef hann kvæmi sjálf til, at margir mundu þá honum veita. En er konúgr birti ráðagjörð sína fyrir sínum mönnum, þá tóku því þakksamliga allir menn.

179. Þat er sagt, at sá atburðr varð í Garðarfki, þá er Ólafr konúgr var þar, at son einnar göfugrar ekkju fékk kverkasull, ok sótti svá mjök, at sveinninn mátti eigi mat neinum niðr koma, ok þótti hann banvænn vera; móðir sveinsins gekk til Íngigerðar, drottningar, þvíat hún var kunn henni, ok sýndi henni sveininn. Drottning segir, at hún kunn þar engvar lækningar til at leggja: gakk þú, segir hún, til Ólafs konúgs, hann er hér læknir beztr, ok bið hann fara höndum um kverkr sveinsins, ok ber til orð mín, ef hann vill eigi elligar. Hún gjörði svá sem drottning mælti, en er hún fann konúg, þá segir hún honum at sveinn hennar var banvænn af kverkasull, ok bað hann fara höndum um. Konúgr segir, at hann var eigi læknir, bað hana fara þangat sem læknar voru. Hún segir, at drottning hafði henni þangat vísat: ok bað mik sín orð tilsenda, at þer legð-

¹) Hér sleppr C um sinn.

uð lækning til, sem þér kynnið bezt, ok hún sagði mér, at þér kynnið bezt hær í landi. Síðan fór konúgr til, ok fór höndum um kverkr sveininum, ok þuklaði sullinn, til þess er sveinninn hrærði munninn, þá tók konúgr brauð ok braut ok lagði í kross í lófa sèr, síðan lagði hann þat í munn sveininum, en hann rendi niðr, ok þaðan af tók or verkinn or kverkunum, ok varð hann á fám dögum alheill. Móðir hans varð feginn ok allir frændr; þá var furst á þann veg virt, at Ólafr konúgr hefði svá miklar læknis hendr, sem mælt er um þá menn, er mjök er sú íþrótt lagin, at þeir hafi hendr góðar, en síðan er jartegnagjörð hans varð alkunn vorðin, þá tekit fyrir sannar jartegnir.

180. Síðan er Ólafr konúgr hafði ráðit fyrir sèr at hann mundi snúast til heimferðar, þá bar hann þat upp fyrir Jarazleif konúng ok Ingigerði drottníngu; þau löttu hann þeirrar ferðar, sögðu þau, at hann skyldi hafa í þeirra ríki þat veldi, er honum þætti sèr sæmiligt, en báðu hann eigi fara á vald úvina sinna með svá lítinn liðskost, sem hann hafði þar; sagði Ólafr konúgr drauma sína ok þat með, at hann kvaðst hyggja, at þat væri guðs vill ok forsjá. En er þau fundu at hann hafði ráðit fyrir sèr at fara apr til Noregs, þá buðu þau honum allan þann fararbeina, er hann vildi af þeim þiggja. Konúgr þakkar þeim með fögrum orðum sinn góð-

vilja, segir, at hann vill fúss þiggja af þeim þat er hann þarf til ferðar sinnar.

181. Þegar á bak jólum hèlt Ólafr konúgr á buníngi, hann hafði nær 2 hundruð manna sinna; fèkk Jarazleifr konúgr þeim öllum eyki ok þarmeðreiða, svá sem þeir þurftu. En er konúgr var búinn, þá fór hann; leiddi Jarazleifr konúgr hann ok Íngigerðr drottning út vegsamliga; Magnús son sinn lét hann vera eptir hjá þeim; fór Ólafr konúgr austan fyrst at freyrum allt til hafs, en er váraði ok ísa leysti, þá bjuggu þeir skip sín, en er þeir voru búnir ok byr gaf, þá sigldu þeir ok greiddist ferð þeirra vel, ok kom Ólafr konúgr skipum sínum við Gautland, spurðu þar tðindi bæði af Svíaveldi ok Danmörk; ok norðan var spurt til sanns, at Hákon jarl var týndr, en land var höfðingjalaust í Noregi; þótti konúgi þá ok hans mönnum vænt um sína ferð, sigldu þaðan, þá er byr gaf, ok hèldu til Svíþjóðar, lagði konúgr skipum sínum^t inn í Lögin, ok hèlt upp í landit til Áróss, ok gjörði síðan menn á fund Önundar konúgs, ok lagði stefnu við hann. Önundr konúgr varð vel við orðsending mágs síns, ok fór til fundar Ólafs konúgs, svá sem hann hafði orð til sendt; kom þá til Ólafs konúgs Ástríð drottning með þá menn, er henni höfðu fylgt, varð þar fagna fundr. Fagnar Svía konúgr vel mági sínum, er þeir hittast.

182. Nú skal segja, hvat bændr höfðust at

^t) Hér byrjar G aptr.

í Noregi um þessar stundir. Þórir hundr hafði Finnferð haft þessa 2 vetr, ok hafði verit lengi hvárntveggja vetr á fjalli uppi, ok fengit óof fjár¹, hann hafði átt mörg kaup við Finna. Hann lét gjöra sèr 12 hreinbjálba með svá mikilli fjölkýngi, at ekki væpn festi á, ok síðr myklu enn á brynju; en hit síðara sumarit bjó Þórir lánngskip, er hann átti, ok skipaði húskörlum sínum; hann stefndi saman bændum, ok krafði leiðángrs allt um hina vestri² þíngá³, ok dró saman mikit fjölmenni, ok fór hann norðan um vârit. Hárekr or þjóttu hafði ok mikinn liðsamnað, ok fèkk mikit lið, ok urðu til ferðar þessarar miklu fleiri virðingamenn, þóat þessir sè ágætastir, lýstu þeir yfir því, at þessi herr allr skyldi fara í móti Ólafi konúngi ok verja honum land, ef hann kvæmi austan. Einar þambaskelfir hafði mest forráð um Þrándheim, síðan er lát Hákonar jarls spurðist, þvíat Einari þóttu þeir feðgar vera bezt komnir til eigna þeirra ok lausafjár, er jarl hafði átt; minnatist Einar þá fyrirheita þeirra ok ummæla þeirra, er Knútr konúngr hafði veitt honum at skilnaði, lét þá Einar búa skip gott, er hann átti, gekk hann þar á sjálfr ok mikit föruneyti; en er hann var búinn, þá hêlt hann skipi því á fund Knúts konúngs; fagnaði konúngr honum vel. Síðan bar Einar upp eyrindi sín fyrir Knút konúng, ok

¹) *Hér byrjar E aptr.* ²) næstu, B, D, E, G, S. ³) þínghá, D, E, G, S.

segir, at hann er kominn at vitja heita þeirra, er konúngr hafði mælt, at Einar skyldi bera tignarnafn yfir Noregi, ef jarls væri eigi við kost. Knútr konúngr segir, at mál þat vissi allt á annan veg við: hefir ek nú, segir hann, (sent) menn ok jartegnir til Danmerkr til Sveinsonar míns, ok þat með, at ek hefir gefit honum ríki í Noregi, en ek vil halda við þik vináttu, skaltu hafa þvílíkar nafnbætr af mér, sem þú hefir burði til, ok vera lendr maðr. Sá Einar þá hlut sinn, hverthans eyrindi mundi verða, býst hann þá til heimferðar, en er hann vissi fyrirætlan Knúts konúngs, ok svá at mikil vån var á, at Ólafr konúngr mundi koma austan, ok ekki væri friðsamligt í landi, kom Einari þat í hug, at eigi mundi undir at hrapa [ferðinni meirr enn svá sem hagligast væri, ef þeir skyldi berjast við Ólaf konúng, en hafa¹ ekki til framkvæmdar ríkis² síns þá heldr enn áðr. Sigldi Einar þá í haf, þegar er hann var at því búinn, ok kom þá til Noregs, er fram voru áðr komin þau svik ok tíoindi, er þá gjörðist á því sumri.

183. Höfðingjar í Noregi höldu njósn austr til Svíþjóðar ok suðr til Danmerkr, ef Ólafr konúngr kvæmi austan or Garðaríki, fengu þeir þegar spurt, þá er Ólafr konúngr var kominn or Garðaríki til Svíþjóðar, en þegar er þat var spurt, þá fór herboð um landit allt, var stefnt

¹) þannig E og hin, v. í A; hér sleppr K um sinn. ²) máls, G.

út almenníngi at liði, kom þar saman mikill herr; en þeir lendir menn, er voru af Ögðum ok Rogalandi ok Hörðalandi, þá skiptust þeir, snöru sumir norðr, en sumir austr, ok þótti hvar-tveggja liðs viðþurfa; snöru austr synir Erlíngs af Jaðri með lið þat allt, er austr var frá þeim, ok voru þeir þar höfðingjar fyrir því liði; en norðr sneyri Áslakr af Finneyjum ok Erlendr or Gerði ok aðrir lendir menn, þeir er voru þaðan norðr; þessir, er nú voru nefndir, voru allir eiðsvarar Knúts konúngs til þess at ráða Ólaf af lífi, ef þeim gæfi færi á því.

184. En er þat spurðist í Noreg, at Ólafr konúngr var kominn austan til Svíþjóðar, þá sömnuðust saman vinir hans, er honum vildu lið veita; var í þeim flokki tignastr maðr Haraldr Sigurðarson, bróðir hans, hann var þá 15 vetra gamall, mikill maðr vexti ok málsnjallr; margt var þar annat göfugra manna; þeir fengu alls 6^r hundruð manna, þá er [voru af² Upplöndum, ok stefndu með lið þat allt austr um Eiðaskóg til Vermaíands; síðan stefndu þeir austr til Svíþjóðar, ok spurðust fyrir um ferðir Ólafs konúngs. Ólafr konúngr var í Svíþjóð um vârit, ok hafði hann þaðan njósnir norðr í Noregi, ok fékk þaðan þá eina spurn, at úfriðsamligt muudi þáingat at fara, ok þeir menn, er norðan kvámu, löttu hann mjök at fara í landit; hann hafði einráðit fyrir sèr at fara sem áðr. Ólafr konúngr spurði Önund konúng, hvern styrk at hann

¹⁾ 5, G, II. ²⁾ þeir voru á, G, II, L; fóru af, hin.

mundi fá honum at sækja land sitt. Önundr sagði honum at [sumum mönnum¹ var lítit um at fara í Noreg herför, segir hann, at Norðmenn eru harðir ok orrostumenn miklir: skal ek eigi seint segja yðr, hvat ek vil tilleggja, mun ek fá yðr 4 hundruð manna, ok velja af hirðmönnum vorum góða hermenn ok velbúna til bardaga, síðan vil ek gefa yðr lof til, at þèr farið yfir land vort ok fáid slíkt lið allt, er þèr megið ok yðr vill fylgja. Ólafr konúngr tók þenna kost, bjóst síðan leiðar sinnar. Drottning var eptir í Svíþjóð ok Úlfhildir konungsdóttir.

185. En er Ólafr konúngr hóf ferð sína, þá kom til hans lið þat², er Svíakonúngr fèkk honum, var þat fjögur hundruð manna; ferr konúngr er Svíar kvámu; fyrst stefndu þeir uppá land til Marka, ok kvámu þar fram, er kallat er Járnberaland, kom þar í móti konúngi lið þat, er farit hafði af Noregi til móts við hann, sem fyrr var sagt, hitti hann þá Harald, bróður sinn, ok marga aðra frændr sína ok vini; var þar hinn mesti fagnafundr; höfðu þeir þá allir saman 12 hundruð manna.

186. Dagr er maðr nefndr, hann var son Hríngs konúngs, þess er land hafði flýtt fyrir Ólafi konúngi; en menn segja at Hríngr væri son Dags Hríngssonar, Haraldssonar hins hárfagra. Dagr var frændi Ólafs

¹) Svíum, hin. ²) Hér er T. lokit að fullu.

konúngs; þeir feðgar Hríngur ok Dagur höfðu staðfezt í Svíaveldi, ok höfðu þar fengit ríki til forráða. Um vart er Ólafur konungur var kominn austan til Svíþjóðar, sendi hann orð Dag, frænda sínum, at hann skyldi ráðast til ferðar með honum með þann styrk allan, sem hann hefði til, en ef þeir fá land í Noregi, þá skyldi Dagur hafa þat ríki í Noregi, en eigi minna, enn forellrar hans höfðu haft áðr; en er þessi orðsending kom til Dags, þá fèll honum þat vel í skap, ok lèku at landmunir miklir at fara apr í Noreg, ok taka þar við ríki því, sem frændr hans höfðu átt fyrr, hann svarar skjótt þessu máli, ok hét þessi ferð. Dagur var maðr skjótorðr ok skjótráðr ok ákafamaðr mikill ok engi spekingur at viti. Síðan samnaði Dagur sèr liði, ok fèkk hann sèr nær 12^r hundruð manna, fór hann með þat lið til fundar við Ólaf konung.

187. Ólafur konungur gjörði orð frá sèr í bygðina, ok sendi orð þeim mönnum, er þat vildu hafa til fèfánga sèr, at afla hlutskiptis ok hafa upptektir þar, er úvinir hans væri fyrir, þá skyldi þeir til hans koma ok honum fylgja. Ólafur konungur flutti þá her sinn ok fór um markbygð en sumt um eyðimerkr ok optliga yfir vötn stór, þeir drógu skip eðr báru í milli vatnanna eptir sèr: fjöldi mikill fólks dreif til konúngs, markamanna ok stigamanna; er þar víða

¹) 7, II; 15, L.

síðan kallaðar Ólafsbygðir¹ sem hann hafði náttstaði; létti hann eigi fyrr ferð sinni, enn hann kom fram á Jamtalandi; fór konúngr þá norðr til Kjalar, ok skiptust menn hans í bygðirnar, ok fóru mjök sundrlaust, meðan þeir vissu engis úfridar vãn, en er þeir skildu lið sitt, fylgði konúngi Norðmanna lið; en Dagr fór í annan stað með lið sitt.

188. Menn 2 eru nefndir, þeir er annar hét Gauka-Þórir, en annar Afrafasti, þeir voru stigamenn miklir ok hinir mestu ránsmenn, þeir höfðu með sér 30 manna, sinna maka; þeir bræðr voru meiri ok sterkari enn aðrir menn, eigi skorti þá hug ok áráði. Þeir spurðu til þessa hers, er þar fór fyrir land, og mæltu sín ímilli, at þat mundi vera snjallráði at fylgja honum til lands síns, ok gánga í orrostu með honum ok reyna sik svá, þvíat þeir höfðu ekki fyrr íbardaga verit, þeim er liði væri fylkt, var þeim því forvitni á at sjá konúngs fylking; þetta ráð líkaði þeim vel förunautum þeirra, gjörðu þá síðan ferð sína til fundar við Ólaf konúng, en er þeir kvámu þar, þá gánga þeir með sveit sína fur Ólaf konúng, ok höfðu alvæpni sitt förunautar; þeir kvöddu konúng; hann spurði, hvat manna þeir væri, þeir nefndu sik ok sögðu, at þeir voru þar landsmenn, síðan báru þeir upp eyrindi sín ok buðu konúngi at fylgja honum. Kon-

1) Ólafsbúðir, G, H.

úngr segir, at honum þætti svá sem í slíkum mönnum mundi vera góð fylgð: ok erum vèr fúsir við slíkum mönnum at taka; eðr¹ hvart eruð þèr skírðir menn eða eigi? Gauka-Þórir segir, at hann er hvárki kristinn nè heidinn: höfum vèr fèlagar engan átrúnað annan, enn trúum afli voru ok sigrsæli, ok vinnst oss þat at nógu. Konúngr svarar: þat er mikill skaði, er menn svá liðmannligir skulu eigi á Krist trúa, skapara sinn. Þórir svarar: er nokkurr sá í yðru fóruneyti, konúngr! kristinn maðr, er meira hafi á degi vaxit enn við bræðr; konúngr bað þá skírast láta ok taka trú rétta þar með, ok fylgja þá oss síðan: skulu vèr þá gera yðr virðingamenn mikla, en ef þið villð þat eigi, farið aptr til iðna yðvarra. Afrafasti segir, at hann vill eigi við skírna taka. Snúa þeir síðan í brutt. Þá mælti Gauka-Þórir: þetta er skömm mikil, er konúngr gjörir oss liðrækja, þar kom ek aldri fyrr, er ek væra eigi hlutgengr við aðra menn, skal ek aldri aptr hverfa at svá búnu. Síðan slógust þeir í sveit með öðrum marka mönnum ok fylgðu flokkunum. Sækir Ólafr konúngr þá vestr til landsins².

189. En er Ólafr konúngr fór vestr til landsins ok um Kjöl, ok sótti þá vestr af fjallinu, svá at land lægði vestr at sjá; margt lið konúngs fór fyrr enn hann ok margt síðar, reið hann þar er rúmt var um hann, var hann

¹) *Hér sleppr G um sinn.* ²) *Kjalav, B, D, H, S.*

hljóðr ok mælti ekki við aðra menn, ok reið svá lengi dags at hann sást¹ um; þá reið at honum biskup ok mælti, ok spurði hvat hann hugsaði, er hann var hljóðr, þvíat konúngr var jafn glaðr ok margmálugr við menn sína í ferðum, ok gladdi þá jafnan, er nær honum voru. Konúngr svarar með áhyggju mikilli: undarliga hluti hefir fyrir mik borit um hríð, ek þóttumst sjá yfir Noreg, ek leit vestr af fjallinu, kom mēr þat í hug at ek hafða marga daga verit glaðr í því landi; mēr gaf þá sýn at ek sá um allan Þronðheim ok því næst um allan Noreg², ok svá lengi sem sú sýn hafði verit fyrir augum mēr, þá sá ek því lengra, allt þartil sem var sjór ok land, þartil er ek sá um alla veröld, ek kenda ok gjörla þá staði, er ek hefir fyrr sæð ok komit jafnliga, sá ek ok þá staði, er ek hefir eigi fyrr sæð suma, þá er ek hafða spurn af, en jafnvel hina, er ek hefir eigi fyrr heyrt getit, bæði byggða ok úbyggða, svá vítt sem veröldin er. Biskup svarar, at sú sýn var stór, heilaglig ok merkilig.

190. Síðan er Ólafr konúngr sótti ofan af fjallinu, þá var bær sá fyrir honum, er á Súlu heitir, í ofanverðri byggðinni í Veradæla-fylki; en er þeir sóttu ofan at bænum, þá lágu akrar við vegiun; konúngr bað menn fara spakkliga, ok spilla eigi ökrum fyrir bónda,

¹) lit. b. v. D, D. ²) hér byrjar K apr.

gjörðu menn þat vel, meðan konúngr var við, en þeir er síðar sóru, gáfu at því engan gaum, ok hleyptu menn svá um akrinn, at hann var allr lagðr við jörðu; sá bóndi, er þar bjó, er nefndr Þorgeirr flekk, hann átti tvá syni frumvaxta; Þorgeirr fagnaði vel konúngi ok hans mönnum, ok bauð honum allan þann forbeina, er hann hafði faung á. Konúngr tók því vel, ok spurði Þorgeir at tíðindum, ok hvat títt væri þar innan lands, eðr hvart samnaðrnokkur muni þar gjörr vera í móti oss. Þorgeirr segir, at lið mikit var samandregit þar í Þrándheim, ok voru þar komnir lendir menn bæði norðan ok sunnan or landi: en eigi veit ek, segir hann, hvárt þeir ætla því liði at stefna yðr í móti eðr annarstaðar. Síðan kærði Þorgeirr fyrir konúngi skaða sinn ok úspekt konúngs manna, er þeir höfðu niðrbrotit akra hans alla. Konúngr segir, at þat var illa vorðit, er honum var mein gjört. Síðan reið konúngr þartil, sem akrinn hafði staðit, ok sá hann at allr var at jörðu lagðr; hann reið umhverfis, ok mælti svá: þat væntir ek, bóndi! at guð muni leiðrétta skaða þinn, ok mun akr þessi betri á vikufresti, enn þá er spiltr var; varð þat hinn bezt akr, sem konúngr sagði; konúngr dvaldist þar um nátt, en at morgni bjó hann ferð sína, hann segir, at Þorgeirr bóndi skyldi fara með honum, en hann bauð til ferðar sonu sína. Konúngr segir, at hann skyldi fara með honum,

en sveinarnir vildu eigi eptir vera; konúgr bað þá eigi fara, en þeir vildu eigi letjast láta, þá vildu hirðmenn binda þá. Konúgr mælti, er hann sá þat: aptr munu þeir koma. Svá fór, sem konúgr sagði um sveinana.

191. Nú flytja þeir her sinn út til Stafs, en er konúgr kom á Stafa mýrar, þá átti hann þar dvöl, þá¹ spurði konúgr til sanns, at bændr fóru með her í mót honum, ok þat með at hann mundi þá eiga orrostu brátt, þá kannaði hann lið sitt, ok var skorat manntal, þá fundu þeir 9² hundruð heiðinna manna, en er konúgr vissi þat, þá bað hann þá skírast láta, sagði svá, at hann vill eigi heiðna mennu hafa með sér: munu vèr, segir hann, ekki mega treystast liðsfjölda, guði skulu vèr treystast, þvíat með krapti ok miskun munu vèr sigr fá, en eigi vil ek blanda heiðnu fólki við kristna menn; en er þetta heyrðu heiðngjar, þá báru þeir saman sín ráð, ok at lyktum létu skírast 4 hundruð manna, en fimm hundruð níttu kristni ok snèru þeir aptr til síns lands. Síðan gánga þar þeir bræðr fram með sitt lið, Gauka-Þórir ok Afrafasti, ok bjóða honum lið sitt, hann spurði, ef þeir hefði tekit skírn ok trú rétta. Gauka-Þórir segir, at þat var eigi; konúgr bað þá taka trú rétta eða fara á brutt at öðrum kosti. Þeir fóru þá í brott, ok taka tal sín á milli, ok töluðu, hvat ráð þeir skyldu

¹) Hér byrjar aptr C. ²) 8, II.

upp taka; þá mælti Afrafasti: svá er sagt frá mínu skapi, at ek vil eigi aptr hverfa, mun ek fara til orrostu, at veita lið öðrum hvárum, en eigi þikki mér skipta í hvárra flokki at ek er. Þá svarar Gauka-Þórir: (ef) ek vil til orrostu fara, þá skal ek konúngi veita, þvíat honum er meiri liðsþörf, en ef ek skal á guð trúa nokk-
 ut, hvat er mér verra at trúa á Hvíta-Krist enn á annat goð; nú er þat mitt ráð at vèr látim skír-
 ast, ef konúngi þikkir þat miklu máli skipta; förum þá síðan til orrostu með honum; þessu játta þeir allir, gánga síðan til konúngs, ok segja at þeir vilja láta skírast, voru þeir þá skírð-
 ir af kennimönnum ok biskupaðir. Konúngr tók þá í hirðlög með sèr, ok segir, at þeir skulu vera undir merki hans í orrostu. Ólafr konúngr hafði þá til sanns spurt, at skamt mundi vera til þess at hann mundi eiga orrostu við bændr; en síðan er hann hafði kannat lið sitt, ok skorat var manntal, ok hafði hann þá meirr enn 30 hundruð manna, ok þótti þat þá vera mikill herr at sjá á einum velli. Síðan talaði konúngr fyr-
 ir liði sínu, ok mælti svá: vèr höfum mikinn her ok frítt lið, nú vil ek segja mönnum, hverja skipan er ek vil hafa á liði mínu: ek mun láta fara merki mitt^{*)} fram í miðju liði mínu, ok skulu þar fylgja hirðmenn ok gestir, ok þar með þat lið er til vár kom á Upplöndum, ok svá þat lið er hér kom til vár í Þronðheim; en til hægri

^{*)} Þannig hin; míu, A.

handar frá voru merki skal vera Dagr Hríngsson, ok með honum þat lið allt, er hann hafði til föruneysis við oss, ok skal hann hafa annat merki, en til vinstri handar frá voru merki skal vera lið þat, er Svía konúngr fèkk oss, ok allt þat lið er kom til vár í Svíaveldi, skulu þeir hafa hit 3ja merki; vil ek nú, at menn skipist í sveitir ok heimtist saman frændr ok kunníngjar, munu þeir þá hverr annars bezt gæta ok hverr annan kenna; vær skulum marka lið vårt, ok gjöra herkulm á hjálmum várum ok skjöldum, draga þar á með bleikju, en er vær komum í orrostu, þá skulum vær allir hafa eitt orðtæki: fram, fram, kristsmenn! krossmenn! konúngsmenn! vær munum hljóta þunnar fylkíngar, þvíat vær höfum lítt lið, þvíat ek vil eigi at þeir hríngi um oss liði sínu. Skiptist menn nú í sveitir, en síðan skal sveitum skipta í fylkíngar, ok gefi gaum at, hvert hann er frá merki því, er hann skal fylgja; vær munum nú halda fylkíngum ok vera með alvæpni nátt ok dag, þar til at vær vitum, hvárt fundr várr mun verða ok bónda. Síðan er konúngr hafði talat fyrir herinum, þá fylktu þeir liði sínu, ok skipuðu eptir því sem konúngr hafði fyrir mælt. En eptir þat átti konúngr stefnur við sveitar höfðíngja, voru þá þar komnir menn, er konúngr hafði sent í hérað ok krefja bændr liðs; þeir kunnu þau tíðindi at segja or bygðinni, þar sem þeir kvámu, at þar var aleyða at vígum

mönnum, ok var þat fólk farit í bónda samnað; en þar er þeir hittu menn, vildu fáir þeim fylgja, en flestir svöruðu því, at fyrir þá sök sátu heima, at þeir vildu hvarigum fylgja, vildu eigi berjast í móti konúngi ok eigi í móti frændum sínum, höfðu þeir fátt lið fengit. Þá spurði konúngr menn ráðs, hvat mönnum þætti tiltækiligast. Finnur Árnason svarar máli konúngs: sjá má ek, hversu gjört mundi vera, ef ek skyldu ráða: þá myndu vèr fara herskildi yfir allar byggðir ok ræna fè öllu, ok brenna svá vannliga byggð alla, at aldri skyldi kot eptir, ok gjalda svá bóndum svik sín, hygg ek at margir muni þá lausir við flokkinn, ef þeir sjá heim reyk til húsa sinna ok loga, en vita ógjörla, hvat títt er um börn eða konur eða gamla menn, feðr eða mæðr eða annat frændlið sitt; væntir ek, segir hann, ef nokkurir ráða til at rjúfa samnaðinn, at þá muni brátt rjúfast fylkingarnar, þvíat svá er bóndum gefit, at þat ráð, er þá er nýjast, at þat er þá öllum tíðast. Ok er Finnur lauk máli sínu, þá gjörðu menn þar at góðan róm, líkaði mörgum þat vel, at ráða til fefánga, en öllum þóttu bændr makligir skaða, en þat líkligt, at Finnur sagði, at bændr mundi margir lausir í samnaðinum. Þormóðr Kolbrúnaskáld kvað vísu:

Brennum öll fyrir innan

Innaney¹ þau at vèr finnum,

lönd tegast² herr³ með hjörvi,

¹) Inney, B, C, S; inni, D, K, L. ²) skulum, R. ³) hverr, F.

herborg¹ fyrir² gram verja;
 ýss, hafi¹ allra húsa
 Innþrændir kol sinna,
 ángr mun kveik í klúngri
 köld, ef ek má valda.

En er Ólafr konúgr heyrði ákafa lýðsins, þá krafði hann sér hljóðs ok mælti: hafa bændr verðleika til þess, at svá væri gjört, sem þær hafið heitit þeim, vitið þær at ek hefir þat gjört, at brenna fyrir þeim bæi, ok veitt þeim aðrar stórar refsingar, gjörða ek þat þá at brenna bæi fyrir þeim, er þeir gengu af rættri trú, en tóku upp blót ok villu, ok vildu ekki láta at vorum orðum, ok áttu vær þá guðs rættar at reka; ok er þessi drottins svik miklu minna verð, þótt þeir haldi eigi trú sína við oss, ok munu þessi þó nokkorum þikkja (eigi) allsmá þeim er manndómsmenn vilja vera; nú á ek hær [nokkura vernd á⁴ at veita nokkura frfan, er þeir misgjöra við mik, en þá eigi, er þeir hötuðust við guð; nú vil ek at menn fari spakliga ok gjöri eigi hervirki; vil ek fara fyrst til fundar við bændr, nú sættumst vær, ok er þá vel, en ef þeir halda bardaga við oss, þá eru þar 2 kostir fyrir höndum; ef vær föllum í orrostu, þá er þat vel ráðit, at fara þángat eigi með ránshendi, en ef vær sigrumst, þá skulu vær vera arfökumenn þeirra, er berjast í móti oss, þvíat þeir munu þar sumir falla en sumir flyja, ok

¹) herðjarlum, B; hverborg, C, D; herbjörg, H; húsbjörg, S. ²) v. í B. ³) taki, B. ⁴) nokkuru heimilla, hin.

hafa hváirtveggju fyrirgjört eigu sinni allri, er þá gott at gánga til stórra búa, en bæir vegligir, en þess nýtr engi maðr, er brent er; svá ok ránsfé ferr at spèllum meiri hluti, enn þat er nýtt verðr; skulu vèr nú fara dreift út eptir Dölnum ok hafa með oss alla vígja menn, þásem vèr kunnum at fá; skulu menn ok höggva bú ok aðra þá hluti, er menn þurfu at hafa at fæða sik við, en menn gjöri eigi spellvirki annat; vel þikki mèr at þèr drepið njósnaarmenn bónda, ef þèr takið þá, skal Dagr fara hit neðra¹ ofan eptir Dölnum ok hans menn, en vær munum fara út þjóðveginn, ok hittumst at kveldi, ok höfum þá allir eitt náttból!

192. Svá er sagt er Ólafr konúngr fylkti liði sinu, þá skipaði hann skjaldborg, er halda skyldi fyrir honum í bardaga, ok valdi þartil hina sterkustu menn ok þá er snarpastir voru; síðan kallaði hann skáld til sín, ok bað þá gánga í skjaldborgina: skulu þèr, segir konúngr, hèr vera ok sjá þau tíðindi, er hèr gjörast, ok er yðr þá eigi segjanz saga til, hvat þèr skuluð frá segja ok yrkja um síðan; þar var þá Þormóðr Kolbrúnarskáld [ok Gizur gullbrárfóstri ok Hofgarða-Ref, son hans², ok hinn fjórði³ Þorfinnr munnr⁴. Þá mælti Þormóðr til Gizurar gull-

¹) neyrðra, C, D. ²) gullbráarskáld fóstri Hofgarða-Refs, B, K, S; gullbrárfóstri Hofgarða-Refsson, C; gullbrárfóstri, Hofgarða-Ref, J; gullbrá, fóstri Hofgarða-Refs, H; gullbrá, fóstri Hofgarða-Refs ok son hans L. ³) þriðil, B, II, S. ⁴) frá fyrra [v. i D.

brárfóstr¹: stöndum eigi svá þraungt, lagsmaðr!
 at eigi nái Sighvatr skáld rúmi sínu, þá er hann
 kemr, hann (mun) vilja vera fyrir konúngi, ok
 eigi mun konúngi annat líka. Konúngr heyrði
 þetta, ok svarar: ekki þarf Sighvat at sneiða, þótt
 hann sè eigi hær, opt hefir hann oss vel fylgt,
 hann mun nú biðja fyrir oss, ok munum vér þess
 allmjök þurfa. Þormóðr svarar: vera má þat,
 konúngr! at yðr sè (nú bænanna) mest þörf, en
 þunt mundi nú um merkistaung yðra, konúngr!
 ef allir hirðmenn yðrir væri nú á Rómaveg, var
 þat ok satt, at vær töldum at því opt, at eigi
 fèkk rúm fyrir Sighvati, þóat mæla þurfti við
 yðr. Þá mæltu skáldin sín í millum, ok sögðu
 at þat væri vel fallit, at yrkja áminningar vísur
 nokkorar um þau tíðindi, er þá mundi skjótt at
 hendi berast; þá kvað Gizur:

Skala² óglaðan³ ífa
 orð fengin⁴ þau⁵, borða
 búist við þraung á þíngi,
 þegns dóttir⁶ mik⁷ fregna;
 þóat sigrrunnar svinnir
 segi vån [Hèðins kvánar⁸,
 verum í óla⁹ eli
 austr bragnínga¹⁰ trausti¹¹].

Þá kvað Þorfinnr vísu:

Rökkr at regni miklu

¹) v. í B, C, D, H, K, L, S. ²) þannig B, D, H, S; skulu, A og lin. ³) óglöðum, B; óglæðr, S. ⁴) fregin, B, D, H, K, L, S. ⁵) þat, B, C, D, H, S. ⁶) dróttir, L; drottinn, S. ⁷) megi, F. ⁸) hédaukvámu, C. ⁹) óla, B, C, F, H, K, L, S. ¹⁰) bragníngi at, B, C, D, F, H, K, S; bragníngi, L. ¹¹) traustir, L.

randa garðs hins harða
 vill við vísa snjallan
 verðunga¹ lið berjast;
 verjum allvald örvan,
 ölum teitan má sveita,
 fellum þrændr í þundar,
 þess eggjum nú hreggi.

Þá kvað Þormóðr Kolbrúnarskald:

Ála þraungr at eli
 örstiklandinn² miklu,
 skyldu eigi skelknir höldar,
 skulmöld vex nú, fálma;
 búumst við sókn, en slæknir³
 seggr skyli orð um forðast,
 er at geirþíngi gaungum
 gunnreifr⁴ með Óleifi.

Vísur þessar námu menn þá þegar.

193. Síðan bjó konúgr ferð sína, ok sótti út eptir dölunum, hann tók sér náttból, ok kom þar saman allt lið hans, ok lágu um nóttina undir berum himni undir skjöldum sínum; en þegar er lýsti, bjó konúgr her sinn, fluttist þá enn út eptir dölunum, er þeir voru at þvíbúnir; þá koma til konúgs bæendr mjök margir, ok gánga flestir í lið með konúngi, ok kunnu allir eitt at segja, at lendir menn höfðu saman dregit her mikinn⁵, ok ætluðu at halda ímót konúngi

¹) Verdæla, *hin*. ²) eða örstiklandann, *A*; örstiklanda og örstiklandi, *hin*. ³) slækni, *B, C, D, II, K, S*. ⁴) gunnreifs, *B, II*; gunnreifr, *C, D, F*; gunnreifi, *K*. ⁵) ok höldu at há, er hér ofaukið og að nokkru leiti inn- og undirstrikað í *A*.

ok halda bardaga við Ólaf konúng; þá tók konúngur nokkorar merkr silfrs ok f. kk í hendr einum bónda: fè þetta skaltu varðveita ok skipta síðan, leggja sumt til kirkna, sumt til at gefa kennimönnum, en sumt ölmösumönnum, ok gefa fyrir sál þeirra, er falla í orrustunni, ok berjast í móti oss. Bóndi spur: skal þetta fè gefa fyrir sál yðvarra manna, konúngur? þá svarar konúngur: þetta fè skaltu gefa fyrir sál þeirra manna, at eru í orrostu með bóndum, ok falla fyrir vápnum várra manna, en þeir menn, er oss fylgja í orrostu ok falla þar, þá munu vær hjálpast allir saman.

194. Þá nátt er Ólafur konúngur lá í samnaðinum ok áðr var frásagt, vakti hann laungum, ok bað til guðs fyrir sèr ok öðrum ok liði sínu, ok svaf lítit, ok rann höfgi á hann í móti deginum; en er hann vaknaði, þá rann dagr upp. Konúngi þótti heldr snemt at vekja herinn; þá spurði hann, hvárt þormóðr Kolbrúnarskáld veki; hann var þar nær, ok spurði, hvat konúngur vildi honum. Konúngur mælti: tel þú oss kvæði nokkut! Þormóðr settist upp, ok kvað hann, svá hátt at mjök svá heyrði um allan herinn, hann kvað Bjarkamál hinu fornu, ok er þetta upphaf:

Dagr er uppkominn,

*) *Hirvið stendr þessi staka utá spáziunni í K.*
þormóðr kvað visu:

Hve launa þér þíni, austri bifast renger í rostu,
þingdjarfir höfðingjar, reyn þú oss, konúngur! hrossir?

dynja hana fjaðrir,
 mál er vilmögum¹
 at vekja² erfiði;
 vaki ok æ vaki
 vina höfuð,
 allir hinir æðstu
 Aðils ofsinnar³.

Hár hinn harðgreipi⁴,
 Hrólfur skjótandi,
 ætt⁵ góðir munu⁶
 þeir er ekki flýja;
 vekat ek yðr at víni⁷
 nè at [vífs rúnum⁸,
 heldr vek ek yðr at hörðum
 Hildar leiki.

Þá vaknaði herinn, ok er lokit var kvæðinu, þá þökkuðu menn honum kvæðit, ok fannst mönnum mikit um, ok þótti vel tilfundit, ok kölluðu Húskarlahvöt kvæðit; konúgr þakkaði honum kvæðit ok skemtan sína, síðan tók hann gullhring, er stóð hálfu mörk, ok gaf honum; þormóðr þakkaði konúngi gjöfina, ok mælti: góðan eigum vèr konúnginn, en vant er at sjá, hversu lánglífur verðr; en sú er bæn mín, konúgr! at þèr látið okkr hvárki skiljast lífs nè dauða. Konúgr svarar: allir munu vèr saman fara, meðan ek má ráða fyrir, ok þèr villið

¹) vikingum, B, F, L. ²) vinna, B, H, L, S; vaka ok vinna, F. ³) ofsinna, C; ok Svía, F, K, L. ⁴) harðgeiri, K; harðgreppi, L. ⁵) ættum, B, H, S. ⁶) menn, hin. ⁷) vífi, L. ⁸) vífils rúnum, C, F.

eigi skiljast við oss. Þá mælti Þormóðr: Þess væntir ek, konúngr! hvárt sem friðr er betri eða verri, at ek sé nær yðr staddr, meðan ek á þess kost, hvat sem vèr spyrjum til, [hvárir sigr hafa¹; síðan kvað Þormóðr:

Þèr mun ek enn, unz öðrum,
allvaldr! náir skáldum,
nær vættir þú þeirra?
Þíngdjarfr fyrir² knè hvarfa³;
brott komunst vèr, þótt veitim
valtafn frekum hrafni,
vítz⁴ eigi þat, vâga
viggrunnr! eða þar liggjum.

195. Ólafr konúngr flutti nú herinn út eptir dölunum, fór þá enn Dagr með sínu liði aðra leið, konúngr létti eigi ferðinni, fyrr enn hann kom út á Stiklastaði, þá sá þeir her bónda, ok fór þat lið dreift, ok var svâ mikit at af hverjum stig dreif margt lið, en víða, þar er stórflokkar fóru saman; þeir sá, hvar sveit manna fór saman ofan or Veradal, ok höfðu þeir þar á njósn verit, ok fóru nær því er lið konúngs var, ok fundu eigi fyrr, enn svâ skamt var í millum þeirra, at menn máttu kennast; þar var Hrótr af Viggju með 30 manna. Síðan mælti konúngr, at gestir mundi fara í móti Hróti ok taka hann af lífi; voru menn

¹) Síghvats fêlaga, hvar hann ferr með gullinn hjaltan, *b. v. B, D, H, K, S.* ²) um, *C, D, F, L, S.* ³) hvarfa, *F, K.* ⁴) veizt, *D, L;* vizk, *K, S;* vîmuz, *H.* ⁵) hér, *B, C, D, H.*

til þess fljótir. Þá mælti konúgr til Íslendínga: svá er oss sagt, at þat sè siðr yðvar, at bændr sè skyldir til á haustum at gefa húskörlum sínum slagasauð; nú vil ek þar gefa yðr hrút til slátrs. Þeir hinir íslenzku menn voru þess verks auðeggjaðir, ok fóru þegar at Hrúti með öðrum mönnum; var Hrútr drepinn ok öll sveit hans. Konúgr nam stað, ok stöðvaði herinn, er hann kom á Stiklastaði, bað konúgr menn stíga af baki hestum sínum ok búast þar við. Menn gjörðu sem konúgr beiddi; síðan var fylkingu áskotit, ok settu upp merki. Dagr var þá enn eigi kominn með lið sitt, ok misti þess fylkingar arms. Þá mælti konúgr, at þeir Upplendíngar skyldu þar uppgánga ok taka við merki: þikkir mér þat ráð, segir konúgr, at Haraldr, bróðir minn, sè eigi í orrostu, þvíat hann er barn at aldri. Hann svarar: ek skal at vísu vera í orrostu, en ef ek er svá ósterkr, at ek mega eigi valda sverði mínu, þá kann ek þar ráð til at binda skal hönd mína við meðalkaflann, engi skal vera viljaðr betr enn ek at vera úþarfr þeinn bóndum, vil ek fylgja sveitúngum mínum. Svá segja menn, at Haraldr kvæði þá vísu þessa:

Þora mun ek þann arm verja,
 þat er ekkju¹ munr nokkr,
 rjóðum vönd² af reiði
 rönd, er ek³ hlýt standa;
 gengrat greppinn⁴ úngi

¹) elju, K. ²) vör, hin. ³) í, b, v, C, D, H, K, L, S. ⁴) greppr hinn, hin.

gunnblíðr, þar er þær¹ ríða²
 herða-³ menn at morði
 [mót, at⁴ hæl fyrir spjótum.

Haraldr ræð því, at hann var í orrostu.

196. Þorgils álma' hæt maðr, bóndi sá er
 bjó á Stiklastöðum, hann var son⁴ Gríms goða⁷.
 Þorgils bauð konúngi liðsemd sína, at vera í bar-
 daga með honum. Konúngr bað hann hafa þökk
 fyrir boð sitt: en ek vil, segir konúngr, at þú
 bóndi verir eigi í bardaga; veit oss heldr hitt,
 at bjarga mönnum vorum eptir bardaga, þeim
 er sárir eru, en veit hinum umbúnað, er falla
 í orrostu; svá ok ef þeir atburðir verða, at ek
 falla í bardaga þessum, veit umbúnað líki mínu
 sem nauðsýn ber til, ef þat er þær eigi bannat.
 Þorgils hæt þessu konúngi, sem hann beiddi.

197. En er konúngr hafði fylgt liði sínu,
 þá talaði hann fyrir þeim, ok mælti svá, at
 menn skyldi herða hugina ok gánga djarfliga
 fram, ef orrosta verðr, segir hann, höfum vèr
 lið gott ok mikit, en þótt bændr hafi meira lið
 nokkoru, þá mun þó auðna sigri ráða; er því
 fyrir yðr at lýsa, at ek mun eigi flýja or þessi
 orrostu, skal ek annathvært sigrast á bændum
 eða falla hær elligar; vil ek þess biðja, at sá
 hlutr komi hær upp, at guð veit at oss gegnir
 bezt, skulu vèr því treystast at vèr höfum rætt-

¹) slög, *hin*. ²) sviða, *B*. ³) herðir, *C*. ⁴) á, *hin*. ⁵)
 Hálmuson, *B, D*; hálma, *C*; Hjálmuson, *H*; Hálmuson, *S*. ⁶)
 faðir, *B, H, K, S*. ⁷) Eygoða jarls, *B*.

ara at mæla enn bændr, ok því með at guð muni frelsa oss eignir várar eptir orrostu þessa, elligar veita oss myklu meiri laun fyrir þat allt lát, er vèr höfum hèr, enn vèr kunnim at æskja oss; en ef ek hlýt um at mæla eptir orrostona, þá skal ek gæða yðr hvern eptirsínum verðleikum, ok því sem hverr gengr fram í orrostu, mun þá ef vèr hljótum sigr, nógt bæði land ok lausir aurar at skipta því með yðr, en fara áðr með úvinir vorir; veitum sem harðasta atgaungu í fyrstu, skjótt mun umskipta, ef liðsmunr er mikill; eigum vèr sigrs vån af skjótum atburðum, en hitt mun oss þúngt falla, at vèr berjumst til mæði, svá at menn verði fyrir þat óvígir, munu vèr eiga minna deildarlið enn þeir, er ýmsir gánga fram, en sumir hvílast ok hlífa sèr; en ef vèr gjörum svá harða hríð, at þeir snúi undan, er fyrstir standa, þá mun falla hverr um þveran annan, verða þeirra ófarar þess at meiri, er þeir eru fleiri saman. En er konúngr hætti tölusinni, þá gjörðu menn mikinn róm at máli hans.

198. Þórðr Fáluson¹ bar merki Ólafs konúngs, svá segir Sighvatr skáld í erliðrápu þeirri, er hann orti um Ólaf konúng, ok stælti eptir uppreistar sögu²:

Þórð frá ek [þar svá³ herða,
þreifst sókn⁴, með Óleifi,
góð fóru þar, geirum

¹) Fáluson, B, H, K, S. ²) drápu, B, F, K, S. ³) þat sían, B, H, S. ⁴) ógn, C, D, F, L.

gört víg, saman hjörtu,
staung bar hátt fyrir, hrínga,
hjaldr móðum gram, bróður¹,
full vann² fagrla gylta,
framlundaðr³ Ögmundar.

199. Ólafr konúgr var svá búinn, at hann
hafði hjálm gyldan á höfði, en hvítan skjöld ok
lagðr á með gulli hinn helgi kross, í annarri
hendi hafði hann kesju þá, er nú stendr í Krists
kirkju⁴ við altari, hann var gyðr sverði því, er
Hneitir var kallaðr, hit bitrasta sverð, ok gulli
vasiðr meðalkaslinn, hann var í hríngabrynju;
þess getr Sighvatr skáld:

Öld vann [Ólafr felda⁵,
[opt vann⁶ sigr hinn digri,
gekk sókn-þorinn sökkva
synjur fram í brynju;
en⁷ er austan stefna⁸,
óx hildir, með gram mildum,
margt segig bert, í bjarta¹⁰
blóðröst Svíar óðu.

200. En er Ólafr konúgr hefir fylkt liði sínu,
þá voru bændr hvergi nær komnir. Þá mælti
Ólafr konúgr, at lið skyldi niðrsetjast ok hvíla
sik; settist konúgr þá niðr ok allt lið hans, ok

1) bróðir, B, C, H, K, S. 2) ok, H. 3) frámlundaðr, B.
4) í Niðarósi b. v. F. 5) Olaf feldan, B, D, H, K, S. 6)
öfigan, hin. 7) sækja, hin. 8) þeir b. v. B, C, H; þar, D,
S. 9) nenna, B, H, K, S; nefna, C, D, F, L. 10) hjarta, C.

sátu fyrir¹⁾, en hann hallaðist ok lagði höfuðit í knè Finni Árnasyni, þá rann á hann svefn, ok var þat um hríð, þá sá þeir her bónda, ok sótti liðit til móts við þá, ok höfðu uppsett merki sín, ok var þat hinn mesti múgr manna; þá vakti Finnur konúng, ok sagði at bændr sóttu þá at þeim mjök; en er konúngur vaknaði, þá mælti hann: hví vaktir þú mik, Finnur! ok létzt mik eigi njóta draums míns? Finnur mælti: ekki mundi þik þess dreyma, at þèr mundi eigi skyldara at vaka ok búast við herinum, er at oss ferr, eða sjái þèr eigi, hvar nú er kominn bónda múgrinn? konúngur svarar: ekki eru þeir svà nær oss, at eigi væri betr, at ek hefða sofit. Þá mælti Finnur: hvat dreymdi þik, konúngur! þess, er yðr þótti svà mikil missa í, er þèr vökn- uðuð eigi sjálfir? þá sagði konúngur drauminn, at hann þóttist sjá stiga frá himnum, ok þóttist hann þar gánga eptir í lopt upp svà langt at hann sá at himininn opnaðist, ok þángat var stíginn til, var ek þá, segir konúngur, kominn í hit efsta stígit, er þú vaktir mik. Finnur svarar: ekki þikki mèr draumur yðvar svà góðr sem yðr mun þikkja, ætla ek þetta munu vera fyrir feigð yðvarri, ef þetta er nokkut annat enn svefnórar.

201. Enn varð sá atburðr, þá er Ólafr kon- úngr kom á Stiklastaði, at maðr einn kom til hans þar or hæröðum, en því þótti þetta nýmæli,

¹⁾ at þeim svaldi sem hezt, B, K, S; hér endar B at fullu.

Utan
Arn-
lyot
yettara

at þessi maðr þótti eigi öðrum líkr, þeim er þá höfðu til hans komit; hann var maðr svá hárr, at engi maðr tók betr enn í öxl honum, hann var allfríðr maðr sýnum ok fagr á hár, hann var vel vâpnaðr, hafði hjálm á höfði ok hringabrynju, skjöld rauðan, ok gyrðr sverði búnu, hafði í hendi gullrekit spjót mikit, ok svá digrt skaptit at handfyllur var í; sá maðr gekk fyrir konúng ok kvaddi hann, ok spurði hann, ef konúngr vildi þiggja lið at honum. Konúngr spurði, hvat manna hann væri, eða hvat hann hêti, eða kynferði eðr hvar hann var landsmaðr? Hann svarar: ek á kyn á Jamtalandi ok á Helsíngjalandi, ek er kallaðr Arnljótr gellini, kann ek yðr þat helzt at segja frá, at ek veitta forbeina mönnum yðrum, þeim er þèr senduð á Jamtaland at heimta þar skatt, fèkk ek þeim í hendr silfrdisk er ek senda yðr til jartegna, at ek vilda vera vin yðvarr. Þá spurði konúngr, hvárt Arnljótr væri skírðr eðr eigi; hann sagði þann átrúnað sinn, at hann trúði á mátt sinn ok megin, hefir mèr, segir hann, sá átrúnaðr unnizt at fullu hèr til. Konúngr segir: nú ætla ek, at þú skulir trúa, at Jesus Kristr hefir skapat himin ok jörð ok menn alla, ok til hans skulu fara allir menn eptir dauðann, þeirsem góðir eru ok réttlátir? Arnljótr svarar: heyrð hefir ek getit Hvíta-Krists, en ekki er mèr kunnigt um at-

¹⁾ Hèr sleppr D um sinn.

hæfi hans, eðr hvar hann ræðr; nú mun ek trúa því öllu er þér segið mér, vil ek fela allt mitt ráð yðr á hendi. Síðan var Arnljótr skírðr ok kent þat af trúnni, er konúngi þótti skyldast vera, ok skipaði honum í öndverða fylking ok fyrir merki sínu, þar er var Gauka-Þórir ok Afrafasti ok sveitúngar þeirra.

202. Frá því er nú at segja, er áðr var fráhorfit, at lendir menn ok bændr höfðu samandregit her úvígan, þegar er þeir spurðu at Ólafr konúngr var austan farinn or Garðaríki, ok hann var kominn til Svíþjóðar, ok þeir spurðu at hann var austan kominn til Jamtlands, ok hann ætlaði at fara austan um Kjöl til Vermalands¹, þá stefndu þeir herinum inni Þrándheim, ok sömnuðu þá saman allri alþýðu, þegn ok þræl, ok fara svá inn til Veradals, ok höfðu þeir svá mikitt lið at engi maðr var þar sá, at seð hefði jafnmikinn her samankominn, var þar sem jafnan kann verða í miklum her, at lið var all misjafnt, þar var margt lendra manna ok mikill fjöldi ríkra manna ok bónda, en þó var hitt allr múgr, er voru þorparar ok verkmen, ok var þat allr megin herinn, er þar í Þronðheimi hafði samansamnast, var þat lið allmjök geyst til fjandskapar við Ólaf konúng.

203. En er Knútr konúngr hafði lagt land undir sik í Noregi, sem fyrr var ritat, ok þat með at hann setti þar yfir til ríkis Hákon jarl,

¹) Veradals, C, S.

hann fèkk jarli hirðbiskup þanu, er Sigurðr var nefndr, hann var danskr at kyni, ok hafði lengi verit hjá Knúti konúngi, var biskup sá ákafr í skapi ok sunðrgjörðamaðr í orðum sínum, ok veitti Knúti konúngi mikit fulltíngi í orðum sínum, allt þat er hann kunni, en hann var hinu mesti óvin Ólafs konúngs, sá biskup var optliga í her þessum ok taldi jafnan fyrir bóndum, ok eggjaði mjök uppreistar ímóti Ólafi konúngi.

204. Sigurðr biskup talaði á einuhúsþíngi, þar var þá mikit fjölmenni, hann tók svá til orða: hær er nú samankomit lið mikit, svá at í þessu hinu fátæka landi mun eigi kostur at sjá meira her innlenzkan, skyldi nú vel í hald koma þessi styrkr fjölmennis, þvíat nú er ærin nauðsýn til, ef Ólafr þessi ætlar enn eigi af at láta at herja á yðr, vandist hann því þegar á únga aldri at ræna fè en drepa menn, ok fór til þess víða um lönd, en at lyktum snèri hann hingat til lands, ok hóf svá upp, at hann úvingaðist mest við þá, er beztir menn voru ok rikastir, sem er herra Knútr konúngr, er allir eru skyldir til at þjóna sem kunna, ok settist hann í skattland hans, slíkt hit sama veitti hann Svíakonúngi, en jarlana Svein ok Hákon rak hann af ættleifðum sínum, en sjálfs síns frændum var hann þó grimmastr, er hann rak konúnga alla í brutt af landi, var þat þó vel sums kostar, þvíat þeir höfðu áðr brugðit trú sinni ok svardögum við Knút konúng, en fylgt þeim öllum óráðum, er

hann tók upp, nú sleit þeirra vináttu makliga, hann veitti þeim meizl, en tók undir sik pen-
finga þeirra ok eignir ok ríki, ok eyddi svá í landi
öllum tignum mönnum, en síðar munu þér
vita, hversu hann hefir búit við lenda menn,
drepit hina ágætustu, margir vorðnir landflótta
fyrir honum, hann hefir ok víða farit um land
þeirra með ránsmönnum, brent hæröðin en
drepit ok rænt íólkit, eða hverr er sá hær ríkra
manna, at eigi munu eiga stórar sakir við hann?
nú ferr hann með útlendan her, ok er þat flest
markamenn ok stigamenn ok aðrir ránsmenn,
ætli þér hann nú munu linan, er hann ferr með
slíkt illþýði, er hann gjörði þá slíkt hervirki, er
allir löttu hann, þeir er honum fylgðu? kalla
ek ráð at þér minnizt nú orða yðvarra við Knút
konúng, eðr hvat hann ræð yðr, ef Ólafr kon-
úngr kvæmi enn aprt til lands, hvernig þér
skylduð halda frelsi yðru, því er Knútr kon-
úngr hét yðr, bað hann yðr standa í móti ok
reka af höndum yðr óaldar flokka þessa; er nú
sá til, at ráða í móti þeim ok drepa niðr illþýði
þetta fyrir örn ok úlf, ok láta þar liggja hvern
sem kominn er, nema þér villð heldr draga hræ
þeirra í holt ok í hreysar, verði engi svá djarfr
at þá flyti til kirkna, þvíat þeir eru vfkíngar ok
illræðismenn. En er hann hætti tölu sinni, þá
gjörðu menn at róm mikin, ok guldu allir sam-
kvæði at því at gjöra sem hann mælti.

205. Lendir menn, þeir er þar voru sam-
ankomnir, áttu stefnur ok tal sín á millim, ráða

Þá ok skipuðu, hvernig fylkja skyldi, eðr hverir höfðingjar vera skyldu fyrir liðinu. Þá mælti Kálfr Árnason: Þat er bezt fallit at Hárekr or Þjóttu gjörist höfuðsmaðr fyrir her þessum, þvíat hann er kominn af ættum Haraldar ens hárfagra, hefir konúngr á honum allþúngan hug fyrir sakir vígs Grankels, mun hann sitja fyrir hinum mestum afarkostum, ef Ólafr kemr til rískis, en Hárekr er reyndr mjök í orrostu ok maðr metnaðargjarn. Hárekr segir, at þeir menn væri betr til þess fallnir, er þá voru á lættasta aldri, en ek er nú maðr gamall ok ekki vel fær til orrostu, er frændsemi með okkr Ólafi konúngi, en þó at hann virði þat lítils við mik, þá samir mér þó eigi at gánga frammar í þenna úfrið enn einhverr annarra í móti honum, sá sem hér er í vorum flokki: ert þú, Þórir! vel tilfallinn at vera höfuðsmaðr at halda bardaga við Ólaf konúng, eru þar nógar sakir til, bæði átt þú honum at hefna frændaláts, ok þess at hann rak þik or landi ok af eignum þínum, hefir þú því heitit bæði Knúti konúngi ok svà frændum þínum, at hefna Ásbjarnar, eðr ætlar þú at betri færi muni á gefast við Ólaf konúng enn svà sem nú er, at hefna þeirrar svívirðingar allrar saman? Þórir svarar máli hans: ekki ber ek traust til þess, at reisa merki í móti Ólafi konúngi, eðr gjörast höfðingi fyrir liði þessu, hafa þrændir hér mannmúg mestan, kann ek stórlæti þeirra, at þeir munu ekki mér vilja

hlýða eðr öðrum háleyskum manni, en ekki mun þurfa at minna mik á sakir þær, er ek á at gjalda Ólafi konúngi, man ek þat mannlát, er Ólafr konúngur hefir af lífi tekit fjóra menn, ok alla göfga at metorðum ok kynferðum, Ásbjörn, bróðurson minn, Þori ok Grjótgarð, systursonu mína, ok Ölvi, föður þeirra, ok er ek hvers þeirra skyldr at hefna; nú er þat frá mér at segja, at ek hefir valit af húskörlum mínum menn 11, þá er snarpastir eru, ok ætla ek at vær skulum ekki við aðra meta at skipta höggum við Ólaf konúng, ef vær komumst í færi við hann.

206. Kálfr Árnason tekur þá til máls: Þess munu vær þurfa um ráð þat er vær höfum upptekit, at gjöra nú eigi þat at hégómamálum, er herrinn er samankominn, munu vær annars við þurfa, ef vær skulum halda bardaga við Ólaf konúng, enn þess at hverr drægi sik undan at taka upp vanda þenna, þvíat svá megu vær tilætla, þóat Ólafr konúngur hafi eigi lið mikit hjá her þeim, at vær höfum, þá er þar þó öruggur oddvitinn fyrir, ok mun allt lið hans vera honum trútt til fylgðar; en ef vær æðrumst nú nokkut, er helzt skulum fyrir vera forstjórar liðs vors, ok viljum eigi nú treysta herinn ok eggja at veita fyrigaungu, þá mun þegar fjöldi hersins, þat at stall mun drepa or hjarta, ok því næst sèr hverr ráðs leita, en þótt hér sè her mikill, þá munu vær koma í þá raun, ef Ólafr konúngur ferr með her sinn at oss, er ósigr viss, nema vær sèem skelegir sjálfir í ráðum vorum,

en múgrinn geysist fram með einu samþykki, en ef eigi verður svá, þá er betra at hætta eigi til bardaga við Ólaf konúng, ok mun sá kostur þykkja líkastr at hætta til miskunnar Ólafs, ok var hann þá harðr, er minni voru sakir til, enn nú munu honum þykkja, en þó veit ek at svá erskipat mönnum í hirð konúngs, at mér mun þar griða kostur, ef ek vil þess leita; nú ef þér villðsem ek, þá skal þórir ok þú, Hárekr! gánga undir merki þat, er vèr skulum uppsetja, ok fylkja síðan, gjörumst vèr snarpir allir ok skelegir í þessum ráðum, er vèr höfum upptekit, ok höldum svá fram bónda herinum, at eigi megi á oss finna æðru, ok mun þat alþyðu frameggja, er vèr erum glaðir at fylkja ok eggja liðit. En er Kálfr hafði lokit at tala eyrindi sitt, þá vikust allir undir ræðu hans, ok sögðu at þeir vildu þat allt halda, er Kálfr sæi fyrir þeim; vildu þeir þá allir at Kálfr væri höfðingi fyrir þeim, ok skipaði þar hverjum, sem hann vildi.

207. Kálfr setti upp merki, ok skipaði þar húskörlum sínum undir merkit, ok þar með Háreki ok liði hans, en þórir hundr með sína sveit var í öndverðum fylkingarbroddi fyrir merkinu, þar var ok valit af bóndum á tvær hliðar þori þat er snarpast var ok bezt búit, var sú fylking bæði laung ok þykk, ok voru þar þrændir ok Háleygir, en hinn hægra veg frá fylkingunni var sett önnur fylking, ok til vinstri

handar frá aðalfylkingunni¹ voru Rýgir, Hörðar, Sygnir², ok höfðu þeir hit 3ja merki³.

208. Þorsteinn knararsmiðr er maðr nefndr, hann var kaupmaðr ok smiðr mikill, hann var mikill maðr ok sterkr, kaupmaðr mikill ok vígamaðr mikill; hann hafði vorðit úsáttr við Olaf konúng, ok hafði konúngr tekit af honum kaupskip nýtt ok mikit, er hann hafði gert, var þat fyrir úspektar sakir hans ok þegngildi, er hann átti at gjalda; Þorsteinn var þar þá í herinum, hann gekk fyrir framan fylkíng, ok þartil sem Þórir stóð, hann mælti svá: hær vil ek vera í sveit, Þórir! með yðr, þvíat ek ætla, ef við Ólafr hittumst, at bera vápn á hann, ef ek má verða svá nær staddr, at gjalda honum skiptöku, er hann rænti mik skipi því, er eitt var bezt haft í kaupförum. Þeir tóku við Þorsteini, ok var hann í sveit með þeim.

209. En er skipat var til um fylkíng bónda, þá töluðu lendir menn, ok báðu menn gaum gefa at um stöðursínar, hvar hverjum var skipat eðr undir hverju merki þá skyldi hverr vera, eðr hversu nær honum var skipat merkinu, báðu þá vera menn vakra ok skjóta at gánga í fylkíng, er lúðrar kvæði við ok herblástr kvæmi upp, ok gánga þá í fylkíng, þvíat þeir áttu þá enn leið lánga at flytja herinn, ok var þess ván at fylkíngar mundu berjast⁴ í hergaungunni; síðan eggjuðu þeir liðit; ok mælti Kálfr at allir

¹) þannig hin; aðalfylkingunum, A. ²) Firðir b. v. S. ³) þannig hin; fylki, A. ⁴) möðask, C; berast, F; berast láta, L.

Þeir menn, at harma sinna ætti at reka við Ólaf konúng, skyldu þá framganga undir merki þat, er fram skyldi ímóti konúngs merki, ok vera minnigir þeirra meingjörða, er hann hefir þeim veitt, segir, at þeir mundu eigi komast í betra færi at hefna harma sinna, ok frelsa svá sik frá þeirra ánauð ok yfiringangi ok þrælkun, er hær hefir þá undir lagt: er sá nú, segir hann, bleyðimaðr er eigi berst nú sem drengiligast, þvíat eigi er sakleysi við þá, er í móti yðr eru, munu þeir ok eigi spara yðr, ef þeir komast í færi. At máli hans varð allmikill rómr, var þá kall mikit ok eggjan um allan herinn.

210. Síðan fluttu bændr herinn til Stiklastaða, þar var fyrir Ólafr konúngr með lið sitt; fóru þeir í öndverðu liðinu Kálfr Árnason ok Hárekr, en er þeir mættust, þá tekst eigi allskjótt árásin, þvíat bændr frestuðu atgaungu fyrir þá sök at lið þeirra fór hvergi jafnfram þeim, ok biðu þeir þess, er síðar fór. Þórir hundr hafði farit síðarst með sína sveit, þvíat hann skyldi gæta, at ekki slægist aptr liðit, þá er heróp kvæmi upp eða liðit sæist; biðu þeir Þóris. Bændr höfðu þat orðtak í her sínum at eggja lið sitt til orrostu: fram, fram, bændr! Ólafr konúngr gjörði eigi atgaungu, þvíat hann beið Dags; svá er sagt at bændr höfðu eigi minna lið enn hundrað hundraða¹, en Sighvatr segir svá:

¹) 12 þúsundir, F.

Ólmr erumz¹ harmr sá er hilmir
 hafði gulli vafðan
 jöfr kærsti² sá er³ austan
 aflað⁴ meðalkafla;
 gagn fengu þar⁵ þegnar,
 þeir eru⁶ hálfu fleiri⁷,
 [hvötuðr taldi⁸ þar⁹ hildar
 hvártveggi¹⁰ frýu¹¹ voru¹².

211. Þá er lið hvártveggja stóð, ok kend-
 ust menn, þá mælti konúngr: hví ert þú hær,
 Kálfr! Þvíat vèr skildumst vinir suðr á Mæri,
 illa samir þèr at berjast í móti oss, eðr skjóta
 geigu skot í móti oss, þvíat hær eru nu¹³
 bræðr¹⁴ þínir. Kálfr svarar: margt ferr nú ann-
 an veg enn bezt mundi sama, skildust þèr
 svá við oss næstum, er nauðsyn bar til at frið-
 ast við þá er eptir voru, verðr þar nú hverr at
 vera sem staddr er; en sættast mundu við, ef
 ek skylda ráða. Þá svarar Finnr: þat er mark
 á um Kálf, ef hann mælir vel, þá er hann ráð-
 inn til at gjöra illa. Konúngr mælti: verakann,
 Kálfr! at þú vilir sættast, en ekki þikkir mèr
 þú friðsamliga láta. Þá mælti Þorgeirr af Kvist-
 um¹⁵: þèr skuðr nú hafa slíkan frið, sem margir
 hafa áðr af yðr haft, ok munu þèr nú þess gjalda.

¹) erumo, C, S; er um, F; hær sleppr K um sinn. ²) kærsti, hin. ³) v. í C, S. ⁴) aflfátt, C, F, S. ⁵) því, hin. ⁶) er, C, F, L; at, S. ⁷) voru, b. v. L. ⁸) hvötuð tældi, hin. ⁹) þat, hin. ¹⁰) hvárúngi, hin. ¹¹) frá ek, C, S; frý ek, F, L. ¹²) vís. v. í II. ¹³) 4, hin. ¹⁴) Hær byrjar D apr. ¹⁵) Kvistöðum, D, S; Kinnstöðum, II.

Konúngr svarar: eigi þarft þú at fýsast svá mjök til várs fundar, þvíat eigi mun þèr sigrs auðit verða á oss í dag, þvíat ek hóf þik til ríkis af litlum manni. Þórir hundr kom þá með sveit sína, ok gekk fram fyrir merkit ok kallaði: fram, fram, bóandmenn! þá lustu bændr upp herópi, ok skutu bæði örum ok spjótum. Ólafr konúngr mælti ok, at hans menn lysti ok upp herópi, æptu þá heróp hváirtveggju, en er því var lokit, þá eggjuðust þeir, sem þeim var kent, ok mæltu svá: fram, fram, kristsmenn! krossmenn! konúngsmenn! En er þetta heyrðu bændr, þeir er stóðu upp í arminn, þá mæltu þeir slíkt hit sama sem þeir heyrðu þá mæla; en er bændr áðr heyrðu þat, hugðu þeir þat vera konúngsmenn, ok báru þeir þegar vápn á þá, ok börðust þeir þá sjálfir, ok féll þá lið margt, áðr þeir bændr vöknúðu við. Veðr var bjart ok skein sól í heiði, en er orrostan tókst, þá laust roða á himininn ok á sólina, ok áðr enn lètti, gjörði myrkt sem um nátt. Ólafr konúngr hafði fylkt þar er hæð nökkur var, ok steyptust þeir ofan á lið bónda, ok veittu svá hart áhlaup á fylkingu bónda, at hún bognaði svá mjök, at þar stóð þá brjóst fylkingar konúngs, sem áðr höfðu staðit þeir er efstir voru í liði bónda, ok var þá margt bónda lið búit til at flýja, en lendir menn ok lendra manna húskarlar stóðu fast, ok var þar hin snarpasta orrosta. Svá segir Sighvatr skáld:

Vítt¹ er² fold und fótum,
 friðbann var þat³ mönnum,
 þá ræð í böð bráða⁴
 brynjat fólk at dynja;
 þá er árliga, örvar⁵
 álmr⁶, með bjarta hjálma,
 mikit⁷ varð, á stað Stikla⁸,
 stál gustr, ofan þustu.

Bændr eggjuðu lið sitt ok knúðu til framgaungu;
 Þess getr Sighvatr skáld:

Fór⁹ í fylking þeirra
 fram, iðrast nú, miðri,
 snarir [fundust þá þrændir¹⁰
 Þess verks búendr, merki.

Þá sótti at bóndalið allumegin, hjuggu þeir er fremst voru, en þeir er þar voru næst, lögðu spjótum eða skutu örum eða köstuðu grjóti eða flettiskeptum¹¹, gjörðist þá mannskæðr bardagi, ok féll margt lið af hvártveggjum; í fyrstu hríð fëllu þeir Gauka-Þórir ok Afrafasti ok Arnljótr gellini, ok þeirra sveit öll, hverr þeirra hafði mann fyrir sik eða tvá, en sumir fleiri; þá þyntist fylking frammi fyrir konúngi, bað konúngr Þórð bera fram merkit, en konúngr fylgði sjálfr merkinu, en sú sveit manna, er hann hafði til valit at vera þar nær í orrostunni, þat voru þeir

1) vætt, *II*; við, *L*. 2) var, *C, D, H, S*. 3) þar, *F, II, L, S*. 4) brakka, *L*. 5) ærir, *C, D, II, S*; ærit, *F*; æzta, *L*. 6) álms, *lin*. 7) mikill, *lin*. 8) Stiklar, *C*. 9) fëkk, *D, H*. 10) fundust þar þrænda, *C, L, S*; hörðust þar sverðum, *D, II*. 11) skeptifletum, *C, S*.

menn í hans liði, er vápndjarfastir voru ok bezt
búnir; þess getr Sighvatr skáld:

Mest frá ek merkjum¹ vestan²
minn drottinn fram³ sínum,
staung [ein var gram⁴, gánga⁵,
gnógr styrr var⁶ þar fyrri.

Þá er Ólafr konúgr gekk fram or skjaldborginni
ok í öndverða fylking, ok er bæendr sáu í augu
honum, þá hræddust þeir ok fëllust þeim hendr;
þess getr Sighvatr:

Geirs [hygg ek⁷ grimmligt ríki⁸,
gunnreifum Óleifi,
lofrækindum⁹ líta
ljóns í¹⁰ hvassar sjónir;
þorðut þrænskir virðar,
þótti hessa¹¹ drottinn
ógrligr¹², í augu
ormsfráns¹³ sjá hánum¹⁴.

Ok varð þar allhörð orrosta, gekk konúgr þá
sjálfr fram í orrostunni; svá segir Sighvatr skáld:

Rauð í rekka blóði
rönd með, gumna, höndum,
dreyrug¹⁵ sverð [þar er¹⁶ dýrum¹⁷
drótt, þjóðkonúgr¹⁸, sótti;

¹) þar, C. ²) næstan, hin. ³) framan, L. ⁴) óð fyrir gram,
C, D, S; varð gytt at, F. ⁵) gengum, D, S. ⁶) óx, F, L.
7) hykk, C; v. í D, K. ⁸) voru, C, D, L, S; væri, F. ⁹)
lofrennundum, D; lofrætundum, S. ¹⁰) með, C. ¹¹) hessa,
hin. ¹²) ægiligr, D, S. ¹³) ormsfrán, C, S; ormsfráni, L.
14) vísur. v. í H. ¹⁵) dreyrugt, C, H. ¹⁶) fyrir, C; þá
er, D, K. ¹⁷) dyggvan, D, K; dýran, hin. ¹⁸) þjóðkonúgr,
C, D, F, H, S.

ótt¹ at járna² leiki
 [Innþrændum lét finnast³,
 [rekinn var⁴ gramr, í reikar
 rauðbrúnan⁵ hjör túnnum⁶.

Ólafr konúgr barðist alldjarfliga, hann hjó til Þorgeirs af Kvistum⁷, lends manns, er fyrr var getit, um þvert annlit ok í sundr nefbjörg á hjálminum, ok klauf höfuðit fyrir neðan augun, svá at nær tók af; en er hann fèll, þá mælti konúgr: hvort er þat satt, er ek sagða þèr, Þorgeirr! at þú mundir eigi sigrast á oss í bardaga í okkrum viðskiptum. Í þeirri skýsvipan skaut Þórðr niðr merkistaunginni svá hart at stöngin stóð, ok hafði Þórðr fengit banasár, ok fèll hann þar undir merkinu; þá fèllu ok þeir Þorfinnr munnr ok Gizur gullbrárfóstri⁸, ok höfðu hann sótt 2 menn, en hann drap annan þeirra en særði annan áðr hann fèll; svá segir Hofgarða-Refr:

Einn hafði⁹ gný gunnar
 gull¹⁰ báls¹¹ Hás¹² skála¹³
 rimmu¹⁴ askr við röskvan¹⁵
 regndjarfr tvá þegna;
 dalsteypis¹⁶ hjó Draupnis¹⁷

¹) ok, D, S; jóku, F. ²) ísarn, D. ³) Innþrændir sókn stinna, F. ⁴) rekinn, hin. ⁵) rauð brúnu, L. ⁶) seinni part vís. v. í H. ⁷) Kvistöðum, D, S; Kinnstöðum, H. ⁸) gullbrátskáld, D, H; gullbrá, C, S. ⁹) í, b. v. C. ¹⁰) gall, C, D, H, S. ¹¹) bál, C, S. ¹²) Hár, C, D, H; Hárs, F, L, S. ¹³) stála, D, H, S. ¹⁴) runnu, C, D, H, K, L; runu, F. ¹⁵) röskva, C, D, F, H. ¹⁶) dalstýfis, I; dalsteypir, hin. ¹⁷) máð í A.

draugs¹ frey bana höggvinn²
hann [rauð járn³, en annan
árstrauma, vann sáran.

Þá varð þat er fyrr var sagt at himin var heiðr,
en sól hvarf at sýn ok gjörði myrkt; þessa getr
Sighvatr skáld:

Undr láta því⁴ ýtar
eigi smátt, er máttá
[skýnjórúngum skotna⁵
skýlauss röðull hlýja⁶;
drjúg⁷ varð á því dægri,
dagr náði⁸ lit fögrum,
orrostu frá ek austan
athurð konúngs spurðan⁹.

Í þenna brum¹⁰ kom Dagr Hríngsson með lið
sitt, ok tók hann þá nú at fylkja liði sínu ok
setti upp merkí, en fyrir því at myrkr var
mikit, þá varð ekki skjótt til atgöngu, þvíat
(þeir) vissu eigi víst, hvat fyrir var, en þó
snèru þeir þar at, er fyrir eru Rýgir ok Hörð-
ar, voru þessir atburðir allir jafnsnemma eða
sumir litlu fyrr enn sumir. Kálfr ok Ólafr
hétu frændr Kálfs Árnasonar; þeir stóðu (á)
aðra hönd þeirra, ok voru menn miklir ok rösk-

¹) daggs, C; dög, D, F, H, S. ²) höggvi, hin. ³) máð
í A. ⁴) þat, hin. ⁵) skenjörðúngum skorðu, C, S; skynjörð-
úngum skorðu, F, L; skein í örðungum skorðum, H. ⁶) hlýja,
D, H, L, S. ⁷) drjúgr, C; drög, D, H; drug, S. ⁸) náði,
C, L, S. ⁹) furða, C, F, H, S; furðu, D; fundu, L. ¹⁰)
þannig A, C, L; tíma, hin.

ir; [Kálfr var son¹ Árnfiuns Árnasonar² Armóðssonar³; á aðra hönd Kálfi Árnasyni gekk fram þórir hundr. Ólafr konúgr hjó til þóris ok um þverar herðarnar; sverðit beit ekki, en svá sýndist sem dust hryti or hreiubjálfanum; þessa getr Sighvatr skáld:

Mildr fann gjörst, hve galdrar,
gram⁴ sjálfr⁵, megin-rammar
fjölunnigra Finna
fullstórum barg þóri;
þá er hýr sendir, Hundr,
húna gulli búnu,
slætt ræð sízt at bíta,
sverði laust um herður.

Þórir hjó til konúgs, ok skiptust þeir þó við nökkurum höggum, ok beit ekki sverð konúgs, þar er hreiubjálfinn var fyrir, en þó varð þórir sár á hendi. Enn kvað Sighvatr:

Pollr dylr sannrar snilli
seims, en þat veit⁶ ek⁷ heiman⁸,
hverr⁹ sèr¹⁰ hunds verk stærri
hugstórs [enn vann¹¹ þórir¹²;
er, þvergarða¹³, þorði
þrjótr¹⁴ hinn, er fram um sótti,

1) þeir voru synir, *F.* 2) Armóðssonar, *C, S.* 3) sonarbróður Arnasona, *C*; bróðir Arna Arnasonar, *D, H*; bróðurson Arna Armóðssonar, *S.* 4) grams, *F*; gramr, *hin* 5) silfrs, *F, L.* 6) frá, *F.* 7) v. í *S.* 8) heima, *F.* 9) hvers, *L.* 10) sæi, *C, S*; sè, *D, H, L*; sjái, *F.* 11) er frýr, *D, H.* 12) þóri, *D, H.* 13) þvergerða, *C.* 14) þrótr, *hin.*

gnýs¹, í gegn at höggva
gunnrakkr² konúngs-³ manni.

Konúngrinn mælti til Bjarnar stallara: ber þú hundinn, er eigi bita [járnin; Björn snèri⁴ öxinni í hendinni sèr ok laust með hamrinum, ok kom á öxlina, ok varð allmikit högg [ok hrataði Þórir við⁵; en eptir þetta snèri konúngr í móti þeim Kálfi frændum, ok veitti banasár Ólafi, frænda Kálfs; þá lagði Þórir hundr spjóti til Bjarnar stallara, ok á honum miðjum, ok veitti honum banasár; þá mælti Þórir: svá bötu vær björnuna. Þorsteinn knarrarsmiðr⁶ hjó til Ólafs konúngs með öxi, ok kom á fótinn vinstra við knèit; Finnur Árnason drap þegar Þorstein; en við sár þat hneigðist konúngr við stein einn, ok kastaði sverðinu, ok bað sèr guð hjálpa; þá lagði Þórir hundr spjóti til konúngs, kom lagit neðan undir brynjuna, ok rendi upp í kviðin; þá hjó Kálfr til konúngs, kom þat [högg enum⁷ vinstra megin á kálfann⁸; ok greinast menn á þat, hvárt Kálfr veitti konúngi sár; þessi þrjú sár hafði Ólafi konúngr til lífláts; eptir fall hans fèll sú sveit öll, er fram hafði gengit með Ólafi konúngi. Bjarni gullbráðraskáld kvað þetta um Kálf Árnason:

Jörð røttu vígi⁹ at varða,

¹) glýgs, C, D, H, S. ²) gunnranns, C, D, II, S; gunnrannur, L. ³) konúng, C, D, F, S. ⁴) þannig hin; máð i A. ⁵) þannig hin; máð i A. ⁶) Hér byrjar K aptr. ⁷) þannig hin; máð i A. ⁸) hálsinn, hm. ⁹) vísi, L.

vígreifr! fyrir Óleifi
 [brauta þú¹ við bragníng nýztan²
 bág, þat kveð ek mik frágu;
 fyrr³ gekkst þú [í styr straungum⁴
 stóð⁵ verk, en óð merki,
 satt er at sokn of veittir
 snjallr, unz gramr var fallinn.

Sighvatr skáld kvað um Björn stallara:

Björn frá ek auð⁶ at⁷ ernum
 endr stallarum⁸ kendi⁹,
 hug (hve) halda dugði,
 hann sótti fram drottinn;
 fèll í her með hylli¹⁰
 hann virðinga¹¹ manna¹²
 frægr¹³ at hilmis höfði
 hróðr-auðugs sá dauði¹⁴.

212. Dagr Hríngsson hèlt upp orrostu, ok veitti hina fyrstu atgaungu svá harða, at bæendr lrukku fyrir, en sumir stukku á flótta, þá fèll fjöldi liðs af bóndum; þessir lendir menn: Erlendr ok Gerði ok Áslakr af Finneyjum¹⁵, var þá merki niðr höggvit fyrir bóndum, er þeir höfðu áðr með farit; var þá orrosta hin ákafasta; kölluðu menn þat Dagshríð, þá snöru þeir ímóti.

1) brautu, *lin.* 2) nýztum, *C.* 3) fram, *F.* 4) á stað Sikkla, *C, D, H, S*; stýrs uns stilli, *K.* 5) stór, *C, D, H, S.* 6) v. í *D, H.* 7) ok, *D, H*; af, *lin.* 8) stallara, *F, L.* 9) kenda, *C*; kenda, *K*; kendum, *L*; kendu, *S.* 10) hollum, *C, D, H, S.* 11) virðingar, *lin.* 12) sverða, *C*; manni, *H.* 13) leyfðr, *C*; leyfðr er, *D, H, S.* 14) dauða, *C, H.* 15) Feneyjum, *D, H.*

Dag, Kálfr Árnason ok Hárekr or Þjóttu, Þórir hundr með þá sveit er honum fylgði, var þá Dagr ofrliði borinn, ok snèri þá á flóttu, ok allt lið þat er eptir var, ok var þar dalr nokkur, er megin flokkurinn fór um, féll þar þá margt lið, síðan dreifðist þá flokkurinn tveggja vegna í brutt; voru margir menn sárir mjök ok margir mæddir, svá at til einskis voru færir. Bændr ráku skamt flóttan, þvíat höfðingjar snèru aptr brátt, ok þar til at valrinn lá, þvíat margir áttu þar at leita eptir frændum sínum.

213. Þórir hundr gekk þar til, sem lá lík Ólafs konúngs, ok veitti þar umbúnað, lagði niðr líkit, ok rætti ok breiddi klæði yfir, ok er hann þerði blóðit af andlitinu, þá sagði hann svá síðan, at andlit hans væri svá fagrt ok roðinn í kinnunum, sem þá at hann svæfi, en miklu bjartara enn þá er hann lifði; þá kom blóð konúngsins á hönd Þóri, ok rann upp á greipina, þar er hann hafði áðr sár fengit, ok þurfti um þat sár eigi at binda þaðan frá, svá grèri þat skjótt; vottaði Þórir þenna atburð sjálfr, þá er helgi Ólafs konúngs kom upp fyrir alþýðu, varð Þórir hundr fyrstr manna til þess, at halda upp helgi Ólafs konúngs, þeirra manna at þar höfðu verit í mótstöðuslokki hans.

214. Kálfr Árnason leitaði at bræðrum sínum, er þar voru fallnir, hann hitti þorberg ok Finn Árnason, ok er þat sögn manna, at Finnur kastaði at honum saxi, ok vildi drepa hann, ok

mælti til hans hörðum orðum, ok kallaði hann griðníðing ok drottinnsvika; Kálfr gaf ekki at því gaum, ok lét hann Finn bera brott or valnum ok svá þorberg; var þá leitat um sár manna, ok höfðu þeir engi sár banvæn, höfðu þeir fállit fyrir vâpnaburð ok mæði; síðan lét Kálfr flytja bræðr sína ofan til skips ok fór með þeim sjálfr; en þegar hann snéri á brutt, þá fór í brutt allt bónda lið, þat er þar átti heimili í nánd, nema þeir menn er þar störfuðu at frændum sínum, ok vinna þeim er sárir voru eðr at líkum þeirra er dauðir voru, ok voru menn fluttir heim á bæi, svá at hvert hús var fullt af þeim, en tjaldat úti yfir sumum; svá undarliga margt fólk sem samnast hafði í bónda herinn, þá þótti þat eigi minnr frá líkindum, hversu skjótt samnaðrinn raufst, þar er til þess tók, ok bar þat mjök til at hitt mesta fjölmenni hafði þar samnast or hêruðum, ok voru þeir mjök heimfúsir.

215. Bændr, þeir er heima áttu í Veradal, gengu þeir til fundar við höfðingja Hárek ok Þóri, ok kærðu fyrir þeim síu vandræði, ok sögðu svá: flóttamenn þessir, er hêr hafa undan komizt, munu fara upp um Veradal ok munu búa oss óþarfliga at heimilum vorum, en oss er ekki fært heim meðan þeir eru í dalnum; nú gjörið svá vel farið eptir þeim ok látið ekki manns barn undan komast, þvíat slíkan kost munu þeir oss ætla, ef þeir hefði betr haft á vârum fundi, ok svá munu þeir enn gjöra, ef vèr hittumst síð-

ar, svá at þeir hafi meiri kosti, en vera kann at þeim dvelzt í dölum, ef þeir vita sèr eingis ótta vånir, munu þeir þegar fara óspakliga á bygðir vðarar. Ræddu bændr mörgum orðum um þetta ok eggjuðu með ákafa miklum, at höfð-íngjar skyldu fara ok drepa þat fólk, sem undan hafði komizt. Ok er höfðíngjar töluðu þetta sín í millim, þá þóttu þeim bændr hafa margt satt sagt í tölu sinni, ræðu þá þat at þórir hundr ræzt til ferðar með Verdælum, ok hafði hann 6 hundruð manna, þat er hans lið var, fór síðan, tók þá at náttu, létti þórir eigi fyrr ferð sinni, enn hann kom um náttina uppá Súlu, ok spurði hann þar þau tíðindi, at um kveldit hafði þar komit Dagr Hríngsson ok margar aðrar sveitir af Ólafs konúngs mönnum, ok höfðu þeir haft þar náttverðar dvöl, en farit síðan á fjall upp; þá segir þórir at hann mundi ekki rekast eptir þeim um fjöll, ok snèri hann þá aptr ofan í dalinn, ok fengu þeir fátt drepit; síðan fóru bændr til heimila sinna, síðan fór þórir eptir um daginn til skipa sinna; en konúngsmenn, þeir er færir voru, forðuðu sèr, ok leyndust í skógum, sumir fengu hjálp af mönnum.

216. Haraldr Sigurðarson var sárr mjök, en Rögnvaldr Brúsason flutti hann til bónda eins um náttina eptir bardagan, tók þá bóndi við Haraldí, ok hafði hann á lauu, ok lét þar græða hann; síðan fèkk hann til son sinn at fylgja honum í brutt, foru þeir þá huldu höfði um

fjöll ok eyðimerkr ok koma fram á Jamtalandi;
þá kvað Haraldr þetta:

Nú læt¹ ek skóg af skógi
skreiðast² lítils heiðar³
hverr veit nema ek verða
víða frægr um síðir.

217. Haraldr Sigurðarson, bróðir Ólafs konungs, var þá 15 vetra gamall, er Ólafr konúgr fèll, á þat kveðr Þjóðólfr skáld í drápu þeirri, er hann orti um Harald konúgr, er kölluð er Sexstefja:

Hvast frá ek, höggvi⁴ næsta,
hlíf- èl á gram drífa⁵,
en bolgera⁶ brennir
bræðr sínum vel tæði⁷;
skildist hann, ok huldi
hjálmsetr⁸, gamall vetra
tiggja tólf ok þriggja
trauðr við Ólaf dauðan.

Haraldr hitti Rögnvald á Jamtalandi, ok fóru þaðan til Svíþjóðar um haustit, ok var þar um vetrinn; annat sumar fóru þeir austr í Garðaríki til Jarazleifs konungs, ok tók hann vel við þeim, dvaldist Haraldr þar lengi síðan ok svá Rögnvaldr; svá segir Bölverkr skáld í drápu þeirri, er hann orti um Harald konúgr:

¹) verð, *D, F, S*; fer, *II*. ²) skreiða, *II*. ³) *C skam-
stafur fyrri part vís. og sleppir seinni partinum.* ⁴) havki, *C*;
hugi id, *D*; huggi, haugi, *K, L, S*. ⁵) þat fylgjandi af *vís.*
v. í C. ⁶) bolgara, *D, H, K, L, S*. ⁷) ræði, *L*. ⁸) hjálms-
setr, *S*.

Mildíngur! straukt þú¹ um mækiss
 munn, er læzt af gunni,
 hollr² vant þú hrafn um fylðan
 hrás³, þaut úlfr⁴ í ási;
 en gramr nè' ek frá fremra
 friðskerðir þèr verða,
 austr komt þú árit næsta
 örðiglundur í Garða⁵.

Þess getr Arnór jarlaskáld, at Rögnvaldr Brúsa-
 son var lengi síðan landvarnarmaðr í Garðaríki,
 ok átti þar margar orrostur:

Deildist af því⁶ at aldri⁷
 ðls⁸ grafníga⁹ þelar
 gunnlar¹⁰ njörðr í Görðum
 gunnbráðr tíu háði.

218. Þormóðr kolbrúnarskáld var í orr-
 ostu undir merki Ólafs konúngs, ok er kon-
 úngr var fallinn, ok atsókn var sem hörðust,
 þá fellu konúngs menn hverr um annan, en
 þeir voru flestir sárir, er upp stóðu. Þormóðr
 var sár mjök, gjörði hann svà sem aðrir, flýði
 þaðan frá sem mestr þótti mannháski, en sum-
 ir runnu, þá hófst Dags orrosta, er Dagshrið
 er kölluð, sótti allt konúngs lið, þat er vâpn-
 fært var, en Þormóðr kom þá ekki í orrostu,
 þvíat hann var okki vâpnfærr, ok var þá

¹) þat fylgjandi af vío. v. í C. ²) hollr, D, S; heht, H.
³) hárs, D, H. ⁴) vargr, D, H, S. ⁵) þannig hin; en, A.
⁶) Görðum, S. ⁷) svà, hin. ⁸) aldin, S. ⁹) jel, hin. ¹⁰)
 grunniga, C, K. ¹¹) göndlar, C, S.

óvígr bæði af mæði ok sárum, ok stóð hann hjá félögum sínum, þóat hann mætti ekki athafast, þá var hann lostinn með öru í síðu vinstri, braut hann af sér örvar skaptit, ok gekk hann þá í brutt frá orrostunni ok heim til húsanna, var þar mikit hús fyrir honum; Þormóðr hafði bert sverð í hendi, ok er hann gekk inn, kom maðr í móti honum, sá mælti: furðu ill læti eru hér inn at heyra, veinun ok gaulun; skömm mikil er karlmönnum röskum í slíku, at þeir skulu eigi þola sár, vera má ok at konungsmenn hafi allvel framgengit, en illa bera þeir sárin. Þormóðr mælti: hvert er nafn þitt? hann nefndist Kimbi. Þormóðr svarar: vart þú í bardaga? var ek, segir hann, með bóndum, er betr var; ert þú nokkut sárr, segir Þormóðr? lítt, segir Kimbi: eða hvárt vart þú í bardaga? Þormóðr segir: var ek með þeim, er betr höfðu. Kimbi sá at Þormóðr hafði gullhring á hendi, hann mælti; þú munt vera konungsmann, fá þú mæð gullhringinn, en ek mun leyna þér, bændr munu launa þér úspekt þína, ef þú verðr á veg þeirra. Þormóðr mælti: haf þú hrínginn, ef þú kant at fá hann, þvíat látit hefir ek nú meira. Kimbi rætti fram höndina ok vildi taka hrínginn; Þormóðr sveipaði til sverðinu ok hjó hönd af Kimba, ok er sagt at Kimbi bar sár sitt öngan mun betr enn hinir, er hann hafði áðr áfært; fór Kimbi í brott, en Þormóðr settist

niðr í hlöðunni, ok sat þar um hríð ok heyrði á tal manna; þat var mest talat, at hverr sagði þat, er sèð þóttist hafa í orrostu, ok töluðu um framgaungur manna, lofuðu sumir mest hreysti Ólafs konúngs, en sumir nefndu aðra ekki síðr til; þá kvað Þormóðr:

Ört var Ólafs hjarta,
óð fram [gramr í blóði¹,
rekin bitu stál á Stikla-
stöðum, kvaddist² lið böðvar;
èlþolla leit³ alla
jálmvæðrs⁴, nema gram sjálfan,
reyndr var flestr⁵ í fastri
fleindrífu, sèr hlífa.

Þormóðr gekk síðan í brutt, ok kom til skemmu nökkurrar, gekk þar inn, ok voru þar margir menn aðrir sárir; var þar at kona nokkur at binda sár manna, eldr var á gólfinu, vermdi hún þar vatn til at fægja sár manna; en Þormóðr settist niðr við dyr utar, þar gekk annar maðr út, en annar inn, þeir er störfuðu at sárum manna, þá snèri einn maðr at Þormóði, ok sá á hann, ok mælti: hví ertu svá fölr, ertu sár, eða hví biðr þú þèr eigi lækningar? Þormóðr kvað þá vísu þessa:

Emka ek rjóðr, en rauðum
ræðr grönn⁶ Skögul manni

¹) gramr í vals blóði, K; í val blóði, L. ²) kvaddi, D, F, H, K, S. ³) ek, b. v. F; sá. ek, hin. ⁴) álmvæðrs, C, F; jálfvæðrs, D, H; Jálvóðs, S. ⁵) um flest. F. ⁶) gran, C; gunn, D, H.

haukasetrs¹ hin hvíta,
 hyggur fár um mik sárann;
 hitt veldr mér at, meldrar,
 morð venjandi² Fenju³,
 [draupnis dýrra⁴ vâpna
 Dagshríðar spor svíða.

Síðan gekk Þormóðr at eldinum, ok stóð þar um
 hríð, þá mælti læknir til hans: gakk út maðr
 ok tak mér skíðafang, er hér liggr hjá dyrum
 úti. Hann gekk út ok bar inn skíðafangit,
 ok kastaði niðr á gólfrit; þá sá læknir í ann-
 lit honum, ok mælti: furðu bleikr er þessi
 maðr, hví ert þú slíkr? þá kvað Þormóðr vísu:

Undrast Öglis landa
 eik, hví vær erim⁵ bleikir,
 fár verðr fagr af sárum,
 fann ek örvaðrif, svanni!
 mik fló málmr hinn dökkvi
 magni keyrðr í gegnum,
 hvast beit hjartað næsta
 hættligt járn, er ek vætti⁶.

Lát mik sjá sár þín, ok mun ek veita umbönd.
 Síðan settist hann niðr, ok kastaði klæðum af
 sér; en er læknir sá sár hans, þá leitaði hún
 um sár þat, sem hann hafði á síðunni, kendi
 þess at þar var járn í, en þat vissi hún eigi,

1) haukalátr, D, H. 2) morðvenandi, D, H; margsdeyjandi,
 K. 3) Freyju, K. 4) djúp ok danskra, C, D, J; drep ok
 danskra, H; drýpr danskra, S. 5) sém, C, D, F, H, A. 6)
 ætlu, F.

hvert þat hafði snúit, hún hafði (þar) gert í steinkatli af¹ lauk ok önnur grös, ok vellt þat saman, ok gaf at eta þeim hinum sárum mönnum, ok reyndi svá, hvárt þeir höfðu hol sár, en þá kendi af laukinum út or sárinu því er á hol var; hún bar þat at þormóði, það hann eta; hann segir: ber brutt, ekki hefir ek grautar² sótt. Síðan tók hún spennitaung ok vildi draga út járnit, en þat var fast, ok gekk hvergi, stóð ok lítt út, þvíat sárit var sollit. Þá mælti hann: sker þú til járnins svá at vel megi ná með taunginni, fá mēr síðan ok lát mik kippa! hún gerði svá; þá tók þormóðr gullring af hendi sèr, ok gaf læknum, það hana slíkt af gera er hún vildi: góðr er nauðrinn, at Ólafr konúgr gaf mēr ring þenna í morgin. Síðan tók þormóðr taungina, ok kippi brutt örinni, en þar voru á krókar ok lágu á tágir af hjartanu, sumar hvítar en sumar rauðar, ok er þat sá þormóðr, þá mælti hann: vel hefir konúgrinn alit oss, feitt er mēr um hjartaætr. Síðan hnè hann aptr, ok var þá látinn, ok lýkr þar frá þormóði at segja.

219. Ólafr konúgr fèll miðvikudaginn hinn fjórða Kalendas Augustuss; þat var nær miðjum degi, er þeir hittust, ok heldr fyrir enn at miðjum degi hófst orrostan, en konúgr fèll fyrir nónn, en myrkrit hèlzt frá miðmunda til

¹) stoppaðan, C; stappat, D, H, K; stoppa, S. ²) þannig C, D, H, K, S; rifit af í A; gras, F, L.

nóns; svá segir Sighvatr skáld frá lyktum orrostunnar:

Hörð, [er, sízt¹ hermenn gjörðu
hlíf raufst² fyrir gram, lífi,
önd at Engla sendi³
ómjólk, konúng sjúkan;
of⁴ brá Ólafs fjörvi
öld, þar er herr klauf skjöldu,
fólks odda gekk⁵ fylkir
fund, en Dagr hêlt undan.

Ok enn kvað hann:

Áðr vitu [eigi meiðar⁶
ógnar skers⁷, nè hersa⁸,
þjóð rêð þengils dauða,
þann styrk búand-manna;
er slíkan gram sóknum
sár elds viðir feldi,
mörg lá dýr í dreyra
drótt, sem Ólafr þótti⁹.

Bændr ræntu ekki valinn, ok varð þegar eptir orrostuna svá, at heldr sló ótta á marga, þá er móti Ólafi konúngi höfðu verit, en þó hêldu þeir illviljanum sín í millum, ok at allir þeir menn, er með konúngi voru ok höfðu fallit, skyldu hafa öngan þann gröpt eða umbúning, er góðum mönnum semdi, ok kölluðu þá alla ráns-

¹) var sú er, L. ²) rauf, D, H, K; raufk, S. ³) stríði, C, D, H, K, L, S. ⁴) ok, C, F, L; ör, D, H, S; auk, K. ⁵) fékk, H. ⁶) þat eigi, D, H, S. ⁷) setur, D, H. ⁸) þessa, C; hersar, F; herða, K. ⁹) sótti, C.

menn ok útlaga; en þeir menn er ríkir voru ok þar höfðu látit frændr í valinum, gáfu ekki gaum at því, ok fluttu þeir síðan frændr sína til kirkju ok veittu þeim umbúnað.

220. Þorgils¹ Álmoson² ok Grímr son hans fóru til valsins um kveldit, er myrkt var orðit, þeir tóku upp lík Ólafs konungs ok báru þartil er var húskytja nokkur lítil ok auð annan veg frá bænum, höfðu þeir ljós með sér ok vatn, tóku þá klæði af líkinu ok þógu því ok sveiptu þeir með línúkkum, ok lögðu þar niðr í húsinu ok huldu viðum, svá at eigi mátti sjá, þótt menn kæmi í húsit, ok gengu burt síðan ok heim til bæjarins; þar hafði fylgt herinum margt stafkärla hvorumtveggja ok fátækis fólk, er sér bað matar; en þat kveld eptir bardagann hafði þat fólk margt þar dvalizt, ok er náttaði leitaði þat sér herbergis um öll hús bæði stór ok smá; þar var einn blindr máðr, sá er sagt er frá, hann var snauðr, ok fór sveinn einn með honum ok leiddi hann, þeir gengu úti um bæi ok leituðu sér herbergis; þeir koma at því sama húsi, voru þar dyr svá lágar at nær varð at krjúpa inn; ok er hinn blindi maðr kom í húsit, þá þreifaðist hann fyrir um gólfít, ok leitaði hvárt þar mundi nokkut mega niðr setjast; hatt hafði hann á höfði, ok steyptist hattrinn fyrir andlit honum, er hann laut niðr, hann kendi at tjörn var á

¹) þannig hin og A kap. 195, en hér Þorgeir. ²) hálma, D, F, H.

gólfinu, þá tók hann upp hendinni votri, ok koma fíngirnir við augun, en þegar brá kláða á hvarmana svá miklum, at hann strauk með fíng-runum votum augun sín sjálfr; síðan opaði hann út or húsinu ok segir at þar mátti ekki inni liggja, þvíat þar var allt vott, ok er hann kom út or húsinu, þá sá hann þegar fyrst skil handa sinna ok allt er svá nær var honum, er hann mátti sjá fyrir náttmyrkri; hann gekk þegar heim til bæjarins ok inní stofu ok segir frá öllum mönnum, at hann hafði sýn sína ok var hann þá skygn maðr, en þat vissu margir menn at hann hafði lengi verit blindr maðr, þvíat hann hafði þar áðr lengi verit ok gengit um bygðir; hann sagði at þá sá hann fyrst, er hann kom ut or húsi einu litlu ok vondu, ok var þar allt vott inni, segir hann, greip ek þar í höndum ok gnèra ek vátum um augu mèr, hann segir ok hvar þat hús stóð; en þeir menn, er þar voru ok sá þessi tíðindi, undruðust mjök um þenna atburð, ok töluðu sín í milli, hvat þar mundi inni vera í því húsi¹; en þorgils bóndi ok son hans Grímr þóttust vita, hvaðan af þessi atburðr mundi vera; þeir ræddust mjök, at óvinir konúngs mundu fara ok rannsaka húsit; síðan leyndust þeir í burt ok fóru til hússins, ok tóku líkit ok fluttu þat burt út í hagann ok fálu þar, fóru þeir síðan til bæjarins, ok sváfu af nátt þá.

¹) Hér byrjar *G. aptr.*

221. Þórir hundr kom fimtudaginn ofan or Veradal út á Stiklarstaði, ok fylgði honum lið margt, var þar ok fyrir margt lið bónda; var þá enn roðinn valrinn, fluttu menn í brutt frændr sína ok vini, en veittu björg sárum mönnum, þeim er menn vildu græða, en fjöldi manna þeirra hafði andazt, síðan er lokit var bardaganum. Þórir hundr gekk þartil, er konúgr hafði fallit, ok leitaði líksins, ok fann eigi; þá spurðist hann fyrir, ef nokkurir menn kynni at segja honum, hvar lík konúgs var komit, en þat vissi engi maðr at segja honum; þá spurði hann Þorgils bónda, ef hann vissi nokkut til, hvar lík konúgs var. Þorgils svarar: ekki var ek í bardaga, veit ek þaðan fá tíðindi, margar sögur fara nú, þat er nú sagt at Ólafr konúgr hafi hittr verit í nátt uppi hjá Staði¹ ok sveit manna með honum; en ef hann hefir fallit, munu sveitúngar yðrir hafa sólgit lík hans í holtum eðr hraunum; en þótt Þórir þættist víta ið sanna, at hann var fallinn, þá tóku margir undir, ok gjörðu þann kurr, at konúgr mundi hafa brutt komizt or orrostunni, ok skamt mundi til at hann mundi fá her ok koma aptr á hendr þeim; fór þá Þórir til skipa sinna ok síðan út eptir firði; þá tók at dreifast allt bóndalið, ok fluttu á brott hina sáru menn alla, þá er hrærandi² voru.

¹) Staf, C, D, G, H, K, L, S. ²) þannig hin; sárir, A.

222. Þorgils Álmuson¹ ok Grímr feðgar höfðu í sinni varðveizlu lík Ólafs konúngs, ok voru um þat mjök hugsjúkir, hvernig þeir fengi til gætt um lík Ólafs konúngs, at eigi næði úvinir hans at misfara líkinu, þvíat þeir heyrðu þat orðtæki bænda, at þat ráð mundi tilliggja, ef lík hans fyndist, at brenna þat eðr flytja út á sjó ok sökkva niðr; þeir feðgar höfðu sæð um nóttina svá sem kertis ljós brynni þar yfir, sem lík Ólafs konúngs lá í valnum, ok svá síðan er þeir höfðu fólgit, þá sá þeir jafnan um nætr ljós þánga- at til er konúngr hvíldi; þeir hræddust at úvinir konúngs mundu leita líks konúngsins þar er var, ef þeir sæi þessi merki; var þeim Þorgilsi ótt til at flytja líkit í brutt til þess staðar nokkurs, er þeim þótti vel kominn. Þeir Þorgils gjörðu kistu ok vönðuðu sem mest ok lögðu þar í lík konúngsins, en síðan gjörðu þeir aðra kistu ok báru þar í grjóti ok hálm, svá at því skyldi meiri þungi vera, ok luktu þá kistu vannliga; ok er bruttu var af Stiklastöðum allt lið bónda, þá bjöggu þeir ferð sína, Þorgils² ok Grímr, þeir fluttu lík konúngs til skips leyniliga, ok settu kistuna undir þiljur niðr, fékk hann róðrar ferju nokkura, voru þeir saman 7 menn eðr 8, ok allir frændr hans eðr vinir; kistu þá höfðu þeir ok með sér, er grjót var í, settu hana í skip, svá at allir menn máttu sjá, fóru síðan út eptir firði, ok fengu gott leiði, ok kvámu at kveldi er

¹) hálma, D, H, F. ²) hér eleppr C um sinn.

myrkva tók til Niðaróss, ok lögðu þar við konungs bryggjur; síðan sendi Þorgils menn upp í bæinn, ok lét segja Sigurði biskupi, at þar var komit lík Ólafs konungs, en er þeir spurðu þessi tðindi, sendi biskup menn sína ofan á bryggjur, þeir tóku róðrarskutu, ok lögðu at skipi Þorgils, báðu þá fá sèr lík konungs; þeir Þorgils tóku kistu þá, er uppi stóð á þiljum ok báru í skútuna, síðan reyru þeir út á fjörðinn, ok söktu þar niðr kistunni, þá var myrkt af nótt; þeir Þorgils fóru upp eptir ánni til þess at þraut bæinn, ok lögðu þar at, er Saurhlið er kallat, þat var fyrir ofan bæinn, þar báru þeir upp líkit ok inn undir skemmu nokkura, er þar stóð upp frá öðrum húsum, vöktu þeir þar yfir líkinu. Þorgils gekk ofan í bæinn, fann hann þar menn at máli, er helzt höfðu þar verit vinir konungs, ok spurði hann þá, ef þeir vildi taka við líki konungs, þat þorði engi maðr at gjöra; síðan fluttu þeir Þorgils líkit upp eptir ánni, ok grófu þar niðr í sannmel þeim er þar var, ok bjöggu þar um, svá at þar skyldi sem sízt úsjá nývirkí, höfðu þeir þessu lokit öllu, áðr enn dagaði, fóru þá til skips síns, lögðu þá þegar út or ánni, fóru síðan ferðar sinnar, til þess er þeir kvámu heim á Stiklastaði.

223. Sveinn konúngr Knúts son ok Alfífu, dóttur Alfinns* jarls, hafði sezt til ríkis á Vinnu-

* Alfrims tða Alfrunns, S.

landi í Jómshorg; en þá hafði komit til konúngs orðsending Knúts konúngs, föður hans, at hann skyldi fara til Danmerkr, ok þat með at hann skyldi fara síðan til Noregs ok taka við ríki þar, ok hafa þar með konúngsnafn yfir Noregi. Síðan fór Sveinn til Danmerkr, ok hafði þaðan lið mikit; fór með honum Haraldr jarl ok margt ríkismanna; þess getr þórarinn loftunga í kvæði því, er hann orti um Svein konúng, (er kölluð er) Gæljúngs¹ kviða:

þat var dullaust,
 hve Danir gerðu
 dökka² för
 með döglíngi;
 þar var jarl fyrst³
 at upphafi,
 ok hverr maðr⁴,
 er honum fylgði,
 annar drengr⁵
 öðrum betri.

Síðan fór Sveinn í Noreg, ok með honum Alfífa, móðir hans, ok var þá til konúngs tekinn á hverju lögbíngi, hann var þá kominn austan í Víkina, er orrosta var á Stiklastöðum, ok Ólafr konúngur féll. Sveinn létti eigi fyrir ferð sinni, enn hann kom um haustit norðr í Þrándheim, var hann þar til konúngs tekinn, sem í öðrum

¹) Glælogns, *D, K, S*; Glæljúngs, *F, G, L*; Glæsaungs, *H*.
²) dyggva, *D, H, K, S*; dýra, *G*. ³) *v. í G*. ⁴) drengr, *G*.
⁵) var, *G*.

stöðum. Sveinn konúgr hafði ný lög í landi um marga hluti, ok var þat eptir því sett, sem lög voru í Danmörk, en sum miklu frekari; engi maðr skyldi af landi fara nema í konúngs leyfi, en ef færi, fæll undir konúng eign þess; en hvern, er víg vægi, skyldi hafa fyrirvegit landi ok lausum eyri; en ef maðr var útlægr ok tæmdist honum arfr, þá eignaðist konúgr arf þann; at jólum skyldi hvern bóndi fá konúngi mæli malts af arni hverjum ok lær af uxa hverjum¹, ok var kallat vinatoddi², ok spannt smjörs, ok húsfreyja hver [ryggjar tó³, þat var lín [eigi rotit⁴, ok svá mikit at spentfengi lengsta⁵ fingri ok þumalfingri⁶; bændr skyldu uppgjöra] hús þau öll, er konúgr vildi hafa á bústöðum sínum; 7 menn skyldu gjöra einu liðferan ok gjöra fyrir hvern 15⁷ vetra gamlan, ok þar með hömlur leiga⁸; hvern maðr, er á haf reri, skyldi gjalda konúngi landvörðu, hvaðan sem reri⁹, [en fiska¹⁰ skip hvert, er færi¹¹ brott, skyldi gjalda konúngi rúmum þvert skip; maðr hvern, er færi til Íslands, skyldi gjalda landaura, þarlenzkr sem útlenzkr; þat fylgði þessu, at þá skyldu danskir menn hafa svá mikin metnað í

¹) þrevetrum, *D, G, K, L, S*; *b. v. F, H.* ²) vinartoddi, *D, G, H, S.* ³) ryggjar tó, *D, G, S.* ⁴) órent, *G.* ⁵) mesta, *D, G, H, K, S.* ⁶) lengsta, *D, G, H, K, S.* ⁷) 5, *D, G, H, K, S*; 12, *L.* ⁸) eiga, *D, G, H, K, S*; hvern maðr er færi af landi brott, þá skyldi gjalda konúngi rúm áðr, *b. v. G.* ⁹) at kæmi, *G.* ¹⁰) en þat voru 2 5, (*G, K, S*) áskar, *D, G, H, K, S.* ¹¹) af landi, *b. v. hin.*

Noregi, at eins þeirra vitni skyldi hrinda 10 Norðmanna vitni. En er þessi lagasetning kóm upp, ok birt var fyrir alþýðu, þá tóku menn þegar at reisa úlfúð í móti, ok gerðu kurur¹ sín í millum; mæltu þeir svá, er eigi höfðu verit í mótfærð við Ólaf konúng: taki þeir nú Innþrændir vináttu ok laun af Knytlíngum, þess er þeir börðust við Ólaf konúng ok feldu hann frá landi: yðr var heitit friði ok rættarbótum, en nú hafi þær ánauð ok þrælkun, ok þarmeð stórglæpi ok svívirðing ok niðingskap; þar var eigi gott til mótmæla; þá sá allir at úhæfiliga var ráðit, báru menn þá eigi traust til at gjöra uppreist móti Sveini konúngi, bar þat mest til þess, at menn höfðu gisla sent Knúti konúngi, sonu sína eðr aðra frændr sína, ok þat með, at þá varð engi formaðr til uppreistar. Brátt höfðu menn ámæli mikit til Sveins konúngs, ok kendu þat mest Alffu, þat er í móti skapi þótti, en þá náðist samheldi² af mörgum mönnum til Ólafs konúngs.

224. Vetr þann hófst upp umræða sú af mörgum mönnum þar í Þrándheimi, at Ólafr konúngr væri maðr sannheilagr, ok jarteinir margar yrði at helgi hans, hófu þá margir áheit til Ólafs konúngs um þá hluti, er mönnum þótti mestu varða, fengu menn margir af þeim áheitum heilsubót, en sumir fararbeina eðr aðra hluti, þá er nauðsýn þótti tilbera.

¹) kurr, *hín.* ²) sannmæli, *hín.*

225. Einarr Þambarskelfir var þá heim kominn til búa sinna, ok hafði þær veizlur, sem Knútr konúgr hafði fengit honum, þá er þeir fundust í Þrándheimi, ok jarlar höfðu gefit honum. Einar hafði ekki mjök verit í mótgaungu við Ólaf konung, hrósaði hann því sjálfr. Einar minntist þess, er Knútr konúgr hafði heitit honum jarlsdómi yfir Noregi, ok svá þat at konúgr endi ekki heit sitt. Einarr var fyrstr til ríkismanna, at (halda) upp helgi Ólafs konúgs.

226. Finnur Árnason dvaldist litla hríð á Eggju með Kálfi, þvíat hann kunni stórilla því, er Kálfr hafði verit í bardaga móti Ólafi konúgi, veitti Finnur jafnan harðar átölur af þeim sökum. Þorbergr¹ Árnason var miklu betr stiltr enn Finnur, en þó fýstist Þorbergr at fara heim til búss síns; fèkk Kálfr þeim bræðrum sínum lánskip gott með öllum reiða ok öllum búningi, fèkk hann þeim ok gott föruneysi, fóru þeir heim til búa sinna. Árni Árnason lá lengi í sárum, ok varð heill ok örkuhlalauss, fór hann síðan um vetrinn suðr til búss síns; tóku þeir allir sèr grið af Sveini konúgi, ok settust þeir heima allir bræðr um kyrt.

227. Eptir um sumarit gerðist mikil umræða um helgi Ólafs konúgs, ok snèri

¹) Þannig hin; Þorgeirr, A.

Öllum öðrum orðróm um Ólaf konúng, voru þeir þá margir, er þat sönnuðu, at Ólafr konúngur mundi heilagur vera, er fyrr höfðu af öllum fjandskap móti honum gengit ok látit hann eigi ná þá sannmæli; tóku menn þá at snúast til ámælis við þá menn, er mest eggjuðu mótgaungu við Ólaf konúng, var af því mikit kent Sigurði biskupi, gjörðust menn þar hans úvinir svá miklir, at hann sá öngan annan sinn kost, enn fara á burt ok vestr til Englands á fund Knúts konúngs; síðan gjörðu þrændir menn ok orðsendingar til Upplanda, at Grímkell biskup skyldi koma norðr til Þrándheims; Ólafr konúngur hafði sent Grímkel biskup aptr til Noregs, þá er konúngur fór austr til Garðarfkis, hafði Grímkell biskup síðan verit á Upplöndum; en er þessi orðsending kom til biskups, þá bjóst hann þegar til ferðar þeirrar, bar þat ok mjök til, er hann fór, at biskup trúði at þat mundi með sannindum, er sagt var frá jarteignagjörð Ólafs konúngs ok helgi hans.

228. Grímkell biskup fór til fundar við Einar þambarskelfi, ok tók Einarr feginsamliga við biskupi, mæltu þeir síðan marga hluti, svá ok þau stórtíðindi, er þar í landi höfðu orðit, urðu þeir á marga hluti sáttir sín í millum. Síðan fór biskup inn til Kaupángs, tók þar öll alþýða vel við honum; hann fór eptir vandliga um tákn þau, er sögð voru frá Ólafi konúngi,

spurðist honum vel til þess. Síðan gjörði biskup orðsendingar inn á Stiklarstaði til Þorgils ok Gríms, sonar hans, ok stefndi þeim inn til bæjar á sinn fund. Þeir feðgar lögðust þá ferð eigi undir höfuð, ok fóru út til bæjar á fund biskups, þá sýndu þeir öll þau merki, er þeir höfðu vísir orðit, ok þat hvar þeir hefðu komit líki hans. Síðan sendi biskup eptir Einari þambarskelfi, ok kom Einar til bæjarins, höfðu þeir biskup tal saman við konúng ok Alifu, ok báðu at konúngur skyldi lof til gefa, at lík Ólafs konúngs væri tekit or jörðu; konúngur lagði þar lof til, ok bað biskup gjöra þar at slíkt er hann vildi; þá var mikit fjölmenni í bænum. Biskup ok Einar ok menn með þeim fóru þar til, er lík Ólafs konúngs var jarðat, ok létu þar til grafa, kistan var þá mjök svá komin upp or jörðu. Þat var margra manna ráð, at biskup lèti lík konúngs grafa niðr í jörð at Clemens kirkju; en er liðit var frá andláti Ólafs konúngs 12 mánaðir ok fimm nætr, þá var upptekinn heilagur dómr hans, var þá kista Ólafs konúng spánósa^r, svá sem nýskafin væri. Grímkell biskup gekk þá til, er upp var lokit kistu Ólafs konúngs, þar var dýrligr ilmr; þá beraði biskup andlit hans, ok var hvergi brugðit ásjón hans, litr ok roði í kinnum, sem þá mundi, er hann væri ný sofnaðr; en á því fundu menn mikinn mun, er sèð höfðu Ólaf konúng, þá er hann fèll, at síðan

^r) hvít, G; spáný, K.

3. ág

hafði vaxit hár hans ok negl, þvínæst sem þá mundi, ef hann hefði lífs verit hér í heimi þá alla stund síðan er hann féll. Þá gekk til at sjá lík Ólafs konúngs Sveinna konúngr ok allir þeir höfðingjar, er þar voru; þá mælti Alfífa: furðu seint fúna menn í sandinum, ekki mundi svá vera, ef hann hefði í moldu legit. Síðan tók biskup skæri, ok skar af kömpum hans ok svá af hári hans, hann hafði haft lánnga kampa, svá sem þá var títt; biskup mælti til konúngs ok Alfífu: nú er hár konúngs ok kampar svá sítt, sem þá er hann andaðist, ok þvílíkt vaxit sem nú megi þèr sjá. (Þá mælti Alfífa): þá þikki mèr þat heilagr dómr, ef þat brennr eigi í eldi, en opt höfu vær sèð hár manna vaxa, ok heilt ok úsakat þeirra er í moldu hafa legit lengr enn þessi maðr. Síðan lét biskup taka sèr eld í glóðarkeri, ok blessaði reykelsi, ok þá lagði hann í eldinn hár Ólafs konúngs, en þá er brunnit var reykelsit allt, þá tók biskup hárit or eldinum óbrunnit, lét biskup þetta (sjá) konúng ok aðra höfðingja; þá bað Alfífa hárit leggja í óvígðan eld; þá svarar Einar þambarskelfir, ok bað hana þegja, ok valdi henni mörg hörð orð; var þat þá biskups atkvæði ok konúngs samþykki ok dómr alsherjar, at Ólafr konúngr væri maðr sannheilagr; var líkami hans borinn í Clemens kirkju ok veittr umbúnaðr áðr yfir háaltari, var kista hans sveipt pelli ok tjaldat um

guðvef, urðu þá þegar margar jarregnir at helgi Ólafs konungs.

229. Þar á melnum, sem lík Ólafs konungs hafði legit, kom upp fagur brunnr, ok fengu menn bót meina sinna af því vatni, ok var veittr umbúnaðr, ok hefir þat vatn verit jafnan síðan vandliga varðveitt; kapella var þar fyrst gjör, ok sett þar altarit, sem (verit hafði) legit konungsins, en nú stendr í þeim stað Krists kirkja, lét Eysteinn erkibiskup þar setja háaltarit í þeim stað, sem konúngr hafði legit, þá er hann reisti þetta ið mikla musteri, hafði verit í þeim stað háaltarit til fyrri kirkju. Svá er sagt at Ólafs kirkja standi þar nú, sem þá stóð eyðiskemma sú, er lík Ólafs konungs var náttsett í; þar er nú kallat Saurlið¹, er heilagr dómr Ólafs konungs var borinn af skipi, ok er þat nú í miðjum bænum; biskup varðveitti vandliga helgan dóm konungs, skar hár hans ok negl, þvíat hvorttveggja vóx svá sem þá er hann væri lifandi maðr í þessum heimi; sva segir Sighvatr:

Lýg ek Ólafi² eigi
ys³ sem⁴ kikvir tífar⁵,
gæði ek helzt í hróðri
hárvöxt konungs, ári⁶;
en hëlzt⁷ þeim, er son⁸ seldi,
svörðr⁹, þann er vóx í Görðum,

¹) Hlið, D, H, K S; Ólafshlið, G. ²) þannig D, F, L; O..., A; nema Ólafr, G, K, S. ³) yfa, G. ⁴) nè, F. ⁵) teinar, K. ⁶) áru, hin. ⁷) heldr, G. ⁸) syn, G, K, S. ⁹) suðr, F, L.

hann fékk les¹ af, ljósum,
lausn Valdamar² hausi.

Þórarinn loftúnga orti³ um Svein konúng (kvæði)
þat, er Glælúngs⁴ [kviða heitir⁵, [ok eru þessar
vísur í⁶:

Nú hefir Sveinn,

til⁷ sess hagat,

Þjóðkonúngr,

í Þrándheimi;

þar vill æ⁸

æfvi sína⁹

baugabrjótr¹⁰

bygðum ráða.

þar Ólafr

óðan¹¹ byggði,

óðr hann hvarf

til himinríkis;

ok þar varð,

sem vitu allir,

[kykkvast hatr¹²

af¹³ konúngmanni.

Hafði sér

harðla ráðit

Haralds sonr¹⁴

1) læg, D; lavg, H. 2) Valdamars, D, G, H, K, S. 3) Hér byrjar C apr. 4) Glælogus, K, S; Glæsogus, H. 5) kvíðir heita, C, D. 6) Enn kvað Sighvate um Olaf konúng, D, H; v, í G. 7) sér, hin. 8) alla, C. 9) síðan, C. 10) baugnjótr, K. 11) óðal, C. 12) kykvað hár, C; kvikos háttr, D, S; kvika sett, G; kvikligr háttr, F. 13) á, D, H; or, G, K, S. 14) mögr, C.

til himinríkis;
 áðr seimbrjótr
 [at sætu¹ varð
 [Kristi þekkr
 konúnggrinn ætzi².

Þar svá hann³
 með heilu liggr,
 lofsæll gramr,
 líki sínu;
 svá at þar kná,
 sem á kvikum manni,
 hár ok negl
 honum⁴ vaxa.

Þar borðvegs⁵
 bjöllur knegu⁶
 yfir sæng hans
 sjálfar hríngjast;
 ok hvern dag
 heyra þjóðir
 klokkna hljóð
 yfir konúngmanni.

En þar⁷ af
 altari
 Kristi þæg
 kerti brenna;
 svá hefir Ólafr,

1) sæti, C. 2) fr fyrra [v. í D; H; frá siðara [v. í C, F, K, L, S; vísu v. í G. 3) at hreina, C, D, H. K, S; at heill, G. 4) hátt um, L. 5) borðvex, D, H. 6) knéðu, C; lónga, K. 7) upp, b. v. hin.

áðr hann andaðist,
syndalausn¹
sálum² borgit³.

Þar⁴ kemr hveim⁵,
er, heilagr er
konúngr sjalfr,
krýpr⁶, at gagni;
ok beiðendr
blindir sækja,
þjóðir⁷, máls,
er⁸ þaðan heilir⁹.

Bið þú Ólaf,
at hann árni¹⁰ þèr,
hann er guðsmaðr¹¹,
grundar sinnar;
[hann of getr
af guði sjálfum
úr ok frið
öllum mönnum¹².

Þá er þú réttir¹³
[fyrir regin-¹⁴ nagla
bókka¹⁵ máls
bænir þínar.

230. Sá atburðr varð á Stiklastöðum, sem
fyrir var ritat, at Ólafr konúngr kastaði frá sèr

1) syndalaus, *hin.* 2) sálu, *C, D, G, H, K, S.* 3) brugðit,
G. 4) ok þar, *b. v. C.* 5) sá, *C;* hverr, *F, G, L, S.* 6)
krypum, *C;* sèr, *b. v. G.* 7) þjóðar, *G, S.* 8) en, *hin.* 9)
vís. v. í D, H, K. 10) ummi, *C, D, G, H, K, S.* 11) vinnr,
G. 12) frá [*v. í D, H.* 13) rekr, *D, G, H, K, S.* 14)
rekin, *G.* 15) hoga, *F, L.*

sverðinu Hneiti, þá er hann fèkk sár, en einn maðr svenskr hafði brotit sverð sitt, ok tók þá upp sverðit Hneiti, ok vâ með því, en sá maðr komst or bardaga, ok fór með öðrum flóttamönnum, kom hann fram í Svíþjóð heim til búss síns, hafði hann sverðit alla sína æfi, en síðan hans son ok hverr eptir annan þeirra frænda, ok fylgði þeim jafnan, at hverr sagði öðrum nafn sverðsins, ok svâ hvaðan komit var; en (þat var) miklu síðar á dögum Kirjalaks Miklagarðs keisara, at þar voru í Miklagarði margar sveitir Væringja, þá bar sva at á einu sumri, at er konúngr var í herferð, ok lágu þeir í herbúðum sínum, Væringjar hældu vörð ok vöktu yfir konúngi, lágu þeir á völlum fyrir utan herbúðir, en þeir er áðr höfðu vakat, lögðust þá niðr, þeir voru allir alvopnaðir, þat var þá er þeir lögðust til svefns, at hverr hafði hjálm á höfði ok skjöld yfir sér, en sverð undir höfði, ok skyldi leggja hina hægri hönd á meðalkafla, en hverr þeirra fèlaga, sá er hlotit hafði at sofna enn efra hlut nætrinnar, vaknaði hann í dögum, þá var sverð hans í brottu, en er hann leitaði, þá fann hann sverðit, hvar lá á vellinum langt frá honum, hann stóð upp, ok tók sverðit, ætlaði hann at fèlagar hans, þeir er vakat höfðu, mundu gjört hafa til við hann, at væla frá honum sverðit; þeir synjuðu þess fyrir sik. Slíkir atburðir urðu um nætr þrjár, þá undraðist hann mjök sjálf, ok svâ aðrir þeir, er þetta sjá ok heyrðu, ok spurðu menn

eptir, hverju þat mundi gegna; þá segir hann, at sverð þat var kallaðr Hneitir, ok Ólafr konúngr hafði átt ok borit sjálfr í Noregi á Stiklastöðum, hann segir ok, hvernveg farit hafði um sverðit; síðan var þetta sagt Kirjalaks keisara, þá lét keisarinn kalla til sín þenna mann, er með sverðit fór, fèkk keisari honum gull þrenn (jafn)- vægi^r sverðsins, en konúngr lét bera sverðit í Ólafs kirkju, þá er Væringjar halda, var þar síðan yfir altari sverðit. Eindriði úngi hèt lendr maðr í Noregi á dögum þeirra sona Haralds gilla, Ínga, Eysteins ok Sigurðar; Eindriði var þá í Miklagarði, er þessir atburðir gjörðust, ok sagði þessa sögu í Noregi, svá sem Einar Skúlason váttaf í drápu þeirri, er hann orti um Ólaf konúng hinn helga, ok er þat kvæði kveðit um þenna atburð.

1030-1035 { 231. Sveinn konúngr Knútsson ræð fyrir Noregi nokkura vetr, hann var bernskumaðr mikill bæði at aldri ok ráðum. Alfífa móðir hans hafði mest þá landráð, ok voru landsmenn miklir úvinir hennar bæði þá ok jafnan síðan; danskir menn höfðu þá mikinn yfirgáng í Noregi, en menn kunnu því stór illa, þá er þessar ræður voru uppi hafðar, kendu landsmenn þat þrændum, at þeir hafði mestu um valdit, er Ólafr konúngr hinn helgi var feldr frá landi, ok Noregs menn höfðu lagizt undir þetta illa ríki, er ánauð ok úfrelsi gekk

¹⁾ jafnvirði, C, D, II.

þar yfir allt fólk, bæði ríka menn ok alþýðu, kölluðu þeir þrændr skylda til at veita umráð ok uppreist at hrinda ríki af landsmönnum þessu hinu illa, var þat ok virðing manna at þrændir hefði mestan styrk í Noregi at höfðingjum ok fjölmenni; en er þrændir vissu at landsmenn veittu þeim ámæli, þá könnuðust þeir við at þat var sannmæli, at þá hefði hent glæp mikinn, er þeir höfðu Ólaf konúng tekít af lífi, ok þat með at þeim var miklu illu goldit; höfðu höfðingjar stefnu ok ráðagjörð síu í millum, var þar Einar þambarskelfir upphafsmaðr at þeim ráðum, svá ok Kálfr Árnason, ok fann hann, í hverja snöru hann hafði gengit Knúts konúngs ok hans áeggjan; þau heit, er konúngr hafði heitit Kálfi, þá töpuðust þau öll, þvíat Knútr hafði Kálfi heitit jarldómi ok yfirsókn yfir allan Noreg, ok Kálfr hafði verit höfuðsmaðr at halda orrostu við Ólaf konúng ok fella hann frá landi, hafði Kálfr enga nafnbót þá meiri enn áðr, þóttist hann vera blektrmjök; fóru þá orð milli þeirra bræðra, Kálfs ok Finns, Þorbergs^r ok Árna, ok samdist þá frændsemi þeirra.

232. Svá segja menn, þeir er glöggligast telja, at Ólafr konúngr hinn helgi væri fyrir Noregi 15 vetr, síðan er Sveinn jarl fór or landi, en áðr um vetrinn tók hann konúngsnafn [á Upplöndum², segir Sigvatr:

¹) Þannig hin; Þorgeirs, A. ²) af Upplöndum, II, K, S.

Ólafr ræð ið efra
 andprúðr¹, [fyrir því₂ landi
 fulla vetr áðr fèlli
 fimtán, af því láni⁴;
 hverr hafi hæzt⁵ enn⁶ norðra
 heims enda sèr⁷ kendan,
 skjöldúngr⁸ hèlt⁹ enn skyldi
 skemr, landreki¹⁰ fremri¹¹.

Ólafr konúgr var þá hálf fertugr at aldri, er hann fèll, at sögn Ara prests hins fróða, hann hafði átt 20 orrostur; svà segir Sigvatr:

Sumir trúðu á guð gunnar¹²,
 grein var¹³ liðs í miðli,
 fólk orrostur fylkir
 framráðr tígum¹⁴ háði;
 frægr (bað) hann á hægri
 hönd kristins¹⁵ liðs¹⁶ standa
 feðr Magnús bið ek fagna
 [fljót-skjótum¹⁷ guð drottinn¹⁸.

Nú er sagðr nokkur hlutr sögu Ólafs konúgs frá þeim tíðindum, er gjörðust meðan hann ræð Nor-egi, ok svà frá falli hans, um þat er helgi hans

1) auðframar, D; andprúði, C, G, K, S; öndurt, L 2) höfuð, C, D, K, S; jöfurr, G, H. 3) á, hin. 4) láði, D, F, L, S; landi, K. 5) helzt, C; hæst, L; fæðst, F; hans, hin. 6) hit, F. 7) svà, L. 8) skjaldar, G, H. 9) helzt, D, G, K, S. 10) land-rekann, C. 11) fremra, C. 12) gunnar, hin. 13) varð, C, K. 14) tigu, C, F, G, L; tögu, D; tugu, H; tjögu, K, S. 15) kristinn, C; kristi, D, F, G, H, K, L, S. 16) lið, C; lið, D, F, G, H, K, L, S. 17) flót-skjörum, C, H, K, S; fljót-skírum, G; fljót-mætum, F. 18) drottin, C, D, F, L, S.

konu upp; en nú skal þat eigi niðri liggja, er honum er þó mest vegsemd í, at segja frá jar-teigna (gjörð) hans.

233. Sveinn Alfíuson ræð Noregi fyrst eptir fall Ólafs konúngs, en er hann hafði ráðit fyrir landi 3 vetr, þá spurðust þau tíðindi at fyrir vestan haf efldi flokk Tryggvi, son Gyðu ensku. Sveinn konúngr bauð út leiðangri or landi norðr, ok fór til Víkr austr, ok Tryggvi fór með lið sitt at Hörðalandi, spurðu hvorir-veggju til annarra. Nú skal þat segja, sem fyrr var ritat, er Sveinn konúngr var í Þrándheimi, ok hann spurði þessi tíðindi, bauð hann þegar leiðangri út, ok gjörði orð til lendra manna, ok stefndi þeim til ferðar með sér; Einar Þambar-skelfir sat heima, ok vildi eigi fara með Sveini konúngi. Kálfr Árnason skipaði húskörlum sínum snekkju tvítögsessu, ok hèlt út eptir Þrándheimi, fyrr enn konúngr væri búinn; Kálfr fór suðr af Mæri, ok höfðu þeir stefnulag sín í millum. Sveinn konúngr fór liði sínu, er hann var búinn, hèlt suðr með landi; en er hann lá í Sveggjaðar sundi, þá ræru þeir Kálfr Árnason sunnan um sundit, þá kölluðust þeir á, báðu þeir þá at leggja ok verja land hans ok fylgja konúngi. Kálfr svarar: fullgjört hefí ek þat, ef eigi er ofgjört, at berjast við vára landsmenn til ríkis Knytlingum. Ræri Kálfr þá norðr með landi leið sína, ok fór til þess er hann kom heim á

Eggju. Engi þeirra Árnasona reri þenna leið-
ánger með konungi.

234. Sveinn konúgr hêlt liði sínu öllu
sunnan með landi, ok Tryggvi hêlt norðr í móti,
[sem hêr segir¹:

Tír eggjaðr fór Tryggvi,
tókst morð af því, norðan,
en Sveinn konúgr sinni
sunnan ferð, at gunni;
nær var ek þösnum þeirra,
þat bar skjótt at móti
[herr týndi þar harða
hjör göll var þat fjörvi².

Svá segir í Tryggva flókki, ok var fundr þeirra
fyrir norðan Jaðar í Skónar³ sundi fyrir innan
Bokn, þar sem fallit hafði Erlíngr Skjálgsson:

Var á sunnudag, svanni!
seggr hnè margr und eggjar
morgin þann, sem manni
mær lauk⁴ eða öl⁵ bærrí⁶;
en Sveinn konúgr sína
samantengja bað drengi,
hrátt gafst hold at slíta
hrafni, skeiðar stafna.

Í þeirri orrostu féll Tryggvi ok mikill hluti liðs
hans, en Sveinn konúgr hafði sigr, ræð þá enn
landi vetr hinn næsta.

¹) svá segir Sighvatr, *D*; svá segir í Tryggvaflókki, *G*, *H*;
svá s. Sighvatr í Tryggvaflókki, *K*, *S*. ²) þannig hin frá [*C*,
D, *G*, *K*, *S*]; hár týndi þá hára hjör gull vafðan fjörvi, *A*.
³) Sóknar, *D*, *G*, *H*, *K*, *S*. ⁴) þannig hin; læk, *A*. ⁵)
þá er, *C*. ⁶) þannig hin bæki, *A*.

235. Einar þambarskelfir ok Kálfr Árnason áttu þann vetr stefnu ok ráðagjörð, ok hitt-ust þeir í Kaupáangi; Sveinn konúgr var þá suðr í landi; þar kom til Kálfs Árnasonar sendimaðr Knútskonúgs, ok bar orðsendíng konúgs til þess, at Kálfr skyldi senda konúgi þrennar tylfir öxa ok láta vanda mjök. Kálfr svarar svá: öngar öxar mun ek senda Knúti konúgi, segið honum at ek skal fá öxar Sveini syni hans, svá at hann skal eigi skorta. Þat var snemma vors, at byrjaði ferð sína Einar þambarskelfir ok Kálfr Árnason, ok höfðu mikla sveit manna ok it bezta mannval, er til var í þrændalögum; þeir fóru um vârit austr um Kjöl til Jamtlands, þá til Helsíngjals, ok komu fram í Svíþjóð, ræðu þá til skipa, ok fóru um sumarit austr í Garðaríki, kvomu um haustit í Ald-eigjuborg, gjörðu þá sendimenn til Hólmgarðs á fund Jarizleifs konúgs með þeim eyrindum, at þeir buðu Magnúsi, syni Ólafs konúgs hins helga, at taka við honum ok fylgja honum til Noregs ok veita honum styrk til þess, at hann næði föðurleifð sinni, ok (halda) hann til lands. En er þessi orðsendíng kom til Jarizleifs konúgs, ok tók hann ráðagerð við drottníngu ok höfðíngja sína, kom þat ásamt með þeim, at þeim voru orð gjör, ok stefnt þángat á fund Jarizleifs konúgs ok þeirra Magnúsar, voru þeim grið seld til þessar ferðar. En er þeir komu til Hólmgarðs, þá staðfestist þat með þeim, at Norð-

menn, þeir er þar voru komnir, gengu til handa Magnúsi, ok gjörðust hans menn, ok bundu þat svardögum við Kálf ok með alla þá menn, er í bardaga höfðu verit á Stiklastöðum í móti Ólafi konungi, (at hann) skyldi þeim öllum tryggj ok trúr, þóat hans ríki yrði í Noregi, skyldi þá Magnús gjörast fóstersonr Kálfs Árnasonar, en Kálfr vera skyldr til at gjöra þau öll verk, er Magnúsi þætti þá sitt ríki meira ok frjálsara þá heldr enn áðr.

1034 236. Magnús Ólafsson byrjaði ferð sína eptir jól austan or Hólmgarði ofan til Aldeiguborgar, tóku þá at búa skip sín; þess getr Arnór jarla skáld í Magnúss drápu :

Nú hykk rjóðanda ræðu,
 ráng¹ örs, þvíat veit gjörva,
 þegi² seimbrjótr³ seggja⁴
 seggjum hneitis eggjar⁵ ;
 varat ellifu allra
 ormsetrs hati vetra,
 austr⁶ þá er herskip geystust⁷,
 Hörða vinnr, or Görðum.

Magnús hêlt um várit austan til Svíþjóðar; svá segir Arnór :

Þings bauð út hinn úngi
 eggj⁸ rjóðandi þjóðum⁹,
 fimt¹⁰ bar hríð¹¹ [til hömlu¹²]

¹) rögg, L; róg, hin. ²) þeiuna, G. ³) seimbrotu, G, S.
⁴) segja, D, H, K, L, S. ⁵) eggja, D, G, K, S. ⁶) rekkr, C;
 hraustr, hin. ⁷) glæsti, hin. ⁸) þjóðar, L. ⁹) fimr, L; fim,
 in. ¹⁰) hirð, D, G, H, K, S. ¹¹) í hömlur, G, K.

her veðr ara bræðis;
salt skar húnn¹ heltum
hraustr þjóðkonúgr austan²,
báru [brimlogs rýri³
brúnveðr⁴ at Sigtúnum.

Rauðar báru⁵ randir sfðar⁶
rimmu yggr í svænskar⁷ byggðir,
eigi gazt þú liðkost lágan,
landfólk⁸ sótti þer til handa;
austan þorðut⁹ úlfa skerðir¹⁰
öldu¹¹ kunnr yfir¹² hvíta skjöldu
túngu¹³ rjóðr yfir¹⁴ tírar úngrar¹⁵
teknir menn en¹⁶ [dörrinn rekna¹⁷.

Austan kom þú með allra hæstum¹⁸,
yggjar máls¹⁹, í þrænskar²⁰ byggðir,
fiðri njörðr²¹, en fjandmenn yðra
fálma kvoðu, ægis hjálmi;
undan²² frá ek þik eyðir þröngva
úlfa gráðr²³ af²⁴ þeirra ráði²⁵,
[skjöldúngr stökk²⁶ með skæðan þokka
skeiðar brands fyrir þer or landi.

Hér segir þat, at Magnús kom austan um Kjöl

1) húfi, *hin.* 2) flaustum, *G.* 3) brimlogs hlýri, *K.* 4) brimveðr, *L.* 5) báru, *G. S.* 6) síðan, *hin.* 7) þrænskar, *II.* 8) landherr, *G. II.* 9) þorðut, *G.* 10) ferðar, *hin.* 11) öldum, *hin.* 12) með, *hin.* 13) tuggu, *D.* 14) með, *G.* til, *hin.* 15) únga, *C, L;* þinga, *D, K, S;* þingum, *G, H.* 16) ok, *hin.* 17) dær in rekuu, *hin.* 18) allra hæstan, *G, H, S;* hæstum tíma, *D.* 19) máls, *C, K;* mál, *D;* márs, *H;* máls, *S.* 20) sænskar, *K.* 21) rjóðr, *D, G, H, K, S.* 22) úngan, *D, G, H, K, S.* 23) gráðar, *hin.* 24) v. í *hin.* 25) ráða, *D, K.* 26) skyldir stökk, *G, K, S.*

1035 til Þrándheims, ok lið mikit dreif til hans, en óvinir undan flýðu. Sveinn konúgr fór þegar or landi, er Magnús kom í Noreg, ok flýði hann til Danmerkr, þvíat hann fékk eigi liðkost til mótstöðu við Magnús; var þá Magnús til konúngs tekinn í Noregi, lagði hann land allt undir sik, hann var kallaðr Magnús hinn góði.

237. Magnús konúgr lét gjöra skrín ok búa gulli ok silfri ok steinum, en skrín þat var svá gjört bæði at mikilleik ok öðrum vexti sem líkkista, ok svalír undir, en yfir upp¹ vaxit sem rjáfr ok þar uppaf höfuð ok bust á vættinu², ok lamar á bak, en hespur fyrir, ok þar læst með likli; síðan lét konúgr leggja í skrín Ólafs konúngs margha helga dómra, urðu þar margar jarteinir at helgum dómi Ólafs konúng; þá kvað Sigvatr:

Gjört er þeim er gott bar hjarta

gull³ skrín of veg⁴ mínum⁵

hrósa ek helgi ræsis

herr⁶ sótti-guð drottinn;

þar⁷ gengr margr⁸ frá mærum⁹,

meiðr, þess konúngs reiði¹⁰

hreins með helgar¹¹ sjónir

hríngs, er blindr kom þíngat.

— Þá var þat í lög tekit, at halda heilagt um allan

1) vætt, b. v. D, G, H, K, S. 2) veggjunum, G, H. 3) gullt, C; gulligt, hin. 4) v. í hin. 5) sínum, E. 6) hann, D, G, H, K, S. 7) ár, C, D, G, H, S. 8) mest, G. 9) mæru, G, H, S; mætu, K. 10) leiði, C, D, G, H, K, S. 11) hellar, C, D, G, H, K, S.

Noreg ártíð Ólafs konúngs, var sá dagr þegar svá haldinn sem hinu stærstu hátíðir; þá kvað Sigvatr:

Oss dugir Ólafs messu,
 jöfurr magnar guð, fagna¹
 meinalaust, í mínum²,
 Magnús föður, harmi;
 skyldr em ek skilfíngs halda:
 skoll-laust⁴ þess, er bjó gulli,
 helgi, handar tjálgur⁵,
 harmdauði⁶, mēr rauðu⁷.

238. Sighvatr skáld hafði þegit heimfarar leyfi, þá er Ólafur konúngur fór austr í Garðaríki, en annat sumar fór Sigvatr af landi ok suðr til Róms; þá kvað Sigvatr vísu:

Róms, [lét ek, ok hēlt⁸, heima⁹
 hermóðr, af¹⁰ för góðri,
 gjallar vönd þann, er gulli
 gaf mēr konúngur vafðan;
 sult¹¹, þá er silfri hjaltað
 sverð [dýrt þat, er, við þverðan¹²
 lögðum, vopn [hinu vígðum¹³
 [vers, ylgjar¹⁴, staf fylgðum¹⁵.

En um haustit er Sigvatr var sunnan á leið, þá

¹) þannig hin; fagnar, A. ²) eða mönnum, A. ³) þannig hin; aldar, A. ⁴) skuldlaust, C, G; skullaust, H, S. ⁵) þannig hin; tjálgr, A. ⁶) harmdauða, hin. ⁷) þannig hin; rauðan, A. ⁸) heilig hafðan, G. ⁹) heiman, G, H, K, S. ¹⁰) á, hin. ¹¹) sælt, C. ¹²) dýrt viðir þverðu, F; ok blátt með herðu, G, H. ¹³) en vígðum, C, D, G, H, S. ¹⁴) vēr sylgjar, C, D, G, H, S. ¹⁵) fylgðu, F.

spurði hann fall Ólafs konúngs, þá var honum þat hinn mesti harmr; hann kvað þá:

Stóð ek á Mót¹, er minntumst
mörg² brast³ sunðr tjarga⁴
breið ok brynjur síðar,
borgum nær, um morgin;
munda ek þann⁵, er hendi⁶,
öndverðan⁷, brym-löndum⁸,
[ferð mín⁹ var þá, þenna¹⁰
þordendr¹¹ konúng¹² vörðum¹³.

Sighvatr gekk einn dag um þorp nokkut, ok heyrði at einnhverr bóndi veinaði mjök, er hann hafði mist konu sína, barði á brjóstit ok reif klæði af sér, ok vildi gjarna deyja; Sigvatr kvað þá:

Fúss lét¹⁴ maðr, ef missir
meyjar faðms, at deyja,
keypt¹⁵ er ást ef¹⁶ eptir
oflátinn skal gráta;
en fullhuginn fellir
flot¹⁷ stygggr, sá er ann¹⁸ drottinn¹⁹

¹) Mont, *D, G, II, K, S.* ²) hvar, *b. v. G, H.* ³) var, *C; fló, D; flaug, G, H, K, S.* ⁴) targa, *hín.* ⁵) þar, *S.* ⁶) undi, *C, G, II; yndi, D, K, S; endi, F; hendi, L.* ⁷) öndvarðar, *C.* ⁸) brúmlöndum, *C, F; brymsundum, D; brumlanda, G; brumlöndum, II, K, S.* ⁹) faðir minn, *C, D, G, II, K, S.* ¹⁰) þessa, *D.* ¹¹) þorrændr, *C; Þoroðr, D; Þorrauðr, D; Þorræðr, S.* ¹²) konúngr, *D, F, K, S.* ¹³) forðum, *hín.* ¹⁴) lét, *C, D, S.* ¹⁵) geyst, *K.* ¹⁶) *b. v. C, D, F, K, L, S; ok, G; en, II; v. í II.* ¹⁷) fljót, *F, G; flou, H; flóð, L.* ¹⁸) varr, *C; var, D, G, II; varð, K, S.* ¹⁹) drottini, *F, L.*

vart afrek¹ lízt verra²,
vígtár, konúng árum.

Sighvatr kom heim í Noreg til búss síns, hann spurði þá at margir menn voittu honum ámæli, ok töldu at hann hafði illa skilit við Ólaf konúng; þá kvað hann vísu:

Hafa láti mik heita
Hvíta-Kristr at víti³
eld, ef ek Ólaf vilda,
em ek skírr um þat, firrast;
vatnærens⁴ [ber ek' vitni,
vask ek til Róms í háska,
öld leynir⁶ því aldri,
annarra þau⁷ manna.

Síðan fór Sighvatr til hirðar Magnúsar konúngs, ok var með honum, ok gjörðist hann hirðmaðr hans, ok var konúngr vel til hans. Sveinn konúngr Knútsson fór til Danmerkr, ok tók þar við ríki með Hörða-Knúti, bróður sínum; Bjarni gullbráskáld⁸ segir svá í Kálfs flokki:

Hafa læzt þú unga jöfra⁹
erfð, en til ræð hverfa,
satt er at sitja kunni¹⁰
Sveinn á¹¹ Danmörk einni;
kendi¹² Kálfr til handa¹³

1) torek, *D, G, H, K, S.* 2) vera, *D, F.* 3) vita, *D.* 4) vatnærit, *C, G, K, S;* vatnærin, *D, F, L.* 5) hefig, *lin.* 6) leyni ek, *C, D, G, L;* leyni, *F, L.* 7) svo, *C, F;* þó, *H.* 8) þannig *lin;* gullberaskáld, *A.* 9) *Híðan frá v. vísunu í C.* 10) knátti, *D, G, H, K, S;* mátti, *F.* 11) at, *lin.* 12) kendr, *L;* kendut, *lin.* 13) landa, *H, K, S.*

kappfúsum Magnúsi,
 ollu þèr at stillir,
 jörð, [ok fékk^r, or² Görðum.

Þann sama vetr varð Sveinn Alfífuson sótt dauðr í Danmörk, en Knútr hinn ríki andaðist þann vetr í Englandi drottinsdag³ idus Novembris, þá hafði (hann) konúgr verit yfir þremr þjóðlöndum, Englandi, Danmörk, Noregi 7 vetr; yfir Englandi ok Danmörk fjóra ok tuttugu, en fyrst yfir Danmörk einni þrjá vetr; ok hafði verit konúgr alls 7 ok 20⁴. Eptir hann var konúgr í Englandi Haraldr son hans, hann átti Gunnildi, dóttur Heinriks⁵, sú⁶ andaðist barnlaus 3⁷ vetrum síðar.

239. Þórir hundr fór af landi litlu eptir fall Ólafs konúngs; Þórir fór út til Jórsala, ok er þat margra manna sögn, at hann hafi eigi aþr komit. Sigurðr hèt son Þóris, [Þórir hèt⁸ faðir Rannveigar, er átti Jón⁹, son Árna Árnasonar; þeirra börn voru þau Viðkunnr [Jónsson í Bjarkey¹⁰, ok Sigurðr hundr, Erlíngr ok Jarðþrúðr.

240. Hárekr or þjóttu sat heima at búi sínu, allt þar til er Magnús Ólafsson kom í land, ok hann var konúgr, þá fór Hárekr í Þrándheim á fund Magnúsar; þá var með konúngi Ás-

1) hann fékkst, F. 2) at, G. 3) v. í hín. 4) þá var hann at aldri (27, C.) 30 og 7 vetr, G, H, K, S; þá var hann at aldri hálf fertögr, D. 5) keisara, b. v. C, D, G, H, K, S. 6) hann, G, H. 7) 5, G, H. 8) hann var, D, G, H, K, S. 9) Jón, C. 10) í Háreksey, C; ok Hárekr, D.

mundr Grankelsson, en er Hárekr gekk upp af skipi sínu, þá hjó Ásmundr hann banahögg, gjörði hann þat verk í trausti Magnúsar konungs; síðan gaf Magnús konúgr Ásmundi lèn ok sýslu norðr á Hálogalandi, ok eru þar frásagnir miklar um skipti þeirra Ásmundar ok sona Háreks.

241. Kálfr Arnason hafði mest landráð með Magnúsi konúgi fyrst nokkura stund, þá gjörðust áminningar menn við Magnús konúg, hvat Kálfr hafði unnit á Stiklastöðum; gjörðist Kálfi þá vangætt til skaps konungs. Þat barst at eitt sinn, þá er fjölment var með konúgi, ok kærðu menn mál sín, þá kom fyrir hann með sín skyld eyrindi sá maðr, er fyrr var nefndr, Þorgeir flekkur or Veradal; konúgr gaf ekki gaum at orðum hans, ok hlýddi þeim er nærri voru. Þá mælti Þorgeir til konungs hátt, svá at þeir allir er inni voru heyrðu:

Mæl þú við mik,
Magnús konúgr!

var ek í fylgi¹

með feðr þínum;

þá bar ek höggvinn

haus minn þaðan

er þeir yfir dauðan

döglíng stigu.

Þú elskar þá illa

ok arma þjóð²

¹) fylking, G, L. ²) þannig D, v. í A.

drottins svika,
er djöfulinn hlægðu.

Þá gjörðu menn at óhljóð, en sumir báðu Þorgeir útganga. Konúngr kallaði þá til sín Þorgeir, ok lauk síðan máli hans, svá at honum líkaði, ok hèt honum vináttu sinni.

242. Þat var litlu síðar at Magnús konúngr var á veizlu á Haugi í Veradal, en er konúngr sat yfir malborði, þá sat á aðra hönd honum¹ Kálfr, en á aðra Einar þambarskelfir, þá var svá komit at hann gjörði fæð á við Kálf, en virði þá Einar mest þambarskelfi. Konúngr mælti til Einars: við skulum ríða á Stiklastaði, ok vil ek sjá þau tíðindi, er þar hafa gjörzt. Einar svarar: eigi kann ek þar af at segja, látið þèr Kálf fósta yðvarn fara, hann mun þar frá tíðindum kunna at segja; en er borð voru ofan, þjuggust þeir til ferðar; hann mælti til Kálfs: þú skalt fara með mèr á Stiklastaði. Kálfr segir at þat var (ekki) skylt. Þá stóð konúngr upp, ok mælti: fara skalt þú, Kálfr! Síðan gekk konúngr út; Kálfr klæddist skjótt ok mælti til skósveins síns: þú skalt ríða út á Eggju, ok bið húskarla mína hvert fat² hafa á (skipi) fyrir sólarfall. Konúngr reið á Stiklastaði, ok Kálfr með honum, ok stigu af hestum sínum, ok gengu þar til sem bardaginn hafði verit; þá mælti konúngr til Kálfs:

¹) hér er komið á seinustu blaðsíðuna í C, og er þar eigi utan einstölu orð lesandi ²) húðfat, G.

hvar er sá staðr, er konúgrinn fèll? Kálfr svarar, ok rætti fram spjótit: hær lá hann, segir hann. Konúgr mælti: hvar vart þú þá, Kálfr? hær sem nú stend ek. Konúgr mælti, ok var þá rauðr sem dreyri: taka mundi þá auxs þín til hans. Hljóp Kálfr þá á hest sinn ok allir hans menn, en konúgr reið aptr til Haugs. Kálfr lætti eigi ferð sinni, fyrr enn hann kom heim á Eggju, var þá skip hans búit fyrir landi, ok ákomit lausafè allt ok skipat af húskörlum hans, hældu þeir þegar um náttina út eptir firði, fór Kálfr síðan dag ok nátt sem byri gaf, sigldi hann þá vestr um haf, ok dvaldist þar lengi, ok herjaði á Skotland ok Írland ok Suðreyjar; þess getr Bjarni gullbráðrskáld:

[Þær brá^r ek, Þorbergs hlýri!
 Þess gjörðust þær verðir,
 hœlt því, unz hann of spilti,
 Haralds bróðurson góðan;
 vöktu öfundmenn ykkir
 iðula róg í miðli,
 óþörf lízt mæ arfa
 Ólafs í þeim málum.

243. Magnús konúgr tók at harðna við bændr, svá at margir sættu af honum stórum refsíngum bæði í ránum ok svá í manndrápum, var mest þat við þrændi; þá tóku bændr at gjöra kurr sín í millum, ok mæltu: hvat mun konúgr þessi fyrir ætlast, er hann brýtr lög á

^r) þat frá, G; þær frá, H; þik frá, K, S.

oss, þau er Ólafr konúngr setti enn góði, minnist þess lítt at vèr höfum jafnan eigi þolat vanrættit, mun hann eigi vilja hafa farar föður síns eðr annarra höfðingja þeirra, er vèr höfum af lífi tekit, þá er oss leiddist ofsi þeirra ok lögleysa? Þessi kurr var víða í landinu. Sygnir höfðu liðsafnað, ok ætluðu at berjast við hann; þessa urðu varir vinir konúngs, ok gengu á málstefnu, ok samdist þat með þeim, at láta taka einn mann at segja konúngi þenna kurr, en svá var tilstillt at Sigvatr hlaut.

244. Sigvatr orti flokk þann, er kallaðr er Bersöglis vísur, ok hefr þær fyrst um þat, at þeim þótti konúngr heldr harðr við bændr, ok þat at þeir heituðust at reisa ófrið móti honum; hann kvað:

Fregni ek, at suðr með Sygnum,
 Sigvatr hefir gram láttan
 fólk orrostu at freista¹,
 ferr, ef þó skulum berjast;
 förum í vâpn ok verjumst²,
 vel, tvist, konúngr, lystir,
 hve lengi skal, hríngum,
 hans grund, til þess fundar.

Í þessu kvæði eru þessar vísur:

Hèt sá, er fèll á Fitjum
 fjölgegn ok ræð, þegna³
 heiptar rán af⁴ hánum,

¹) fremja, L. ²) verjum, G. ³) hegna, G, II. ⁴) ok, hin,

Hákon, fírar ráku¹,
þjóð hèlt fast á fósra
fjölblíðs dögum² síðan,
en er' af því [at minnir³,
Aðalsteins, bændr seinir.

Rètt hygg ek kjósa knáttu
kallsfólk, ok svâ jarlar⁴
af því at eignum höfðu⁵
Ólafr⁷, frið-gáfu;
Haralds arfi⁸, lèt halda,
högg-dygg⁹ ok svâ¹⁰ Tryggva,
lög þau, er lýðir þágu
lauk jöfn af þeim nöfnum¹¹.

Skulu¹² ráðgjafar reiðast,
[ryð er¹³ þat, konúngr! yðr¹⁴,
um¹⁵ drottins orð [til dýrðar¹⁶,
döglíng¹⁷! við bersögli;
hafa kveða lög, nema ljúgi
land herr, búendr¹⁷ verri,
endr í Úlfa sundum
önnur enn þú hèzt mönnum.

Hverr eggjar þik harri,
heiptar stróng¹⁸! at gánga,
opt reynir þú þinna¹⁸

¹) undu, G, H, K, S. ²) lögum, G, H, K, S. ³) eru,
hin. ⁴) minni, G. ⁵) jarla, G, H. ⁶) lofða, G, H, K, S.
⁷) Olafar, G, H, S. ⁸) þannig hin; arfa, A. ⁹) hugdygg,
L; hvardyggv, hin. ¹⁰) son, G, H, S. ¹¹) vís. v. í K.
¹²) skulut, hin. ¹³) ryðr, hin. ¹⁴) yðrir, hin. ¹⁵) v. í
hin. ¹⁶) þannig hin; gleymt í A. ¹⁷) konúngv, L. ¹⁸)
þínum, hin.

Þunnstál, á bak málum?
 fastorðr skuli fyrða
 feng-sæll vera þengill,
 hæfi heit at rjúfa,
 hjáldr-magni¹! þèr aldri.

Hverr eggjar þik höggva,
 hjálm-gegnir²! bú þegna?
 ofrausn er þat jöfri
 innan lands at vinna;
 öngr hafði³ svá úngum
 áðr bragníngi ráðit⁴,
 rán hygg ek rekkum þínum,
 reiðr er herkonúngr, leiðast.

Gjalt þú varhuga veltir
 viðr þeim er nú ferr hëðra,
 [þjófs skal ek hönd⁵ í hófi,
 hólða kvitt, of stytta;
 [vínr sá er⁶ varmra beima⁷
 varnað⁸ [býðr en ek hlýði⁹
 tár mútaris¹⁰ teiti¹¹
 til hvot búmenn vilja.

Hætt er [þat, er¹² allir ætla,
 áðr skal við því ráða,
 háir¹³ menn en¹⁴ ek heyri,

1) magnaðr, *D, G, S.* 2) hjáldr gegnir, *D, H, K, S;* hjáldr-
 gegna, *H;* hýldr-gegnir, *L.* 3) hæfði, *G.* 4) ráða, *G.* 5)
 þjóð skal hyerr, *G.* 6) vinnr emk, *G;* vinnr er, *H;* er sá er, *K,*
S. 7) beina, *K, L;* henja, *hin.* 8) vörnud, *D, G.* 9) býð
 ek en hlýðir, *G;* býð ek enn hlýðit, *D, H.* 10) muteris, *G,*
H, S; musteris, *K.* 11) teitir, *K, S.* 12) þeim, *G, H.* 13)
 harir, *D, H, K, S.* 14) ef, *L;* er, *hin.*

hót, skjöldúngi á móti;
 greyp¹ er þat² höfðum hneypta³
 heldr niðr í felda⁴,
 slegit hefir þögn á þegna,
 þíngmenn nösum stínga.

Eitt er mál, þat er mæla,
 minn drottinn leggr sína
 eign⁵ á óðal þegna,
 (öfgast⁶) búendr göfgir;
 raun⁷ mun seggr, er⁸ sína
 selr öðrum⁹, í því telja,
 flaums at felli dómi,
 föðurleif konúngs greifum.

En eptir þessa áminning skipaðist konúngr vel, fluttu margir aðrir þessa ræðu fyrir konúng, kom þá svà at konúngr átti tal við hinu vitrustu menn, ok segir lög sín, þau er enn eru í þrándheimi ok kölluð eru Grágás. Magnús konúngr gjörðist vinsæll ok ástsæll af öllu landsfólki, var hann fyrir þá sök kallaðr Magnús hinn góði.

245. Magnús Noregs konúngr ok Hörða-Knútr Dana konúngr höfðu fyrst missætti sín í milli, en landsmönnum leiddist þat bæði í Noregi ok í Danmörk, fóru þá menn í milli

¹) greypt, G, H, K, S. ²) vær, L. ³) hneypta, G, H; hneypta, L. ⁴) þannig hin; feldan, A. ⁵) þannig hin; einn, A. ⁶) öfagast, G. ⁷) rán, L. ⁸) ef, G, H. ⁹) orð, L; út, hin.

þeirra með sættarboðum, kom svá at konungar fundust sjálfir í Elli, ok gjörðu sætt sína, ok svörðust í bræðralag, ok kóm þar, at hvorr þeirra skyldi taka eptir annan löndin, ef misdauði þeirra yrði, svá at sá andaðist sonlaus. Haraldr Knútsson, Englands konúgr, andaðist 5 vetrum síðar eptir andlát Knúts hins ríka, föður síns; tók þá Hörða-Knútr ríki í Englandi, ok var konúgr bæði (yfir Englandi) ok í Danmörk 2 vetr, þá andaðist hann barnlaus.

246. Magnús konúgr Ólafsson tók konungdóm yfir Danmörk eptir Hörða-Knútr, ræð hann þá bæði Danmörk ok Noregi; var í þann tíma Danaveldi herskátt mjök, barðist þar til ríkis Sveinn konúgr Úlfsson, átti hann orrostur við Magnús konúgr, ok hafði Magnús konúgr sigr.

247. Magnús konúgr gípti Úlfildi, systur sína, Ottu hertoga í Saxlandi; Magnús hét son þeirra, þaðan er komin ætt mikil; hertogar þeir, er ráðit hafa fyrir Brúnsvík, telja þeir svá kyn sitt til hins helga Ólafs konúgs. Magnús konúgr fór með her sinn til Vindlands, þar vann hann Jómsborg, ok brendi hana, ok þar víða land; síðan fór hann aptr til Danmerkr, ok fór þá herr frá honum, var þá konúgr eptir ekki fjölmennr.

248. Þat^x sama haust fóru Vindir með ógrynni liðs, en er þat spurði Magnús konúgr,

^x) I þessum Kapít. endur C at fullu.

Þá safnaði hann her saman, ok fór móti þeim með þat lið er hann fèkk; þá kom til móts við hann Otta hertogi, mágr hans; þeir mættu her Vinda á Hlýrskógsheiði skamt frá Heiðabæ, þar lágu þeir Magnús konúngr úti um nátt undir borum himni á skjöldum sínum; eptir um daginn var Michaelsmessu aptan, þá kom til konúngs njósn hans, ok höfðu konúngs menn sèð her Vinda, sögðu þeir at konúngr hafði öngan hluta liðs við; gjörðist þá ótti mikill í liði hans, eggjuðu margir Magnús konúng at flýja, var hann þá all hugsjúkr, þvíat hann hafði aldregi á flotta komit, vildi hann berjast, ef mönnum þikkja þeir faung á hafa. Otta hertogi fýsti viðtöku; en er konúngr var í þessum áhyggjum, þá sofnaði hann, honum sýndist hinn helgi Ólafr konúngr, faðir hans: eru þèr óttafullir nú, sagði hann, er heiðingjar hafa her mikinn, ekki skulu þèr þat óttast, þvíat ek mun fylgja yðr, standið upp ok ráðið til orrostu, þegar þèr heyríð lúðr minn, ok verið öröggir ok óttalausir! þá vaknaði konúngr, rann þá sól upp, þá segir konúngr draum sinn; urðu menn við þat glaðir mjök, ok herðu hugi sína; þá sá þeir her Vinda, fóru þá Vindar yfir Skotborgará, þá heyrðu liðsmenn Magnúsar konúngs allir í lopt upp yfir sik klokkuhljóð, ok allir þeir menn er verit höfðu í Niðarósi, þeir kendu hljóðið svá sem Glöð væri hríngt; sú klokka er at Clemeus kirkju í Kaupáangi. Síðan steypti

Magnús konúgr af sèr brynju, ok tók í hönd
sèr auxi Ólafs konúgs, er hann hafði haft, er
Hel heitir, ræðst hann nú þegar fram móti
Vinda hernum; svá segir Arnór jarla skáld:

Óð með öxi breiða
óðæsinn¹ fram ræsir,
varð und² hilmi hörða
hjördynr, ok varp brynju;
þá er um skapt, enn skeptir³
skapvörð⁴ himins jörðu,
[hel klauf hausa fölvu⁵,
hendr tveim⁶ jöfurr spendi.

Þá gjörðu þeir Magnús konúgr svá harða at-
gaungu, at Vindir hrukku fyrir, snèrust þeir á
flótta, er fremstir stóðu, en þeir er síðar voru,
stóðu svá at hinir náðu eigi at flýja, fèll þá hverr
um þveran annan; en konúgr ok hans lið
hjuggu Vinda sem búfè; en þat er fróðra manna
sögn, at þat hafi mannfall mest verit á Norðr-
löndum, síðan er kristni kom, ráku þeir síðan
flótta, ok drápu ógrynni liðs; svá segir Þjóð-
ólfr skáld:

Hykk í hundraðs flokki
Haralds bróðurson stóðu,
hrafn vissi sèr hvassast
húngr bann, framast manna;
vitt lá Vinda flótti,
varð, þar er Magnús harðist,

1) óðræsinn, D, H, L. 2) um, G; of, D, S. 3) skipti,
G, H. 4) skapvörðr, hin. 5) þannig hin; v. í A. 6) tvær, K, S.

högginn valr at hylja
heiði rastar breiða.

249. Guthormr hét maðr, son Ketils kálfs af Ríngunesi ok Gunnhildar, systur Ólafs hins hielga. Guthormr fór í vestrvíking, hann hafði friðland ok vestrsetu í Dífínni á Írlandi, ok var þar með kærleikum miklum með Margaði konúngi. Um sumarit fór Margaðr konúngr ok Guthormr með honum til Bretlands, ok fengu þar ógrynni fjár; síðan lögðu þeir í Aungulssund¹; þá skyldu þeir skipta herfángi sínu, en er fram var borit þat mikla silfr ok allskonar gersimar, þá vildi konúngr einnsaman hafa þat fè, ok virði þá lítils vingun sína við Guthorm. Guthormi líkaði þat illa, ef hann skyldi vera hlutræningr ok hans menn. Konúngr sagði, at hann skyldi (eiga) 2 kosti fyrir höndum; sá annar: at una því, sem vèr viljum vera láta; hinn annar: at halda bardaga með oss, ok hafi sá þá fè, er sigr hefir, ok þat með at þú skalt gánga af skipum þínum, skal ek þau hafa. Guthormi sýndist mikill vandi á báðar hendr, þóttist hann láta skip sín ok fè fyrir enga tilgjörð, þat var ok all háskasamligt at berjast við konúng ok þat mikla lið, er honum fylgði, en liðs þeirra var svá mikill munr, at konúngr hafði 16² lánngskip, en Guthormr 5 skip; þá bað hann konúng ljá sèr fresta um þrjár nætr til umráða við sína menn, hugðist hann á þeirri stundu

¹) Aungulseyjarsund, G, K, S ²) 15, G.

mega mýkja konúngs skaplyndi, ok koma sínu máli í betri vingan við hann með fortöllum sinna manna; en þat fékkst eigi af konúngi, sem hann mælti til; þat var Ólafsvöku aptan; þá kaus Guthormr sér þann heldr, at deyja með drengskap eðr vega sigr, heldr enn hitt at þola skömm ok svívirðing ok klækisorð. Þá kallaði hann á guð ok hinn helga Ólaf konúng, frænda sinn, bað þá fulltíngs ok hjálpar, ok hèt til þess helga manns húss at gefa tíund af öllu því herfáangi, er hann hlyti, ef þeir fengi sigr. Síðan fylkti hann liði sínu, ok skipaði móti þeim mikla her, ok barðist við þá, en með fulltíngi guðs ok hins heilaga Ólafs konúngs fékk hann sigr, en þar féll Margaðr konúngr, ok hverr maðr er honum fylgði; ok eptir þann háleita sigr þá vendi Guthormr or þeirri (ferð) glaðr ok með öllum fjárhlut, þeim er þeir höfðu fengit í orrustu, ok var tekit af silfrinu, þat er heir höfðu fengit, hinn tíundi hlutr, svá sem heitit var hinum helga Ólafi konúngi, þat var ofa mikit fè, svá at af því silfri lèt Guthormr gera róðu eptir vexti sínum eða stafnbúa síns, ok er þat líkn-eski miklu meira, enn þeir menn sem nú eru; gaf Guthormr róðu þá svá búna til staðar hins helga Ólafs konúngs, hefir hún þar verit síðan til minningar sigurs Guthorms ok jarteinar hins heilaga Ólafs konúngs.

250. Sá atburðr varð í Grikklandi, þá er

Kirjalax konúgr var þar, at konúgr fór á¹ Blakumannaland², en er þeir kvomu á Persinja³ völlu, þá kom þar móti honum heiðinn konúgr með óflýjanda her, þeir höfðu þángat haft hesta lið ok vagna stóra mjök ok ofan á vígskörð; en er þeir bjöggu um náttból sitt, skipuðu þeir vögnum sínum hverjum við annan fyrir utan herbúðirnar, en þar fyrir utan grófu þeir díki stór, var þat þá allt saman vígi svá mikit sem borg væri; konúgr hinn heiðni var blindr. En er Grikkja konúgr kom þar, settu þeir fylking sína á völlum fyrir utan vagnborg hinna heiðinna manna. Þá settu Grikkir fylking sína þar í móti, riðu fram hvàirtuggju, ok bjuggust til at berjast, fór þá at illa, flýðu þá Grikkir, ok höfðu fengit mikit mannalát, en heiðingjar fengu sigr; þá skipaði konúgr fylking af Frökkum ok Flæmingjum, en síðan riðu þeir fram, ok börðust við þá, ok fór sem hinum fyrrum, at margir flýðu, en allir voru drepnir, þeir er eigi kvomust undan; var þá Grikkja konúgr reiðr mjök hermönnum sínum; þeir svara honum svá, báðu hann taka til Væringja vínbelgja sinna. Konúgr svarar svá: at hann vill eigi spilla gersimum sínum svá, at leiða fá menn, þótt þeir sè hvassir, móti svá miklum her. Þá svarar orðum hans Þórir helsígr⁴, er

¹) af, *G.* ²) Blökumannaland, *D, G, II, K;* Lokumannalandi, *L;* Blökumannavöllu, *S.* ³) Persína, *D, K, S;* Persína, *F, L;* Peizinja, *G.* ⁴) Þannig hin; belgígr, *A.*

Þá ræð fyrir Væringjum: ok þótt þar væri fyrir eldr brennandi, þá munda ek ok mínir þegnar í hlaupa, ef ek víska at þat keyptist í, at þer konúgr hefðið þá frið eptir. Konúgr svaraði: heitið þer á hinn helga Ólaf konúg til fulltíngs ok sigurs yðr. Væringjar höfðu fimm hundruð manna; ok tóku þeir heit sitt með handfesti, ok létu því at láta gera kirkju í Miklagarði með sínum kostnaði ok góðra manna stoðum, ok láta þá kirkju reisa til vegs ok dyrðar hinum helga Ólafi konúgi. Síðan runnu Væringjar fram á völlum; en er þat sá heiðingjar, þá segja þeir konúgi svá, at þar fór enn lið af Grikkjum, ok er þetta, sögðu þeir, hönd full manna. Þá spyrr konúgr: hverr er sá hinn tíguligi maðr, er þar ríðr á hvítum hesti fyrir liði þeirra? öngan sjá vèr, sögðu þeir; þar var eigi minni liðsmunr enn svá at sextigir heiðingja voru móti einum kristnum manni, en eigi hældu þeir at síðr Væringjar til bardaga alljarfliga, en þegar þeir kvomu saman, þá kom flótti í lið heiðingja af hræzlu, svá at þeir tóku þegar at flýja; en Væringjar tóku at drepa brátt mikinn fjölda, en er þat sá Grikkir ok Frakkar¹, þeir er áðr höfðu flýit fyrir heiðingjum, sækja þá til ok reka flóttann með þeim, voru þá Væringjar komnir uppí vagnaborgina, var þar ið mesta mannfall; en er heiðingjar flýðu, þá varð handtekinn hinn heiðni konúgr,

¹) Franzosar, D, H.

ok höfðu Væringjar hann með sér, tóku kristnir menn herbúðir heiðingja ok vagnaborg^r.

251. Greifi einn var í Danmörk illr ok öfundsjúkr, hann átti ambátt eina norræna, ættaða or Þrændalögum, ok dýrkaði hún Ólaf konúng, ok trúði fastliga hans heilagleik; en sá greifi, er áðr gat ek, tortrygði allt þat er honum var sagt frá þessa hins helga manns jarsteinum, kvað þat ekki vera nema kvítt einn ok pata, ok gjörði sér at gabbi ok gamni lof ok dyrð þá alla, er landsfólk veitti þeim góða konúngi. Enn kom at þeim háttfærdegi, er sjá hinn mildi konúngr lét líf sitt á, ok allir Norðmenn hældu, þá vildi sá hinn úvitri greifi ekki heilagt láta, ok bauð ambátt sinni at hún skyldi baka ok elda ofn til brauðs á þeim degi; vita þóttist hún æði þessa greifa at hann mundi henni sárliga hefna, ef hún lèti eigi at því, sem hann bauð henni, gengr hún til þegar, ok bakaði, ok eldi ofninn, ok veinaði mjök, er hún starfaði, ok heitaðist við Ólaf konúng, ok kveðst aldri mundi trúa á hann, nema hann gjörði nokkura bendíng ok hefndi þessa údæma; nú megu þær heyra makligar refsíngar ok sannligar jarteinir: allt var þat

*) Eptir þat fór konúngr apte til Miklagarðs, ok lét gera kirkju, sem hann hafði heitið, ok vígja hinni helgu mey Marín ok hinum helga Olafi konúngi, en Væringjar lögðu svá mikit fé til þess hins helga húss, at margir gripir gengu af, þá er kirkjan var gjörð ok innan huiu með allri þeirri dyrð ok vegsæmd, er þeir máttu gera guði ok hinum helga Olafi konúngi, *b. v. K.*

jafnskjótt er greifinn sá [hleifa báðum hendi augum¹, ok varð þat brauð allt at grjóti, er hún hafði í ofninn skotit, ok er komit af því grjóti til staðar hins helga Ólafs konungs ok víða annarstaðar².

252. Vestr á Vallandi var einn maðr svá vannheill, at hann var krypplíngur, ok gekk á knjám ok knúum, hann var sofnaðr úti á veg, þá dreymdi hann at maðr kom til hans göfugligr, ok spurði hvert hann ætlaði at fara, en hann nefndi til einn bæ; en hinn göfugligi maðr mælti við hann: far þú til Ólafs kirkju þeirrar, er í Lundúnum stendr, mun þú þar heill verða; en síðan vaknaði hann, ok fór til Ólafs kirkju þegar á leið; en um síðir þá kom hann til Lundúna bryggju, ok spurði þar borgarmenn, ef þeir kynni at segja, hvar Ólafs kirkja væri, en þeir kváðu miklu fleiri kirkjur þar vera, enn þeir vissi, hverjum hver var helguð. En litlu síðar þá gekk maðr at honum, ok spurði hvert hann gjörðist; hann sagði honum; við skulum fara, segir hinn komni maðr, báðir saman til Ólafs kirkju, ok kann ek leið þángat. Síðan fóru þeir yfir bryggjuna, ok fóru þat stræti er til Ólafs kirkju lá, en er þeir kvomu til kirkju-garðs hliðsins, þá stò sá yfir þreskjöldinn, þann er í hliðinu var, en krypplíngurinn veltist þar

¹) á líkliga at vera: hendi hleifa báðum augum, A; varð blíndr háðum augum, hin. ²) jafnan síðan hefir Ólafsmessa haldin verit í Danmörku, b. v. F, G, S. ³) hér sleppur D um sinn.

inn yfir, ok reis þegar heill upp, en þá er hann sást um, þá var förunautr hans horfinn.

253. Magnús konúgr hinn góði, son ens heilaga Ólafs konúgs, ræð fyrir Noregi, sem fyrr var sagt, þá var Rögnvaldr, son Brúsa jarls, með honum, en þá ræð fyrir Orkneyjum¹ Þorfinnr jarl, Sigurðarson, föðurbróðir Rögnvalds jarls. Þá (sendi) konúgr Rögnvald jarl til Orkneyja, ok bauð svá, at hann² skyldi taka við föðurleifð sinni. Þorfinnr lét Rögnvald hafa þriðjung landa við sik, þvíat svá hafði haft Brúsi, faðir hans, á deyjanda degi. Þorfinnr átti þá Íngi-björgu jarla móður, dóttur Finns Árnasonar. Rögnvaldr þóttist eiga 2 hluti landa, svá sem Ólafr hinn helgi veitti Brúsa, feðr hans, ok Brúsi hafði um hans daga. Þetta var upphaf til deilu þeirra frænda, ok er frá því saga mikil. Áttu þeir orrustu á Petlandsfirði; þá var Kálfr Árnason með þorfinni jarli. Svá segir Bjarni gullbrárskald:

Frágum, Finns hvé mági
fylgduð Kálfr um dylgjur,
ok læzt þú á sjá snekkjur
snarla [lagt at³ jarli;
áræði vant þú eyða
allfúss⁴ syni⁵ Brúsa,
hlæði ruð⁶, en tæðut⁷
heiptminnigum⁸ þorfinni.

¹) þannig hin, og leiðrætt í A; Noregi, rángt A. ²) Hít endar G at fullu. ³) sett með, L. ⁴) óðfuss, K, L. ⁵) sonar, K, L, S. ⁶) hugr, K, L, S. ⁷) ræðut, S; tæðit, L. ⁸) heiptminnig, K, L, S.

Magnús konúgr varðveitti helgan dóm Ólafs konúgs vandliga, skar hár hans ok negl. Ofarliga á dögum Magnúsar konúgs kom til Noregs Haraldr Sigurðarson, ok ræðu þeir einn vetr báðir fyrir Noregi, áðr Magnús konúgr andaðist á Jótlandi í Danmörk; síðan ræð Haraldr konúgr Noregi, bróðir Ólafs konúgs hins helga, ok varðveitti hann þá helgan dóm Ólafs konúgs, sem Magnús hafði fyrr gjört; en er Haraldr var búinn or landi vestr til Englands, þá læsti hann skrín Ólafs konúgs, ok kastaði lyklinum út á Nið, en sumir segja, at hann kastaði utanborðs fyrir Agðanesi. Þá var liðit frá falli Ólafs konúgs hálf fjórði tögr vetra, jafnmargir sem Ólafr konúgr lifði hær í heimi. Skríni Ólafs konúgs hefir eigi síðan verit upplokit. Harald konúgr dreymdi, er hann lá í Sólundum¹, með her sinn, honum sýndist Ólafr konúgr, ok kvað vísu þessa:

Gramr vo frægr til fremdar
 flestan sigr hinn digri,
 hlaut² því at heima sátum,
 heilagt fall til vallar;
 uggi ek eflist³ ráð tiggja,
 [yðr muni feigð of byrjut⁴
 trölls gefr fákum fylli',
 fiks veldr at guð slíku.

Haraldr konúgr fèll á Englandi í þeirri ferð.

254. Ólafr hèt son Haralds konúgs, ann-

¹) þannig L, S; Lundúnum, A og hin. ²) ek, b. v. K, L, S.
³) eflst, K, S; eflsta, L. ⁴) eru feigð um þur Egða, L. ⁵) fullar, A.

ar Magnús, þeir voru konungar í Noregi eptir Harald konung. Magnús konúgr lifði skamma stund, síðan var Ólafr konúgr í Noregi, hann var maðr vinsæll ok friðsamr, hann lét gjöra kirkju í Kaupáangi í þeim stað, sem Ólafr konúgr var fyrst jarðaðr, ok lét þat musteri búa at öllu, var þá vígð Krists kirkja, var þar þá Ólafs skrin ok biskups¹ stóll, þar urðu þá margir jarteinir; margir menn sóttu þángat at jafn lengð þess er kirkjan var vígð, ok á þeim degi er sá guðs dýrðlingr, Ólafr konúgr, skildist við heim þenna ok fór til eilífrar dýrðar, nú höfðu fluzi sjúkirmenn þrír þángat til hans helgu grafar, ok hugðu sér til miskunar ok heilsu, ok fær einn af þeim sýn sína á messuaptninum, er sjónlaus kom þángat; en á messudeginum sjálfum, þá er helgir dómarr voru útbornir, ok skrin var niðrsett í kirkjugarði eptir vanda, þá fèkk mállaus miskun, sá er lengi var áðr dumbi, en þá veitti hann óspart lof guði ok hinum helga Ólafi konúngi með mjúku túngubragði; kona var hinn þriðl maðr, er þángat hafði sótt or Svíþjóð austan, ok í ferð þeirri hafði hún þolat mikla nauð ok var sjónlaus, treystist hún miskun almáttigs guðs, ok kom þar farandi at þeirri hátíð, hún var leidd sjónlaus inn í hins helga manns hús at messu um daginn, ok fyrr enn henni var lokit, þá sá hún báðum augum hið helga skrin, fór hún þaðan á burt heileyg með háleitum fagnaði, en (hafði) blind áðr verit um 19² vetr.

¹) konungs, L. ²) 18, F; 16, L; 14, S.

255. Sá atburður gjörðist í Niðarósi, þá skrín Ólafs konúngs var borit um stræti at höfugt¹ var skrínit, svá at eigi fengu menn borit or þeim stað, en síðan var skrínit niðrsett ok brotit upp strætit, ok leitat, hvat þar var undir, ok fannst þar barnslík, er myrt hafði verit ok fólgit þar, var þat þá brott borit, en bætt aprtrætit, sem áðr hafði verit, en borit skrínit at vanda.

256. Ólafr hinn kyrrri varð sótt dauður í Vík austr, hans son var Magnús berfætt, er konúngr var í Noregi eptir föður síun Ólaf. Sá atburður gjörðist í Kaupáangi, þar sem Ólafr konúngr hvílir, at eldr kom í hús í bænum, ok brann víða, þá var borit út or kirkju skrín Ólafs konúngs, þeir settu mót eldinum skrínit; síðan hljóp til maðr hvatvís ok úvitr, ok barði skrínit, ok heitaðist við þann helga mann, sagði at allr bærinn mundi uppbrenna ok kirkjan, nema hann dygði með sínum bænum, ok nú lét almáttigr guð viðberast kirkjubrunan, en þeim úvittra manni sendi hann augnaverkr þegar eptir um náttina, ok lá hann þar allt til þess er hinn heilagi Ólafr konúngr bað honum miskunar við almáttkan guð, ok bættist í þeirri kirkju.

257. Sá atburður varð enn í Kaupáangi, at kona ein var færð þángat til staðar, sem hinn helgi Ólafs konúngr hvílir, hún var svá aumlig, at hún var krept öll saman, svá² at báðir fætr lágu, ok er hún var á bænum, ok hafði heitit á

¹) þúngt, K. ²) Hér byrjar D aprtr.

hann grátandi, þá bætti hann henni þetta hit mikla vanheilindi, at færtr hennar ok leggir ok aðrir limir réttust or hlykkjum, ok varð síðan hverr liðr ok limr með rættri skepnu, mátti hún eigi krjúpa, er hún kom þángat, en þaðan gekk hún heil ok fegin til sinna heimkynna.

258. Magnús berfættir fèll á Írlandi, Nor-egs konúngr, þá tóku hans synir Sigurðr, Ey-steinn, Ólafur ríki í Noregi. Úngan mann nokkurn, danskan at ætt, tóku heiðnir menn ok fluttu til Vindlands, ok höfðu þar í böndum með öðrum herteknum mönnum, var hann um daga í jérnum varðveizlulaus, en um (nætr) var hann svá bundinn í fjötri at hann hljópist eigi frá þeim; en sá hinn aumi maðr beið aldregi svefn nè ró fyrir harmssökum, hagleiddi marga vega, hvat til skyldi taka eðr hjálpræða leita, kvíddi mjök ánauð ok hræðslu, bæði sult ok píslum, ok vænti enga útlausn af frændum sínum, þvíat þeir höfðu leystan hann af heiðnum löndum [tysvar fyrr¹, ok þóttist hann vita, at þeim mundi þá þikkja mikit fyrir því ok kostnaðarsamt at gánga undir hit þriðja sinn; vel hefir sá maðr, er eigi býr slíkt íllt þessa heims, sem hann þóttist beðit hafa; nú gerði hann sér þat í hug, at hlaupast í brutt ok komast undan, ef þess yrði auðit, ræð hann til á náttarþeli, ok drap áðr son bónda, hjó af honum höfuð ok stefnir til skógar með fjötrin undan; en um morgininn eptir er lýsti, þá verða þeir varir við, ok fara eptir honum með hunda, er þeir voru

¹) þannig gizkað, máð í A; með fè, F.

vanir at spyrja þá upp, er undan hljópast, þeir finna hann í skógi, þar sem hann lá ok leyndist fyrir þeim, nú taka þeir hann höndum ok berja ok leika allskonar illa, síðan draga þeir hann heim, ljá honum lífs, ok þó nauðuliga, ok öngrar aðrar miskunar, ok settu hann þegar í myrkvastofu, þar er inni voru aðrir 15 kristnir menn, ok bundu hann bæði járnum ok öðrum böndum sem fastast máttu þeir; svá þótti honum vesöld ok píslir þær, er hann hafði fyrr haft, sem þat væri skuggi nokkur þess alls hins illa, er fyrr hafði hann reynt; engi maðr sá hann augum í þessum píslum, sá er honum bæði miskunar, öngum manni þótti aumligt um vesöld hans nema kristnum mönnum, er þar lágu bundnir með honum, þeir hörmuðu ok grætu hans mein ok sína ógæfu; en um dag nokkurn lögðu þeir ráð fyrir hann, báðu hann at hann hêtist hinum helga Ólafi konúngi, ok gæfist til embættismanns honum í hans dýrðar húsi, ef hann kæmist burt með guðs miskun ok hans bænum or þeirri þrífund; nú játaði hann því feginn, ok gafst þegar til þess staðar, er þeir báðu hann; nótt hina næstu þóttist hann sjá mann einn standa hjá sér ekki mikill, ok mæla við sik á þessa leið: heyr þú, hinn aumi maðr! sagði hann, hví rís þú eigi upp? hann svarar: lávarðr minn! hvat mauna ert þú? hann svarar: ek em Ólafr konúgr, er þú kallaðir á. Hó! hó! lávarðr minn¹ góðr! ek vilda feginn upprísa, ef

¹) ok vinn, b v. F.

ek mætta, en ek ligg í járnum bundinn, ok þó í fjötri með þeim mönnum, er hér liggja bundnir hjá mér. Síðan heitr hinn komni maðr á hann, ok kvað svá at orði: statt upp skjótt ok æðrast ekki um, víst ert þú nú laus. Því næst vaknaði hann, ok sagði þá sínum félögum, hvat fyrir hann hafði borit; síðan báðu þeir hann uppstanda ok freysta, efsatt væri; uppstendr hann ok kennir þá, at hann er laus; þá sögðu félagar hans, at honum mundi þat fyrir ekki koma, þvíat hurðr var bæði læst utan ok innan; þá lagði til gamall maðr, er aumliga var haldinn, ok bað hann ekki töttryggja þess hins helga manns miskun, er hann hafði lausn af fengit: ok svá mun hann jartegnir við þik gjört hafa at þú skyldir af hans miskun laus verða, en eigi þir til vesaldar meiri ok þísla; nú lát við fljótt, segir hann, ok leita dyra, ok ef þú mátt nú komast brott, þá ert þú hólpinn; svá gjörði hann, hann finnr dyrnar þegar opnar², stökr hann þegar á skóg á brott jafnskjótt; þeir urðu þá þegar varir við, er hans gættu, þeir slógu þá lausum hundunum, ok fara þeir sem skyndiligast, en hann liggir ok leynist, ok sér gerla vesall kall, hvar þeir fara eptir honum; nú villast hundarnir farsins, þegar þeir gengu at honum, en þeim öllum viltist sýn, at engi þeirra mátti finna

¹) þunnig hin; hún, A; myrkvastofn, L. ²) hér er komið að seinustu blaðsíðunni í A, sem er gjör máð og blæsilig, er því F fylgt, sem alstaðar næst að undanförunu er samhliðaða að orðum og frásögn.

hann, ok lá hann þar fyrir fótum þeim, vendu þessir þá heim aptr, ok veinuðu miök ok hörmuðu mjök, er þeir máttu eigi finna hann; en Ólafr konúgr lét hann eigi finnast, er hann var til skógar kominn, ok gaf honum heyrn sína ok heilsu góða, er þeir höfðu áðr barit höfuð hans ok knosat, til þess er hann var daufr; því næst kom hann sèr á skip með kristnum mönnum tveimr, þeir er lengi höfðu þar legit ok verit þindir, ok neyttu þess farkostar allir saman sem ákafast, ok fluttust þá á leið af þeim hlaupstígi; síðan sótti hann til þess helga manns húss, er hann var heill vorðinn or herför, þá iðraðist hann sinna heita, gekk þá á orð sín við þann hinn milda konúgr, ok hljópst í brottu um dag, ok kom at kveldi til bónda eins, þess er honum veitti herbergi fyrir guðs sakir; síðan um nóttina, er hann var í svefni, þá sá hann meyjar 3 ganga til sín fríðar ok fagurbúnar, ok ortu orða á hann, ok börðu hann með miklum ávitum, hví hann skyldi svá djarfr gjörast, at hann hlypi frá þeim góða konúngi, er honum hafði svá mikla miskun veitt, fyrst er hann leysti hann or járnum ok allri þísl, ok fýsast frá þeim ljúfa lávarð, er hann hafði áðr geflitz. Því næst vaknar hann felmsfullr, ok stóð upp þegar árdegis, ok sagði húsbónda^r, hvat fyrir hann hafði borit; en hinn góði bóndi lét hann engu öðru viðkoma, enn fara aptr til þess staðar. Sá maðr ritaði af upphafi þessa jarteign, er sjálfr sá á honum járnastaðinn.

^r) Hér sleppr D um sinn.

259. Kolbeinn hét maðr úngr ok fátækr, en Þóra, móðir Sigurðar konúgs jórsalafara, lét skera túngu or höfði honum, ok var til þess eigi meiri sök, enn sá hinn úngi maðr Kolbeinn hafði eitt stykki haft af diskum konúgs móður, ok sagði at steikari hafði gefit honum, en hann þorði eigi við at gánga fyrir henni; síðan fór sá maðr lánga hríð mállaus; þess getr Einar Skúlason í Ólafs drápu:

Göfug lét¹ hörn² or höfði
 hvítúgs³ of sök litla,
 auðar aumum⁴ bæði⁵,
 úngs manns skera túngu;
 þann sámvær, er vorum,
 válaust numinn máli
 hódða-brjótr⁶ þar er heitir
 Hlífð, fám vikum síðar.

Hann sótti til Þrándheims ok til Niðaróss, ok vakti at Kristskirkju; en um óttusaung Ólafs vökudag hinn síðara þá sofnaði hann, ok þóttist sjá hinn heilaga Ólaf konúng koma til sín, ok taka hendi sinni í stúfinn túngunnar, ok heimta hana, en hann vaknaði heill, ok þakkaði guði feginsamliga, ok Ólafi konúgi er hann hafði heilsu ok miskun af þegit, hafði farit þángat mállaus til hans helga skríns, en þaðan fór hann heill ok skorinorðr.

260. Á dögum þeirra Eysteins konúgs ok Ínga varð sá atburðr, at sá maðr, er Haldór er nefndr, varð fyrir Vindum, ok tóku

¹) skar, K, S. ²) hömr, L. ³) hjörúngs, hin. ⁴) aumir, L. ⁵) heida, L. ⁶) edda njót, L.

þeir hann ok veittu honum meiðsl, skáru kverkina ok drógu þar út túnguna, ok skáru af í túngurótunum; síðan sótti hann til hins helga Ólafs konúngs, ok rendi hann hugnum til þess hins helga manns, ok bað grátandi þann hinn blessaða konúng ljá sèr máls ok heilsu, þvínæst fèkk hann mál og miskun af guði fyrir árnadarorð hins signaða Ólafs konúngs, ok gerðist þegar þjónustumaðr hans um alla sína lífsdaga, ok var dýrðligr maðr ok trúfastr. Þessi atburðr ok jarteign varð hálfum mánaði fyrir Ólafs vöku hina síðari, á þeim degi er Nicholaus cardínalis var landfastr í Noregi¹.

261. Bræðr 2 voru á Upplöndum, kristnir menn ok fjáðir vel, synir Guthorms grábaks², Einar ok Andreas, móðurbræðr Sigurðar konúngs Haraldssonar, áttu þeir óðul ok eignir allar; systur áttu þeir fríða at ásjónu, en eigi til forsjála við orði vondra manna, sem síðar reyndist, hafði hún blíðlæti mikit við prest einn enskan, er Ríkarðr hèt, er þar var á vist með þeim bræðrum hennar, ok gerði honum mart í vild ok opt mikit gagn; fyrir sakir góðvilja þessa bar at eigi betr enn um konu þá flaut ferligt orð, þegar þat var á málræðu komit, þá hugðu allir menn þat á hendr presti, ok svá bræðr hennar, þegar þeir urðu þess varir, þá létu þeir hann líkligastan til vera fyrir alþýðu í þeirri miklu blíðu er þeirra var á meðal, varð þeim

¹) sá fylgjandi kaupr. er og tekinn úr F, ok sèr til nokkura af honum, sem samhljóða er í A; í L. vantar hann. ²) grábráa, H; grábráts, K, S.

þó laginn mikill ófagnaðr síðar, sem eigi var örvænt, er þeir leyndu þessi vél, ok létu ekki á sér finna; en um dag nokkurn kölluðu þeir prest til sín, hann varði einskis af þeim nema góðs, teygðu þeir hann heiman með sér, ok kvóðust fara mundu í annat hérað, at smíða þar nokkut þat, er þeir þyrfti, ok báðu hann fylgja sér; þeir höfðu heiman mann einn, er vissi ráð með þeim, ok fóru á skipi eptir vatni því, er Rönd heitir, þeir gengu þar á land upp, ok lèku stund nokkura, þá fóru þeir í nokkurn leyndan stað, þeir báðu þá þrælinn ljósta prest öxarhamars högg; hann gerði sem þeir báðu, ok sló prest svá at hann lá í svina, en er hann vitkaðist, þá mælti hann: hví skal nú svá hart við mik leika? þeir svöruðu: þú veizt þó at engi segi þér, þá skaltu nú vita, hvat þú heilir gert; báru þeir síðan sakir fyrir hann, en hann synjandi ok bað guð skipta ok himn heilaga Ólaf konúng á millum þeirra, síðan brutu þeir fótleggi hans, þá drógu þeir hann á milli sín til skógar, og bundu hendr hans á bak aptr, síðan lögðu þeir streng at höfðinu¹, en þilju undir herðar honum, ok settu í sneril, ok snèru, at strenginn; þá tók Einar hæl, ok setti á augat presti, en þjón hans stoð upp yfir, ok laust á með öxi, ok hleypti út auganu, svá at þegar stökk niðr á kampiunn, en þá setti hann hælinn á

¹) Hér sér til að seinasta blaðsíðan í A er úti; þó er blaðslíki af næsta blaði þar eptir í kjölfnum, sem á stundu nokk-
ur fylgjandi orð úr kapit. en hins vegar er hann auðr, má því
hér af ráða að A hefir endað með þessum kapitula.

annat augat, ok mælti við þjóninn: slá þú nú kyrrara; hann gerði svá, þá stökk hællinn af auganu, ok sleit frá hvarminn ofan, en síðan tók Einar hvarminn frá upp með hendi sèr, ok sá at auga steinninn var þar; þá setti hann hælinn við kinnina út, en þjóninn laust á, ok sprakk augasteinninn út á kinnarbeinit niðr, þar sem hæst var; síðan opnuðu þeir munn hans, ok tóku túnguna ok drógu út ok skáru af, en síðan leystu þeir hendr hans ok höfuð; þegar er hann vitkaðist þá varð honum þat fyrir, at hann lagði augnasteininn upp undir brúnina í stað sinn, ok hèlt þar at báðum höndunum, þá báru þeir hann til skips, ok fóru til bæjar þess, er heitir á Sæheimi, ok lendu þar, þeir sendu mann til bæjarins, at segja at prestur var á ströndu niðri; meðan sá maðr var farinn, er sendr var, þá spurðu þeir, ef prestur mætti mæla, en hann blaðraði túngunni, ok vildi viðleita at mæla; þá mælti Einar við bróður sinn: ef hann réttir við ok grær fyrir túngustúfinn, þá kemr mèr þat í hug, at hann mun mæla mega; síðan kiptu þeir túngustúfnum með töng, ok skáru tysvar þaðan frá ok í túngurótunum hit þriðja sinn, ok létu hann þar liggja hálfdaudan; húsfreyja þar á bænum var fátæk, en þó fór hún þángat, batt hún þá sár hans öll, ok leitaði honum hæginda slíkra sem hún mátti, ok bar hún hann heim til húss, ok dætr hennar með henni í mötlum sínum, hann lá þá hinn sári prestur aum-

liga haldinn, vilnaðist hann jafnan guðs miskunar, en tortrygðði aldri, það málless með hugrenningu ok sorgfullu hjarta því öllu traustara, sem hann var sjúkari, ok rendi hug til hins milda Ólafs konúngs guðs dýrlíngs, hafði hann mart áðr heyrð sagt frá honum ok hans dyrðar verkum, ok trúði því af öllu hjarta á hann til allrar hjálpar í sínum nauðum, en er hann lá þar laminn ok numinn öllu magni, þá grét hann sárliga, ok stundi með sáru brjósti, ok það hinn blessaða Ólaf konúng duga sér; en eptir miðja nótt þá sofnaði hann hinn sári prestur, þá þóttist hann sjá göfugligan mann koma til sín ok mæla við sik: illa ertu leikinn, Rikgarðr¹ félagi! sè ek at eigi er mátturinn mikill; hann þóttist svara ok sanna þat. Þá mælti sá: miskunar ertu þurfi. Prestur svarar: ek þyrfta nú guðs miskunnar ok hins helga Ólafs konúngs. Sá svarar: þú skalt nú ok fá. Þvínæst tók hann túngustúfinn, ok heimti svá hart, at presti varð illt við, þvínæst strauk hann hendi sinni um augu honum ok bein, svá ok um aðra limu hans, þá er sárir voru. Þá spurði prestur, hverr hann væri. Hann leit við honum, ok mælti: Ólafur er hér norðan or þrándheimi; en síðan hvarf hann á brott, en prestur vaknaði alheill, ok þegar tók hann at mæla: sæll er ek, segir hann, guði þakka ek ok hinum heilaga Ólafi konúngi, er hann hefir græddan mik; en svá hörmuliga sem hann var áðr leik-

¹) þannig.

inn, svá bráðar bætr fékk hann allrar þeirrar óhamíngju, en svá þótti honum, sem hann hefði hvorki vordit sár nè sjúkr, túngan heil, augun bæði í lag komin, beinbrotin gróin, ok allr hans líkami heill vordinn, ok fengit hina beztu heilsu, en til jarteigna var þat á augum hans, er út höfðu verit stúngin, þá grèru ör hvít á hvarminum hvoromtveggja, til þess at sjá mætti dýrð þess hins góða konúngs á þeim manni, er svá aumliga var leikinn^r.

^r) Hér er S úti ok A, sem áðr er greint, en hin handritin hafa fmsa viðrauka.

Viðraukar
við Ólafs sögu helga,

er hin handritin hafa helzta umfram
aðalskinnbókina.

A.

*Ólafr konúngr kom til Englands, ok vann
Lundúnaborg¹.*

I þenna tíma var kominn til Englands Knútr
hinu ríki, son Sveins konúngs tjúguskeggs, ok
Þorkell hinn háfi, øptir þat er drepit hafði verit
Þingamannalið fyrir Knúti; þat hafði drepit með
svikum Úlfkell snillíngr eina nótt af ráðum þeirra
Játmundar bræðra, Aðalráðs sona. Játmundur var
konúngr 9 mánuði; á þeim átti hann 5 orr-
ostur við Knút Sveinsson, ok höfðu ýmsir sigr.
Knútr konúngr kom þat sumar til Englands,
sem Aðalráðr andaðist. Eðrfrkr strjóna var
fóstri Emmu drottningar, er átt hafði Aðal-
ráðr konúngr. Knútr konúngr var metnaðar-
maðr mikill, hann gekk at eiga Emmu drottn-
íngu; þeirra börn var Haraldr ok Hörða-Knútr
ok Gunnhildr. Knútr hafði þá unnit allt

¹) Eptir 34 kap. í *A*, bætir *F* inní fylgjandi 5 kap. þó er
úgrip þeirra 2gja seinustu kap. í 35 og 36 ap. í *A*.

England utan Lundúnaborg, ok bryggjurnar voru eigi unnar, þær er á Temps voru; áin Temps fellr í gegnum borgina. Þetta sumar¹ höfðu þeir bræðr Játmundr ok Játvarðr Lundúnaborg, ok þá 2 kastala, er stóðu hjá bryggjunum, ok þann kastala er á bryggjunum var. Norðr fyrir Slesvík á Englandi ræð Þorkell hinn háfi jarl, hann hafði þá hefnt Hemíngs, bróður síns, er þar féll með 60 skipshafna. Þorkell drap Úlfkel snilling, ok gekk at eiga Úlfhildi, dóttur Aðalráðs, er Úlfkell hafði átta. Ólafr konúngr heyrði mart sagt frá orrostum Þorkels jarls, þeim er hann átti, áðr hann gat hefnt Hemíngs, bróður síns, á Englandi, ok hafði jafnan sigr; þángat fór Ólafr konúngr með 6 tigi skipa, ok er Þorkell spurði til fara Ólafs konúngs, fór hann í móti honum, ok bauð honum til vetrvistar heim með sèr við svá marga menn, sem hann vildi; þat þiggr Ólafr, ok tekst þá félag þeirra Þorkels ok mikit vinfengi. Þorkell gengr um sættir með þeim Knúti konúngi ok Ólafi konúngi, ok segir Knúti konúngi mart frá vizku Ólafs, ok þikir hann vænstr til at geta unnit Lundúna bryggjur; kemr svá með þeim Knúti ok Ólafi, at Knútr gefr honum þann hlut ríkis, sem hann þóttist eiga í Noregi, ef Ólafr gæti unnit Lundúna bryggjur, þvíat Haraldr konúngr Gormsson hafði gert Noreg skattgildan undir sik, þá er hann hafði Hákon jarl yfirsettan, ok

¹) þannig gískað, svo, F.

Því þóttist Sveinn tjúguskegg eiga Noreg, ok setti yfir sonu Hákonar jarls, Eirík ok Svein jarla; mörgum friðendum hèt Knútr Ólafi konúngi til þessa verks. Ólafr konúngr lèt nú veita umbúnað nökkurn; hann lèt gera járnkróka í líking akkerisfleina, ok strengi jafnmarga sem járnkrókana, ok reyrdi jární; þá skipar Ólafr til um atgaungu: at Knútr konúngr skal vinna annan hlut Lundúnaborgar með lið sitt, en annan hlut Þorkell ok Þórðr víkíngr. Ólafr konúngr sjálf ferr utan í ána Tems á skipum sínum undir bryggjurnar, ok lætr lúka skjaldborg um öll skipin, ok lætr bera járnkróka um stólpa ok skotása, beina síðan róðr með straums fulltíngi, ok róa undan stólpa alla ok skotása; en þá máttu bryggjurnar eigi upphalda höfga svá miklum sem á var, ok sígr kastalinn ok bryggjurnar, ok týnist mannfólkit, þat er til varnar hafði sett verit á bryggjunum ok í kastalanum; þá hefir Þorkell hinn háfi unnit annan hlut borgarinnar, hafði þar fallit mart lið hans; þá ferr Þorkell jarl hinn háfi at vinna annan hlut borgarinnar með Knúti konúngi, ok gaf honum nær líf með sköpum, af því at Játvarðr, son Aðalráðs konúngs, hjó þá högg þat, er menn hafa síðan at minnum haft; Þorkell hratt Knúti af baki, en Játvarðr hjó í sundr söðul ok hrygg í hestinum, enda urðu þeir þá at flýja bræðr, hrósaði Knútr konúngr þá sigri sínum, ok þakkaði Ólafi konúngi sína liðveizlu.

Af ræðum Knúts konúngs ok Sigurðar biskups.

Eptir þessa orrostu sættast þeir Eatmundr ok Knútr, ok skipta Englandi með sèr, ok voru báðir konúngar, ok ef misdauði þeirra yrði, þá skyldi sá vera einvaldskonúngr yfir öllu Englandi, er lengr lifði; en er einn mánuðr var liðinn frá sáttmáli þeirra Knúts konúngs, var Játmundr konúngr svikinn ok veginn af Eðríki strjónu, fóstura sínum. Síðan var Knútr hinn ríki einn konúngr yfir Englandi, hann ríkti fjögur ár ok 20; en eptir er konúnga sætt var orðin, fór Ólafr konúngr til hirðvistar með Knúti konúngi, ok var þar nokkurn hlut vetrar; með þeim var hin mesta vinátta, þar til er Knútr konúngr heyrði þat sagt, at Ólafr konúngr hefði litlu síðar unnit Lundúna bryggjur, enn hann, eðr England, ok því reiddist Knútr konúngr, ok gerðist færra í vináttu með þeim Ólafi konúngi enn var. Biskup beið Ólafi of allt at tíðum, en eigi Knúti, ok biskup hafði kallat Ólaf konúng, en Knútr vildi þat eigi heyra, ok gaf þar um mörg stór orð biskupi, þartil er hann varð af at leggja sakir ríkis Knúts konúngs, þvíat dramb ok ofmetnaðr, sá er hann fylltist upp af sínum ríkleika, hafði varla rúm í hans hjarta. Nú ferr svá fram, unst kemr at lángeföstu, þá tekr Knútr til orða við Sigurð biskup: er þat svá, er þú hefir kallat Ólaf konúng í vetr, eðr hversu fær þú sönnur á þínu máli, þar er hann er hvorki

flendr, ok eigi er hann kórónaðr. Satt er þat, herra! kvað biskup, at hann er eigi hær flendr, ok eigi berr hann kórónu af gulli eðr silfri, heldr er hann kjörinn ok kórónaðr af hinum hæsta herra ok höfðingja ok konúngi allra konúnga, enum allsvaldanda guði, til þess ríkis, valds ok stjórnar, sem hann er tilborinn, ok einum ætlat at stýra ríki undirgefnum lýð til náða ok nytsemda, ok gjalda guði makligan ávöxt sinnar þarkomu, mun allr lýðr í Noregi ok þar undirgefnum skattlöndum, ok eigi at eins þar, heldr jafnvel öll Norðrhálfan hafa eyllifar menjar ok minningar þessa stólpa ok styrktarmanns guðs kristni, er upp mun ræta þyrni klúngr ok allt illgresi or guðs akri ok vingarði, en sá þar niðr ístaðin frjóligu sáði heilagra guðs orða, hver frjóvast munu með fullkomanum ávexti, hverr at þekkr ok þægiligr mun verða hinum hæsta himna konúngi utan enda. Knútr konúngr mælti: mun þat nú eigi sannast, sem oss er flutt af yðr, herra biskup! at þèr kallið hann framár jarteignum skína enn oss, eðr enn heldr, ef þèr gerið svà stóran mun, at þèr kallið oss öngvar jarteignir gera. Sannspurt hafi þèr þau vor orð, kvað biskup. Knútr konúngr mælti: fyrir lítit kemr mér þá, at meinlæta mér framár enn Ólafi, ef mik skal nokkura hluti skorta við hann, þvíat nú síðan lángefasta kom, hefir ek línlak, en eigi silkiskyrту, skarlat's kyrtil,

en eigi guðvef eðr purpura, ek drekk ok munngát, en eigi mjöð; en Ólafr hefir silki-skyrtu ok guðvefjar kyrtil, lætr hann sèr vanda krásir ok vínberill stendr á borði hans. Biskup mælti: satt er þat, herra! at Ólafr hefir silkiskyrtu, en þó hefir hann hárlæði undir skyrtunni, ok gjörð um sik svá breiða, at hún tekr mjöðm ok herðarblað, en járn við neðan^r ofvalt er Ólafr kemr í sæti, ok krásir koma fyrir hann mjök vandaðar; muntu sjá at þar er haugr nökkur, er hann er vanr at sitja, þar er þakiðr kryplíngr, hann etr krásir allar, en Ólafr etr sallt ok brauð, ok eitt ker með vatn, ok drekk Ólafr þat, en eigi hefir hann meira drykk enn þann, er kryplíngrinn drekk úr vínberlinum. Þá reiddist Knútr konúngr Sigurði biskupi svá mjök, at Ólafr konúngr mátti eigi viðhaldast fyrir sakir öfundar Knúts konúngs, ok litlu síðar Sigurðr biskup.

Frá Ólafr konúngi.

Nú er frá því at segja, at Ólafr konúngr hêlt liði sínu til Fetlafjarðar, þeir runnu þar á land, þar var hêrað eitt byggt ok á milli merkr stórar ok skipalægis; þeir Ólafr konúngr hugðu, at vera mundi meira hêrað fyrir ofan mörkina, ok þángat herjuðu þeir, ok er þeim þótti hêraðit undandragast, hurfu þeir aptr til skipa sinna, ok er (þeir) svipuðust at, sá þeir at Ólafr konúngr var í brottu einnsaman, sökuð-

¹⁾ afer, þikir ofaukið é F.

ust nú um fast ok gerist nú mikill harmr í herinum. Nú er frá Ólafi konúngi at segja, at eptir er hann er fraskila vorðinn sínum mönnum, hittir hann bygð stóra; ok er héraðsmenn sá hann, sýnist þeim sem hann hafi með sér her úvígán, ok hann muni alla þeirra bygð uppeyða, ef eigi verðr þat ráð tekit at dugi; safnast nú saman héraðs höfðingjar, ok fara á mót honum, ok bjóða honum sigrgjald, sem hann vill á þá lagt hafa; síðan ákveðr Ólafr konúngr svá mikit kvikfè, gull ok brent silfr, sem hann vill hafa, ok síðan eru menn tilfengnir at flytja þetta góts til strandar fyrir Ólafkonúng, ok fylgir (konúngr) þeim sjálfr, ok rekr fyrir sér menn ok kvikfè; ok er menn hans sjá hann, hvar hann ríðr af landi ofan, verða þeir fegnari enn frá megi segja. En frá landsmönnum er þat at segja, at svá sem þeir sjá hermenn marga fara í móti sér brynjaða, en Ólaf konúng einnsaman reka þá með byrðum fyrir sér hertekna, ok naut þeirra (ok) sauði, æpa þeir ok ýla ákafliga, ok hrífa upp í höfuð sér ok reita sik. Ólafr konúngr hafði með sér túlka, hvar sem hann fór; hann spurði þá eptir þessum illum látum; þeir segja honum, at þeir menn þikist orðnir fyrir sjónhverfíngum miklum, segja nú, at þeim sýndist óvígr her kominn at þeim, ok svá bjartr at þeir þorðu eigi í gegn at vega; gerði hann þeim þá tvo kosti, annathvort at

vega í gegn honum, ef þeir þyrði, eðr færa þat til strandar, sem þeir færi með; en þeir kjöru at færa heldr fè til strandar. Konúngsmenn tóku nú við strandhöggum, en hinir hurfu aptr heim.

Ólafr konúngr vann margýgi.

Hina 14du upprás átti Ólafr konúngr út í Kallsár, þeir voru þá í för með honum, Þorkell jarl hinn háfi, ok Úlfr, son Þorgils sprakaleggs, þar herjuðu þeir á illgerðamenn heiðna nokkura stund. Þeir heiðingjar blót-uðu kappa tvo til fulltíngs sèr, þá er flestir urðu frá at hrökkva, ef á þá var heitit; þat var annat margýgr, ok lá hún stundum í Karlsám, en stundum var hún í sjó, hún saung svá fagurt, at hún svæfði skipshafnir, ok er hún kendi fyrir sína náttúru, at menn allir voru sofnaðir, hvelfði hún skipunum, ok drekti svá mönnum, en stundum æpti hún svá hátt upp, at margir urðu at gjalti, ok hurfu fyrir þat aptr. Annat kvikendi var villigöltr, hann hafði marga manns aldra, engi maðr skyldi drepa grís af liði hans, hann var forkunnar mikill ok ákafliga grimmligr. Landsmönnum veitir nú lítt hernaðrinn, fá þeir jafnan í viðskiptum þeirra Ólafs konúngs stóran mannskaða með írekum fjárgjöldum ok vægðarlausum penínga upptektum; því taka heiðingjar nú þat ráð, at kalla sèr til fulltíngs sína fulltrúa, margýgi ok galta, með hinum mesta blótskap ok fjandligri forneskju; ok þó

at úvinrinn vissi sik vanmáttugan, at geta nokk-
 ura mótstöðu haft við svá ágætan guðs riddara,
 sem var hinn heilagi Ólafr konúngr Haraldsson,
 þá vill hann þó víst eigi daufheyrast við eyr-
 indi ok ákall sinna kumpána, þikist þat ok sjá,
 at þessi Ólafr mun honum vinna úbættan skaða
 í niðran ok niðrbroti sinnar fáganar; því byrjar
 hann svá sinn kyndugskap, at einhvern tíma
 þá er Ólafr konúngr ok hans menn lágu til
 byrjar í Karlsám, heyrðu þeir at uppkom svá
 fögur raust með saunghljóðum, at aldri heyrðu
 þeir á sína daga þessháttar hljóð fyrr með svá
 sætum sön ok undarligum ym, at innan lítils
 tíma fellr svefn at þeim svá ákaft, at þeir geta
 víst eigi fyrir sér vöku haldit. Konúngr sitr
 í lyptíng á skipi sínu, ok les á bók sína; ok er
 menn allir voru sofnaðir, sér konúngr, hvar
 margýgr kemr upp, hún er svá sköpuð, at á
 henni er höfuð svá skapat sem á hrossi með
 standandi eyrum ok opnum nösnum, hún hefir
 græn augu, ákafliga stór, ok kjapta gífrliga stóra,
 hún hefir bógu sem ross ok framskapat sem
 hendr, en aptr sköpuð at öllu sem ormr, með
 lykkju ákafliga mikilli ok breiðum sporði; drekk-
 ir hún svá mönnum ok skipum, at hún setr
 hendurnar upp á annat bordit, en bregðr sporð-
 inum niðr undir skipit ok uppá bordit öðru-
 megin, ok hvelfir svá skipinu, at hún ríðr um
 þveran kjölinn, ok steypist svá í kaf; hún er

loðin sem selr ok grá at lit. Margýgr kann sína náttúru, at þegar hún veit at menn eru sofnaðir, hefir hún sik at skipi Ólafs konúngs, ok með krapti úvínarins getr hún uppkomit höndunum á borðit; ok er Ólafr konúngr sèr þat, grípr hann sverðit Hneiti, ok hleypr fram eptir skipinu, ok er þat allt jafnfram, at margýgr hefir þá uppkomit sporðinum öðrumegin á borðit, konúngr höggr þá hendr af margýg, en hún kveðr við svá hátt ok öskrliga, at slík læti þóttist konúngrinn eigi heyrtr hafa; hún slöngvir sèr þá þvert á bak aptr, ok slær í sundr kjöptunum, ok beinir svá raustina. Konúngsmenn vakna nú á skipunum, ok þikjast eigi vita, hvat um er, bregðr nú mörgum mjök við þessi læti; konúngr biðr þá hlífa sèr með marki hins heilaga kross; ok með guðs fulltingi ok bænum Ólafs konúngs fèkk hann svá umgengit, at honum ok hans mönnum varð þessi úvætttr ekki at skaða, sökk hún síðan þar niðr, sem hún var komin, ok varð at henni þar ekki mein síðan.

Ólafr konúngr drap göltinn á skóginum.

Nú renna þeir á land upp, ok fá mikils fjár; Ólafr konúngr lætr þar brjóta blóthaug þeirra hei'ingja, en því var hann svá kallaðr, at jafnan, er þeir höfðu stórblót til árs sèr eðr friðar, skyldu allir fara á þenna haug, ok blóta þar fyrrsögðum kvikendum, ok báru þángat mikit fè ok lögðu í hauginn, áðr þeir gengu frá; Ólafr

konúngr fèkk þar ógrynni fjár; fara til skips með þenna fjárhlut, konúngr reið seinast, ok litaðist jafnan um, ef hann sæi nokkura nýlundu; menn hans berr bráðla undan; ok er Ólafr konúngr sèr þat, ríðr hann af út í rjóðr nokkut, ok hugði at ráðum, hvort hann skyldi aptr hverfa eðr eigi, þá heyrði konúngr braukan mikla í skóginn alla vega frá sèr, þá rennr þar galti með lið sitt, ok þekr allt rjóðrit; galti ferr rítandi ok emjandi með illum látum ok gapanda gini, hann var svâ stór, at konúngr þóttist þessháttar kvikendi ekki fyrr slíkt sèð hafa, þvíat hans bust næfði nálíga við limar uppi hinna hæstu trjá í skóginum; konúngr hopaði þá hestinum, ok forðaði fótum sínum; en galti gæddi þá ferðina, ok lagði upp ranann ok tenrnar á söðultreyju konúngs, þá bregðr konúngr sverði sínu, ok höggrr ranann af galta, ok fellr hann niðr í söðulinn; galti kvað við ógrliga, ok snèri undan, ok vildi eigi bíða höggsins annars, en þó sagði Ólafr konúngr svâ, at hann þóttist galta viðkvöð ámâtlígunst heyrð hafa annat enu margýgjar, ok þá mesta mannaun ok hugraun sýnt hafa, er hann átti höggvaskipti við þessi kvikendi; síðan kallaði Ólafr konúngr sverð sitt Hneiti, er áðr hèt Bæsíngr; nú hefir hann rana af galta ok tennr, ríðr hann með þetta til skipa, ok var síðan mjök lofat þetta þrekvirki Ólafs konúngs.

B^r.

Þaðan fór Ólafr konúgr til Englands, ok átti hinn 16da bardaga í Auðafurðu, ok hafði sigr; hina 17du orrostu átti hann vestarliga á landinu¹, í þeim stað er á Vallandi heitir; þaðan fór Ólafr konúgr í Austrveg, ok hafði markað við heiðit land; þar var á því landi spákona sú, er sagði fyrir orlög manna ok líf; förunautum konúgs þótti gott við hana at tala; þeir spyrja konúng, ef hann vildi gánga til fréttar við hana; hann lét þat eigi vilja; þá spyrja þeir, ef konúgr vildi leyfa þeim at spyrja hana nokkut eptir hans forlögum, en hann kveðst þar eigi banna mega. Þeir fara til móts við völvuna, ok spyrja hana, ef hún hefði nökkut hugat at um Ólaf konúng, hversu lánglífir hann mundi verða. Hún mælti: þar standa yfir æfi hans ógnar geislar, þeir er mæ er eigi lofat þángat at sjá, en svá skulu þær segja konúngi yörum, segir hún, at hann mun eitt mismæli mæla á allri æfi sinni, ok láta samdægris lífit.

Ólafr konúgr gerði Konúngssund, ok kom svá í brott.

Ólafr konúgr átti hina 18du orrostu í Svíþjóð, ok urðu þar margar atlögur. Ólafr konúgr hêlt skipum sínum inní Mar, en Svíar söfnuðu her miklum ok lágu fyrir utan um þvera höfnina á herskipum, ok ætluðu þess at

¹) Eptir 37 kap. í A, bætir F inní 2 fylgjandi kap.

bíða, at skip Ólafs konúngs frèri þar í hafninni, ok þótti sem sèr mundi þá auðveldt at vinna skipin ok drepa mannfólkit, ef öllumegin mætti at þeim sækja. Ólafr konúngr lét þá veita umbúð nökkura, hann lét menn sína fara á land upp, þeirfeldu við stóra; ok áðr enn frjósa tók, lét hann gera fleka stóra af viðinum alla vega út í frá skipunum, en þegar er sjórinntók at kólna, þá tóku þeir bátana ok hræðu flekana, ok gerðu á elda stóra, svá aldri mátti frjósa at skipum þeirra um vetrinn. En um vârit, er Svîar höfðu liðsdrátt mikinn, ok ætl-uðu at berjast við Ólaf, ok taka hann af lífi, ok er hann spurði þessa fyrirætlan Svîa, sèr hann, at hann hefir (eigi) liðskost til at deila af kappi við allan Svîa her, því fellr hann fram til bænar, ok biðr þann fulltíngs ok styrks til brottkomu or þessum lífsháska, er allt gott má, sem er einn ok almáttigr, allsvaldandi guð, sèr ok sínum mönnum; ok er hann hefir endaða sína bæn, biðr hann menn sína vinda segl upp, ok sigldu at nesi því, er gengr af Agnafit, ok er konúngr kemr þar, spríngr jörðin í sundr allt til sjófar með svá miklum stórmerkjum, at þessi skurðr er á einu augabragði svá breiðr ok djúpr, at þar mátti vel skipum halda; þat heitir síðan Konúngssund, en Stokkhólmr þat er af sprakk milli ósminnis ok Konúngssunds; sigldi hann svá vestr til Englands með miklum sigri, ok var með þorkatli jarli um vetrinn. Um

sumarit eptir fara þeir Úlfr jarl ok Þorkell háfi með Ólafi konúngi í vestrvíking ok til Írlands, ok fara á land, ok er sú talin hin 19da orrosta Ólafs konúngs, ok fá mikils fjár; þar fjaræði uppi skip þeirra; nú sjá þeir, at Írar sækja af landi ofan með miklu fjölmenni; ok er Ólafr konúngur sèr þat, er svà sagt, at þá hafi hann heitit, at hann skyldi aldri framhöggyva í hernaði sverði nè öxi nökkurum manni til skaða; við þetta heit skipaðist svà fljótt, at þegar samstundis flutu skip Ólafs konúngs, en hans úvinir týndust, ok féllu í þá gröf, er þeir höfðu honum ælat; sigla þá til Englands, ok voru þar allir um vetrinn.

Ct.

Ólafr konúngur fór í móti Sveini jarli.

En er Ólafr konúngur spyr liðsöfnuð Sveins jarls ok Einars Þambaskelfis um allan Noreg, ferr hann á fund Sigurðar konúngs síns, mágs síns, ok segir honum liðsöfnuð þeirra Sveins jarls: munu þeir ætla, segir hann, at brenna skip mín ok drepa lið mitt, ok eigna sèr síðan land allt; en þó at fundr vor sè úviðrkvæmigligr at missera tali, þvíat nú er ofarla á lángeföstu, þá mun ek þó eigi nenna öðru enn fara í móti þeim, hvat sem í kann at gjörast, ok vil ek, mágr! at þú sèr í för með mèr. Sigurðr konúngur svarar: eigi mun meira lið mèr fylgja

1) F bætir þessu stykki inni 54 kap. í A, eptir orðin, blúðs. 95: ok lagðist við Grenjar með herinu.

enn svá, at mæð þikur von, at ek muna búinn með mitt lið, þá er þèr villð farit hafa. Þeir fara nú með þat lið, er Sigurðr konúgr fékk, til móts við meginherinn, þeir höfðu alls 20 lángrskip ok 2 skeiðr ok 2 knörru, er Ólafr konúgr kom í land með.

D r.

En er Ólafr konúgr sá þat, at hann náði eigi frestun, lét hann fylkja liði sínu, svá at samteingð voru 20 skip fyrir Nesjum, en sín skeið í hvorn arm, en knerrirnir lágu yztir, ok sund breitt á millum ok skeiðanna. Sveinn jarl hafði hálfan fimta tög skipa; en er þeir sá viðbúnað Ólafs konúgrs mælti Einar Þambaskellir: sjáið þar fylking konúgrs, ok má hana kalla ekki þykkva, en eigi kemr mæð þat á úvart, þóat raninn verði harðsóttr á fylking hans, áðr enn sól gengr í ægi í kveld, en rúm er þèr ætlat, jarl! í hvorum fylkingararmi, er þú vill. Ef ek neyti þess rúms, kvað jarl, þá muntu fara með mæð? Engi er þess von, kvað Einar, at mitt skip fari or teingslum ok í skipaflota konúgrs, at berjast við hann nauðgan, þvíat ek sè, at honum er ekki um at berjast í dag, þóat hann vill eigi vanbúinn vera við þèr ok mönnum þínum. Eigi fann ek þat fyrr, kvað jarl, at þèr yrði hugfátt. Kalla þat, sem þú vill,

*) F bætir þessu stykki inni 55 Kap. í A, eftir orðin á blaðsíðu 97: ok hjuggust vel um.

kvað Einar, enda má vera, jarl! at þær sè gæfu-
fátt, ef mér er hugfátt. Eigi mun þat, kvað
jarl, þvíat vér munum gera skothríð harða.
Einar mælti: eigi er jafnkomit á um vitsmuni
með ykkur Ólafr konúngi; ráð eru tvö fyrir hend-
i, ok hefir konúngur bæði, en þá hvorki; þat
er ráð annat, at þyrma hátíð, ok gera þeir svá;
en annat, at hlífa sèr ok varðveita skeyti, sem
ek hygg at þeir muni gera, ok mun hörð hríð
sú, er þeir senda aptr skeytin, þóat þá sjáir
eigi við því. Svá gekk, sem Einar gat. Nú
búast þeir Sveinn jarl til bardaga, ok gera harða
skothríð, en Ólafr konúngur ok hans menn hlífa
sèr, ok geyma skotvopn öll, ok gekk því langt
fram á dag; en er því linnti, þá greiða þeir at-
róðr sinn.

E'.

Þá er Ólafr konúngur hafði undir sik lagit
þat ríki, er þeir 5 konúngar höfðu haft áðr, ok
aðrir 6, þeir er Styrmir reiknar í sinni bók; svá
segir Sighvatr:

Upplönd fèkk (til) enda
os neista ok þar reisti
kristnihald þat er hèldu
hverr veitir sverðs beita;
áðr stýrðu því eyðar
ellifu fyrr hella

*) *I stað þessara orða í kap. 73 í A blaði. 152: Ólafr konúngur
lagði þá undir sik allt þat ríki, er þessir 5 konúngar höfðu átt,
tók hann þá gislar af mönnum ok bóndum, hefir F þetta stykki.*

mildíngs máls en guldu
menn vísliga gísla.

tók konúgr þá gísla af lendum mönnum ok
bóndum.

F^r.

Óðin kom til Ólafs konúgs með dul ok prettum.

Litlu síðar enn Ólafr konúgr hafði fengit Ástríðar, dóttur Ólafs Svía konúgs, fór hann at heimboðum um landit, ok var á veizlu í Víkinni, þá kom einn maðr ókunnr til hans, ok gekk fyrir konúng, ok kvaddi hann; konúgr tók honum, ok spurði hann at nafni; en hann nefndist Gestr, ok beiddist at dveljast með hirðinni; en konúgr hafði þar fátt um, en skipaði honum at sitja utar frá gestum; gekk hann þar til sætis, ok var heldr úþýðr ok stikkinn, ok þó uppvöðslu mikill; hann var stuttklæddr, ok hafði síðan hatt niðr fyrir andlitit, ok sá ógerla ásjónu hans; skeggjaðr var hann. Konúgr bað menn vera fáskiptna við kvomumanninn; ok um kveldit, er konúgr gekk til sængr, lét konúgr kalla Gest, ok spurði, ef hann kynni nokkut skemta; en hann var bæði fróðr ok djarfmæltr; varð þeim þá talat mart til hinna fyrri konúnga, er verit höfðu, ok þeirra framaverka. Gestr spurði konúng: hverr vildir þú, herra! helzt fornkónúgr verit, ef þú ættir um þat at kjósa? Konúgr svarar: ek vildi engi heiðinn maðr vera, hvorki konúgr nè

¹⁾ Milli 88 og 89 Kap. í *A bætir F inni þessu stýkki.*

annar maðr. Gestr mælti: Þat er ljóst, at þú munt ekki annar maðr vera enn þú ert; en at hinu spyr ek, hverjum þú vildir líkastr fornkonúngi vera, ef þú skyldir nökkurum. Nú er enn sem áðr, segir konúngr, at ek vilda öngum fornkonúngi líkr vera, en ef (ek) skylda nokkut þar um tala, þá vilda ek helzt hafa atferð ok höfðingskap Hrólfs kraka, þess þó, at ek helda allri kristni ok trú minni. Gestr mælti: hví vildir þú helzt vera sem Hrólfr kraki, sem ekki at manni mátti heita, hjá því sem annar konúngr, sá er verit hefir? eðr hví vildir þú eigi vera sem sá konúngr, er sigr hafði við hvern sem hann átti bardaga, ok svá var vænn ok vel at íþróttum búinn, at engi var hans líki á Norðrlöndum, ok svá mátti öðrum sigr gefa í sóknnum sem sjálfum sér, ok svá kríngur skáldskapr, sem öðrum mönnum málsitt. Konúngr sezt þá upp, ok tók til tíðabókar, er var í sænginni, ok ætlaði at slá í höfuð Gest, ok mælti: þú vilda ek sízt vera, hinn illi Óðinn! Segja menn þá svá verða við Gest, at hann færi þar niðr, sem hann var kominn; þóttist konúngrinn þá víst vita, hverr verit hafði, galt hann þá margfaldt lof guði fyrir þat at sjá óhreinandi, er sýndist í líking hins illa Óðins, gat önga þá vèl eðr tál framsett, at nokkurn skugga eðr sorta drægi á hit bjartasta blóm hans heilagrar trúar.

G^r.

Er Óttar hafði verið með Ólafi Svíakonúngi.

Óttarr svartí hafði lengi verið með Svíakonúngi, hann hafði ort mannsaungs drápu um Astríði, dóttur Ólafs Svíakonúngs, þat mislfskaði Ólafi konúngi Haraldssyni, [þvíat kvæðit var mjök kveðit, svá at hêlt við væningar²; en er Óttarr kom til Noregs, lét Ólafr konúngr taka hann ok setja í myrkvastofu. Sighvatr skáld var [náfrændi Óttars ok³ vinr hans mikill; Sighvatr fór um nótt til myrkvastofunnar at finna Óttar, ok spurði hversu honum líka¹; Óttarr kveðst verið hafa kátari; Sighvatr bað hann kveða sér kvæðit, er hann hafði ort um Ástríði drottningu; Óttarr gerði svá. Þá mælti Sighvatr: mjök er kvæðit kveðit, ok er eigi undarligt at konúnginum líki eigi vel kvæðit: nú skulum við snúa vísun þeim, er [næst eru kveðnar⁴ í kvæðinu, en síðan skaltu yrkja annat kvæði um konúnginn; konúngr mun vilja heyra þat, er ort er um drottningu áðrenn þú ert

¹) I Kap. 109 í A, eptir orðin á blasiðu 250: heiddist at gánga á hönd Ólafi konúngi, bætir L innú eptirfylgjandi 3 Kap.; F hefir byrjun seinasta Kap. eptir 85 Kap., og í Viðbæturum, sem seinna kemr eptir Styrmi presti fróða, þaraðauki alla 3 kapitulana, að undantekinni vís.: Illýð manngöfugr minni; en sá kap. sem hér er seinast, stendr þar í niðurlugi 5 kap. viðbæturins, næst á undan hinum 2, sem hér eru fyrri; en II ok K hafa þá 2 fyrstu kap. Þar sem L, en seinasta kap. eptir 118 Kap. í A, vantar þó seinustu vís. í II. ²) Þvíat honum þótti mjök áviká í kvæðinu, at honum líkaði vel til drottningar, II. ³) v. í F. ⁴) mest eru ákveðin orð, F; mest eru kveðnar, II.

drepinn; en þegar úti er drápan, þá skaltu hefja upp þat kvæði, er þú hefir ort um konúnginn, ok kveða á meðan þú mátt. Óttarr gerði sem Sighvatr kendi ráð til, hann orti drápu um Ólaf konúng á þeim 3 nóttum, er hann var í myrkvastofunni. Eptir þat lét Ólafr konúgr leiða Óttar á sinn fund; hann kvaddi konúng, en konúgr tók eigi kveðju hans, heldr mælti hann til Óttars: þat er nú ráð, Óttarr! at þú látir heyra kvæði þat, er þú hefir ort um Ástríði drottningu, þvíat hún skal nú heyra hróðr sinn. Ástríðr sat á aðra hönd konúnginum. Óttarr settist niðr fyrir fætr konúnginum, á meðan hann færði kvæðit, en konúgr roðnaði við, en er lokit var kvæðinu, þá lét hann eigi dvína kveðandina, ok hóf þegar upp drápuna, þá er hann hafði ort um konúnginn, [ok er þetta upphaf:

Hljóð mann göfugr minni
 myrk báls þvíat ek kann yrkja
 finnum yðr ok annann
 alvaldr konúng fallinn;
 þat tel ek grams ok gauta
 glað sistaða mistag
 dögkings verk at dýrka
 dýr þengill mik lengi¹.

Þákölluðu hirðmenn ok mæltu, at Óttarr² skyldi þegja. Sighvatr mælti: þat er öllum auðsýnt, at konúgr má gjöra af ráði Óttars þat sem

¹) v. í F, H. ²) Simberian, F.

hann vill, þóat hann kveði út kvæði þetta, en oss er gott at heyra lof konúngs vors; hirðmenn þögnuðu, en Óttarr kvað drápuna. Konúngr þagði á meðan Óttarr flutti kvæðit; en er lokit var, þá lofaði Sighvatr mjök kvæðit. Þá mælti konúngr: þat mun bezt, Óttarr! at þú þiggir höfuð þitt fyrir drápuna. Óttarr svaraði: sú gjöf þikir mér góð, þóat höfuðit sè eigi fagrt. Konúngr dró gullhring af hendi sèr ok gaf Óttari. Astríðr rendi fíngurgulli [af hendi sèr ok gaf Óttari¹; þá mælti konúngr við hana: [skaltu lengi halda á vingjöfum² við Óttar? Ástríðr svaraði: eigi munu þèr kunna mik um þetta, herra! þóat ek vilja launa mitt lof sem þú þitt. Konúngr mælti: [svá skal vera³. Óttarr var lengi með konúnginum í góðri virðing; sjá drápa hèt Höfuðlausn, er Óttarr orti um Ólaf konúng. [Þenna vetr hinn næsta áðr hafði andazt Ólafr konúngr hinn svenski⁴.

Nú er þeir Sighvatr ok Óttarr höfðu lengi verit með Ólafi konúngi, þá voru þeir eigi jafnmikils metnir, sém verit hafði; þat var einn dag at konúngr sendi þeim hnetr af borði sínu, þá kvað Sighvatr vísu:

¹) á gólfrit til Ottars ok mælti: taktu, skáld! gneista þann ok cig, *F.* *H.* ²) Var svo, at þú mættir eigi alls hindast at sýna þitt vinfengi, *F.* ³) svo skal nú ok vera í þessu sinni, at ek skal þèr eigi sakir fyrir gefa þessa sjárgjöf, en svo megu þið þó tilætla, at mér mun litilgæft vera um vinfengi ykkar hédan í fró, af þeim [skáldskap er Ottarr hefir ort um þik, *F.* ⁴) v. í *F.*

Sendi mér hinn mæri,
mann þengill sjá drengi,
síðan mun ek heldr at hróðri,
hnetr' þjóðkonúgr, letjast²;
opt, en okkr það skipta
Óttar í tvá³, drottinn,
enda mál, sem mundum,
manndjarfr, föðurarfi.

Þá kvað Óttarr aðra vísu:

Hnetr sendi mér handan,
[handleggjar, týr⁴ branda,
ár var [þat er⁵ ek man meiri
mín þing jöfri⁶, hingat;
mjór er, markar stjóri
meir, sjákk⁷ þar⁸ til fleira,
viðráttu⁹ oss í öðru
Íslands, mikils vísir.

konúgr brosti at vísunni, er þeir höfðu
kveðit.

[Ólafr konúgr veitti þá virðing Sighvati
skáldi, at hann hélt¹⁰ dóttur hans undir skírn,
þá kvað Sighvatr:

1) hnytr, H. 2) snytrast, F, snytjast, H. 3) tvö, H. 4) hraundáðr
arm, F, H. 5) þá, F 6) konúgr, H. 7) sám, F 8) þat, H. 9)
niðráttu, F, H. 10) Sighvatr skáld var þá með Ólafi konúgi í góðu
yfirlæti, svá at þat er samligast sagt, at engi einn maðr, eigi
meiribáttar, hafi fengið meira heimmolleika ok vináttu af Ólafi
konúgi enn hann, sem optsimis hefir raun á orðit, sem eitt af-
intýr skal afsegja; þat bar til, at Sighvatr skáld gat hara með
einni konu, þat var mætr, ok er svá sagt, at Ólafr konúgr ok
Astriðr drottning veittu svá mikla virðing Sighvati, at þau héldu
o. s. frv. H.

Drottinn hjálptu þeim, er dóttur,
 dýr er þinn vill skýri¹,
 heim úr heidnum dómi
 hóf ok nafn gaf Tófu;
 hêlt und vottr² hinn vitri,
 varð ek þeirra³ feginn harða⁴
 morni, mínu barni
 móðrakk Haralds bróðir.

Þat var sagt at (þat) var einhvern dag, at Sighvatr skáld sagði Ólafi konungi frá því at hann var á vist út á Íslandi með þeim manni er Karli hêt⁵, hann var lítill bóndi, en honum þótti Sighvatr vilja lítt vinna. Þat var einn dag, sagði Sighvatr, at ek tók konu Karla, ok fór ek með hana í einn helli⁶, ok þaðan sá ek yfir bygðina Karla, þá kvað ek vísu þessa:

Hèðan sè ek reyk⁷, er rjúka
 rönn⁸ yfir⁹ fiskimönnum,
 stór eru [skjaldr um skorar¹⁰
 skelli brögð í¹¹ helli;
 nú [frýr at¹² mèr nýrrar,
 nennínga¹³ dag þenna
 hlitu ek fyrir hvítan
 harmstraums¹⁴ dögurð naumu¹⁵.

¹) mínni, *Fa, II*; vinni, *Fb*; ofaukið í *L*. ²) vatn, *H*. ³) þeim, *Fa, Fb, II*. ⁴) herðla, *H*. ⁵) hona átti konu únga ok þrífliða, *b. v. II*. ⁶) ek þar sátum við ok lækum okkr, *b. v. II*. ⁷) reyk þann, *F. II*. ⁸) skrifast huanon, *L*; ravnu, *H*. ⁹) af, *H*. ¹⁰) skálds um skærar, *F*; skálds skærar, *H*. ¹¹) or, *F, II*. ¹²) frýrrar, *H*. ¹³) eða nynníngar, *L*. ¹⁴) hornstraums, *F*; horn-straum, *H*. ¹⁵) þannig, *F, II*; námu, *L*.

Konúngr brosti at, ok mælti til Sighvats:

Segi þat Karla,
er hann¹ kemr hingat,
nýtum þegni
fyrir norðan haf:
at fleira skal
í förum vinna,
enn hylða hval
hvössum knífi.

Þat segja sumir menn, at Ólafr konúngr hafi
ort um Íngibjörgu Finnsdóttur vísu þessa:

Nær er sem upp úr eisu²,
innar [lít ek til kvinna³,
snót hver er svá mjök láti
segðu mér! loga bregði;
mik hefir máli⁴ sýknin⁴
mest á skömmu fresti,
gekk ek um gólf at drekka
gramr, ok brattir hamrar.

H¹.

[Síðan fór Ólafr konúngr allt til fjalls, ok
er hann fór yfir fjallit gjörði kuldaveðr, kon-
úngr reið, en flest allt liðit gekk; Sighvatr
skáld var þá með konúngi, ok gekk nær honum,
Sighvatr þóttist sjá, at konúngi gjörði kalt, ok

¹) v. í F. ²) gleymt í L. ³) mála, F. ⁴) þannig F;
sýkum, L. ⁵) Milli 117 og 118 kap. í A bætir L þessu stykki
inni, líka K, at vísunni undanskilinni; F hefir það fyrst (Fa)
eptir 85 kap. í A, og síðan (Fb) í byrjun 6ta kap. viðbættisins
eptir Styrmi, og er þar L að mestu samhljóða, eins og H, sem
hefir stykki þetta á undan 119 kap. í A.

mælti: herra! sagði hann, látið mik ríða, þvíat ek mun eigi komast af fjallinu, ef ek geng; svá skal vera, skáld! sagði konúgr, ok stè af baki; þat vilda ek nú, herra! at þèr færuð í kápu mína; konúgr gjörði svá, ok gekk um hrið; ok er Sighvatr vissi, at konúngi gjörði heitt, þá mælti hann: nú tekr mik at kala, ok vil ek nú gjarna gánga, en ek vilda at þèr riðið ok reiddið loðkápuna, þvíat ek komumst hvergi, ef ek geng í henni. Konúgr kvað svá vera skyldu, sem hann vildi, ok reið hann í loðkápunni um daginn; [konúgr lét eigi ferð sinni, furr enn hann kom í þrándheim ok allt til Niðaróss, ok bjó þar til vetrsetu, ok sat þar um vetrinn^r. [þat var einhverju sinni at Sig-

^r) Svo er sagt, at Sighvatr skáld var lengstum með Olafi konúngi, meðan þeir voru á lífi háðir; ok einhverju sinni bar svo til fórum þeirra Olafs konúngs, at þeir höfðu farit um Dofrafjall, en þat var um vetr, ok var þar Sighvatr þá, ok þar tók þá snæfall mikit, ok gjörðist ill færðin, ok var mjöllin svá djúp, at hrossin fengu eigi vaðit, ok fóru meim á fæti, ok vildu þó leita af fjallinu. Ok ní bar svo til, er áleið dagian ok dymma tók, at þeir urðu 2 saman Olafi konúgr ok Sighvatr, ok hafði hann yfir sér feld grán; ok er þeir sóttu af fjallinu ok færðin batnaði, þáttist Sighvatr sinna á, at konúnginum svalaði mjök, þvíat honum hafði orðit ákaflega heitt um daginn. Þá mælti Sighvatr við konúnginn, ok kveðst næðast taka mjök undir feldinum af hita ok erfiði, ok lét eigi mega bera hann leng eptir sér. Konúnginn bað hann selja sér feldinn, ok mundi hann bera, ok nú gerðu þeir svo, ok fóru þeir svo um hrið, ok tók konúngi at orna undir feldinum. Ok þá koma þeir at bæ nokkrum, þá mælti Sighvatr: eigi er þat miunr, at mik tekr nú at kala, er mér var heitt fyrir stund. Er svá nú, skáld!

hvatr þóttist eiga nauðsynja erindi at tala við konúnginn, en þá var svá mikil þraung af fjölmenni hjá konúnginum, at Sighvatr náði eigi máli konúngs; Sighvatr kvað þá vísu¹:

þraungvist eir² um úngan
 ítrmenni³ gram þennan,
 bægist öld, svá at eigi
 Ólafs náig máli;
 mér varð⁴ orð at orum
 auðsótt frömum drottni,
 þá er óðum mjök móðir
 mjöll á⁵ Dofrafjöllum⁶

Konúngr svarar, er hann heyrði vísuna: ok enu skal þér auðveldt vera, skáld! at tala við mik, ef þú vilt; síðan skildi konúngr erindi Sighvats svá at honum líkaði vel:

I.

Af búnlugi Steins⁷.

Steinn var með Knúti konúngi um hríð, ok

segir konúngr; eigi þiki mér skipta, þótt ek hera klæði þín allt til bæjarins, ok sé ek nú bragð þitt; ok nú fara þeir til bæjarins, ok þá sagði Ólafr konúngr: vel kauntu at vera með tígaum mönnum, Sighvatr! *Fa; frá síðara [v í Fb, II.*

¹) Sighvatr skáld miantist þessa, þá er hann kom af Íslandi, ok var nýkominn við land þar er konúnginn Ólafr var fyrir, ok var hann á móti nokkuru fjölmenna, ok var þraungt mjök um konúnginn öllu megin af fólkinu, en Sighvatr vildi fyrir hvörn mun hita konúnginn sem fyrst, ok ferr hann til mótsins, ok borast fram á milli manna, ok fær eigi komist allt fyrir konúnginn, ok kvað vísu svo hátt, at hann skyldi heyrn mæga, *Fa.* ²) eða er, *L*; ek, *Fa, II*; ér, *Fb.* ³) eða ítrmenninn. ⁴) var, *Fa.* ⁵) af, *Fb.* ⁶) Dofrafjalli, *Fa, Fb, II.* ⁷) *Eptir 134 kap í A bætir L þessum kap. inni.*

var afburðar mikill maðr at vopnum ok klæðum, ok var hann þá kallaðr Steinn enn prúði. Svá hafa sagt fornir fræðimenn, at Steinn gjörði svá mikit of fors, at hann skipaði hest sinn með gull, ok bjó hófinn fyrir ofan. Knúti konungi þótti hann keppast um skrautgirnir við sik, ok því fór Steinn í braut frá honum; Steinn var í förum síðan, en þau urðu æfilok hans, at hann braut skip sitt við Jótlands síðu, ok komst einn á land; hann var þá enn skrautliga búinn, ok hafði mikit fê á sêr, ok var dasaðr mjök; kona nökkur fann hann, er fór með klæði til þvottar, hún hafði vífl í hendi, hann var máttlíttill ok lá í bruki; hún sá at hann hafði mikit fê á sêr, síðan fór hún til, ok barði hann í hel með víflunni, ok myrti hann til fjár, af því er menn segja eða hyggja um, gafst honum svá af ofmetnaði ok óhlýðni við Ólaf konung.

K.

Ólafr konúgr flutti mann yfir vatnit^r.

Þat bar til einn háttíðardag at menn sóttu til tíða til Kristis kirkju í Kaupáng, þá var engi brú á ánni Nið, ok er menn voru komnir at ánni, þá var ferjumaðrinn farinn til tíða, en fólkit beið við ána, ef ferjumaðrinn kynni í móti því at koma; ok svá sem stund leið, sá fólkit róa mann á báti at móti þeim yfir ána,

^r) Eptir 134 kap. í *A* bætir *H* þessum kap. inni *F* hefir hann nærst seinastan í viðhætinum eptir Styrmí, og heldr fá-orðari; *K* hefir hann eptir 129 kap. í *A*.

sá maðr var í svörtum kuffli, ok lét síga kuffshattinn fyrir andlitit, ok er hann kom at landi, fóru tífamennirnir þegar úti bátinn, en kuffmaðr röri aptr yfir ána sem tíðast. Svá segist at ein gömul kona fêliti ok skynsöm var með tíðamönnum, ok er þau komu at landi, veik hin gamla kona at kuffmanni ok talaði við hann hljótt ok mælti svá: mikit er yðvart lítillæti, herra! segir hún, er þèr róid einn saman á báti yfir svá mikit vatnfall, sem áin Nið er, móti óbreittum mönnum, ok flytlid oss sjálfir yfir á þessa. Konúngr mælti: eigi vilda ek, kerling! at þèr mistið tíðanna, síðan þèr höfðuð góðfýsi til at sækja; en nú skal þat vera kaup með okkr, at þú skalt þetta segja öngum manni, meðan ek er á lífi, at ek hafi ferjat yðr yfir ána, en ek skal gefa þèr fim kýr. Kerling kvað svá vera skyldu, ok þakkaði konúngi gjöfina, en engi maðr annarr enn kerling kendi konúnginn, sá er yfir var fluttr ána, efndi hún vel orð síu ok sagði þetta engum manni meðan konúngr lifði, en síðan birti hún þetta góðum mönnum.

L¹.

Af göfugum manni Sigurði Ákasyui.

Sigurðr hêt maðr göfugr í Danmörk, hann var son Áka Vagnssonar Ákasonar, hann fór eit sumar til Vindlands² at afla sèr dýrgripa,

¹) Eptir 153 kap. í A, bætir L þessum kap. inn; í F er hann nokkut fjölorðari milli kap. 88 og 89. ²) Þannig hún; Vinlands, L.

ok hafði mikla sveit manna; ok er þeir kvomu norðan, ok ætluðu at verja fènu, bauð sá maðr at kaupa at honum, er Jón hèt, þeir voru þar kallaðir brakkarnir¹, er vær köllum túlka, ok er þeir höfðu varit fènu, mælti Jón: Sigurðr! sagði hann, þú skalt nú yfir sjá, hversu með er farit fè þínu; hann gekk til ok sá, ok þakk- aði honum, ok hafði mikill ávöxtr í orðit, ok höfðu þeir margar gersimar fengit. Sigurðr bauð Jóni til sín, ok lét honum heimilan sinn vinskap; Jón kveðst þat þiggja mundu. Hann átti frillu í afdal einum, ok var hún með feðr sínum; þat var einusinni, er Jón var þar kominn, ok þau voru í reykju kom- in, kom kall ógrligt yfir þau bónda ok hús- freyju, þat mælti svá: gjaltu mæ skuld mína. Tvennar voru dyr á húsinu, ok horfðu aðrar til fjalls, en aðrar til fjöru, þar var kona í skinnkyrtli, ok lá hár á herðum niðri svart ok stórt sem tálknfannir; hún beiðir at hann gjaldi henni gestinn eða konuna². Jón ljóp upp ok út ok ofan til sjófar, þar sem Sigurðr hefir tjaldat, ok heitr á hann til hjálpar, ok kvað tröll elta sik. Sigurðr sprettr upp, ok þríftr skjöld ok sverð, ok er hún þá komin, ok bíðr hans, ok bíðr hann selja fram mann- in; Sigurðr bíðr hana alla fara í tröll hendr optir sínu eðli; síðan brá hann sverðinu, ok

¹) brokumarmenn, ee þá sýslu hafa at kaupa með fjárlutum manna, ok vilja þau veg fyrirtúlka, F. ²) þik sjálfan, F.

höggur til hennar, hún bregðr við skálmiani, er hún hafði í hendiuni, ok leggur til hans, hann veik sér undan, ok (hjó) á mót öðru sinni ok af henni höndina, hún kvað við hátt, ok hljóp í braut, en hann eptir, þá snýst hún við honum, ok mælti: mikinn sigr hefir þú unnit, en á mun liggja nökkut, hëðan af skaltu aldregi sjá mega manns blóð ok vera aldregi í röskra manna tali, ok hristi at honum stúfinn; honum varð illt við, ok skildu þau við svá búit. Sigurðr kom heim í Danmörk, ok hafði fengit auð fjár, hann hafði mikit yfirlæti af Knúti hinum ríka, ok er hann var á veizlu ok sat hjá honum, þá mælti Alffá við konúng: mikinn berst Sigurðr á, ok væri þat vel, ef hann væri nýtr til verks, en nú er minna um vert, er hann má eigi mannsblóð sjá; þetta vissi hún af fornum göldrum. Konúngur kvað þat eigi satt mundu. Hún svarar: gjör þá tilraun, herra! vek þér blóð ok bregð voveifliga fyrir augu honum; hann gjörði svá, ok er þeir sátu inni, brá Knútr konúngur blóðinu fyrir augu honum, er hann varði minnst; Sigurði brá mjök við, ok leitaði sér ráðs at eigi yrði einmælt um; konúngur grunaði hann, ok var færra um með þeim enn áðr. Ok er Knútr konúngur fór í herför, þá var Sigurðr kvaddr til ferðar, síðan riðu þeir konúngur ok Sigurðr úti um einn dag, þá hleypr maðr eptir þeim, ok leggur til

Sigurðar með spjóti, ok féll hann af baki. Konúngr varð óðr við, ok vildi drepa manninn, ok er Sigurðr raknaði við, vildi hann þat eigi. Um kveldit, er þeir kvomu heim, mælti Alfiða: eigi eru öruggir vinir þínir, ok eigi mundi svá farit hafa frændr hans, ok segir nú Knúti konúngi, hversu þarit hafði með þeim tröllkonunni, eða hvat skulu yðr slíkir menn, er til einkis eru nýtir í herförum, þó af stórum ættum sè? Konúngr lagði á hann óvirðing mikla. Sigurðr finnr þat, ok ferr á fund Ólafs konúngs, ok gekk fyrir hann, ok kveðr hann vel. Konúngr spurði, hvern hann væri; hann segir til sín; eigi var mèr þess von, sagði konúngr, at þú mundir hèr koma. Sigurðr sagði konúngi í hljóði allan atburð um atferli þat, er hann hafði fengit. Konúngr svarar: harmr er mikill um slíkan mann, ok undarligt þikki mèr, er Knútr konúngr lét þik fyrir þessa sök á braut fara, ok skaltu hèr vera velkominn. Ok einhvern dag, er þeir Sigurðr ok konúngr voru í laugu, mælti konúngr: hvort þikkir þèr mikit mein á, er þú mátt eigi mannsblóð sjá? herra! segir hann, ekki þikkir mèr jafníllt á högum mínum sem þat; þá tók konúngr hárníf, ok reist í lófa sèr krossmark, svá at dreyrði, ok mælti: vertu kátr, Sigurðr! ekki mun þèr mein at þessu verða heðan frá. Sigurðr kveðst aungum hlut jafnleginn orðit hafa, ok aldri kom hann síð-

an í svá stóra manns raun, er hann sagði, (at hugr hans bilaði), síðan hann hafði sæt blóð hins helga Ólafs konungs; hann var síðan í góðu yfirlæti með Ólafi konungi. Knútr konúgr sendi mann til hans, ok bauð honum mikinn sóma. Sigurðr kveðst hafa fengit sèr þat traust, er hann kveðst fyrir aungan mun láta vilja, kvað sèr til ójafns at gánga, er hann kom í vandann. Slíkar hafði Knútr konúgr sakir við Ólaf konúng.

M^r.

Konúgr talaði við fiskikarl.

Þá er Knútr konúgr hafði borit fè undir höfðingja í Noregi, kemr einn maðr at Ólafi konungi á fiskibáti, ok festi við stýrissteingurkonúngsskipi. Ólafr spyr, hverr hann væri. Ek er einn búkarl, kvað (hann), fundit eigi fyrr enn nú, þat hefir tilhaldit, at ek verðr at vinna fyrir ómegð minni, ek byggi 12 aura jörð, er þú átt, ok færi ek þèr land-skyldir þær, sem á at gjalda. Konúgr mælti: hví kendir þú skip vor, ef engi sagði þèr? Karl mælti: sá er einn svá hlutrinn, at ek hefir tekit mèr til íþróttu, vil ek af því þaðan hrósa, at ek vil byggja jörðina lengr, at hvert skip mun ek kenna, hvárt at þú átt eðr þínir menn. Ólafr konúgr mælti: vera muntu at fleira glöggþekkinn, en því muntu hrósa, at þú munt tíðindi þikjast kunna at (segja) af skipaförum. Hann svarar: ek sá menn fara á skipi þrúða

1) Milli 157 og 158 kap. í *A bætir F þessum 3 kap. inni.*

ok hljóða, ek hugða at því, af hverju er þeir (höfðu) mest þúngat skip sitt, en þat þótti mér frásagnar vert, er ek sá, at þar voru töskur tvær, fullar gull ok silfr, fór ek síðan á brott; mánaði síðar fóru þeir hjá mér kátir, þá hugða ek at, hvat til tíðenda væri fleira enn gleði þeirra, ek sá töskur hinar sömu, ok voru þá tómar, uggi ek at þar sè margir vondir orðnir af fögru fè. Eigi er þat ólíkligt, kvað konúgr, en nú skaltu eignast jörð ok fè fyrir sögu þína, ok kom á minn fund, ef þèr eyðast fè, en ef Knútr eðr synir hans ráða landi, þá vitja þú þeirra; þat hafði verit sendiskip Knúts konúngs í fyrra sinn at bera fè undir lenda menn, ok tóku þá þeir 6 við fènu, er nefndir eru í Ólafs sögu.

Björn Þiggr fè af mönnum Knúts.

Tólf sendimenn Knúts konúngs, þeir er fè höfðu borit undir lenda menn, voru með Kálfi Árnasyni, þeir fóru um land, ok tóku af mönnum swardaga. Þeir spyrja Kálf, hvört þá muni þeir við fènu tekit, er Knúti konúngi væri mestr styrkr at. Kálfr kveðst þat víst heldr ætla; en eptir er enn einn, ok mun sá torfenginn, þvíat hann er ástvinr konúngs, en engi er honum fèggjarnari, mun þar mestu verða til at verja, enda er ok mikit mannkaupit í. Sendimenn spurðu, hverr sá var? Kálfr segir, at þat var Björn stallari. Þeir fóru litlu eptir þetta frá Kálfi, ok komu bráðliga til Bjarnar; hann fagnar

þeim vel, ok setr þeirra forþingja sèr hit næsta; hann mælti til Bjarnar: vèr förum at hitta lenda-
menn, er Knútr konúngr telr sína menn nú
vera, ok merkir hann þat annan veg, enn mönu-
um sè títt, hann lýsir fyrr örleik sinn ok gjaf-
lyndi, enn hann viti vilja yðvarn, því sendi
(hann) þèr segursta fjárhlut, at honum þótti í
þèr mest vinkaup, ok stærstu ríða um þína
hollostu, en þó beiddist hann af yðr í móti
gersimum sínum, at þèr festið honum trúnað
yðvarn með swardögum, at þèr skulið eigi taka
við Ólafi konúngi orrostulaust; hann berr þá
fram einn kistil, ok tekr þar upp or 12 gull-
hrínga. Hann mælti: lofa ek konúng yðvarn,
en lasta ek eigi, en seg nú, Björn! þat er ek
spyr þik: hefir Ólafr konúngr gefit þèr svá
mikit fé allan þann tíma, er þú hefir honum
þjónat, sem Knútr konúngr nú at sinni einn
tíma, ok þó ósènum? Björn svarar: eigi mun
ek kæra á Ólaf um gjafalausi, þvíat mart hefir
hann stórvel til mín gert. Björn geymir þá
hríngana, ok heitr swardögum, býr þeim síðan
veizlu. Ok er menn voru at veizlunni, gerðist
Björn ókátr, ok leit jafnan niðr fyrir sik, ok er
minnstar vonir voru, bað Björn menn sína upp-
standa, ok taka sendimenn Knúts konúngs, ok
festa á gálga, ok svá var gert; nú vænti ek þess,
kvað Björn, at þeir eigi öðru at hrósa, þá er
þeir koma heim í helvíti, enn ek muni þat til
fjár vinna, at svíkja svá virðuligan lánardrott-

inn, sem ek á, ætla ek ok þetta fè svá miklu betr komit í höndum ok hirzlu Ólafs konúngs enn þeirra vondra svikara, sem mèt færðu.

Björn kom á fund Ólafs konúngs.

Björn býr nú ferð sína, ok ríðr á fund Ólafs konúngs, þar sem hann var, hann kemr at hallardyrum. En nú skal þar tiltaka, sem Ólafr konúngr var, er hann sat yfir borðum, ok bað menn ráða draum sinn. Þeir spurðu, hvat hann hafði dreymt. Hann svarar: þat bar fyrir mik, at mèt þótti bjarndýri gánga at hallardyrum, ok laust með hrammi sínum dyrvörðinn, ok gekk síðan inn í höll, ok færði mèt höfuð sitt, ok var dýritmjök daprligt, ok í þeirri svipan beiddi Björn dyrvörðu inngaungu, dyrverðirnir vilja eigi lofa honum, ok fara fyrir dyrnar, Björn bregðr þá sverði, ok högggr dyrvörðinn banahögg, en annar tekr á rás undan; Björn gekk fyrir Ólaf, ok lagði höfuðit í kné honum, ok mælti: ek færi yðr höfuð mitt, herra! ok gerið af hvat er þæt villð. Konúngr mælti: hví hefir þinn hagr svá mjök spillzt, eðr hvert vandræði stendr þik? Björn svarar: illt gerist í landi, herra! þvíat menn taka fè til at svíkja þik; Knútr konúngr hefir sent 12 menn með fægjöfum hringat í Noreg, til móts við lenda menn þína, ok gefit þeim fè til mótgánga; þeir komu ok til mín, ok færðu mèt 12 gullhrínga, ok eru þeir nú hær, herra! þvíat mèt þótti þeir betr komnir yðr í höndum, eun þeim

vondum svikarum, er marga hafa blekt með sínum sviksamligum tálum ok fjandligum fortölum. Konúgr leit á fèð, ok mælti; bæði er nú, Björn! at Knútr setr fagran tálsigan fyrir yðr, enda verði þèr mjök veikir fyrir fènu ok óstyrkir, en fáir hafa nú um tíma til vor komit með slíkum eyrindum, at oss hafi fèð fært, en höfuð þitt, Björn! mun þar sæmst, sem nú er þat. Björn sagði konúgi þá, at hann hafði hengja (látit) alla sendimenn Knúts konúgs. Þá mælti Ólafr konúgr: Þú hefir sýnt við mik mikla hollostu ok drengskap, ok þigg nú at mèt hrínga þessa. Björn þakkaði konúgi, sem vert var; síðan gekk hann til skripta við Sigurð biskup, ok hèlt alla tíma vináttu sína við Ólaf konúg, ok fell með honum á Stiklastöðum, sem síðar mun sagt verða.

N^r.

Ólafr fangaði Knúts menn.

Þat gerðist til tíðinda, at konúgr gat áhent 3 sendimenn Knúts konúgs, er þar höfðu eptir verit, at skipta fè með lendum mönnum; hann neyðir þá til sagna; þeir sögðu 6 lenda menn við fè Knúts konúgs tekit, þá er áðr eru nefndir; Ólafr konúgr lèt þá í friði fara ómeidda á mót því sem hann hafði áðr gert við þá. Rögnvaldr jarl Brúsason var þá með Ólafi konúgi, hann spurði, hví at eigi skyldi drepa flugumenn; eru margir illir orðnir hær

*) Eptir 161 kap. í A bætir E inni þessum kap.

í landi af þeirra orðum, er þú við þá eigi ódrápgjarn, er minna gera til saka. Ólafr mælti: ek hefi land þetta haldit eptir guðs lögum, þvíat þat eru guðs lög, at hegna ósiðu, en rasa eigi eptir reiði sinni; yðr þótti stíðr minn dómr um þat, er ek lét drepa þóri, ok því skal þetta nú vítislaut, er við mik er afgert, at ek á þat heimilt at fyrirgefa þat, væntir ek ok guð muni mæ þetta hirtíngarleysi eigi til sekta dæma; fóru Knúts menn þá heilir á brott.

O^r.

Af ofmetnaði Knúts konúngs.

Í þann tíma var svá mikill ofmetnaðr Knúts konúngs hins ríka, at hann vildi eigi heyra, at nökkur konúngr væri honum jafn látinn á Norðr-löndum, þvíat þat sýnir í því, er eptir ferr. Svá bar til vestr í Englandi, at tveir skjalegir menn ok felausir kvomu til hirðar Knúts konúngs, þeir voru úngir at aldri ok frumvaxta, annar danskr, en annar norrænn; þeir sátu í hálmí, þvíat þeir voru fátækir; en er þeir voru þar komnir, þá tók hinn danski til orða, ok mælti: þat er satt at segja, at hær er gott at koma, svá at ek hefir hvergi þess komit, er svá mikla tign megí sjá, sem hær er, ok víst er Knútr konúngr hirðprúðari ok húsprúðari enn aðrir konúngar. Annar sveinninn svarar: víst er

¹) Eptir 177 kap. í *A* bætir *I* þessum kap. inni; *F* hefir hann nokkut styttri framur eptir 90 kap. í *A*; en *K* og *II* hafa hann eptir 127 kap. í *A*.

hèr gott at koma, en eigi svá at örvænt sé at annarstaðar verði þvílíkt. Knúts sveinn svarar: hvar veiztu þvílíkan konúng, sem Knútr er, eðr hvar sátu þvílíkt herbergi, sem hèr er, ok mun þat jafnt skilja, sem von er, at svá sem Knútr konúngr sjálfr er merkiligri ok ríkari enn aðrir konúngar? Hinn svarar: þat ætla ek, at mèt þiki Ólafr konúngr Haraldsson eigi vera ómerkiligri konúngr, ok eigi hefír hann verri herbergi, enn hèr eru. Knúts sveinn svarar: þat er ólíkligt, því hèr eru margir hlutir miklu merkiligri ok virðuligri enn með Ólafi. Hinn svarar: eigi sýnist mèt Ólafr konúngr ómerkiligri enn Knútr, ok aungvir hlutir með minni stórmensku enn hèr eru. Nú ræddu þeir lengi um konúngana, ok urðu eigi ásáttir um þeirra virðing. Um morguninn eptir heimti Knútr konúngr sveinana á sinn fund, ok mælti: hvat áttu þið at tala í gærkveld? Sá svarar sveinninn, er hans máli hafði fylgt: við töluðum um ykkra virðing Ólafs konúngs Haraldssonar, flutta ek þína virðing fram, en hann hèlt fram máli Ólafs konúngs. Knútr konúngr svarar: svá heyrðist mèt sem væri; nú skuluð þið koma til borðs míns í dag, ok þiggja af mèt nökkur laun fyrir ykkra þrætu; þeir urðu glaðir við, er þeir voru kallaðir til konúngs borðs; ok er konúngr var undir borð kominn, þá gengu sveinarnir fyrir hann. Konúngr mælti: hèr eru

hanar 2 steiktir, er ek vil gefa sinn hvorum ykkrum, ok skuluð þið nú fara burt með hana, nú legg ek til gæfu mína með þessum sveini, er mitt mál flutti, en Ólafs sveinn skal flytjast fram í hans hamíngju, fyrir þat er hann fulltíngði honum; nú komið önnur misseri á minn fund, ok vil ek þá vita, hvorum ykkrum betr hefir hagnat. Síðan fóru þeir á braut með sinn hana hvorr þeirra, sem konúngr hafði gefit þeim; en er þeir voru komnir út úr borginni, þá tók Knúts sveinn til orða: eigi veit ek, hví Knútr konúngr skiptir svá hönunum með okkr, þvíat sá er miklu meiri haninn ok feitari ok betri, er hann hefir þær gefit, en ek þóttumst hans virðing í öllu gjöra, sem ek kunna, en þú gjörðir honum aungva sæmd í orðum þínum, ok hêlt Ólaf konúng framar í öllum hlutum, ok eigi kalla ek skipta til hvers gjört er við þá stórhöfðingjana. Ólafs sveinn svarar: eigi sè ek at munr sè um fugla þessa. Knúts sveinn (svarar): ef þær þikkir sá eigi betri, er þú hefir, þá muntu vilja skipta við mik hönunum. Ólafs sveinn svarar: ef þær þikkir sá betri, þá hafðu þenna heldr. Knúts sveinn svarar: víst vil ek heldr þenna hafa, þvíat ek sè í mörgu, at sá er betri; þeir keyptu þá hönunum, ok eptir þat skildu þeir, ok fóru þá til sinnar

¹⁾ ok pipraðir, b v. II.

gistingar hvorr at kveldi; nú er Knúts sveinn hafði sèr herbergi tekit, þá krufði hann hana sinn, ok var vel af fengit; en er Ólafs sveinn bjóst til matar, þá krufði hann ok sinn hana, þá fann hann at haninn var fullr af ensku silfri¹; hann segir þá húsbónda, er hann var hjá, alla sögu, sem farit hafði með þeim Knúti konúngi ok sveininum, ok sýnir honum, hversu haninn var búinn innan. Bóndi sagði honum, at Knútr (konúngr) mundi þetta silfr ætlat hafa þein, [er hann hafði lofat²: en þó þykkir mér þú at hafa komizt þessu fè, ok þú mátt þat frjálsliga eiga. Sveinninn varði þessu fè til ávaxtar, ok varð síðan ágætr kaupmaðr, þótti þar vitr ok gegn, sem hann kom fram. En Knúts sveinn kom önnur misseri til fundar við hann, ok var þá fátækligr enn fyrr; hann sagði Knúti konúngi, hversu farit hafði um hanakaupit með þeim sveininum, ok svá þat at Ólafs sveinn var þá ríkr at fè ok ágætr maðr í kaupferðum. Knútr mælti: gæfu munr hefir orðit með ykk mikill í þessu sinni, en þó skal þetta ekki þitt gjald verða, ok gaf honum góðan kaupeyri, ok bað hann halda því fè til vaxtar; sveinninn þakkaði konúngi for³ gjöf sína ok stórlyndi sína, ok fór á braut síðan með fèit ok varði, en svá ferst honum með fèit, at þat týnist allt; sá maðr var ávalt síðan snauðr,

¹) gullpeningur, *F.* ²) hólbera, *H.* ³) þannig.

svá at aldri festist fè við hann; nú má þat sjá í þessum atburð, at gnð veitir jafnan virðing sínum vinum bæði nær ok fjarri.

P.

Af því er Ólafr konúgr bar mikla áhyggju¹.

Sá atburðr gjörðist á einum sunnudegi, at Ólafr konúgr bar svá mikla áhyggju, at hann gáði eigi stundanna, hann hafði í hendi kníf ok hèlt á trè litlu, ok rendi þar af nökkura spóna; skutulsveinn stóð fyrir honum, ok hèlt á borðkerum, sá hann hvat konúgr gjörði, ok þat at hann hugði at öðru, hann mælti: mánudagr er á morgin, herra! Konúgr leit til hans, er hann heyrði þetta, ok kom í hug, hvat hann hafði gjört; síðan bað konúgr fá sèr kertisljós, hann sópaði spónunum öllum í hönd sèr, þeim er hann hafði telgt, þá brá hann í kertisljósinu, ok lét brenna spónuna í lófa sèr, ok mátti þaðan af marka, at hann mundi fast halda lögin ok boðorðin, ok vilja eigi yfirganga þat, er hann vissi rættast; ok má af þessu sjá, hversu hann mundi hegna ósiðuna, er hann gjörði sèr slíka reising fyrir þessa óathygli.

Q.

Þeir fundust Ólafr konúgr, Sigurðr biskup ok Haraldr².

En er Ólafr konúgr hóf ferð sína, þá

¹) Eptir 178 kap. í A heitir L þessum kap. inni, B, D, F, H, K hafa hann eptir 179 kap. í A. ²) Í stað 185 kap. í A hefir F þenna.

kom til hans lið þat, er Svíakonúngr fèkk honum, voru þat 4 hundruð manna, ferr konúngr, er Svíar komu, ok stefndu fyrst uppá land til marka; en þar er konúngr þá veizlu fyrst, þá lá fyrir þeim vatn, er Svíar kalla sjó, er þat ósalt vatn ok ísi þakit, ok var mjök hált, hestar voru óskúaðir, þá bað konúngr fara fyrst til messu, ok um hinn fyrsta lága saung hèlt konúngr fyrir augu sèr, ok þegar dreif í löginn krömmu, síðan létti af ðlinu, fara þeir síðan ok varð förin þó sein, en ríða stundum, en fara stundum á skipi; þá sá þeir ríða í móti sèr 12 menn, þeir voru allir í svörtum kuflum, ok kendu þar Sigurð biskup ok lærða menn hans. Konúngr spurði biskup, hverju gegndi um farar hans; hann kveðst ætla síðan at eigi aptr í Noreg. Konúngr mælti: hví skulum við svá skjótt skilja. Biskup svarar: þvíat nú eru ill tíðendi í landinu, hafa menn tekit við fè Knúts, uggi ek at þú sèr eigi þrem nóttum lengr í landinu, ok vilda ek þá eigi við vera, þvíat ek veit hvern hug lendir menn ok hafa til þín, ætla þeir at reisa herflokka mót þèr, ok hafa til selt Knúti konúngi trúnað sinn ok swardögum bundit. Konúngr mælti: þinn fulltíng vilda ek þó hafa ok mínir menn, því heldr sem ek ætti skemra líf eptir, ok mèr væri háskinn nærr. Biskup svarar ok sagði svá vera skyldu. Þá fara þeir á fjall þat, er skilr Svíþjóð ok Noreg; kon-

ýngr hafði þá nær 12 hundruð manna, ok komu þar fram, var kallat var Járnberraland, kom þá í móti þeim lið þat, er farit hafði af Noregi til móts við hann, sem fyrr var sagt; hitti hann þá Harald, bróður sinn, ok marga aðra fræude sína ok vini; varð þat hinn mesti sagna fundr, höfðu þeir þá allir saman 18 hundruð manna.

R.

Fundr þeirra Olafs konungs ok Kálfs Arnasonar¹.

Litlu eptir þenna atburð sèr konúngr riða á mót þeim 5 menn, þar var Kálfr Árnason, hann kvaddi konúng virðuliga, en konúngr leit við honum ok bað guð geyma hans. Konúngr spurði, hvert hann ætlaði at fara, er hann var svá ofarliga á fjöllum; hugða ek þik meira starf mundu fyrir höndum eiga nú í landi, nú er þú skalt vinna þer til jarldæmis, enn at fara sem veiðimenn á fjall upp. Kálfr svarar: hær mun ek lykkju láta á leið minni, er ek hefvi yðr fundit, en starf mitt er eigi lítit í landi, en þó er þat ekki minnr í vöxt fært, en tignar-nafns vænti ek mær ekki af Knúti konúngi, en þat er satt, at vèr höfum tekit við fjám Knúts konungs, ok heitit því, at taka eigi við þer orrostulaust; en liðsafnaðr mikill er á Stiklastöðum, ok eru þar bændr margir, þeir er reka þikjast eiga harma sinna við yðr, hefvi ek þar ok mikla sveit manna, er ek ætla til styrks við yðr,

¹) Atilli 189 og 190 kap. bætir í þessum kap. inni.

en í fyrstu, er liðit er fylkt, mun ek vera í bónda flokki ok mínir menn, ok skjóta dynskot í flokk yðvarn, en upp frá því er blóð kemr á jörð, viljum vèr allir þínir menn vera, þvíat vèr erum þá lausir allra orða ok eiða við Knút konúng. Konúngur þagnaði um hríð, ok mælti síðan til Þorbergs: hversu skulum vèr trúa orðum Kálfs? Eigi veit ek þat, kvað Þorbergur; Kálfr er okkar vitrafi, en tillaga vissa ek eigi verr um hríð, en uggi ek at lítt njótum vèr hans vits við, eðr hinni betri ráða hans. Finnur læzt gjörla sjá kunna trúskap Kálfs, þóat hann væri eigi atspurðr, þvíat Kálfr er slægr sem refr: snúi þér vönd í hár honum, ok vil ek höggva höfuð af honum, eðr virgul um háls honum, en ek mun skjóta stokki undan fótunum, ok sè hann svá uppfestr á gálga, ok leiða honum svá landráð ok drottins svik. Reiðr ertu nú, Finnur! kvað konúngur, er þú vill drepa láta bróður þinn, eðr spara eigi þínar hendr at týna honum, ok sómir þér eigi svá at gera. Finnur svarar: þat sómir mèr vel, herra! þvíat fyrir skömmu kendir þú mèr þat at hnekkja vondu ráði, ef ek sè glæp á manni, þeim mun betra er mèr at drepa bróður minn enn aðra menn, sem mèr er skyldara at hnekkja fyrir honum vondu ráði. Finnur ætlaði þá at Kálfi, enn hann náði því ekki, þvíat konúngur lét halda honum. Kálfr snèri þá annan veg, ok létti eigi, fyrr enn hann kom aptr til liðs síns.

S.

Vín varð af vatni¹.

Konúgr reið hvítum hesti um daginn, en þá er minnst var von, drap hestrinn læti, ok stökk í sundr fótrinn í honum; hverr maðr bauð konúngi sinn faraskjóta, en Ólafr konúgr kveðst annathvort gánga skyldu, eðr ríða hinum sama hesti, þvíat hann kvað býsna skyldu til batnaðar. Konúgr batt þá fót á hestinum, höfðu þeir þá dvöl nokkura á atfanga, ok var hestum hagi fenginn; ok er þeir kvomu aptr til hesta, er þeirra gættu, sá þeir þá, at hestrinn var heill vorðinn, sá er konúgr hafði ridit. Konúgr hafði varmr orðit um daginn, bað hann þá færa sèr vatn í keru, hann bað biskup blessa; hann gerði svá. Konúgr tók við, ok leit á, ok mælti: eigi vil ek munngát drekka, ok bað sveininn taka vatn í annat sinn; hann gerði svá; en er hann kom aptr, þá blessaði biskup, fékk sveinninn þá konúngi kerit; en er konúgr sá, þá mælti hann: síðr vil ek mjöð drekka enn munngát á föstutiðum; kvaddi konúgr þá til hirðprest sinn at taka vatn; hann ferr ok tekr vatnit; Sigurðr biskup blessar þá enn, ok fær konúngi. Konúgr mælti, er hann hafði viðtekit: síðr vil ek vín drekka, enn mjöð eðr munngát. Biskup mælti: þigg þú feginn drykk þenna, sá gefr þèr, er heimilt á. Konúgr

¹) Eptir 191 kap. í *A kætir F þessum kap. inni. K hefr hann eptir 189 kap.*

drekkr þá af kerinu, ok lofaðu allir nærverandis menn guð, sem verðugt var.

T.

Frá Ólafi konungi¹.

Þat hafði verit eitt sinn, er Ólafr konúgr var í Garðaríki, at Íngigerðr drotning fór or landi leiðar sinnar, sá Ólafr konúgr á för hennar, ok kvað vísu:

Fagr stóð er bar brúði
blakkr sýndist mēr sprakki
oss lét yndis missa
augfögr kona á haugi;
keyrði Gerðr or Görðum
góðlát vala slóðar
eik en ein glöþ sækir
jarl hvern konur allar.

Ok enn kvað hann:

Ár stóð ok en dýra
jarladóms með blómi
harðla græn sem hörðar
hvat missari vissu;
nú hefir bekkjar trè bliknat
brátt Mardallar gráti
lind hefir laufi bundit
limuorð í Görðum.

Má þat á þessu augsýnast, at honum hefir

¹) Eptir 192 kap. í A hefir F þenna kap. í stað þess sem stendr í 87 kap. í A, frá orðunum á blaðs. 194: leitaði Astríðr spakliga eptir, til orðanna blaðs. 196: ok kom þat upp af tali þeirra.

við Íngigerði verit betr, enn flestar konur aðrar, er þat nú ljóst vorðit, at henni hefir þat verit hin mesta höfuðgæfa ok hverjum öðrum, er við hann hafa í vináttu verit.

U¹.

Ólafur konungur lét þá hvern mann til skripta ganga við biskup ok lærða, ok sýngja *prímu messu*, síðan lét hann sýngja messu ok taka *corpus domini*; en þá er menn gengu til skripta, fóru þeir Gaukaþórir ok Hafrafasti með flokk sinn at sitja einhvers staðar. Konungur spurði, hví þeir gerðe eigi sem aðrir menn. Ekki höfum vér til at hvísla við biskup, sagði Gaukaþórir. Ekki mun þat svá vera, kvað konungur, en þat megi vera, at þær berið þar ekki mikinn vana til; lét konungur þá verða sagt þeim til skriptargangs, ok breyttu þeir sér síðan sem aðrir menn.

V².

Þar er þeir voru staddir, voru ber á einni þúfu, konungur tekr berin ok rennir í lófa sér; þá sá konungur, hvar upp voru sett merki bónda, hann mælti þá: vesöl ber, kvað hann. Rögnvaldr Brúsason svarar: mismælt varð þær nú, konungur! lið mundir þú nefna vilja. Rétt segir þú, jarl! kvað konungur; eigi muntu minna mismæli mæla, þá er þú átt skamt ólifat. Þat gekk eptir, sem segir í jarlasögum.

¹) Í kap. 193 eptir orðin á blaði. 59 efst: halda bardaga við Ólaf konung, hefir þessu stykki inni. Þ hefir þat á sama stað. ²) Þ hefir þessu stykki við kap. 200 í A.

Konúngr talaði til Kálfs ok Þoris ok bónda.

Þá er lið hvorratveggju stóð, ok menn kendust, þá mælti konúngr: hví ertu þar, Kálfr! eðr hvat verðr nú af friðinum þeim, er þú hezt oss austr á fjalli? Kálfr mælti: rjúfast mun sá friðr. Hví skal þat, kvað konúngr, þvíat vinir skildu vèr suðr á Mæri, ok illa samir þèr at berjast í móti mèr, eðr skjóta geigrskoti í móti oss, þvíat hèr eru fjórir bræðr þínir. Kálfr svarar: mart ferr nú annan veg eun best mundi sama, skilduzt þèr svá at eina við oss, at nauðsýn bar oss til at friðast við þá, er eptir voru, verðr þar nú hverr at vera, sem staddr er, en sættast mundu vèr, ef ek skylda ráða. Þá svarar Finnr: þat er mark at um Kálf, ef hann mæli vel, þá er hann ráðinn til at gera illa. Konúngr mælti: vera kann, Kálfr! at þú vilir sættast, en ekki friðsamliga þiki mèr þú láta; en hversu fús ertu at vita þinn hlut, ef vèr komumst heilir brott? Ekki fús, kvað Kálfr. Þá mun ek segja þèr, kvað konúngr, hvorki mun ek ræna þik lífi nè fjárlutum; suðrgaungu býð ek þèr, sæztu við guð, þá ertu sátttr við mik. Þórir hundr, kvað konúngr, viltu vita þinn hluta, ef ek kem lífs af Stiklastöðum? Ekki renn ek frá því, kvað Þórir. Eigi mun ek bjóða þèr suðrgaungu,

1) *I stað byrjunar 211 kap. í A til orðanna blaðs. 77: Þórir hundr kom þá með sveit sinn, lefir F þetta.*

kvað konúgr, slíka menn þarf í landi at vinna þat allt, er konúgr þikist þurfa, ok engi dugandi maðr vill vinna. Þorgeir af Kriststöðum eðr Kveldrum mælti: þèr, konúgr! skuluð nú hafa slíkan frið, sem margir hafa áðr af yðr hafðan, ok munu þèr nú þess gjalda. Konúgr svarar: eigi þarftu, Þorgeir! svá mjök at fýsast til vors fundar, þvíat eigi mun þèr auðit verða sigrs á oss í dag, þvíat ek hóf þik til ríkis af litlum manni, eðr mantu glöggt, hvat títt var jólin fyrri enn nú voru? Mörg hefi ek jól svá drukkit, kvað Þorgeir, at ek hefi eigi til minni lagt. Ek mun þik þá áminna, kvað konúgr, þá vartu innan hirðar með mèr, ok bart eigi þitt höfuð lægra, ennek mitt, vandaða ek at því hina smærri hluti sem hina stærri, vilda ek at þú gengir frá, þvíat með þèr sè ek sízt nokkura hluti hæfa. Þorleifr kveikr streingði þá heit, at verða þess manns bani, er fyrstr ynni á Ólafi konúngi. Gizor gullbrárfóstri tók til orða: þat er títt útá Islandi at hafa ákvæðisverk, þikjast þeir þá komnir til hvíldar eptir erfiði sitt, er verki er lokit. Konúgr svarar: þar standa gegnt þèr í fylkingu bræðr tveir, ok er annar rammr at asli, en annar fjölkunnigr, þá ver þú þik frýju, ef þú fellir þá báða. Gizor svarar: þar skal at snúa, sem þú vísar á, teigr mun harðslægr, en stund ekki laung, þó mun ráða, hversu járn bíta.

Y.

Tal Kálfs við bændr¹.

Kálfr Árnason mælti þá: nú er konúngr yðvar fallinn, köllumst vèr nú eiga Noreg til forráða. Dagr mælti: þat væri til hugganar þeim, er eptir lifði, at þèr ynnið jafnaðar um landit oss til forráða. Hverir eru til lands? segir Kálfr. Býð ek sjálfan mik, segir Dagr. Bændr svöruðu: víst eigi viljum vèr þik til konúngs kjósa. Dagr mælti: þá býð ek Harald, bróður Ólafs, yðr til konúngs at taka. Bændr svöruðu: ef vèr vildum eigi hafa Ólaf at konúngi yfir oss, þá viljum vèr hálfu síðr Harald, bróður hans. Þá er til Hríngr, faðir minn, segir hann, vitr maðr ok ráðinn. Kálfr svarar: Hríngr er gamall, ok erum vèr þá konunglausir; enda vilí þèr eigi mik, segir Dagr, enda er ek varla tilfær sakir vitsmuna lands at gæta, en þó betr tilkominn at varðveita í hendr ástvinum Ólafs konúngs, enn Knútr konúngr eðr synir hans hafi land þetta. Kálfr svarar: allir verðum vèr þá at klækjum einum; kalli þèr nú at vèr hafvim væltan konung þenna, enda bregðumst vèr nú Knúti konúngi. Dagr svarar: vill þèr eigi einhvern þenna, þá skulu vèr gera yðr þá hríð, at þèr skuluð allan aldr örkumbl eptir bera. Þátókst bardagi með þeim, ok kalla menn þat Dags-

¹) *I stað byrjunar 212 kap. í A til orðanna: þá féll fjöldi liðs af bóndum, hefr í þetta.*

hríð; í þeirri orrustu féll fjöldi manna; eigi höfðu þrændir reynt harðari hríð enn þessa, er Ólafs menn gerðu síðan, er Dagr kom til, þeir ráku marga menn útá ána, er ofan fellr eptir Veradal, ok stönguðu þá með spjótum til bana. Haraldr Sigurðarson ok Rögnvaldr Brúsason létu skamt stórra höggva í milli. Finnur Árnason mætti í bardaga Kálfi, bróður sínum, ok lagði spjóti til hans, kom í lærit, fékk Kálfr mikit sár, ok mælti þá til Finns, bróður síns: eigi hyggir þú nú at, bróðir! hvat er þú gerir. Finnur svarar: veit ek, hvat ek vil, ok svá hvat er ek gerir, þvíat ek vilda drepa alla drottins svikara, hafi þèr mikin glæpgervan, svikit yðvarn lánardrottinn, þann er þèr munuð aldri slíkan fá.

Z.

Víðræða þeirra bræðra eptir bardagann¹.

Kálfr Árnason leitaði at bræðrum sínum, er þeir voru fallnir; þeir ræddust við í valnum Finnur ok Þorbergr Árnasynir, en þar lágu hjá þeim Árni ok Kolbjörn dauðir. Finnur mælti: hve opt hefir þú í val verit, Þorbergr bróðir? Verit hefi ek nokkurum sinnum, segir hann, ok hefir mèr of allt íllt þótt; en hversu þikir þèr nú, kvað Finnur? Gott, segir Þorbergr, þvíat hèr er mjúkt ok lint, uni ek vel við; svá er mèr ok, kvað Finnur, ok ek hefi

¹) Í stað byrjunar 214 kap. í A til orðanna; Kálfr gaf ekki at því gaum, hefir F þetta.

öngan sviða í sárum, eðr veiztu, ef þau end-
imi eru sönn, at konúgrinu sè heilagur hjá
okkr? Svá ertu skjótorðr, kvað Þorbergr, at
þú hyggr illa at, hvat þú mælir, eðr gáir eigi
ella, vissir þú helgi hans fyrir laungu. Finnur
svarar: heyrir þú, hvat nú er um? Ek veit
eigi, til hvers þú talar, segir Þorbergr. Ek
þikjumst, kvað Finnur, heyra málit hundsins
Kálfs, bróður míns, hann mun vilja láta græða
okkr, ok mun vel tilgefa, þvíat ek mun nú
geta hefnt Ólafs konúngs. Þorbergr mælti:
vinn þú eigi á bróður þínum. Finnur svarar:
hirði ek eigi, hvers bróðir hann er, enda er
eigi opt á þat at minnast, at ek hafa verit
vitrari enn konúgr eðr þú, enn gjör vissa
ek á fjallinu, at eigi mundu slík fádæmi hafa
framfarit, ef ek hefða þá ráðit, at Kálfr hefði
þá verit drepinn. Þorbergr mælti þá svá
hátt, at Kálfr mátti heyra: gættu ok vinn
eigi á Kálfi, bróður þínum. Kálfr gekk þá heldr
tæpara. En þegar at Finnur sá hann, þá kast-
aði hann saxi til hans, ok hljóp í gegnum
niðr risuna, ok varð Kálfr síðan varla óhaltr.
Kálfr mælti þá: um sér konúgr nú með þér,
en hann unni þar eigi óhapps, en vissi at ek
þurfti hegningar. Finnur svarar: dylstu ekki
við þat, at ek vilda at þar hefði á þik komit,
at þik hefði sem fyrst öll tröll tekit, sem þess
mun skamt at biða, kallaði hann þá bæði gud-
niðing ok drottins svikara. Kálfr mælti: sættumst

við nú, ok þigg þú at mēr yfirbætr, ek hefi ver-
it kallaðr mestr vor bræðra hertil, en nú skal
ek þikjast minnstr hëðan frá. Finnr mælti:
hverjum manni muntu þikja minni ok verri,
ok engi mun bætr þiggja at þèr dugandi manna,
muntu hverjum manni leiðr, er þenna at-
burð spyr; annat var orð Finns harðara enn
annat.

Þ.

Þórir hundr segir Knúti jarteignir Ólafs¹.

Mikil var umbræða um helgi Ólafs kon-
úngs, ok svá um þat, hverr at Knúti konúngi
skyldi segja. Þórir hundr kveðst þat gera
mundu, þvfat ek hefi jarteign fengit af kon-
úngi, ok leynt helztí lengi; vèr höfum keypt
at Finnum 12 mötunautar, at þeir gerði oss þá
bjálba, at ekki biti járn á, ermr var sköm á
bjálba þeim, er ek hafða, ek var höggvinn á
höndina, svá at mjök svá leysti frá þumalfingr-
inn, en þá er vèr unnum á konúnginum, hóf
hann til himins augu sín, þá kom mēr í hug
glæpr minn, ok brá mēr við mjök, svá at frá
mèr tók sýn, ok þá meðan rann blóð konúng-
sins eptir spjótskeptinu ok upp á hönd mèt, þá
var fingr minn viðgróinn, er ek tók sýn, ok er
sem þráðr liggi eptir um fingrinn, þessa jar-
teign skal ek sýna Knúti konúngi, hann veit
hversu makligr ek var. Þórir hundr ferr til
Englands; ok segir Knúti konúngi allt, hversu

¹) Eptir kap. 226 í A bætir F þessum inni.

farit hafði. Konúngr varð mjök ógláðr við þessa sögu. Þórir spurði, hverju þat gegndi. Konúngr svarar: ek þóttumst þat vita, at annar-hvor okkar mundi heilagr vera, ok hafða ek mër þat ætlat, þó skal ek nú leggja fè fyrstr til skríns Ólafs konúngs, hans úvina, ok trúa fyrstr helgi hans, ok eigi skal ek koma í Nor-eg, með því er Ólafr er heilagr.

Æ.

Af Sighvati skáldi¹.

Sighvatr skáld var með Magnúsi konúngi hinum góða, ok hafði jafnan mikinn lugtrega af falli Ólafs konúngs, svá sem heyra má í vísu þeirri, er hann orti þá:

Gekk ek um þvert frá þengils
þróast ekki mër en² rekka
em ek sem bast í brjósti
bleikr [vex þýngð af leiki⁴;
[munda ek hinn' hve manna
minn drottinn lèk⁶ sinnum
opt á [aðaltóptum⁷
orðsælt⁸ [er var⁹ forðum.

¹) Eptir kap. 252 í *A* þertir *L* þessum kap. inni. *F* hefir kap., að undanteknum 2 miðvísunum ok fyrirsögn þeirra, við niðrlag sögunnar; en *F* hefir fyrri miðvísuna milli 3ju og 4ðu vísu í kap. 238 í *A*, ok þá síðari þar sem eptir á tilvísar. *H* hefir þenna kap., að undantekinni *Alfisu* vísunni, við niðrlag sögunnar. *K* hefir einasta *Alfisu* vísuna við niðrlag 223 kap. í *A*.
²) *v*, í *F*, *G*. ³) höst, *G*. ⁴) verðungarleiki, *F*, *H*. ⁵) minnumst ek þius, *F*; minnumst þins, *H*. ⁶) lét, *F*, *II*. ⁷) óðals tóptum *F*; óðals tóptir, *II*. ⁸) orðsælstr *F*, *II*. ⁹) ok vær, *II*.

[Þat var eitt kveld¹ at menn höfðu þat at skemtan, at tala um skáldskap manna, ok varð svá í orðum þeirra, at þeir ámæltu skáldskapnum Sighvats, ok kölluðu at hann hefði eigi rétt ort at máli; þá kvað Sighvatr vísu þessa:

Munu þeir er [mestar skynjar²
 munn³ viggs⁴ dáins⁵ kunna⁶
 síðr⁷ á Sighvats hróðri
 svinnz⁸ braglöstu finna;
 sik vill hverr er kvikir⁹
 haldorðr boði skorðar¹⁰
 [at því er¹¹ allir mæla
 iflaust gjöra at fíflí¹².

Þessa vísu kvað Sighvatr til Alfífu um þat, er hallæri var, meðan Sveinn, son hennar, var konúngr yfir Noregi:

Alfífu mun æfi¹³
 úngr drengr muna lengi,

¹) Nú ferr Sighvatr sunnan, kemr í Danmörk, ferr, þá huldu höfði fyrir sakir ríkis Knúts, þvíat hann var grimmr öllum vinnu Olafs konúngs. Sighvatr kom til gistingar til eins ríks bónda, ok daldist, en þat höfðu menn til skemtanar um kveldit, þeir sem fyrir voru, *F, II.* ²) mest um skynja, *F, H.* ³) menn, *II.* ⁴) viggs, *F;* Olafs, *II.* ⁵) vigs, *II.* ⁶) kenna, *II.* ⁷) síð, *II.* ⁸) sinn, *H.* ⁹) lnykkir, *H;* athnekkir, *F.* ¹⁰) skjaldar, *F, II.* ¹¹) els þvíat, *F, II.* ¹²) En um náttina er Sighvatr var sofnaðr kom at honum dóttir húsbóndans, hún vakti Sighvat, ok mælti, at hann skyldi uppstanda ok á brott fara, þvíat þú vart kendr í gjar aptan af vísu þeirri, er þú kvatt; en Knútr konúngr hefir um allt sítt ríki sett menn til höfuðs þér at drepa þik, ef færi gæfi á; nú munta á morgin drepinn verða, ef þú ferr eigi á brott í nátt; *b. v. F, II.* ¹³) þannig hin; arfi, *L.*

þá er uxamat átum
 inni skaf (sem) hafrar¹;
 annat var, þá er Ólafr
 ógnbráðr² um ræð láði,
 hvörr átti þá hrósa
 hjálmr þorn fræri borinn³.

Sighvatr orti erfídrápu um enn helga Ólaf konúng, ok ætlaði at stæla eptir sögu Sigurðar fofnisbana. Sighvatr kom skipi við ey þá, er Súla⁴ heitir, ok er hann var kominn, þá varð sá atburðr, at bóndi sá, er á meginlandi var⁵, tók sótt mikla, svá at hann var banvænn, en kona hans sat yfir honum í hryggum hug; ok er mátt bóndans tók at mínka, þá vitrast Ólafr konúngr konu hans í draumi, ok mælti svá við hana: við skulum kaupa verkum saman, ek mun geyma at bónda þín-um, en þú skalt fara til fundar við Sighvat, skúld mitt, seg honum þat, at ek vil at hann stæli drápu þá, er hann yrkir um mik, (eigi) eptir Sigurðar sögu, heldr vil ek at hann stæli hana eptir uppreistar sögu. Nú eptir þessa vitrun fór húsfreyjan til fundar við Sighvat, ok sagði honum, hvat konúngr hafði vitrat henni; ok eptir þat fór hún heim; ok meðan hún hafði heiman verit, þá hafði Ólafr konúngr vitrast bóndanum, ok gjört hann heilan. Sighvatr snéri þá drápunni, ok stælti eptir uppreistar drápu. Nökkuru síðar tók Sighvatr

¹) þannig F; skap hafta, L. ²) avgnubuloðr, K. ³) hjálmr þornuðu korni, K. ⁴) þannig F; Suo, L. ⁵) þannig F; bað ean fyrir eyninni, L.

sótt harða; í þeirri sótt vitraðist honum Ólafr konúngr, ok bauð honum með sér at fara, ok kvað á dag, nær hann mundi á móti honum koma. Nú er sá dagr kom, er konúngr hafði ákveðit, þá kvað Sighvatr vísu þessa:

Seinn þikki mēr sunnan
 sókndjarfr Haralds arfi
 laung er at lýða þengil
 lífs sorg konúngs¹ morgin;
 hvatki er heiðis gotna
 hýrtælandi sælan,
 nú hefik vætt í dag drottins,
 dvelr, bið ek hans í Selju.

Eptir þat andaðist Sighvatr, ok ætlum vèr at Ólafr konúngr muni efnt hafa þat, er hann hèt honum, ok veitir mörgum mikla miskun, þeim er á hann kalla.

Ö.

Miraculum Sancti Ólafs².

Nú var þat í annat sinn, er Ólafr konúngr gerði fagurt tákn ok fátítt: Þúandkarl einn, mildr ok meinlaus, varð fyrir klandri ríkra manna þar í héraði sem hann bjó, ok gáfu þeir honum þjófssök, meir fyrir ilsku sakir þeirra enn sanninda; dæmdu þeir hann skjótt, ok drógu þeir hann til gálga í móti guðs lögum ok manna, ok vildu öngva undanfærslu af honum taka; síðan er sá hinn vesli maðr fékk eigi skírslu

¹) þannig F; þat, L. ²) við niðrlag sögunnar eptir kap. 260 í A hefir F þenna.

fyrir sik komit, þóat hann bæði þá hina illu menn, þá vænti hann sèr öngrar bjargar eðr hjálpar af öðrum mönnum, skaut hann þá sínu máli ok öllu trausti undir guðs miskun, ok árn-
aðarorð hins virðuligasta herra Ólafs Haralds-
sonar, ok bað hann veita sèr fulltíng eptir sannindum við almáttkan guð, allra helzt þá, ok er hann bergr opt miskunsamliga, þegar er á hann er heitit, ok stórum hafa tilverkat ok verðir eru sannra refsínga; nú kemr þar at lokum, þóat fleira ræði um, at þeir hinir illu menn fara sinni ilsku fram við þann aumíngja, hengja hann upp saklausan ok fyrir lög fram, en sá hinn góði konúngr, er hann hafði opt ákallat, dugði honum miskunsamliga, er hann þóttist áðr staddr allnauðuliga, en þegar jafnskjótt er hann lyptist af jörðu upp, þá sýndist honum hinn góði guðs ástvin, Ólafr konúngr, skjóta fjöl undir fætr sèr, ok studdist hann við þá miskun nær þann dag allan allt til þess, er kona (hans) ok synir komu frá ríks manns eins, ok höfðu þá þegit leyfi af honum at jarða líkit ok ofan at taka; síðan komu þau til hángans, þá kleif sonr hans uppí trèð, þat sem hann hëkk við, en því trè var skotit í berg-
hamar, ok fékk hann allnauðugliga kropit til at höggva virgulinn ísundr, en þá er því var lokit, þá steyptist sá hinn aumi líkami þar niðr fyrir þat hit bratta bjarg, ok hugði þat hverr maðr, sá er þar var, at hvert bein mundi sundrbrotna, þegar at niðr kæmi; en svá mikit var honum

skjól at vernd drottins ok árnadarorði þessa hins helga manns, at honum mátti hvorki tortýna gálgi nè virgull, ok eigi þat þótt lopt væri mikit til jarðar at falla, ok óslétt undir; nú reis hann upp, þegar er hann kom niðr, ok þótti svá sjálfum, er hann tók at hugleiða, sem draumr hefði verit, en þegar, er hann vitkaðist ok fèkk megin sitt, þá bjóst hann, ok fór þáng-at sem hinn helgi Ólafr konúgr hvílir, ok sagði erkibiskupinum ok öllum kórsbræðrum frá öndverðu máli ok til enda, hverja miskun (hann) hafði þegit af almáttkum guði, fyrir sakir árnadarorð hins göfugliga guðs ástvínar Ólafs konúngs.

AA.

Jarteign¹.

1. Enn bar svá til í Kaupáangi, þar sem hinn heilagi Ólafr konúgr hvílir, at þar var kona sú, er brottfallssótt hafði lánga æfi, ok giptist hún úngum manni, ok leyndi sem hún mátti þeirri sótt; nú í hvílu nökkra nótt þá minntist hennar sú hin illa atkvoma, ok vaknaði bóndi hennar við þat hit mikla mein, er hún lá ok snörglaði, brauzt á bak aptr, ok vissi eigi til sín; vesall þóttist hann sinnar ógæfu, ok harmaði mjök við svá bótalest áfall, ok sá at þá

¹) *Fjórum næstfylgjandi kap. bæta I. og II. við niðrlag sögunnar; K hefir af þeim einasta þann, sem næst þessum fylgir. D kemr aptr við í niðrlagi fyrsta kap. og hefir þar næst ein einasta af þessum fjórum.*

mátti hann öngvan veg fráskiljast, leitar þá eptir við hana, hve opt sjá bardagi kæmi at henni, eðr ef nokkur lækning lægi henni til bóta. Hún sagði þá hina illu sótt á hverjum mánaði vitja sín, ok aungva lækning kvað hún sèr at ljálp verða; nú í þeim mikla harmi, er þau ljónin höfðu, þá kölluðu þau á hina helgu meyju Maríam ok á hinn helga Ólaf konúng, það hún þau grátandi líknar sèr sjúkri ok harmfullri; síðan tjáði hún mál sitt fyrir skriptapresti sínum, sagði honum sína ógæfu, ok beiddi hann umráða, hann hugði at þegar, hvat segir í guðs-spjallinu, ok sagði henni svâ, at þessar sóttar bíðr engi bót nema með bænum ok föstum; en eptir þessa áminning þá fóru þau bæði til kirkju hins helga Ólafs konúngs, ok höfðu með sèr vaxljós at dýrka þá hina helgu hátíð, föstuðu ok vöktu fyrir um nóttina með mörgum vanfærum mönnum; nú á næsta degi eptir þá var hátíðardagr þess ins helga konúngs, en um morgininn eptir, er lokit var óttusaung, svâ sem þeirri hátíð sómði, er sá guðs dýrlíngr lét líf sitt á, þá fór hún heim með svâ háleitri miskun frá þeim degi til enda lífs hennar, (at) hennar vitjaði aldri sú hin illa óhamíngja; en svâ mikill hafði verit ákafi þess hins illa meins, at á aungum mánaði misti hennar sá ótími, síðan er hún var úr barnæsku; síðan óx þeim svâ mikil gipt, at á hverjum jafnleugðar degi á Ólafs messu aptni, er hún hafði heilsu þegit, þá

vöktu þau ok föstuðu, ok fálust á hendr guði með ölmusugjörðum ok bænum.

At eldr kom í kaupstaðinn.

2. Svá barst at eitt sinn í Görðum austr, at eldr kom í kaupstaðinn, er Hólmgarðr heitir, ok stóð eigi til minna voða enn borgin öll mundi uppbrenna; nú flýðu allir menn felmsfullir til kennimanns eins, þess er Stéphanus var nefndr, en hann þjónaði þar kirkju Ólafs konúngs, ok vildi víst freista í svá mikilli nauðsyn styrktar ok veldis hins heilaga Ólafs konúngs, ok reyna svá til samns sögur annarra manna; en þá er prestrinn heyrði þeirra bænarfóð, þá greip hann í faðm sèr líkneski þess hins góða lávarðar ok setti á mót eldinum, síðan þokaði eldrinn hvergi um þat fram, er þá var kominn, ok varð svá borgit hinum mesta hlut borgarinnar.

Jarteign af Ólafi konúngi.

3. Frá því er verðugt at segja, at sá hinn góði konúngr, Ólafr, gjörði í héraði því, er þelamörk heitir: dag nökkurn var þat, at bæendr allir fundust í því héraði, ok ræddu um Ólaf í millum sín, at þeir vildu láta gjöra steinkirkju hinum helga Ólafi konúngi til lofs ok dýrðar, en tálgu grjót mátti hvergi finnast þar í nánd, þá er at var leitast; nú at þeim degi er steinmeisterinn sá ætlaði á braut at fara, er þess var ráðinn, þá lét guð bresta í sundr fjall eitt mikit þar þegar í nánd, ok var þaðan flutt allt grjót

ok síðan til kirkjunnar, en héraðsmenn létu uppgjöra með miklum kostnaði.

Jarteignir.

4. Sveinn einn lítill tapaðist frá frændum sínum í því héraði, er næst er Kaupángi, en þeir voru þá staddir at samkvámu nökkuri; nú söfnuðu þeir sér liði, ok fóru at leita hans, en þá er allar vânir voru ransakaðar, fannst sveinninn eigi; annan dag allan leituðu þeir, ok máttu eigi til hans spyrja, þá hētu þeir á hinn helga Ólaf konúng, ok skunda saman fjárlutum, hverr eptir sínum efnum, ok sendist þegarsamdægris til kirkju hins heilaga Ólafs konúgs, treystandi á hans miskun, leituðu þeir þá hit þriðja sinn at sveininum, ok fundu hann sofanda hjá húsi einu, þar sem mest höfðu þeir áðr leitat, fóru þá heim fegnir ok þökkuðu guði ok hinum helga Ólafi konúgi fyrir dýrð þá, er hann gjörir hvert sinn, er á hann er heitit.

BB.

Miraculum virðuligs Ólafs konúgs¹.

Mart hefi ek sagt frá jarteignum þeim, er drottinn vor hefir gert fyrir sakir hins helga Ólafs konúgs, en þetta sýnist mër all háleitt vera, er mjök vegr upp hug margra guðs vina; at sönnu svâ sem sál hvers kristins manns er ágætari at eðlisskapan enn líkaminn, svâ er ok

¹) *Tveimr fylgjandi kapp. þatir F ann þá við niðrlag sögunnar. K hefir seinni hluta þess síðari kap. frá vísunni við 231 kap. í A, á undan orðunum: Kálfr Arnas. fann.*

hennar dauði hættari ok þýngri, ok svá heilan dýrðligri, en óvinr alls mannkyns létir aldregi af slíkt at vinna við oss á hverjum degi, sem hann vann í Paradíso forðum, hug ok sálu hvers manns vill hann æ spilla, ok tæla hvern mann með svikfullri flærð; því skrökvi biðr hann trúa, er hann telr fyrir, en guðs reiði ok boðorða brot, segir hann, lítils verð vera, veraldar virðing heitr hann, ok svíkr með því margan mann, en guðs dóm ok helvítis kvalar kveðr hann öngan mann hræðast þurfa; með þeirri villu sveik hann hinn fyrsta mann, þar með blekkir hann hvern dag hans afsprengi, til þess at hann gleymi öllum guðs boðorðum, svá sem hann gerði við mann einn, þana er hann sveik með svá banvænum drykk af djöfulsins áblæstri; en sá hinn vesli maðr var í því héraði ofdrambfullr, þvíat óvinrinn hafði hann blindat svá, at í móti munuð sinni ok veraldar girnd virði hann einskis annars heims þíslir, er hann gafst í fjandans vald, til þess at fá sínar rángar fýstir, ok sagði sik svá or öllu samneyti heilagra manna; síðan hlífði hann messudegi hins blessaða Ólafs konúngs. En einhvern tíma bar svá til, þá er fjöldi manna sótti til þess staðar, er sá háleiti konúngr hvílir, ok væntu sér miskunnar, þá fór fá hinn vesli maðr ok þángat, ok fyrir þær einar sakir, at hann mætti sjá ok heyra, mæla ok gera nokkut þess í saurlífis synd, er hann fengi fastligar bundit

sik í vináttu úvinarins enn áðr; en vor drottinn er svá mjúkhjartaðr, at honum þikir því öllu aumligra um þann aumíngja, er hann sèr sárligar svikinn enn einhvern annan kristinn mann. Nú um daginn, þá er líkamr þess hins helga manns var útborinn með háleitri dýrð, þá tók sá hinn aumi maðr at hugleiða dýrð þess hins helga manns ok vesöld sína ok eylífan ófagnað, er hann þóttist eiga mundi fyrir höndum, þegar er hann skildist við þessa veröld; þvínæst vitjaði hans svá háleit miskun hins helga anda, fyrir sakir návist þess guðs mildíngs, ok sendi honum svá mikla iðran, at utan þóttust menn þat mega sjá á honum, hversu aumliga hann þóttist þá, hinn vesli maðr, syndgast hafa; en þá er skrínit var flutt or þeim stað, er þat hafði staðit, þá leitaði hann þar til miskunnar, sem sá hinn helgi líkami hafði áðr hvílt; tók hann þá at kalla á þann hinn helga mann með miklum styn ok andvörpum; bað með sárum gráti þann hinn milda konúng með guðs fulltíngi leysa þau hinn seigu syndabönd af sèr, er fjandinn hafði hann í vafðan; nú lét guð hann njóta árnaðarorðs háleitliga hins helga Ólafs konúngs, ok leysti hann til sín or-andskotans veldi, vændi honum enn með því miskunnar ok eylífrar dýrðar, ef hann hafnaði sínum ókynnum, ok neitti andskotans áeggjun; síðan er at því kom, at hann skyldi til skrípta bera sín mein ok saurlífi, þá þorði hann

eigi vesall at segja til, ok gleymdi þá ok vildi eigi greiða sitt líf syndugt, þá sendi vorr drottinn honum svá mikla sótt ok ákafa, ok reis hann eigi fyrr upp or þeirri sótt, en hann hafði bætt með skriptagáangi alla sína glæpi, þá er hann hafði gert, þvínæst fèkk hann heilsu andrar ok líkama, ok þóttist hann gjörla fundit hafa í sínu ómagni, at fyrir ofdrambssakar ok líkams munuð hafði hann vilzt ok snúizt frá guði, ok týnt í því sálu sinni; síðan gerðist hann því öllu guðrættligri trúari, sem hann vissi sik ferligar áðr farit hafa, ok fleira þess drýgt, er guði ok öllum góðum mönnum var gagnstaðligt, dýrkaði hann drottinn vorn ok hinn heilaga Ólaf konúng alla sína lífsdaga síðan, meðan hann lifði.

Orð Einars þambarskelfis.

Þá er Sveinn konúgr ræð fyrir Noregi, ok Alfifa, móðir hans, þá tók landsfólkit aumliga við vesöld sinni, þar sem ríki þeirra stóð yfir, ok var þar hörmuligt undir því ríki at liggja með ófrelsi ok óárani, þvíat fólkit lifði meir við búfjár fóðr enn manna mat, þvíat aldri varð á þeirra dögum mikit ár í Noregi, sem heyra má í vísu þessari, er Sighvatr kvað:

Alfífu mun æfi
 úngr drengr muna lengi,
 er oxamat átum
 inniskaf sem hafrar;
 annat var, þá er Ólafr

ógnbráðr er ræð láði
 hverr átti þá hrósa
 hjálmþorns freku korni.

Frá því er sagt einhverju sinni, at þing var fjölmennt í Niðarósi, ok var á þinginu Sveinn konúngr, ok Alfífa móðir hans, ok var þá enn talat um mikit vanrætti bónda, en þá var engi rómr gerr at máli hans nè Alfífu, ok var þá hvorki játtat nè neytat. Þá svarar Einar þambarskelfir, svá allir menn heyrðu: engi var ek vinr Ólafs konúngs, en þó voru þrændir þá öngvir kaupmenn, er þeir seldu konúng sinn helgan, ok tóku við fyl ok meri; konúngr þessi kann ekki at mæla, en móðir hans vill illt eitt, ok má ærit. Þá brugðu allir grönum, þeir er heyrðu, ok hlógu at, ok sagði hvorr öðrum, þótti vel mælt vera. Þá mælti Alfífa: hvi sitja bændr eigi niðr, ok hlýða konúngs eyrindi, en kurra eigi svá. Þá þögnuðu bændr, en Einar stóð upp, ok mælti hétt, svá allir heyrðu: fari menn heim, hart illt eyrindi hafa menn hingat haft, bæði nú ok optar, til fundar Alfífu, ok mega menn heldr bíða heima vandrættis þess, er at höndum berr, en sækja eigi allir í cinn stað, ok hlýða þar einnar konu orðum, þeir er eigi vildu hlýða Ólafi konúngi, þeim er nú er sannheilagr orðinn, ok hefir ok þat mest níðingsverk gert verit hær í landi, er menn sviku Ólaf konúng, ok hefir þat illu reift, sem von

var, ok svá mikla ánauð hefir fólk þolat, síðan þetta ríki kom yfir, at þat skyldi guð vilja, at þat væri skamt, ok hefir þó verit ærit langt. Gekk Einar þá af þínginu, ok allr múgr fjölmennis með honum.

CC^r.

Jarteign.

Væringi einn í Görðum austr keypti sèr þræl einn úngan, ok var sá hinn úngi maðr dumbi, ok mátti eigi mæla, ok þó var hann með öllu hygginn ok næfr um marga hluti; engi maðr vissi, hværrar ættar hann var, fyrir því at hann fèkk eigi mælt; þess gátu flestir menn til, at hann mundi norrænn vera, fyrir því at hann gjörði vopn þau ok bjó, er Væringjar þurfa. Nú hafði sá hinn úngi maðr marga staði kannaða, ok iðuliga við verði seldr verit ok keyptr; kaupmaðr einn góðr leysti hann til sín, ok gaf honum frelsi fyrir miskunnar sakir; síðan fór hann í sjálfræði sínu til borgar þeirrar, er Hólmgarðr heitir, ok veitti honum þar herbergi húsfreyja ein góð, ok dvaldist hann þar marga daga, en kona sú hin góða sótti allar tíðir jafnan til kirkju hins heilaga Ólafs konúngs, ok dýrkaði hún þann hinn milda konúng með mikilli ást ok átrúnaði; nú um nóttina, síðan er hún var í svefn komin, þá sýndist henni hinn heilagi Ólafr konúngr, ok mælti við hana, at sá hinn

¹) L. og D. birta enn fremr þessum kap við.

úngi maðr skyldi fylgja henni til óttusaungs um morgininn, ok svá gjörði hún, sem hann bauð, ok bað hinn únga mann at fara til kirkju með sèr; en þegar er þau voru þar komin, þá þýngði honum mjök, ok lagðist hann niðr ok svaf, á meðan tíðirnar voru súngnar, því næst sá hann í svefninum þann sama mann til sín koma svá klæddann ok í annliti fallinn, sem konunni hafði sýnt um nóttina. Ólafr konúgr mælti við hinn dumba mann: *aperi os tuum et implebo illud*, þat er svá at skilja: lúk upp munn þinn, ok mun ek fylla hann; ok eptir þat tók hann túnguna hans ok gjörði á krossmark; þá spurði hann, ef hann vissi, hverr sá væri er honum vitraðist, ok mælti at hann skyldi nefna hann, ef hann mætti mæla. Sjá hinn sjúki svaraði: þat ætla ek, at þú sèrt Ólafr konúgr hinn helgi; ok þá vaknaði hann, ok mátti mæla, ok lofaði alnáttigan guð, ok hinn signaða Ólaf konúng fyrir heilsu, er hann hafði fengið.

DD^r.

Þílagrímr einn fór um Upplönd, ok ætlaði til hins heilaga Ólafs konúngs, hann var tekinn á Upplöndum ok grýttir í hel ok dysjaðr síðan, þá sýndi sá hinn mildi guðs vin sín mildiverk síðan, þá gaf hann þeim manni líf; en eptir því er hann var máttlítill, sýnd-

¹) *A eptir fyrirfarandi kap. bætir D enn við 3 fylgjandi kap. en sleppr í þeim seinasta, og vantar niðrlag hans.*

ist honum sem sjálfr konúngr gengi at, ok fleygði af honum grjótinu, ok mælti síðan við hann: far þú nú hvert er þú vill; hann spratt upp þegar, ok fór norðr til Niðaróss, ok sagði þetta sjálfr it ágætliga mildiverk, er hinn heilagi Ólafr konúngr veitti honum; hinir iðruðust ákaflega glæps síns, er gjört höfðu, ok lofuðu allir guð ok hinn heilaga Ólaf konúng.

Sá atburðr varð enn á Gautlandi, at konu var tortínt saklaussi, hún hafði ætlat at sækja hinn heilaga Ólaf konúng heim, hún var kölluð með þjófum, þá kom sá hana upp at reisa ok þaðan at leiða, er jafn veit með guðs miskunn hugrenningar manna ok verk, ok virði svá mikils við hana sína fyrirætlan, at hann gaf henni líf fyrir framkvæmd farar; nú lofa allir guð ok hinn heilaga Ólaf konúng.

Lángt var þess í milli, er hinn heilagi Ólafr konúngr var upptekinn or jörðu, ok dýrkaðr sem verðugt var með háleitri tign, ok kirkja var gjör á Stiklastöðum, þar sem hans hit helga blóð hafði niðrkomit, þá er hann fór af þessum heimi; en er kirkju skyldi vígja þar ok biskup skyldi þángat koma, bar svá til at konúngr var í því héraði ok var sjúkr mjök, þroti mikill var kominn í knè honum, svá at bæði bólgnæði lærit ok lengra upp í frá, ok var hann nálíga alverki allr af; nú við þessa sársauka fýstist hann at ganga til tíða, ok sjá guðs dyrð ok ens helga Ólafs konúngs; þvínæst var hann færðr til skips

ok fluttr á bati yfir ána, fara síðan með honum til kirkju; en um daginn, er óttusaungs tíðum var lokit, þá var konungi sagt frá steini þeim, er hinn helgi Ólafr konúgr lét lif sitt á, ok enn kveða blóði drifinn, en sá steinn kemr fram út or altara; síðan þokaði konúgrinn at altarinu ok þrýsti knènu ok því er sárast var við steininn, ok þegar jafnskjótt vitjaði hans svá háleit miskunn allmáttigs guðs skapara ok árn-aðarorð hins heilaga Ólafs konúgs, at á þeim sama degi tók or verkin ok þrotan allan....

EE^r.

Af riddara einum í Englandi.

Riddari einn í Englandi var missátttr við bróður sinn, þá er þeir skyldu skipta arfi í millum sín; nú bar svá illa at í þeirra missætti, at riddarinn reiddist mjök bróður sínum, svá at hann brá sverði ok hjó til hans, en móðir þeirra hljóp í milli, ok vildi stöðva höggit, en riddarinn hjó þau bæði í einu höggi til bana, móður sína ok bróður; hann óttaðist mjök guðliga hefnd fyrir sína glæpi fáheyrða, örvínladist þá guðs miskunnar, ok minntist hjálpsamligra orða vors drottins: eigi vil ek dauða syndugs manns, heldr at hann snúist ok leiðréttist ok lifi; hann minnist á með gráti ok iðran á dæmi Pètrs postula ok annarra guðs manna, þá lét hann at sjálf-ræði sínu negla á sik járn, ok fór at vitja heilagra staða at ráði kennimanna. Nú spurði.

1) *L. hefir enn þenna kap. umfrum, og endar með honum.*

hann eigi fleiri sagðar jarteignir annars heilags manns enn Ólafs konungs Haraldssonar, ok fýstist þess at sækja hann heim, þóat farvegrinn væri lángr; hann kom til Noregs at Hvítadögum, ok er hann heyrði messu upphafna með miskun heilags anda, þá spratt af armlegg hans járnit á gólfít, ok lángrt svá at saunglaði við hátt; hann þakkaði guði almáttkum ok hinum helga Ólafi konungi jarteign þá, er hann hafði fengit, ok lagði hann þat fyrir sik, at vera þar til andláts dags hans, fyrir því at eptir var járn þat, er um háls honum var neglt; en messudag Ólafs konungs var skrin hans útborit ok niðrsett, at menn mætti atgánga þeir er vildu, þá spratt af þessum sama riddara þat járn, er hann hafði sagða glæpi sína, ok at hálsi (honum) hafði neglt verit. Sjá jarteign var af öllum mönnum ágætt um mörg lönd. Hèr (munum) vèr nú láta endíng bókar þessarar, at eigi gjörum vèr í lángrmælgí . . . þeim er til hlýða, er ok engi von at, at einn maðr megi hans allar jarteignir í sögu færa, þær sem drottinn vor Jesús Christus lætr verða dag frá degi til dýrðar (sèr), en fyrir verðleika ok árnaðarorð hins blessaða Ólafs konungs, sá er með feðr ok (syni ok) anda lifir ok ríkir einn guð í heilagri þrenningu um allar aldir.

FF^r.

Þessir smáir artículí, sem hère eru saman-

¹⁾ þat sem hère á eptir fylgir, stendr aptan við sögu Ólafs konungs helga í Flateyjarbók.

lesnir, standa í sjálfri lífssögu hins heilaga Ólafs konungs Haraldssonar, þeirri sömu, er Styrmir prestr hinn fróði hefir samansett, þótt þeir sè eigi svá fulliga skrifaðir hær fyrr í bókinni; má þat engi maðr undrast, þótt mart liggi niðri úskrifat, þat er til hefir borit um hans daga, svá sem þessi hinn göfugligi geisli kom víða fram á Norðrlöndum, þar sem þá var heilagri kristni ok kyrkjunnar rétt meir til frelsis ok náðar heldr enn áðr.

Þat bar til, þá er Ólafr konúgr var í Englandi, ok hann hafði með sinni list ok ráðleitni unnit Lundúnaborg, hitti hann kaupmenn nokkura, þá er komnir voru af Noregi vestr þángat; hann spurði þá tíðinda or landinu, ok einkum vandligast spurði hann at móður sinni ok stjúpföður. Kaupmenn sögðu slikt, er hann spurði. Þat varð í viðræðum þeirra, at Ólafr konúgr spurði at konu þeirri norænni, er Steinvör hèt, sú hafði kölluð verit þokkaskona Ólafs; kaupmenn sögðu, at hún var manni gipt. Ólafr spurði, hverjum hún væri gipt. Þeir sögðu, at sá maðr hèti Þorvarðr, er hana átti, ok væri kallaðr galli. Ólafr spurði, hvat manna hann væri. Þeir sögðu at hann var einn bóndi, ok býr fyrir norðan Stað í Noregi, ok Steinvör var þángat komin til búss með honum. Þá kvað Ólafr konúgr vísu þessa:

Böl er þat, er lind í landi
landrifs fyrir ver handan
gulli merkd við galla

grjót aulnis skal fölna;
þann munda ek við vilja
valklífs, meðan ek lifða
alinn eruink björk at bölfvi
bands algrænan standa.

Nú skiljast þeir Ólafr konúgr ok kaupmenn-
innir at svá mæltu.

Þenna flokk orti Ólafr konúgr eptir er
hann hafði unnit Lundúnaborg:

Gaungum upp áðr Engla
ættlönd farin röndu
morðs ok miklar ferðir
málmregns skafar fregni;
verum hugrakkir, Hlakkar
hristum spjót ok skjótum,
leggr fyrir orum eggjum
Engla gnótt á flóttu.

Margr ferr ullr í illan
odd senni dag þenna
Freyr þar er fæddir vorum
fornan serk ok bornir;
enn á enskra manna
álm¹ gjóðs Hnikars blóði
vart mun skáld í skyrtu
skreið á hamri seiða.

Þollr mun glaums of grímu
gjarn síðarla árna
randarskóð at rjóða
ræðinn sá er mey fæðir;

¹) gízkað; aulun, F.

berr eigi sá sveigir
 sáralauks á ári
 reiðr til Rínar glóða
 rönd upp á Englandi.

Þóttuð mēr er ek þátta
 Þorkels liðar dvelja
 sást eigi þeir sverða
 saung í fólk at gánga;
 áðan er hörð á heiði
 hríð víkingar kníðu,
 vēr hlutum vopna skúrir
 varð fylgr liði harða.

Hár þikki mēr hlýra
 hinn jarl, er brá snarla
 mær spyr vitr ef væri
 valköst, ara föstu;
 en þekkjondum þikkir
 þunn blás megin ásar
 hörð sú er hilmir gerði
 hríð á Tempsár síðu.

Einráðit lét áðan
 Úlfkell þar er spjör gullu
 hörð. óx hildar garða
 hríð víkinga at bíða;
 ok slíðrhuguðr síðan
 sátu á oss, hve mátti
 byggs ver bitran skeggja
 brunns tveir hugir runnum.

Knútr ræð ok það bíða
 baugstalls Dani alla,

lundr gekk röskr und randir
 ríkr vá her við diki;
 nær var sveit, þar er sóttum
 sýn með hjálm ok brynju;
 elds, sem ólmum hældi
 elgrennanda kennir.

Út mun ekkjan líta
 opt glóa vopn á lopti
 of hjálmötum hilmi
 hrein sú er býr í steini;
 hve sigrfríkin sækir
 snarla borgar karla
 dynr á bretskum brynjum
 blóð ís Dana vísi.

Hvern morgin sér horna
 hlökk á Tempsár bakka
 skamt hánga má húngra
 hjálmskóð roðin blóði;
 rýðr eigi sá svegir
 sáralauk í ári
 hinn, er Grjótvarar gætir,
 gunborðs, fyrir Stað norðan.

Dag var hvern þat er Högna
 hurð rióðast nam blóði
 ár þar er úti vorum
 ilmur í för með hilmi;
 knegum vèr sízt vígum
 varð nýlokit hörðum
 fyllar dags í fögrum
 fit Lundúnum sitja.

Nú má þat sjá af þessum vísimum, at Ólafr konúngr muni opt komit hafa í líkamligar orrostur hær á jarðríki, en þó hefir hann optar strítt andaliga í móti fjandanum, ok svá opt sem hann sigraðist líkamliga á úvinum sínum, þá sigraði hann þó optar úhreinan anda í andligri hólmgöngu þeirri, er hann hvern dag háði ímót honum, verandi eigi úmínnigr, hvat guð býðr í evangelió: *estote fortes bello!* Þat er svá at skilja: veri þær styrkir í orrostu ok berist við fornan eitrom, ok munu þær taka eylist ríki. Þetta sama boðorð hêlt þessi guðs kappi, enn ágæti Ólafr, at hann barðist dagliga við hinn forna fjanda, ok fyrir þat sama stríð öðlaðist hann af vorum herra eylifa dýrð himinríkis.

Svá bar til einn páskamorgin, þá er Ólafr konúngr var í Niðarósi, at til bæjarins var kominn mikill fjöldi manna, voru nokkurir menn gengnir uppí Gaulardal af þeim, er tilkomnir voru. Svá bar til, at maðr einn gekk hjá þeim, hann var herða mikill, hann var í kápu ok í hvítum hošum; hann gekk einnsaman. Þá spurði einnhverr þeirra: hverr ertu, fèlagi? Þessi maðr þagði við, ok gekk sem áðr. Ek svá heill! kvað sá, ek skal maka honum háðung; hleypr nú síðan eptir honum, ok lætr erja skóinn við legginn ofan, en þar var blautlent ok leirugt mjök, ok varð maðrinn mjök þrekkótt á fætinum, ok skiljast þeir við svá

búit. Annan dag páskanna koma konúngsins menn í þat herbergi, er þessir sátu í, ok segja svá, at Ólafr konúgr vill hitta þá. Þeir þikkjast sízt vita, hvat konúgrinn mun þeim vilja, fara þó á hans fund ok heilsa honum. Hann fagnar þeim, ok mælti: hvat er nú um fèlag vort, þat er ek á hjá ykk? Þeir drápu niðr höfði, ok kvóðust eigi minnast, at þeir hefði nokkurntíma hans fèlag haft. Nei, kvað hann: þið kvóðust at vísu konúngs fèlagar vera. Þeir urðu við þetta nokkut úglaðir. Konúgr mælti: ekki þurfi þið at úgledjast; en þat ráð vil ek gefa ykk: makið þeim einum háðung, er þið vitið hverr er. Þeir þökkudu konúngi, ok skildu síðan, ok þóttust þeir vita, at þat hafði Ólafr konúgr verit, er þeir höfðu þetta kalls gert.

Þat barst at einusinni, þá er Ólafr konúgr hinn helgi fór á skipum fyrir land fram með hirðmönnum sínum, þar er þorvarðr galli átti garða á landi uppi skamt frá sjó, ok þau Steinvör, er fyrr voru nefnd, þá spurðu hirðmenn konúngs, ef hann vildi þar at landi leggja, ok hitta Steinvöru, vinkonu sína. Konúgr svarar, ok kvað vísu þessa:

Vandfærra er vorrar
 varblikis fyrir Stað miklu
 þrey ek um aldr til eyjar
 örborðs, enn var forðum;
 nú er fyrir höfn þá er hafna
 hlun sæfvar má ek æfva

gunnhvítínga grjóti
geirþorps boða vorpit.

Eigi skal ek nú hær undir land leggja, sagði konúngr, af því at mér sómir meirr, at gera vilja guðs heldr enn lifva eptir minni fýst rángri. Nú (má) af slíkum lutum sjá, hversu mikit hann unni almátikum guði, er hann virði meira vilja guðs í himinríki, enn sína eiginliga fýst^r.

²Ólafr konúngr hafði með sér marga íslenzka menn, ok hafði þá í góðu yfirlæti ok gerði þá sína hirðmenn; einn af þeim var Sighvatr skáld, hann var Þórðarson; hann var fæddr útá Íslandi, á þeim bæ er at Apavatni heitir; þar bjó sá maðr er Þorkell heitir; hann fæddi upp Sighvat ok fóstaraði; Sighvatr þótti heldr seinligr fyrst í æskunni. Í Apavatni var fiskiveiðr mikil á veturnum. Þat barst at einn vetr, þá er menn sátu á ísi, ok veiddu fiska, at þeir sá einn mikinn fisk ok fagran í vatninu, þann er auðkendr var frá öðrum fiskum; þann fisk gátu þeir eigi veitt. Austmaðr einn var á vist með Þorkeli, hann mælti einhvern dag við Sighvat, at hann skyldi fara til vatns með honum ok sitja á ísi; ok er þeir koma á ísinn, þá bjó austmaðrinn til veiðarfæri Sighvats. Síðan sátu þeir á ísinum um

¹) *Hæruæst koma kapitularnir, sem áðr standa að framan í viðraukunum: fyrst II kap. bls. 178 og þriðr kap. af G; og þar næst í einum kap. 2 fyrri kap. af G.* ²) *Þó þessi kap. sé áðr að framan prentaðr sem 52 kap. sögunnar eptir A, þótti honum ekki sleppandi hér bæði orðamunarins vegna, og þess að eigi mátti skilja næst fylgjandi kap. frá honum.*

daginn. Sighvatr veiddi þá enn fagra fisk, þann er margir vildu veitt hafa. Síðan fóru þeir heim, ok sauð austmaðr fiskinn; þá mælti hann við Sighvat, at hann skyldi fyrst eta höfuðit af fiskinum, kvað þar vera vit hvers kvikendis ífólgit. Sighvatr át þá höfuðit ok síðan allan fiskinn, ok þegar eptir kvað hann vísu þessa:

Fiskr gekk oss at óskum
eitra sem vèr höfum leitit
lýsu vángs or lýngi
leygjar orm at teygja;
atrennir lét annan
aungulgripinn hánga
vel hæfir örriða at egna
agn gálga mèr hagnat.

Sighvatr varð þaðan af skír maðr ok skáld gott.

Annar var sá maðr, er Bersi hét, ok var Skáldtorfuson, hann var ok skáld gott. Bersi varð rægðr við konúnginn, ok sagt at hann kynni ekki at yrkja nè kveða þat, er eigi var áðr kveðit. Þá lét konúngr taka mörg sverð ok bregða ok setja niðr nökd í eina litla stofu. Þá lét konúngr kalla Bersa. En er Bersi kom, þá mælti konúngr, at hann skyldi yrkja um þat, er sverðin voru uppreist. Þá kvað Bersi:

Sverð standa hèr sunda
sárs leyfum vèr árar
herstillis þarf ek hylli
höll rauð búin gulli;

viðr tæka ek vika
 vil ek enn með þér kennir
 elds, ef þú eitthvert vildir,
 alvaldr! gefa skáldi.

Þá gaf konúgr Bersa eitt gott sverð. Þriði var Þormóðr Kolbrúnarskáld; fjórði Björn Hítðælakappi; fimti var Þórir Nefjúlsson, hann var spekingr mikill ok forvitri; þá voru (bræðr) 2, hét annar Þórðr, enn annar Þorfinnr, hann var skáld mikit. Þat var (eitt sinn) at Þorfinnr sat á reiðustóli fyrir Ólafi konúgi, þá mælti konúgr til hans: yrk, skáld! um þat er skrifat er á tjaldinu! Þorfinnr leit til, ok sá, at þar var markat á tjaldinu, at Sigurðr vann at Fáfni, ok kvað vísu:

Geisli stendr til grundar
 gunnar jarðar munna
 ofan fell blóð á báðar
 benskeiðr, en gramr reiðist;
 hrystist hjörr í brjósti
 hríngi grænna lýngva;
 en fólkþorinn fylkir
 ferr við steik at leika.

Átti Þorgeir Hávarsson; níundi Óttar svarti ok margir aðrir.

Eptir fall Erlíngs Skjálgssonar kvað Ólafr konúgr vísu þessa:

Lítt mun höldr enn hvíti
 hrafn etr af ná getnum
 vèr unnum gný gunnar

glaðr í nátt á Jaðri;
 svá hefir öllúngis illa
 ek gekk reiðr um skeiðar
 jörð veldr manna morði
 mitt rán gefist hánum¹.

En Sighvatr kvað þessa vísu:

Drakk eigi ek drekkju
 dag þann, er mér sögðu
 Erlíngs tál at jólum
 allglaðr þess er ræð Jaðri;
 hans mun dráp um drúpa
 dýrmennis mér kenna
 höfuð bárum þá hærra
 hart morð var þat forðum.

Eptir dráp Karla fékk Þórir hundr mikla ú-
 blíðu af Ólafi konúngi. Sá konúgr ræð þá fyrir
 Finnmörk, er Möttull hèt; hann var heiðinn
 blótmaðr ok mjök fjölkunnigr; þángat fór Þór-
 ir á fund hans. Þórir gekk fyrir Möttul, ok
 kvaddi hann; konúgr tók kveðju Þóris, ok
 spurði, hve sætti, er hann var þángat kominn
 allt norðr. Þórir svarar: harðr var nú á annat
 borð, þvíat mér (er) eigi úhætt nú heima at
 búum mínum fyrir Ólafi digra. Möttull svar-
 ar: þat mun eigi satt, er þú segir nú, at þér
 muni eigi úhætt vera fyrir konúngi yðrum
 Ólafi, þvíat ek veit, at hann hefir lengi verit
 mikill vinr þinn, ok mun hann halda fast
 vinfengi sínu við yðr kristna menn, þvíat þér,

¹) vísa þessi er að framan í 169 kap.

kristnir menn! kallið konúng yðvarn vitran ok vel at sèr; nú er sá einn allvel at sèr, er bæði er vinfastr ok vingóðr. Þórir svarar: veit ek, at þú munt spurt hafa missætti þat, er gerzt hefir með okkr Ólafi konúngi, hversu hann tók af lífi þóri, frænda minn, með mikilli svívirðingu; fyrir þat hefir ek drepit nokkura menn, ok þó einum til fátt, er ek hefir eigi konúnginn sjálfan við velli lagt; nú er ek því á þinn fund kominn, at ek veit at þú ert bæði vitr ok stórráðr ok kannt mart þat, er eigi kunna aðrir menn; nú ætla ek mèr þar til trausts ok fulltíngis sem þú ert. Möttull svarar: ef þèr er þetta svá gefit, sem þú segir, þá mun þèr at því verða, sem þú væntir; skaltu vera hèr með mèr við tólfta mann, ok bíða svá þíns sóma; þvíat eigi munu fleiri mik heimsækja enn svá af líði Ólafs konúngs, enn mèr er nauðsýn á at gera þeirra för góða híngat. Nú var Þórir þar, ok þeir 12 saman, ok nam þar fjölkýngi. Um vorit gekk Þórir fyrir Möttul, ok bað hann leggja til með sèr ráð sín ok hamíngju: þvíat ek treystum framarlíga yðrum fróðleik um alla luti. Möttull svarar: fúss vil ek mína hamíngju tilleggja með þèr ímót Ólafi konúngi, ok svá segir mèr hugr um, at þú munir um síðir sigrast á honum: nú eru hèr 12 hreinbjálfar, er ek vil þèr gefit hafa, hefir ek þá svá signaða ok magnaða, at engan þeirra mun járn bíta. Þessa bjálfa hafði Þórir ok

hans menn á Stiklastöðum. Þessir höfðingjar (seldu) hinn heilaga Ólaf konúng við verði, ok tóku fè til höfuðs honum, er nú mun ek telja í fyrstu: Erlíngr á Sóla, Erlendr or Gerði, Áslákr af Finneyjum, Hárekr or Þjóttu, Kálfr Árnason, Þórir hundr, Þorgeirraf Kviststöðum, Hrótr af Viggju. Með þeim gekk í lið Þorsteinn knarrarsmiðr ok Ólafr, frændi Kálfs, en þessa rót ok upphaf var alls Knútr enn ríki; ok þess spurði Ólafr konúgr hann eitt sinn, er þeir fundust, hví hann sýndi honum svá mikil svik ok mótgáng: at þú vilt svíkja undan mér lönd ok þegna, þar er ek vann Lundúnaborg með guðs fulltíngi þèr til handa, ok mæltu þat sumir menn, at 'eigi mundir þú hafa vorðit konúgr at öllu Englandi, nema ek hefði þèr lið veitt; nú dæmi almáttigr guð okkar á milli. Knútr konúgr svarar: þú gerðir fyrr sakar við mik, tókt af mér ríki mitt í Noregi, þat er Haraldr, afi minn, hefir átt, þat Hákon jarl hèlt af honum; þat ríki átti síðan Sveinn konúgr, faðir minn, ok setti yfir Eirek jarl; þú rakt í braut Hákon, systurson minn, af föðurleifð vorri, hefir ek látit þik stýra 15 vetr þessu ríki, er vèr lángefeðgar höfum átt, ok launat þèr svá liðveizlu, er þú veittir mér í Englandi. Nú er mér nauðr á, at ná þessu ríki annathvort með vèl eðr afli; en þó er ein sök sú, er mik eggj-

ar mest fram, at vera þinn mótgánga-maðr, en þat er sú, at allir konungar, þeir er í nánd mèr ríkja, kyssa á knè mèr ok lúta mèr, nema þú ok Önundr konúngr, mágr þinn, en ef þið vildið þat gera, munda ek ekki gremjast ykk. Ólafr konúngr svarar: hvárgi okkar er með minni tign enn þú, nè virðingu, ok eigi viljum vèr með neinu lögmáli binda okkr til þjónustu við þik, þar er þú mátt litlu síðr heita hervíkíngr enn dýrðligr konúngr¹.

Ólafr konúngr efldi í mörgu kristinn rætt: hann lèt reisa kyrkju í hverju fylki, ok lagði próventur til. Ólafr konúngr var vænn maðr ok listuligr at yfirlitum, riðvaxinn ok ekki hár, herðimikill, rættleitr ok bjarteygr, hár-it ljósjarpt ok liðaðist vel, en nokkru rauðara skeggit; hann var rjóðr í andliti, ennibreidd ok opinneygr, limaðr vel ok líttfætr, fastúðigr ok hugaðlátr, rættvaxinn ok raundigr²; allra manna var hann vitrastr, ok sá hvert ráð, sem bezt gegndi, ef hann læk í tómi við; en ef skjótliga komu at honum, þá var nokkut hætt. Hann var einvaldskonúngr yfir Noregi, svá vítt sem Haraldr hinn hárfagri hafði átt, frændi hans; ræð fyrir norðan, Gandvík, en

¹) *Hér kemur í þessum viðbætur kap. um ferjun Olafs k. á tíðamönnum, sem áður er prentaðr bls. 181 eftir II, og er þar lítið fjölorðari.* ²) *þannig.*

fyrir sunnan, Gautelfr, en Eiðaskógr fyrir austan, Aungulseyjasund fyrir vestan; þessu ríki stýrði engi einn milli Haralds hárfagra ok Ólafs ens helga. Ólafr konúngr kristnaði þetta ríki allt: öll blót braut hann niðr ok öll goð, sem þór Engilsmannagoð, ok Óðin Saxagoð, ok Skjöld Skánúngagoð ok Frey Svíagoð ok Goðorm Danagoð, ok mörg önnur blótskapar skrímsl, bæði hamra ok hörga, skóga, vötn ok trè ok öll önnur blót, bæði meiri ok minni. Hann hafði með sér merkiliga kennimenn: Grímkel biskup ok Sigurð biskup; þeir kendu kenníngar ok skírðu menn. Látíls virðist konúngi öll hægómlig gleði ok dýrð þessa heims ríkis, fyrir sætleik himnesks fagnaðar; hann mátti heita hertugi guðligra orða. Líf hans ágætt ok dásamlig góðfýsi kveikti margra manna hjörtu til hafnanar veraldar ok til ástar himinríkis dýrðar. Hvers manns þrágirni mundi svá mikil vera, at eigi mundi mýkjast við sætt mál hins ágætasta konúngs, fullt af andligri speki. Eigi at eins trúði hann á allmáttkan guð, heldr bar hann mörg meinlæti fyrir guðs sakir. Mikill brunni heilagrar trúar brann í hans brjósti. Konúngr virði mikils kyrkjur ok kennimenn ok allan kristinn dóm; hann gaf atvinnu aumum mönnum, klæddi hann kalna, gaf fê föðurlausum, ekkjum ok útlendum, þeim erfátækir voru, huggaði hann hrygga,

ok studdi alla ráðvanda menn bæði (heilræðum) ok öðrum tillögum; hann var harðr við hermenn ok heiðingja, stirðr við stuldamenn ok ósvífr við alla úsiðamenn; hepti hann höfðingja ok alla alþýðu at öllum úsiðum; hann refsti rán, ok hegndi hart, ef guðs rétti var raskat, en fyrirgaf linliga þat, er viðr hann var misgert. Misjafn var orðrómr á um hans mál ok framferði, meðan hann lifði í þessum heimi, þvíat margir kölluðu hann ríkyndan ok ráðgjarnan, hardráðan ok heiptúðigan, fastan ok fægjarnan, ólman ok údælan metnaðarmann ok mikillátan, ok þessa heims höfðingja fyrir alls sakir. En þeir, er gjörr vissu, kölluðu hann linan ok lítillátan, hægjan ok huggóðan, mildan ok mjúklyndan, vitran ok vingóðan, frægjan ok fályndan, tryggan ok trúlyndan, forsjálan ok fastorðan, gjöflan ok góðgjarnan, góðan ok glæpvaran, stjórnsaman ok stiltan, vel geyminn at guðs lögum ok góðra manna frelsi; ok hafa þeir rétt rætt um hann, er svá hefir sýnt, sem nú verða margar raunir á. Ef hann fann þat í lund sinni, at eigi væri alleins sjálfs hans fýst ok guðs vill, þá braut hann optliga sinn vilja, en gerði guðs vilja, ok leitaði jafnan hans dýrðar, meirr enn sinnar vírðingar at réttsýnna manna álit; marga luti gerði hann til nytsemdar guðs kristni. Hann lét kyrkju gera á Íslandi á Þíngvelli, þar sem nú er honum helg-

uð kyrkja; hann var mildr formælari góðra manna, en ógnarligr hegneri vondum mönnum. Enginn Noregs konunga var honum jafn, hvárki áðr nè síðan, þvíat hann unni mikit allsvoldugum guði, ok gekk guðs götur ávalt, ok gerði hans boðorð; fyrir því var drottinn með honum í öllum lutum, þeim er hann gerði vel ok spakliga, ok því lætr almáttigr guð nú því meiri hans dýrð birtast, sem hann dýrkæði sjálfan guð frammar í sínu lífi, en lítillætti sik frammar fyrir guði ok mönnum. Engi túnga má tína, nè hugr hyggja, hversu mikit gott konungurinn veitti sínum mönnum í laga-setningu ok huggan fátækra manna, í optleik heilagra kennínga, í stjórn ríkis síns, í ást við almáttkan guð ok almenniliga kristni, í helgu bænahaldi ok fögrum dæmum heilagrar atferðar. Skín hann nú því hærra í himinríkis dýrð með allsvaldanda guði, sem hann lifði hreinligar í þessum heimi, enn flestir konungar aðrir á Norðrlöndum; gerir hann svá háleitar jartegnir með guðs vilja ok forsjá, ok margar, sem seint eðr eigi munu skrifaðar verða. Hafið nú þat af samsettri sögu Ólafs konungs allri saman, sem yðr lízt sannligt vera, þvíat í fornum sögum verðr mörgu samanblandat, er þat ok eigi úlíkligt, þar er menn hafa sögusögn eina til; en því trúí

menn fastliga, at þat mun allt sannast, er frá Ólafi konungi er bezt sagt; væntir ek þess ok, at hinn heilagi Ólafr mun eigi fyrir-
kunna menn, þóat nokkut sè falsligt í, þvíat
menn hafa þat meir gert fyrir sakir skemt-
anar mönnum, enn til áleitni við konúnginn
eðr nokkurra illenda.

Þ æ t t i r

er viðkoma

sögu Ólafs konúngs helga.



A.

Hér hefr upp

þátt

Styrbjarnar Svía kappa,

er hann barðist við Eirek Svía konúng.

FRA því er at segja, at Eirekr ok Ólafr ræðu Svíaveldi, synir Bjarnar hins gamla. Ólafr átti Íngibjörgu, dóttur Þrándar súlu jarls; Úlfr hét bróðir hennar; Björn hét son Ólafs ok Íngibjargar. Ólafr varð bráðdaur af eitri undir borðum at Uppsölum. Eirekr fæddi Björn upp með hirð sinni, eptir er faðir hans var andaður; Úlfr fósttraði hann. Þá er Björn var 12 vetra, sat hann á haugi föður síns, ok kom eigi undir borð með konúngi, þá taldi hann til ríkis í fyrsta sinn, ok kvað líkt tilfarit ríkinu yfirsjónar ok aldri sínum, ok kvað nokkut bernsliga framfara; hinn sami atburður gerðist um þat annat vorit, ok hit þriðja. Eirekr taldi hann eigi tilkominn til konúngdóms nè til erfðar, fyrr enn hann væri 16 vetra, en þá kvedst hann mundu láta vera kyrt fyrir sína hönd. Á þeim misserum urðu þeir missáttir, Áki, hirðmaður Eireks, ok Björn; rak Björn slæður yfir höfuð honum, en Áki rak horn á nasir Birni, en þann

sama dag drap Björn Áka fyrir hallar dyrum, þat vildi Björn öngvu bæta, en konúgr bætti þat, ok varð þá konúgr at fara til veizlu ann-
 arar, en Björn var þar eptir, ok beið þíngs; en á þíngi ræðu bændr mann til af litlum stigum, þann er Birni varnaði konúgdóms, var sá til konúngs tekinn yfir þeim hluta lands, er Birni bar til; eptir þat riðu þeir Björn ok Úlfr af þíngi, slitu þeir nú svá þínginu, at alþýða manna kastaði eptir þeim torfi ok grjóti. Þat ræðst litlu síðar, at Björn fór til hirðar með kon-
 úngi; nokkuru eptir þat leysti konúgr Björn af hendi með 60 skipa alskipaðra ok vel bún-
 um at öllu, ok skyldi hann vera á burtu 3 vetr, þvíat hann þóttist eigi mega hafa hann í ríkinu, sakir framgirni ok óspektar ok þys bændanna. Síðan fór Björn í brottu, hêlt hann þá frêttum til, hvar vera mundi konúgr þeirra Svíanna hinn nýtekni; fór Björn þá til móts við hann, ok átti við hann bardaga, ok feldi hann; fór Björn í Austrríki, ok herjaði þar, ok skyldaði menn víða til herfarar með sèr; á þriggja vetra fresti náði hann Jómsborg á Vindlandi, ok varð þar yfirhöfðingi; þar urðu undr þau, þá er hann var þar með lið sitt, at í diki því, er um var gert borgina, kom upp fingálkn mikit, ok kvað þetta:

Hilðr stendr hverjan myrginn
 hjaldrs undir rauðum skildi,
 nú hafa sigrmejar settan

sverðleik Dönnum harðan;
 eigut víga veigi
 vil-baldurs föðr illan
 Óðinn hörðr sem allir
 óljósan val kjósa.

En áðr enn Björn fór or landi, gaf Eirekr kon-
 úngr honum viðrnefni af harðfengi sinni ok
 styrjöld, ok kallaði hann Styrbjörn. Hann
 fór nú í vestrvíking í Danmörk, gerði hann
 úfrið mikinn. Þat varð at sætt við Dani, at
 hann gekk at eiga þyri, dóttur Haralds Gorms-
 sonar, enda skyldu þeir fá honum hundrað
 skipa, ok heyja með honum 3 fólkorrostur.
 Ok þá er hann hafði eina nátt hvílt inni, þá
 fór hann til Vindlands til Jómsborgar, af því
 at þar var kominn fjöldi liðs or Austrlöndum
 til móts við hann, ok námust förina, ef hann
 kæmi eigi; en með liði því öllu fór hann aptr til
 Danmerkr, ok hafði hann þá 10 hundruð her-
 skipa, ok læzt mundu setjast í bú þeirra Dana,
 nema fengi þeir honum 2 hundruð herskipa, ok
 man þann, er hann kjöri í förina, en hann
 kaus Harald konúng; þá kvóðu Danir vísu:

Eigi vildu Jótar
 reiða gjald til skeiða
 áðr Styrbjarnar stæði
 strandar dýr á landi;
 nú er Danmarkar drottinn
 í drengja lið genginn

landa vanr ok lýða
lifir ánauðr hann auðar.

Síðan fóru þeir Styrbjörn með öll þessi herskip til Svíþjóðar.

Orrosta Eiríks ok Bjarnar Svíakappa.

2. Þorgnýr hét maðr ok var Þorgnýrsson, hann var lögmaðr á Tíundalandi, ok svá hafði faðir hans verit, hann var allra manna vitrastr, er þá voru í Svíaveldi, hann var í mikilli virðingu með Eireki konúngi, þvíat þar var lausn ok band allra vandamála, sem Þorgnýr var; hann var þá mjök aldraðr, er hær er komit sögunni, ok lítt sýndr. En er Eirekr konúngr spyr líðsafnað Styrbjarnar, þikist hann vita at hann mun ætla at vinna Svíaveldi undan honum, stefnir hann þá þíng, ok leitar ráðs við spekinga sína. Þorgnýr lögmaðr lagði þat til, at hann bætti mjök lög við alþýðu, ok gerði ræt manna góðan, ok kvæði á hvat vopna eðr herklæða hverr bóndi skyldi eiga; hann skyldi ok láta stika þjóðleið þá, er til Uppsala lá, svá at eigi væri þar skipum fært. Þrír menn voru þeir með konúngi, er hann hafði í mikilli virðingu, þeir voru ekki vinsælir af alþýðu, þó voru þeir garpar miklir, ok máttu þó litlu síðr heita illvirkjar enn hreystimenn; einn þeirra hét Helgi, Þorgisl ok Þórir. En er Styrbjörn kom við Svíþjóð, varð hann var við viðrbúning þann, er þar var fyrir; hældu þeir at landi, þar sem þeim þótti fríðligast; þeir tóku at

ryðja götu í gegnum skóg þann, er Myrkviðr heitir, en þá voru menn gervir ímót þeim, ok bönnuðu þeim ferð yfir skóginn. Styrbjörn gjörði þeim 2 kosti, at hann mundi brenna skóginn, nema þeim væri lofut ferð yfir hann. Eirekr konúgr kaus, at þeir færi yfir skóginn; Styrbjörn komst með lið sitt allt á Fýrisvöllu; Styrbjörn brendi skip þau öll, er hann hafði þángat haft, þvíat hann ætlaði at menn mundi þá síðr flýja, er engi var kostur í brott at komast. Þorgnýr lögmaðr lagði þat ráð til með Eireki konúngi, at hann skyldi láta safna saman öllum eykjum, hestum ok uxum, ok gera ok á alla, ok slá fram or okunum brodda ok atgeira, þar skyldi þrælafólk ok illþýði fara eptir á; var ok svá gert, at þessu öllu saman var fyrst hleypt á lið Styrbjarnar enn fyrsta dag, ok fékk Styrbjörn af þessu mikit mannsPELL; annan dag börðust þeir ok fylktu liði; engi var þá liðsmunr; þar var Hemíngr jarl með Styrbirni; nátt skildi þá. Styrbjörn blótadi þá Þór at áeggjan Úlfs, fóstura síns, ok alþýðu; þá nótt var senn maðr rauðskeggjaðr í herbúðum Styrbjarnar, ok kvað þetta:

Lætr eigi mik lýtir
liðbands sá er frið grandar
reiðr er ek stála stýri
Styrbjörn vera kyrran;
þat mun sað um síðir
sigr nennum her kenna

roðinn eru leyfðra lofða
lindis sár at binda.

Þá nótt hina sömu gekk Eirekr í hof Óðins, ok gafst honum til sigrs sèr, ok kvað á tíu vetra frest síns dauða, mörgu hafði hann áðr blótat, þvíat honum horfði úvænna; litlu síðar sá hann mann mikinn með síðum hetti, sá seldi honum reyrspota í hönd, ok bað hann skjóta honum yfir lið Styrbjarnar, ok þat skyldi hann mæla: Óðinn á yðr alla; ok er hann hafði skotit, þá sýndist honum gaflak á lopti, ok fló yfir fólk Styrbjarnar, ok þegar sló blindi á lið Styrbjarnar, ok síðan á sjálfan hann; ok eptir þat urðu svá mikil undr, at skriða brast upp í fjallit, ok hljóp ofan á lið Styrbjarnar, ok drapst allt hans fólk; ok er Haraldr konúgr sèr þat, lagði hann á flótta, ok allir Danir, ok höfðu sýn sína, þegar þeir komu á brott þaðan, er spjót hafði komit ok flogit yfir þá; þeir komu til Danmerkr. Styrbjörn bað sína menn stínga niðr merkisstaungum ok flýja hvergi; þar fèll Styrbjörn ok allt lið hans; þá var Eirekr á Uppsala brekku, ok bað yrkja þann er kunnir, ok hèt launum fyrir. Þorvaldr Hjaltason orti vísur þessar:

Farit til Fýrisvallar
fólka túngls hverr er húngrar
verðr at virkis garði
vestr kveldriðu hesta;
þar hefir hreggdöggar höggvit

hóllaust er þat sólar
elfar skins fyrir úlfa
Eirekr í dyn geira.

Ok enn kvað hann:

Ill varð elfar fjalla
auðkveðjundum beðjar
til Svíþjóðar síðan
seimur víkínga heiman;
þat eitt lifir þeirra
þeir höfðu lið fleira
gott var her at handa
hundíngs er rann unda.

Þorvaldr þá at launum hálftrar merkr hring
fyrir hvora vísu; ekki orti hann áðr nè síðan,
svá at menn vissu.

B.

Hróa þátr.

Frá Hróa.

Hrói hét maðr, er uppfæddist í Danmörku, hann var góðs bónda son, hann var atgervi-
maðr ok sterkr at afli, ok vel viti borinn. Hrói
var jafnan í kaupferðum, ok aflaði sér þannveg
fjár, hann var hagr vel, svá at hann aflaði enn
lögum á því mikils fjár. Þá ræð fyrir Dan-
mörku Sveinn konúgr Haraldsson, er kallaðr
var Tjúguskegg, hann var vinsæll konúgr af
sínnum landsmönnum. Þat var eitt sumar at
Hrói braut skip sitt við land sunnarla við Dan-
mörk, ok týndi þar fé öllu því er á var, menn
hældust at kalla, ok gengu á land; þá tók Hrói
at smíða, ok aflaði sér fjár, hann var vinsæll
við sína felaga, ok eigi hafði hann lengi þessa iðju
haft, áðr honum greiddust peningar, þvíat
hann var hinn mesti þjóðsmiðr; en læk á hinu
sama, at honum fórst eigi vel með fèð, þvíat
þegar hann hafði fè dregit sem hann vildi, þá
fór hann or landi ok týndi fènu. Hrói var
auðkendr sýnum frá því sem flestir menn aðr-
ir í yfirlitum, þvíat auga hans var annat blátt,
en annat svart, en maðrinn var hinn vasklig-
asti ok vel stiltr, þótt hans væri eigi vel leit-

at; hann græddi jafnan fê, þegar hann var á landi, en hann týndi þegar er hann fór í kaupferðir; en þá er hann hafði þrisvar skip sitt brotit í kaupferðum, þá þóttist hann skilja, at honum var ekki sjá iðn ætluð; en þat var þó næst skapi hans, at fara landa á milli með kaupeyri sinn; ok er svâ var komit, þá kemr honum í hug, at hann skal fara á fund Sveins konúngs, ok vita hvat er hann leggi til ráðs með honum, þvíat hann vissi at hann var heilráðr honum, ok margir hlutu gott af hans ráðum. Hrói gerir nú svâ; ok er hann kom fyrir konúnginn, kvaddi Hrói hann. Konúngr spurði: hverr ertu? Hrói heitir ek, segir hann. Konúngr spurði: ertu Ófara-Hrói? Hann svarar: annars væri mér meir þörf af yðr at þiggja enn slík skjótyrði, vilda ek heldr at þèr legðið til við mik fê ok hamíngju þína, ok kaun vera at þá dugi, vænti ek at þá megí meira gipta yðr ok hamíngja enn úgæfa mín. Sveinn konúngr mælti: ef þú ætlar giptu at sækja á minn fund, þá er þat vænst at við gjörim fèlagsskap, ef þú vill. Menn sögðu at konúngi væri þetta úráðligt við slíkan úgiptumann, sem Hrói var, at gera fèlag við hann, ok kvóðu hann þegar mundu týna fènu. Konúngr svarar; þat skal áhætta, hvárt meira megí konúnglig gipt eðr úgæfa hans. Síðan lagði konúngr fê til við Hróa, ok skyldu eiga báðir saman. Hrói leggst nú í kaupferðir

með þessu konúngs tillagi, at eigi skyldi hans gjald vera, þóat týndist fèð, en njóta ef græddist, ok greiða konúngi þá jafnmikit fè, sem hann fèkk honum fyrir öndverðu. Hrói fór nú leið sína, ok tókst vel til um ferðirnar, ok græddist nú skjótt fè, ok kemr aptr at hausti til konúngs með miklu fè, ok skamt líðr áðr enn hann gerir velauðgan, var hann þá kallaðr Hrói hinn auðgi, eðr Hrói hinn þrúði, ok fór hann með þessu konúngs tillagi hvert sumar til ýmsra landa.

Frá Hróa.

2. Eitthvert sinn mælti Hrói til konúngs: nú vil ek at þèr takið yðvarn hlut, herra! at eigi beri svá illa til, at ek týna yðvarri eigu. Konúngr svarar: ætlar þú þèr þat betr gegna, at okkart fèlag sè eigi lengr; en eigi þætti mèr þat úráðligt, at þú værir hèr innan lands í mínu trausti, ok kvæntizt þú ok settizt um kyrt með minni forsjá, ok lízt mèr eigi vænna, at þú búist nú í kaupferðina, þiki mèr því slisa vænna, sem þú hefir nokkut áðr af því reynt. Hrói vill nú skipta fènu, ok svá var gert. Sveinn konúngr mælti þá: þitt ráð er þetta, Hrói! en eigi mitt, ok betr þætti mèr, alls þú hefir þó áðr giptu til mín sótt, at hún hældist þèr. Menn tóku undir, at þat hefði hann reynt, at skjót væri konúngs gipta í hans nauðsýn. Konúngr kvað hann vel hafa með sèr verit, ok sagði vera skaða mikinn, ef hann rataði í nokkra

úlykku; ok skilja nú við þetta. Hrói ræðst nú í kaupferðir, ok hefir auð fjár; hann siglir nú til Svíþjóðar ok heldr upp Löginn, ok lögðu at við völlu nokkura; Hrói átti þá einn alla áhöfn á skipinu. Ok einn dag gekk hann á land einnsaman, ok er hann hafði gengit um stund, kom maðr á móti honum, sá var jarpr á hár ok ræthærðr, ok var heldr fræknigr. Hrói spurði þenna mann at nafni, en hann læzt Helgi heita, ok vera hirðmaðr Eireks konúngs; hann spurði hverr kaupmaðrinn væri? Hrói sagði til sín, ok kannaðist Helgi við hann, ok læzt hafa sæð hann fyrr. Helgi kveðst vilja kaupa við hann. Hrói spyrr, hversu mikit hann vill at því gera? þá svarar Helgi: veit ek at þær Danir eruð hér komnir við land, ok er mér svá sagt, at þeir sè allir leigumenn þínir, en þú eigir alla áhöfn á skipinu: nú vil ek kaupa at þær farminn allan, ef þú vill. Hrói kvað hann vera stórkaupamann mikinn. Helgi kveðst kunna at kaupa smám kaupum sem stórum. Hrói spyrr: hvar er fè þat, er ek skal af þær taka? Helgi bað hann gánga með sèr, ok kvað hann þá sjá mundu, at þat var ekki fals, er hann bauð honum. Þeir gengu nú þar til er ein skemma stóð fyrir þeim, hún var full af varningi; þetta fè bauð Helgi allt við farminum, sem þar var inni, ok sýndist Hróa sem allkaupmannliga mundi vera viðboðit, ok mundi eigi mikit afkaup í vera, þóat þeir skipti

Þessu, þóttist hann fá hagkeypi á varningi; fór þat fram at þeir kaupa þessu, ok láta ákveðit með sèr; skilja nú at svá mæltu, ok ferr Hrói til skips síns.

Ráð Þorgnýrs jarls við dóttur sína.

3. Þegar hinn næsta dag eptir kemr Helgi ofan með marga menn ok faraskjóta, ok lætr flytja í brott varninginn, svá at allr var í brottu um kveldit, ok skorti Helga til þess hvorki menn nè eyki. Eptir fá daga gengr Hrói einnsaman á land upp, ok ætlaði at skipa til flutningar at flytja ofan varning sinn; þá var liðin ein nótt fram yfir þat, er skilit var at hann skyldi sækja láta; þótti Hróa sem hvorigum mundi viðliggja um nótt, þóat hann kæmi seinna enn mælt var, þvíat Hrói átti mart at annast. Hrói var í góðum klæðum, þvíat hann var skartsmaðr mikill, hann hafði bellti ágætt ok kníf, ok kom mikit fè til hvorstveggja, hann hafði góð vopn ok góðan skarlaks kyrtil með skikkju hlaðbúinni yzta klæða; veðr var gött, hann fór þartil er hann kom til skemmunnar, ok stóð hún opin, en fè sitt sá hann hvergi; honum þótti þetta undarligt, gengr hann umhverfis skemmuna, kemr hann þar at í einhverjum stað, er Helgi svaf. Hrói spurði, hvar fè hans var. Helgi kveðst ekki fè vita, þat er hann ætti. Hrói spurði, hví svá má vera. Helgi kveðst út hafa borit fèit at þeirri stundu, sem ákveðit var,

en ek sá þik þá eigi eptir koma; nú var þess engi von, at ek láta þar standa fèit fyrir hvers manns höndum, ok því lèt ek í burt flytja fèit, ok ætla ek mèt þat nú allt, en ekki þèr. Hrói kvað hann skjótt skipta ok eigi jafnliga, ok er ekki undarligt þótt þèr safnist skjótt fè, ef þú sætir slíkum leynibrögðum opt. Helgi kvað sèr við slíkt hafa framfluzt nokkura stund, ok sagði sèr dugat hafa til þessa; en konúngr á sök á því, segir Helgi, er þú varðveittir þitt eigi, þvíat þat eru hèr landslög, at hverr skal sitt varðveita, svá at eigi megi hverr þjófr stela, ella á konúngr sök (á) honum, nú skal á þessu máli konúngsdómr vera. Hrói kvað eigi at fèvænligar horfa, ef konúngr vildi nokkut halda á þessi sök við hann. Við þetta skilja þeir, ok gengr Hrói til garðs annars, ok er hann kemr mjök svá í garðinn, sá hann at 2 menn gengu snúðigt eptir honum, var annar mjök líkr kaupunaut hans; Hrói hafði kastat beltinu á háls sèr, ok þar hèkk við knífr einn harðla fèmikill; þessi maðr hèt Þorgisl, er fyrir gekk, hann var bróðir Helga, hann seildist eptir beltinu, þegar þeir fundust, ok mælti við: svá gengr hverr at sínu, þetta belt ok kníf tóktu frá mèt í Vallandi, en ek lèt mèt smíða þessa gripi í Englandi. Hrói svaraði: ekki þiki mèt enn horfa fèvænliga, ok brosti við; síðan

gekk Hrói leið sína, en þeir snèru aptr; ok er hann hafði eigi lángr gengit, þá gekk maðr í móti, sá var mikill ok illiligr, hann hafði eitt auga, ok er þeir fundust, spurði Hrói, hvern sá maðr væri. Hann svarar: kenna ætla ek þik, þvíat ek hefir á mèr merki, at við höfum sæzt fyrr. Hrói spurði, hvat helzt væri til merkja um þat. Sá maðr mælti: eigi þarftu at bregðast ókunnr við þat, þú fæddist upp (í) Danmörk, sem þú veizt, ok vart maðr einsýnn, ok eittsinn er þú hafðir farit kaupferð ok látt við Samsey nokkurar nætr, þá var ek þar fyrir, þú hafðir með þèr ok keyptir þú at þeim, at þeir sinnvitkaði or mèr augat, iná hvern maðr sjá, er vits er vitandi, at þessi augu hafa í einum hausi verit bæði, hefir þú nú annat, en ek annat, ok skal konúngr hèr um dæma á morgin, ok um þat er þú tókt belti ok kníf af þorgisli, bróður mínum. Ekki kennumst ek við þetta, segir Hrói, en vera þiki mèr nú mega, at sökótt verði nú í dag, ok brosti at lítinn þann. Eptir þat skildu þeir, ok gekk Hrói til skips síns, hann gat ekki um þetta fyrir sínum mönnum, ok fann engi maðr, at honum líkaði eigi allt hit besta. Ok um morguninn eptir gekk Hrói til borgarhlíðs, ok var einn í för, ok er hann kom þar, stóðu skemmur hjá honum, þángat heyrði hann mannamál, ok tók maðr til orða: hvort mun Hrói sjá hinn heimski

koma til þings á morgin? Annar svarar: þeim manni horfir óvænt, þvíat konúngr dæm-ir jafnan eptir því, sem þeir flytja bræðr, hvort sem þat er rétt eðr rángt. Hrói lét sem hann heyrði eigi, ok gekk leið sína; hann kom þar at, sem kona ein úng gekk til vatns, öngva þóttist hann séð hafa konu fríðari enn þessa; ok er hann kom at henni, leit hún við honum, ok mælti: hverr ertu? Ek heiti Hrói, segir hann. Ertu Hrói hinn heimski? segir hún. Hann svarar: ek ætla þat nú vera ærit mikit sannnefni, en átt hefi ek æðri nöfn fyrr: eðr hvert er þitt nafn? segir hann. Hún segir: ek heiti Sigrbjörg, ok er ek dótt-ir Þorgnýrs lögmans. Hrói mælti: vilda ek njóta vizku hans: eðr hvort muntu vilja nokk-ut veita mér dugnað? Hún svarar: lítit er föður mínum jafnan um danska menn, enda er hann ok engi vin þeirra bræðra, ok jafn-an verða þeir fyrir honum at láta sinn hlut. Hrói spurði: viltu nokkut ráð leggja til með mér? Engi hefir fyrr til mín ráða leitat, seg-ir hún, ok er eigi sýnt at ek kunna þat ráð, at þèr gagni, þótt ek vildi nokkut tilleggja, en ærit ertu girnligr maðr; gakk nú með mér ok nem stað undir loptskemmumni minni, ok mun gjörla, hvat þú heyrir mælt, þat er þèr megí gagn at verða, ef nokkur leggrr ráð á með þèr. Hann sagði svá vera skyldu.

Hún gengr nú í brott, en Hrói var þar undir loptskeμμunni. Þorgnýr kendi röddina dóttur sinnar, er hún gekk í skemmuna, ok spurði hann: hvernveg er veðr úti, dóttir? Gott er veðr, segir hún. Þorgnýr mælti: hvárt mun Hrói hinn heimski koma á þíngit í dag? Hún kveðst þat eigi vita. Þorgnýr spurði: hví andvarpar þú svá, dóttir! Þúngliga? hefr þú fundit hann Hróa hinn heimska? hvort sýnist þær hann allvænligr ok eigu- ligr? viltu nú veita honum lið ok ásjá? Hún mælti: seg þú nú þá, ef þú værir í þvílíku vandræði staddr, sem hann er, hvat þú mundir tiltaka, en engi mundi tiltaka vilja fê til at flytja þitt mál. Þorgnýr svarar: engi vandræði þiki mèr þetta, ek mundi koma láta prett í móti prett, ok mun Hrói kunna at gjöra þat í móti Helga; má þat hverr maðr skilja, ef maðr grípr upp eigu manns með flærðum ok svikum, ok ann honum engis góðs fyrir, kon- úngr á sök á þeim manni, ef satt skal uppi, ok má hann gera hann at þjóf, ok af allri eigu sinni ok sæmd; en vel má Hrói gjalda lýgi í móti lýgi, ok mun Hrói kunna þat allt áðr. Hún svarar: eigi væri hann þá Hrói hinn heimski, ef hann væri jafnvitr þær; en hversu skyldir þú þá meðfara, ef maðr kallaði til auga þíns, segir hún, eðr hverju mundir þú þar fyrir svara? Þorgnýr svarar: láta koma fádæmi móti fádæmunum. Síðan segir Þorgnýr henni, hvat er hann mun

hvorígu láta í móti koma, ok kemr sú frá-
sögn síðar fram.

Viðreign Hróa ok Helga.

4. Eptir þetta gengr Sigurbjörg í brott, ok hitti Hróa, ok spurði, hvorsu hann hefði hugfest þat, er honum var ráðit; en hann kveðst ætla, at hann mundi mjök vel muna mart í. Hún mælti: far þú í lið föður míns, þá er hann ríðr til þíngs, ok hirð ekki um átölur hans, þóat hann kasti kaldyrðum á þik, þvíat hann þikist vita, at ek hefir fundit þik, ok reitt hug til þín, en ek vænti at hann sè þèr sinnaðr í þraut, því heldr er hann veit, at mèr þikir meira máli skipta; en ekki fær ek ráðit þèr ráð, ef þèr verðr þetta ekki at ráði. Þau skilja nú at svá mæltu; ok er þorgnýr var búinn ríðr hann til þíngs, ok mætir Hrói honum þegar við borgarhliðit, ok kvaddi hann vel. Þorgnýr mælti: hver ertu? en Hrói segir til sín. Þorgnýr spurði: hvat vill Hrói hinn heimski í mitt lið: far annan stig, ekki vil ek at þú farir með oss. Hrói svarar: ekki muntu spara í orð við mik at gánga eptir, ok fara leið þá sem ek vil, með því at þèr sè ekki mein at mèr, en mèr er hèr ókunnigt, ok vilda ek njóta föruneysis yðvars; berr mèr ok ærna nauðsýn til at fara þessa ferð, ok flytja nokkut mitt mál. Þá tóku menn undir, ok sögðu þat satt vera; fara nú þartil, er þeir koma á þíngit, ok hafði þorgnýr mikit lið; þar var ok kominn

fjöldi landsmanna. Þorgnýr mælti, er menn komu á þíngit: eru þeir bræðr hér komnir, Helgi ok Þorgisl? Þeir sögðust þar komnir. Þat er þá ráð, segir Þorgnýr, at gera konúngi kunnigt um skipti yðr Hróa hins heimska. Helgi segir: þat segi ek, at svá var mælt með okkr, at Hrói skyldi eiga allan varníngr þann, er í skemmumni var, en ek skyldi útbera ok eyða skemmuna, ok ákveðit nær Hrói skyldi eptirkoma, en ek skyldi þar í móti taka farm allan af skipi hans, ok flytja þat í brott, en nú gerði ek eptir því, herra! segir hann, sem skilit var; ok þá er ek hafða rudda skemmuna ok borit út varníngrinn, þá var Hrói eigi þar kominn, síðan lét ek í brott flytja, ok vilda ek eigi, at þjófar stæli í brott, ætla ek mēr nú fèð, en þèr, konúngr! eigið sök á honum, er hann varðveitti eigi góts sitt, ok vildi at aðrir spilti sèr á fè hans; nú skulu þèr, herra! hér umdæma. Konúngr mælti: pretrvarþetta, en vera kann at þú komist til fjárins, ef þann veg er um farit: eðr var svá mælt, Hrói? Hann kveðst eigi þess dylja mega; en þó er hér, herra! grein í: á þat urðu við Helgi sáttir, er við keyptumst við, at ek skyldi eiga allt þat, er í var skemmumni, nú kalla ek mēr öll skriðkvikvendi, mölu ok maðka, ok öll spillidýr, þau sem inni voru, tel ek hann skyldan þessu út atryðja, ok öllu því sem inni var, en ek hygg at hann hafi þat eigi gert; þarmed eigna ek mēr hann

Helga, þvíat hann var þá inni í skemmumni, er við keyptum, ok báðir við; en þóat hann sè illr maðr, þá má hann þó vera þræll minn, eðr ek sel hann mannsali; nú eigi þèr, herra konúngr! hèr um at dæma. Konúngr mælti: við brögð-ótta áttu nú um, Helgi! ok eigi óvitra. Þorgnýr mælti þá: vel mælist þèr, Hrói! ok er hèr úhægt til mótmælis. En hvat er at tala um skipti ykkar, Þorgisl? Þorgisl svarar: þat kalla ek at Hrói hafi tekit frá mèr kníf ok belti, ok hvortveggja mikla gersemi. Þorgnýr mælti: þá mun Hrói hèr verða at svara til nökkuru, eðr gánga við ella, ef honum þikir þetta satt vera. Hrói mælti: hèr mun ek verða at svara til nokkru: ek fæddist upp í Danmörku, ok átta ek mèr bróður, er Sigurðr hét, hann var at öllu efniligri maðr enn ek, hann var sýnu ýngri; ok eitt sinn fór hann með mèr til Vallands í kaupferð, hann var þá tólf vetra gamall; ok einn dag á markaðinum hitti sveinninn fyrir sèr mann einn mikinn ok rætthærdan, þeir slógu þegar kaupi saman, ok gekk af mik-ít fè í sjóði, er sveinninn átti, svá at hinn hafði þar ekki ímóti at gefa, en sá var þó fèskygn, er til móts var kominn við hann, ok vildi hann flest til fjárins; gerðist þat af at hann drap sveininn ok vildi myrða, en menn urðu þá varir við ok sögðu mèr; en er ek kom at, þar er bróðir minn var dauðr, þá var þessi maðr í brottu, lá þar eptir knífrinn ok beltit, en fè

var allt í brottu; nú hefi ek þannveg komizt at þessum gripum, ætla ek at Þorgisl hafi stólit fènu, en drepit bróður minn: nú skulu þèr, herra! hèrum dæma. Þorgnýr mælti: slíkt eru sannliga ólífismenn, sem þeir bræðr eru.

Af boðum Hróa við Þóri.

5. Nú gengr Þórir bróðir þeirra Helga ok Þorgisl, þá mælti hann svá: hèr mun um vandamál mest at dæma, sem ek á hlut í; sagði hann síðan sögu sína, hversu hann hafði mist auga síns, sem fyrr var ritat; nú vænti ek, herra! at þèr gerið góðan minn hlut, segir hann, þvíat hèr má hann eigi ímóti þræta, at svá er farit, sem ek segi; eigu þèr, herra! ekki at virða útlenda menn meira enn oss bræðr, þvíat vèr höfum lengi verit yðr þarfir, ok lagizt ekki undir höfuð þat, sem þèr hafið viljat fyrir oss leggja. Konúngr mælti: þetta er undarliggr hlutr ok fáheyrðr, en þó skaltu, Hrói! svara hèr fyrir nökkuru. Hrói svarar: ekki kennumst ek við þetta, ok vel má ek til skírslu, at þetta er úsatt á mik sagt; en þó skulu hèr boð í móti koma af minni hendi fyrir yðra skyld, herra! Lát oss heyra þá, segir konúngr. Hrói mælti: ek býðr Þóri, at sitt auga sè stúngit or höfði á hvorum okkrum, ok leggi síðan í skálir, ok ef or einum hausi eru bæði, þá munu vera jafnþúng, skal þá ok bæta Þóri eptir yðrum dómi; en ef eigi eru jafnþúng, eðr Þóri vill þetta eigi, þá mun

hann kunna at ljúga fleira enn þetta eitt. Þórir kveðst eigi þetta vilja. Þorgnýr mælti: þat kemr til þess, at þú lýgr, ok ferr yðr bræðrum nú sem jafnan illa ok illmannliga; má nú ok vera at yðr veflst löng ok margföld lýgi um háls ok höfuð, ok hafi þèr ok lengi setit í konúngs trausti úmakliga, ok hefir hann ætlat yðr betri menn, enn þèr eruð: nú þarf eigi lengr at gánga duls hins sanna hèr um, þvíat þat er nú öllum augljóst vordit, at engi er annar dómr rætt, enn Hrói ráði lífi þeirra bræðra ok fè. Hrói mælti: skjótr er dómr minn, ok man ek ekki síðar vitrari: at þá bræðr Þóri ok Þorgisl vil ek láta taka af lífi, en þú, konúngr! skalt eiga jarðir þeirra, en ek lausafè, en Helgi vil ek at gerðr sè or landi, svà at hann eigi hèr aldri landvært síðan, ok sè dræpr ok tiltækr, ef hann verðr staddr í Svíþjóð, dæmi ek mèr fè hans allt. Síðan voru þeir Þorgisl ok Þórir teknir ok reistr þeim gálgi, ok heingðir sem þjófar at landslögum. Síðan var slitit þínginu, ok fór hverr heim af þínginu til sinna heimkynna, ok var hann nú kallaðr Hrói hinn spaki; síðan þakkaði hann Þorgný lögmanni liðveizlu sína, læzt eigi munda hafa undan stýrt, ef hann hefði eigi notit hans ráða við ok vizku: nú kann vera at þèr þiki ek gerast gjörbænn við þik, ok biðja dóttur þinnar mèr til handa. Þorgnýr svarar: ek ætla þat ráð, at svara hèr vel um, þvíat snemma barst dóttir mín þat fyrir, at henni leizt vel á þik, ok vildi eiga

þik. Síðan tókust þessi ráð með sæmd ok mikilli virðingu, ok var þar inni höfð hin fegursta veizla. Eptir þat bjóst Hrói til brott ferðar, ok fór til Danmerkr, ok kom á fund Sveins konúngs, ok sagði honum allt frá sinni ferð, ok sagði honum, hversu gengit hafði, ok kveðst öngvum manni eiga jafngóðr at vera sem honum; færði Hrói honum marga góða gripri or Svíþjóð. Sveinn konúngr kvað honum vel tekizt ok gæfusamliga, ok vorðit þó heldr nærr stýrt, hversu fara mundi; skildu þeir konúngr eptir þat, ok voru jafnan vinir síðan, meðan þeir lifðu; fór Hrói til Svíþjóðar, ok var Þorgnýr lögmaðr þá andaðr; þá tók lögmannsdæmi eptir hann Þorgnýr, son hans, ok var hinn mesti vitríngr; skiptu þeir Hrói peníngum með sèr eptir landslögum rættum, ok urðu vel ásáttir; þótti Hrói hinn bezt drengr, en kona hans var forvitri, ok er þar í Svíþjóð frá þeim komit mart göfugmenni.

C.

Hér hefir upp

þátt

Eymundar ok Olafs konúngs.

HRÍNGR hefir konúngr heitit, er ræð fyrir Upplöndum í Noregi; þat fylki var kallað Hríngarfki, er hann var konúngr yfir; hann var vitr ok vinsæll, góðgjarn ok vellauðigr; hann var Dagson, Hríngssonar, Haralds sonar hins hárfagra; ok þótti sú ætt bezt ok göfgust í Noregi, at eiga til hans at telja. Hríngr átti 3 sonu, ok voru allir konúngar: einn hét Hrærekr, hann var þeirra elztr; annar hét Eymundr; þriðl Dagr. Þeir voru allir harðfengir menn, ok voru í útgerðum fyrir föður sínum ok í víkingum, ok öfluðu sér svá metorða. Þetta var í þann tíma, er Sigurðr konúngr sýrr ræð fyrir Upplöndum; hann átti Ástu Guðbrandsdóttur, móður Ólafs konúngs hins helga. Þorný hét systir hennar, móðir Hallvarðs hins helga, en önnur Ísfrðr, móðurmóðir Steigar-Þóris. Þeir voru fóstbræðr, er þeir óxu upp, Ólafr Haraldsson ok Eymundr Hríngsson, þeir voru ok mjök jafnaldra. Þeir vöndust við íþróttir allar þær, er kallmann bætti, ok voru ýmist með Sigurði konúngi eðr með Hríngi konúngi, föður Ey-

mundar. En þá er Ólafr konúgr fór til Englands, þá fór Eymundr með honum; þar var ok með þeim Ragnar Agnarsson, Ragnars sonar rykkils, Haralds sonar hárfagra, ok mart annarra ríkra manna. Voru þeir því ágætari ok víðfrægri, sem þeir fóru víðara, sem nú hefir raun á vorðit um Ólaf konúgr hinn helga, at hans nafn er kunnigt vorðit um alla Norðrhálfuna; ok þá er hann fékk vald yfir Noreg, lagði hann undir sik allt land, ok eyddi öllum fylkiskonúngum, sem segir í sögu hans, með ýmsum atburðum, sem fróðir menn hafa ritat; þvíat þat er jafnan sagt, at hann tók ríki af fimm konúngum á einum morgni, en alls tæki hann ríki af 9 konúngum þar innan lands, eptir sögn Styrmis hins fróða; lét hann drepa suma, en suma meiða, suma rak hann or landi. Í þessu flóði urðu þeir Hríngr ok Hrærekr ok Dagr, en Eymundr ok Ragnar jarl Agnarsson voru þá í víkingu, er þessi tíðindi gerðust. Fóru þeir or landi, Hríngr ok Dagr, ok voru lengi í hernaði; síðan fóru þeir austr í Gautland, ok ræðu þeir þar lengi síðan. En Hrærekr konúgr var blindaðr, ok var með Ólafi konúngi, þar til er hann sveik hann, ok rægði saman hirðmenn hans, svá at þeir drápust; en hann veitti Ólafi konúngi tilræði Uppstigníngardag í kórnum í Kristkirkju, ok skárustpellisklæðin, er konúgrinn var í, en guð barg er konúgrinn varð

ekki sár; en síðan varð Ólafr konúgr honum reiðr, ok sendi hann til Grænlands, ef byri gæfi, með Þórarni Nefúlssyni; en þeir komu til Íslands, ok var hann með Guðmundi ríka á Möðruvöllum í Eyjafirði, ok dó hann á Kálfskinni.

Frá Eymundi ok Ragnari.

2. Nú er þat fyrst at segja, at þeir Eymundr ok Ragnar komu til Noregs litlu síðar með mörgum skipum. Þá var Ólafr konúgr hvergi nær. Þeir spyrja nú þessi tíðindi, er fyrr var frásagt. Eymundr stefnir þing við landsmenn, ok talar á þá lund: hær hafa orðit mikil tíðindi í landi, síðan vèr fórum í brott: höfum mist frændr vora, en sumir or landi reknir með harmkvælum; höfum vèr bæði skömm ok skáða eptir vora göfga frændr ok ættstóra; er nú einn konúgr yfir Noreg, þar er áðr voru margir; ætla ek þat ríki vel komit, er Ólafr konúgr, fóstbróðir minn, stýrir, þóat þat þiki nú nokkut með ofsa gánga um hans ríki; vænti ek mæf af honum góðrar sæmdar, utan konúngs nafn. Nú lögðu til vinir hvorratveggju, at hann skyldi hita Ólaf konúng, ok reyna ef hann vildi gefa honum konúngsnafn. Eymundr svarar: eigi mun ek bera herskjöld í móti Ólafi konúngi, ok eigi vera í andskota flokki í móti honum, en eigi nenni ek af þessum sökum hinum miklum, er nú eru vorðnar vor í meðal,

at gánga nú á hans miskun, ok leggja niðr mitt tignarnafn; en hvat ætli þèr þá fyrirliggja, ef vèr viljum eigi til sætta leggja, nema koma ekki á hans fund. Veit ek, at hann mun mèr mikla sæmd veita, ef við finnumst, þvíat eigi mun ek gánga á ríki hans; en hitt þiki mèr ósýnna, at þèr standizt jafn vel, er mínir menn eruð, ef þèr sjáið frændr yðra svívirða mjök; en ef þèr eggid mik fram, þá þiki mèr þat skap-raun, þvíat vèr mundum áðr verða eiða at sverja, ok hæfir oss þá vel at halda. Þá mæltu liðs-menn Eymundar: hvat hyggr þú, ef eigi skal tilsetta gánga, nema koma ekki á konúngs fund, ok fara útlægr af eignum sínum, enda koma ekki í andskota flokk konúngs. Ragnar mælti: mjök hefir Eymundr talat eptir því sem mèr er í skapi, ok eigi treysti ek vorri hamíngju í-móti giptu Ólafs konúngs; en svá þiki mèr vèr verða fyrir at sjá, ef vèr skulum flýja jarðir vorar, ef vèr þikim þá vera meiri enn aðrir kaupmenn. Eymundr mælti: ef þèr villð þat ráð upptaka, sem mèr er í skapi, ok mun ek segja yðr mína ætlan, ef þèr villð þat: ek hefi frètt andlát Valdamars konúngs austan í Garðaríki, ok hafa nú þat ríki synir hans þrír, hinir ágætastu menn; en hann skipti með þeim ríkinu varla at jafnaði, þvíat nú hefir einn meira ríki enn hinir 2, ok heitir einn Burisleifr, er mest hefir af föðurleifðinni, ok er hann þeirra elztr; ann-ar heitir Jarisleifr; hinn þriði Varnlaf. Búris-

leifr hefir Kænugarð, ok er hans bezt ríki í öllu Garðaríki; Jarisleifr hefir Hólmgarð, en hinn Þriði Palteskju, ok þat ríki allt er þar liggr til; en þeir verða nú eigi ásáttir um ríkin sín á milli, ok unir sá nú sízt sínum hlut, er mest hefir, ok bezt haft or skiptum, ok þikir honum þat mínka sitt ríki, er hann hefir minna enn faðir hans, ok þikist hann af því minni sínum foreldrum. Nú kemr mēr þat í hug, ef yðr synist svá, at sækja þáingat ok vitja þessa konúnga, ok vera með öðrumhvorum ok heldr með þeim, er sínu ríki vilja halda, ok una því, er faðir þeirra hefir skipt meðal þeirra; man oss þat verða gott, bæði til fjár ok virðingar; nú skal ek festa þetta ráð með oss; ok er þetta allra þeirra vill. Voru þar margir þeir menn, er sèr vildu fjár afla, en áttu at reka harma sína í Noregi; vildu þeir heldr rýma land, enn eptirsitja ok sæta afarkostum af konúngi ok úvinum sínum; ráðast nú á brott með Eymundi ok Ragnari, ok sigla á brott með miklu liði ok völdu at hreysti ok harðfengi, ok hèldu í Austrveg. Ok þetta frètti Ólafr konúngr eigi fyrri, enn þeir voru í brottu, ok hann kvað þat illa vera, er þeir Eymundr höfðu eigi fundizt: þvíat (við) skyldum betri vinir skilizt hafa; ok er þat, sem von er, at hann hafi grimdarhug á oss; en þar er sá maðr farinn or landi, er vèr mundum mestar sæmdir veitt hafa í Noregi utan konúngsnafn. Sagt hafði verit Ólafi kon-

úngi, hvat Eymundr hafði sagt á þínginu; ok sagði konúgr, at hann var líkligr til þess at taka gott orræði. Ok er nú ekki fleira hær frá at segja; víkr nú sögunni aptr til Eymundar ok Ragnars jarls.

Eymundr kom í Garðartki.

3. Þeir Eymundr létu nú eigi fyrr sinni ferð, enn þeir koma austr í Hólmgarð til Jarisleifs konúngs; sækja þeir nú fyrst á fund Jarisleifs konúngs, eptir því sem Ragnar beiddi. Jarisleifr konúgr var mægðr við Ólaf Svíakonúng; hann átti dóttur hans Íngigerði. Ok er konúgr spyr kvomu þeirra þángat í land, sendir hann menn (til) þeirra, þess eyrindis at bjóða þeim friðland ok á konúngs fund til fríðrar veizlu, ok þat þekkjast þeir vel. Ok er þeir sitja at veizlunni, spyrja þau konúgr ok drottning vandliga tíðinda or Noregi frá Ólafi konúngi Haraldssyni. En Eymundr kvað þar margt gott frá honum at segja ok hans háttum; sagði þá lengi hafa verit fóstbræðr ok fèlaga; en Eymundr vildi ekki tala þat, er honum mislikaði um þau tilfelli, er fyrr var getit. Nú virðist þeim Eymundi ok Ragnari vel allt til konúngs, en eigi verr til drottningar; þvíat hún var hinn mesti skörúgr ok mild af fè; en Jarisleifr konúgr var ekki kallaðr mildr af fè en var stjórnssamr konúgr ok ríklundaðr.

Skildagi Eymundar við Jarisleif konúng.

4. Nu spyr konúgr, hvert þeir ætla

sína ferð eðr farlengð at stofna; en þeir segja svá: vèr höfum þat spurt, herra! at þèr verðið at mánka nokkut yðvart ríki fyrir bræðrum yðrum, en vèr erum flæmdir or landi, ok höfum sótt austr hingat í Garðaríki á yðvarn fund þriggja bræðra; ætlum vèr þann yðvarn at athyllast, er mestan gerir vorn sóma at veg ok virðingu; þvíat vèr viljum afla oss fjár ok frægðar, ok þiggja sæmd ok sóma af yðr; kom oss þat í hug, at þèr mundið vilja hafa með yðr vaska menn, ef um sæmd yðra er setit affrændum yðrum, þeim hinum sömu, er nú gerast yðr at fjandmönnum. Nú bjóðumst vèr til at gerast varnarmenn ríkis þessa, ok gánga hèr á mála, ok taka af yðr gull ok silfr ok góð klæði; en ef yðr sýnist eigi þetta ráð með skjótu atkvæði, þá tökum vèr þenna sama hlut með öðrum konungi, ef þèr vísið oss frá. Jarisleifr konungr svarar: mjök þurfum vèr yðvars liðsinnis ok ráðagerða, þvíat þèr eruð vitrir menn ok harðfengir Norðmenn; en mèr er ókunnigt, hvers þèr beiðizt af voru fè í yðra þjónustu. Eymundr svarar: þat erfyrst, at þú skalt fá oss eina höll ok liði voru öllu; ok láta oss öngvan hlut skorta af hinum beztum tilföngum yðrum, þann er vèr þurfum at hafa. Þann kost vil ek, segir konungr. Eymundr mælti: þá er heimilt þetta lið til foristu þèr ok framgaungu fyrir liði þínu ok ríki. Hèr með skaltu greiða hverjum liðsmanni

vorum eyri veginn silfrs, en skipstjórnarmanni hverjum ofaná hálfan eyri. Konúgr svarar; þat megum vèr eigi. Eymundr mælti: þat megi þèr, herra! Þvíat vèr skulum taka í þetta fè bjór ok safala, ok þá hluti aðra, er hèr eru auðfengir í yðru landi; ok skulu vèr þat meta, en eigi liðsmenn vorir; ok ef herfáng verðr nokkut, þá máttu oss uppgreiða fèð; en ef vèr situm kyrrir, þá skal mínka vorn hlut; ok nú játar konúgr þessu; ok skal þessi máli standa 12 mánaði.

Eymundr fèkk sigr í Garðaríki.

5. Nú setja þeir Eymundr upp skip sín, ok búa vel um. En Jarisleifr konúgr lætr þeim búa eina steinhöll, ok lét hana vel tjalda með guðvefjarpelli; en þeim var fengit þat, er þeir þurftu at hafa með hinum beztum faungum. Voru þeir nú hvern dag í mikilli gleði ok skemt-an með konúngi ok drottningu. En er þeir höfðu þar eigi lengi verit í góðu yfirlæti, komu brèfr frá Burisleifi konúngi til Jarisleifs konúngs, ok segja svá: at hann beiddist nokkurra héraða ok kaupúna af konúngi, er næst liggja ríki hans, ok kvaðsèr þat tilfalla til aftekta. Jarisleifr konúgr sagði nú Eymundi konúngi, hvers bróðir hans beiddi hann. Hann svarar: fátt kann ek til þess at leggja, en heimöl er yðr vor fylgd, ef þèr villð þat upptaka; en nauðsýn berr til at vægja við bróður sinn, ef við góðu gengr; en ef hitt er, sem mik grunar, at hann mun beiða meira, ef þetta er tillátit, þá áttu við

þik kjörit, hvort þú vill afleggja, eðr eigi, ríki þitt; eðr viltu halda því með drengskap, ok láta sverfa til stáls með ykkur bræðrum, ef þú sèr at þú getir haldit þik síðan; er þat óháskasamara at láta jafnan uppi, er hann beiðir, en mörgum mun þat þikja lítilmannligt ok ókonúngligt, þóat þú takir þann upp; veit ek ok eigi, til hvers þú heldr hèr útlendan her, er þú skalt ekki á oss treysta; skaltu nú eiga við þik kjörin. Jarisleifr konúngur kveðst eigi nenna, at úreyndu upp at gefa ríki sitt. Eymundr mælti: þá skaltu svá segja sendimönnum bróður þíns: at þú vill verja ríki þitt. Gef honum ok ekki lánga tómsund at safna liði móti þèr, þvíat þat hafa vitrir mælt, at hamíngjusamligra væri, at berjast á sinni jörðu, ena á annarra. Fóru nú sendimenn aptr, ok sögðu konúngi sínum allt sem farit hafði, at Jarisleifr konúngur vildi öngvan hlut miðla af ríkinu við bróður sinn, en vera búinn at berjast, ef hann vill á ríki hans gánga. Konúngur mælti: liðs ok trausts mun hann þikjast vonar eiga, ef hann ætlar sèr at keppa við oss, eðr komu nökkurir útlendir menn til hans, þeir er honum gæfi ráð, at styrkja ríki hans. Sendimenn sögðu, at þeir hefði heyrt þat, at þar væri Norðmanna konúngur við 6 hundruð Norðmanna. Burisleifr konúngur mælti: þeir munu honum þetta ráðit hafa, Hann stefnir nú liði at sèr. Jarisleifr konúngur lætr fara

herör um allt ríki sitt, ok boða nú konúngar út liði sínu. Fór þat nú, sem Eymundr ætlaði, at Burisleifr konúngur fór or ríki sínu móti bróður sínum; ok er þeir hittust, var þarskógr mikill við móðu eina, ok settu sínar tjaldbúðir hvorir svá, at áin var í milli, ok var ok eigi mikill liðsmunr þeirra. Eymundr konúngur ok allir Norðmenn höfðu einir sèr tjöld, ok sátu svá ljórar kyrrir nætr, at hvorugir ræðu til bardaga við aðra. Þá mælti Ragnar: hvers bíðum vèr, eðr hvat merkir seta sjá? Eymundr konúngur svarar: konúngi vorum þikir oflítill flokkur úvina sinna, ok eru lítilsverð ráð hans. Eptir þat hitta þeir Jarisleif konúng, ok spyrja hvort hann ætlar ekki til bardaga at ráða. Konúngur svarar: mèr sýnist sem vèr hafim góðan liðskost, ok eigim vèr mikinn liðskost ok traust. Eymundr konúngur svarar: annan veg lízt mèr þat, herra! í fyrstu, er vèr komum hín gat, þótti mèr sem vera mundi lítit herlið í hverju tjaldi, ok meir gervar herbúðir til fjölganar, enn þar mundi mart lið í vera; en nú mun annat vera, at þeir verða at auka tjaldbúðir sínar, eðr byggja utan búða ella, en mikill herr hefir frá yðr hlaupit heim í hérað, ok mun þèr ótraustr vera herinn. Konúngur spurði: hvat er nú til ráða? Eymundr svarar: allt er nú óhægra enn fyrr var, ok höfum vèr setit or hendi oss sigr þenna; en at höfum vèr nokkut hafzt Norðmenn: skip vor öll höfum vèr flutt

upp eptir móðunnī, ok á herklæði, munu vēr þáingat fara með voru liði, ok koma á bak á þeim, en tjöldin skulu standa auð eptir; en þær skjótið á fylking sem hvatligast með yðru liði. Nú var svá gert, ok var blásinn herblástr, ok merki uppsett, ok skipuðu hvorirtveggju til orrostu. Gengu nú saman fylkingar, ok tekst þar hin snarpasta sókn, ok var brátt mikit mannfall. Þeir Eymundr konúngr ok Ragnar veittu þeim Burisleifi konúngi hart áhlaup, ok komu honum í opna skjöldu, varð þar hin snarpasta orrosta, ok mikit manntjón; ok eptir þat raufst fylking Burisleifs konúngs, ok tók lið hans at flýja, en Eymundr konúngr gekk í gegnum lið hans, ok feldi svá margan mann, at langt er at skrá nöfn þeirra allra; ok nú brestr flótti í liðinu, svá at ekki varð viðnám, ok flýja á merkr ok skóga, þeir er undan komust, ok þágu svá lífit; en í þeirri svipan var þat sagt, at Burisleifr konúngr væri fallinn. Tók Jarisleifr konúngr nú mikit herfáng eptir þenna bardaga. Eigna flestir Eymundi konúngi sigrinn ok Norðmönnum; höfðu (þeir) hér af mikin metnað; ok gekk þat eptir málaefnum, þvíat guð drottinn Jesús Kristus var rétt-dæmr um þetta, sem um allt annat. Fóru þeir nú heim í ríki sitt, ok hafði Jarisleifr konúngr nú bæði ríki sitt ok herfáng þat, er hann fékk í þessi orrostu.

Ráð Eymundar.

6. Eptir um sumarit ok um vetrinn var kyrt ok tðindalaust, ok stýrði Jarisleifr konúngr báðum ríkjunum með ráðum ok umsjá Eymundar konúngs. Voru Norðmenn nú í miklum sóma ok virðing, ok eru nú hlffskjöldr fyrir konúngi at ráðum ok herfángi, en fyrirírórust málagjöldin af konúngi, ok ætlar hann sèr nú minni liðs þörf, er konúngrinn var fallinn, ok þikir nú friðvænligt um allt sitt ríki. Ok er eindagi kom málagjaldsins, þá gekk Eymundr konúngr á fund Jarisleifs konúngs, ok mælti svá: hèr höfum vèr verit, herra! í yðru ríki um hríð; kjósið nú, hvort kaup vort skal standa lengr, eðr viltu nú at skilli með oss vort fèlag, ok leitum vèr annars höfðingja, þvíat tregt hefir fèð útgreizt? Konúngr svarar: ek ætla nú eigi jafnmikla nauðsýn tilbera, sem fyrr til yðvars liðsinnis; verðr oss þat mikil fjárauðn, at gefa yðr svá mikinn mála, sem þèr kveðið á. Svá er, herra! segir Eymundr konúngr, þvíat nú skal greiða eyri gulls hvörjum manni, enn hálfu mörk gulls hvörjum skipstjórnarmanni. Konúngr mælti: þá kýs ek laust kaup vort. Þat skal á þínu valdi, segir Eymundr konúngr; en viti þèr víst, at Burisleifr er dauðr. Þat hygg ek satt vera, segir konúngr. Eymundr spurði: vegliga mun leiði hans búit, eðr hvar er gröftr hans? Konúngr svarar: eigi vitum vèr þat glögt. Eymundr

mælti: Þat byrjar, herra! yðvarri tign at vita um jafngöfgan bróður yðvarn, hvar leg hans er; en hitt grunar mik, at liðsmenn yðrir muni vilhallt sagt hafa, ok eigi viti þèr enn sannindi þessa máls. Hvat viti þèr sannara af at segja, þat at vèr megim því heldr trúá? Eymundr svarar: svá er mèr sagt, at Burisleifr konúngr lifi í Bjarmalandi í vetr; ok þat höfum vèr spurt með sannindum, at hann eflir her á hendr þèr með miklu fjölmenni, ok mun þetta vera sannara. Konúngr mælti: nær mun hann hèr koma í vort ríki? Eymundr svarar: svá er mèr sagt, at hann muni hèr koma á þriggja vikna fresti. Ok nú vill Jarisleifr konúngr eigi missa þeirra liðsinnis; kaupa þeir nú enn saman um 12 mánuði. Þá spurði konúngr: hvat liggr nú fyrir? hvort skulu vèr liði safna, ok berjast við þá? Eymundr svarar: þat er mitt ráð, ef þèr villð halda Garðaríki fyrir Burisleifi konúngi. Jarisleifr spurr: hvort skal hingat stefna liðinu, eðr í móti þeim? Eymundr svarar: hingat skal öllu stefna því sem má komast til borgarinnar; ok er liðit kemr, þá munu vèr enn leggja til nokkur ráð, þau er oss þikja vænst at dugi.

Bardagi þeirra bræðra.

7. Þessu næst lætr Jarisleifr konúngr senda herboð um allt sitt ríki, ok kemr nú til hans mikill bóndaherr. Eptir þetta sendir Eymundr konúngr menn sína á mörkina,

ok lætr fella við, ok færa heim at borginni, ok setja upp á borgar armana; hann lætr snúa liminu hvers trës út af borginni, at eigi mæt i skjóta upp í borgina. Mikit diki lét hann ok grafa fyrir utan borgina, ok færa brott moldina, ok veita vatni í eptir; síðan lét hann leggja ofan yfir við, ok búa svá um, at ekki mætti á sjá, ok sem heil væri jörðin. En er þessi sýslu var lokit, þá spurðu þeir til Burisleifs konúngs, at hann var kominn í Garðaríki, ok stefndi þángat til borgarinnar, sem þeir voru fyrir konúngarnir. Þeir Eymundr konúngr höfðu ok búa látit sterkliga um tvö borgarhlið, ok ætluðu þar at verja, ok svá til brottgaungu, ef þyrfti. Ok um kveldit, þá er hersins var von um morgininn eptir, bað Eymundr konúngr konur gánga út á borgararmana, með alla dýrgripi sína, ok búast um, sem bezt kynni þær, ok festa digra gullhrínga upp á stánger, at þeim mætti sem mest um finnast. Væntir ek, segir hann, at þeir Bjarmar munu gjarnir til gersimanna; munu þeir ríða hvatt ok úvarliga at borginni, er sólin skín á gullit ok á guðvesfina hina gullofnu. Nú var svá gert, sem hann sagði fyrir. Burisleifr kemr nú at borginni með her sinn or mörkinni fram; ok sjá þeir nú fegurð til borgarinnar, ok hyggja nú gott til, at engi njósn munu fyrir þeim hafa farit. Ríða nú at hart ok hermannliga, ok fá eigi

tilgætt; fellr fjöldi manns í dikit, ok farast þar; en Burisleifr konúgr var síðar í fylkingu, ok verðr hann nú var við þessar ófarar. Hann mælti svâ: vera má, at eigi verði hér jafn auðsótt sem vèr hugðum til; ok eru þeir ráðagerðamenn miklir Norðmennirnir. Hyggr hann nú at, hvar bezt mun at at sækja; ok var nú í brottu öll fegurðin, sú er sýnd var; sèr hann nú, at öll borgarhlíð eru aprlökin, nema tvö ein, ok er þar ekki auðvelligt inn at komast, þvíat skortir eigi stóran viðbúning ok fjölmenni; þvínæst var slegit upp herópi, ok eru borgarmenn búnir til bardaga; við sitt borgarhlíð var hvorr þeirra konunganna, Jarisleifr ok Eymundr. Tókst nú harðr bardagi, ok féll mart fólk af hvorumtveggjum. Þar var nú svâ mikil atsókn, er fyrir var Jarisleifr konúgr, at þar var uppganga veitt í því borgarhlíði, er hann varði, en konúgr varð særðr á fæti mjök; varð þar mikit mannsPELL, áðr enn sótt var borgarhlíðit. Þá mælti Eymundr konúgr: nú ferr í óvænt efni, er konúgr vor er sár vorðinn, en þeir hafa drepit marga menn fyrir oss, ok komast nú upp í borgina; gjör nú, hvort er þú vill, Ragnar! segir hann, ver þetta borgarhlíð, eðr far til með konúngi vorum ok veit honum lið. Ragnar svarar: hér mun ek viðhafast, en þú far til konúngs, þvíat þar mun ráða við þurfa. Fór Eymundr nú þangat með mikit lið, ok

sá at Bjarmar voru nú komnir inn í borgina. Hann veitti þeim þegar mikit slag ok illt; drápu þeir þegar mikit lið af Burisleifi konúngi; sækir Eymundr konúngr at fast með miklu kappi, ok eggjar mjök sína menn; ok eigi hefir verit harðari sókn jafnlöng enn þessi; ok nú flýja Bjarmar or borginni, allir þeir er upp stóðu. Ok nú flýr Burisleifr konúngr með miklu manntjóni; en Eymundr konúngr ok hans menn reka flóttann til skógar, ok drápu merkismann konúngs; ok er nú enn þat sagt, at konúngrinn muní fallinn vera. Ok er nú miklum sigri at hrósa; hefir Eymundr konúngr nú framat sik mjök í þessi orrostu. Ok er nú kyrt at sinni; sitja þeir nú í miklum sóma með konúngi, ok virðast þeir hverjum manni vel innan lands; en málagjöldin verða enn sein af konúngi ok torsótt, svá at þau greiddust ekki eptir skildögum.

Frá Eymundi.

8. Svá bar til enn einhvern tíma, at Eymundr konúngr talar til konúngs, at hann skuli greiða af hendi mála þeirra, svá sem ríkum konúngi sómdi; kveðst ok hyggja, at þeir hafi honum meira fê í hendr uunit, enn málinn átti at vera: ok köllum vèr þetta yðvart missýni; ok eigi munu þèr nú þurfa vors gengis eðr liðsinnis? Konúngr mælti: vera kann nú þó, at vel hlýði, þó at þèr

gefið eigi yðvart fulltíng til; ok hafi þér þó oss mikit lið veitt; en þat er mæð sagt, at lið yðvart sè vant at öllum hlutum. Eymundr svarar: hvat er nú undir því, herra! er þér skulið einir um allt dæma; þikjast nú ok margir mínir menn mikils mist hafa, sumir fóta eðr handa, eðr nokkurra lima, eðr fengit skaða á hervopnum sínum; ok verðr mikill kostnaðr vor; ok enn máttu þat bæta; ok kjós oss nú annathvort, til eðr frá! Konúngr mælti: eigi kýs ek yðr í brott; en ekki gefum vèr yðr jafnmikit fè, þegar vèr vitum eigi von ófriðarins. Eymundr svarar: fè þurfum vèr, ok eigi vilja mínir menn vinna til matar eins; ok heldr munu vèr fara í annarra konúnga ríki, ok leita þar eptir vorri sæmð; en líkligt er þat, at eigi muni nú gerast úfriðr hèr í landi! eðr veiztu nú víst, at konúngrinn er drepinn? Þat hyggjum vèr satt, segir konúngr, fyrir því at vèr höfum merki hans. Eymundr spyr: veiztu nú þá gröft hans? Nei! segir konúngr. Eymundr mælti: þat er óvitrligt at vita þat eigi. Konúngr svarar: hvat veiztu þat gjörr enn aðrir menn, þeir er sannan vísdom bera á þetta. Eymundr svarar: minna þótti honum at láta merkit enn lífit; ok hygg ek hann undan komizt hafa, ok verit í Tyrklandi í vetr, ok ætlar enn at herja á hendr yðr, ok hefir hann með sèr óflýjanda her, ok eru þat Tyrkir ok Blökumenn, ok mörg önnur

ill þjóð; ok þat hefi ek heyrt, at þat sè líkliga, at hann gáangi af kristninni, ok hann ætlar at skipa þessi hinni illu þjóð ríkin, ef hann fær unnit Garðaríki undan yðr; en ef svá verðr, sem hann ætlar, þá er þat vænst, at alla yðra frændr reki hann or landi með svívirðingu. Konúngr spyr: hversu skjótt man hann hèr koma með þat hit illa lið? Eymundr svarar: á hálfis mánaðar fresti. Hvat er nú til ráðs? sagði konúngr, þvíat nú megum vèr eigi missa yðvarrar forsjó. Ragnar sagði, at hann vildi, at þeir færi þá í brott, ok bað konúng hafa sín ráð. Eymundr mælti: ámælis aflar þat, ef vèr skiljumst svá við konúng, í þvílíkum háska, þvíat konúngr var þá í friði, er vèr komum til hans; nú vil ek eigi svá við hann skilja, at hann sitl eigi í friði eptir, ok munum vèr enn heldr kaupa við hann þessa 12 mánuði, ok bæti hann mála vorn, sem skilit var með oss. Er nú at hyggja at ráðagerðum, hvort liði skal safna; eðr vill þèr, herra! at vèr verjum einir landit, Norðmenn, en þú sitr kyrr hjá vorum viðskiptum, ok takir þá til liðs þíns, er vèr erum yfirkomnir. Þat vil ek, segir konúngr. Eymundr mælti: ger eigi svá bráðlitit á þetta, herra! Hinn er til annar, at halda saman herliðinu, ok þat lízt mér sómasamligra, ok eigi skulum vèr fyrstir renna Norðmenn; en (þat) veit ek, at margr mun nú þess albuinn verða, þeir sem fyrir spjótsoddum eru hafðir, en hitt

veit ek eigi, hversu þeir munu í rauninni gefast, sem nú eggja þessa mest; en hversu skal þat vera, herra! ef vèr komumst í færi við konúnginn, hvort skulum vèr drepa konúnginn, eðr eigi? Þvíat aldri verðr endir á þessum ófriði, meðan þið lifið báðir. Konúngr svarar: eigi man ek hvorttveggja gera, at eggja menn til bardaga við Burisleif konúng, enda gefa sök á, at hann er drepinn. Nú fara hvorir heim til hallarsinnar, ok létu ekki safna liði ok öngan viðrbúníng veittu þeir, ok þetta þikir öllum mönnum undarligt, er nú er sízt viðbúizt, er mest ógn ferr at hendi. Ok litlu síðar frétta þeir til Burisleifs konúngs, at hann var kominn í Garðaríki með mikinn her, ok marga illa þjóð. Svá lét Eymundr konúngr, sem hann vissi eigi, hvat um var, ok hann hefði ekki spurt. Margir menn mæltu þat, at hann mundi eigi þora at berjast við Burisleif.

Eymundr drap Burislafr konúng.

9. Einn morgun árla kveðr Eymundr með sèr Ragnar, frænda sinn, ok tíu menn aðra. Hann lét söðla þeim hesta. Riða nú 12 saman út af borginni, en eigi fleiri, en allt lið annat var eptir. Björn hét íslenzkr maðr, er fór með þeim, ok Garða-Ketill, ok Askell hét maðr, ok Þórðar tveir. Þeir Eymundr höfðu með sèr lausan hest, ok voru þar á herklæði þeirra ok vist. Nú ríða þeir allir í brott í kaupmannsgerfi, ok vissu menn eigi, hvat er undír bjó

Þessi ferð, eðr hvat þeir mundu fyrir ætlast í brögðum. Þeir ríða nú í skóg einn, ok fara allan þann dag, þar til er kom at nótt; þá koma þeir or skóginum fram, ok at einni mikilli eik; þar var hjá völlr fagr ok víða slètr. Þá mælti Eymundr konúngr: hèr munum vèr stað nema, þat hefi ek spurt, at Burisleifr konúngr mun hèr náttstað hafa ok tjaldstað í nátt. Þeir gánga nú umhverfis trèð, ok með rjóðr-inu, ok hugðu at, hvar beztr mundi vera tjaldstaðrinn. Þá mælti Eymundr konúngr: hèr mun Burisleifr konúngr láta setja herbúðir sínar; mèr er sagt, at hann tjaldi jafnan nær skógi, ef því má viðkoma, ok eiga þar þá undanbragð, ef hann þarf til at taka. Eymundr konúngr tók þá einn' streng eðr kaçal, ok bað þá gánga í rjóðrit hèr at þessu trènu; hann mælti, at einnhverr maðr skyldi fara upp í limarnar, ok bera þar á strenginn; ok svá var gert. Síðan sveigðu þeir trèð, allt til þess er limarnar voru komnar allt at jörðu niðr, ok undu svá trèð allt at rótinni. Þá mælti Eymundr konúngr: þetta líkar mèr nú vel, ok má oss þetta koma at góðu gagni. Eptir þat bera þeir strenginn, ok festa endana; ok er lokit var þessu starfi, þá var miðraptan. Nú heyra þeir til liðs konúngsins, hvar þat fór; gánga þeir nú í skóginn til hesta sinna; þeir sjá nú lið mikit ok einn dýrligan vagn, ok fylgja þar margir menn, ok þar var merki fyrir bor-

it. Þeir snúa at skóginum ok í rjóðrit, ok at þáingat, er beztr var tjaldstaðrinn, sem Eymundr konúngr gat til; reisa þeir þar landtjaldit, ok svá allt herliðit út í frá með skóginum. Gekk því allt til myrkr. Konúngs tjaldit var harðla dýrlegt ok vel gert; þar voru fjórar stúkur af, ok staung mikil upp or, ok knappr á or gulli ok veðrviti með. Þeir sá öll tíðindi or skóginum til herliðsins, ok létu hljótt yfir sér. Ok er myrkt var orðit, þá voru log kveikt í tjöldunum, ok vita þeir, at nú mun til matar búist í tjöldunum. Þá mælti Eymundr konúngr: vèr höfum litlar vistir, ok hæfir oss þat eigi, ok man ek ráða til búðarvarðar, ok fara til herbúða þeirra. Eymundr tekr nú stafkarls búning, bindr sér geitarskegg, ok gengr við tvo stafi; hann ferr í konúngstjaldit, ok biðr sér matar, ok gengr fyrir hvern mann; hann fór ok í hin næstu tjöld, ok varð gott til fengjar, ok þakkaði vel góðan beina; ferr hann nú í brott frá tjöldunum, ok skortir nú eigi vistir. En er menn höfðu drukkit ok etit, sem menn vildu, þá var hljótt eptir þat. Eymundr konúngr skipti nú liðinu sínu í tvo stadi; lét vera eptir 6 menn í mörkinni, at gæta hesta sinna, ok láta búna vera, ef skjótt skal tiltaka. Nú ganga þeir Eymundr í rjóðrit 6 saman til herbúðanna, ok láta sem ekki sè at vandræðum. Þá mælti

Eymundr: Rögnvaldr¹ og Björn, ok þeir hin-
ir íslenzku menn skulu gánga til træsins, þar
sem vèr höfum þat niðrsveigt. Hann selr
sína bolöxi í hendr hverjum þeirra: þèr eruð
menn stórhöggir, ok neytið nú vel þess í þörf.
Þeir gánga þá þar til sem limarnar voru niðr-
sveigðar. Ok enn mælti Eymundr konúgr:
hèr skal hinn þriðl maðr standa á leiðinni til
rjóðrsins; sá skal ekki gera, nema hafa streng-
inn í hendi sèr, ok láta gánga sem vèr heimt-
um, en vèr höfum annan enda, ok er vèr
höfum umbúizt, sem vèr viljum, þá skal sá
drepa öxarskapti á snærit, er ek hefi tilætlat;
en sá skal vita, er á strenginum heldr, hvort
hann skelfr af því, er vèr hrærum hann, eðr
af högginu. Ok þá er vèr höfum gert þessa bend-
ing, er fram skal koma, ok oss liggv við, ef
hamngjan veitir oss, þá skal sá segja, er streng-
inn hefir, ok skal þá höggva limar træsins, ok
mun þat þá hart ok skjótt uppspreita. Nú
gera þeir, sem þeim var fyrirsagt. Björn ferr
með þeim Eymundi konúngi ok Ragnari, ok
gánga nú at tjaldinu ok gera rúmsnöru á
strenginn ok hafa við spjótsköptin, ok færa á
veðrvitann, er upp var af stönginni á landtjaldi
konúngsins, ok rann hún upp at knappinum,
ok var kyrt at farit; en menn svöfu fast í
öllum tjöldum, er þeir voru farmóðir ok mjök

¹) áðr kallaðr Ragnar, en nöfn þessi brúkast fímist um
hann eins og um afa hans.

drukknir. En er þetta var gert, þá heimta þeir endana, ok stytta svá strenginn, ok gera ráð sín. Gengr Eymundr konúgr nú nærr tjaldi konúgsins, ok vill vera eigi fjarri, er kipt er tjaldinu. Er nú drepit á snærit, ok kennir þá þess, sá (er) á hêlt, at skalf strenginn; segir sá þeim, er höggva skulu. Nú höggva þeir trêð, ok sprettr þat hart ok hátt upp, ok kippir upp öllu landtjaldi konúgsins, ok lángt á skóg á burt; login sloknuðu öll í því. Eymundr konúgr hafði glögt mið-at á um kveldit, hvar konúgrinn hvíldi í tjaldinu; snýr hann nú þángat, ok veitir konúginum bráðan bana, ok svá mörgum öðrum. Hann hefir nú með sér höfuð Burisleifs konúgs; hleypr hann nú í skóginn, ok menn hans, ok verða eigi fundnir. Þeir verða nú óttafullir, er eptir eru af mönnum Burisleifs konúgs, af þessum tíðindum hinum miklum; en þeir Eymundr konúgr ríða nú í brott, þar til er þeir koma nú heim snemma morgins, ok ferr nú á fund Jarisleifs konúgs, ok segir honum sannliga fall Burisleifs konúgs: ok lít nú á, herra! á höfuðit, ef þèr megið kenna. Konúgr roðnar, er hann sá höfuðit. Eymundr mælti: þessu völdu vèr Norðmenn hinu mikla þrekvirki, herra! ok búttu nú til grafrar líkama bróður yðvars vel ok sæmiliga. Jarisleifr konúgr svarar: bráðráðin tíðindi hafi

Þær gert ok oss nálæg, en þær skuluð gröft hans búa; eðr hvert ráð munu þeir taka nú, er honum hafa fylgt? Eymundr svarar: Þess get ek, at þeir eigi þíng, ok mun hverr þeirra annan gruna um þetta verk; þvíat þeir urðu ekki við oss varir; ok munu þeir skiljast með sundrþykki, ok mun engi öðrum trúa, ok fara saman sveitum; ok þess væntir mik, at fátt af þeirra mönnum veiti umbúníng konúngi sínum. Nú fara Norðmenn or borginni, ok ríða hinn sama veg um mörkina, ok þar til er þeir koma til herbúðanna; ok gekk eptir því, sem Eymundr konúngr gat til, at lið Burisleifs konúngs var allt í þrottu, ok skildist með sundrþykki. Ferr Eymundr konúngr nú í rjóðrit, ok lá þar lík konúngsins, ok öngvir menn hjá. Búa þeir nú um lík hans, ok setja þeir nú höfuðit við bolinn; ok fóru heim með. Var hans gröftr þá á margra manna vitorði. Gekk nú allt landsfólk á hönd Jarisleifi konúngi með svörðum eiðum, ok er hann nú konúngr yfir því ríki, sem þeir höfðu áðr báðir haft.

Eymundr fór frá Jarislafi ok til bróður hans.

10. Nú líðr sumarit ok vetrinn, ok verðr ekki til tíðinda; ok verðr enn ekki greiddr málinn. Þat var ok fyrir konúnginum tjáð af sumum mönnum, at mikils var at minnast um bróðurdrápit, ok sögðu svà, at þeir þættist nú konúngi æðri vera Norðmennirnir. Ok nú kemr sá dagr, er málinn skyldi greiðast;

Þá gánga þeir til konúngs herbergja. Hann fagnar þeim vel, ok spyr hvat þeir vilja svá snemma morgins. Eymundr konúngr svarar: þat kann vera, herra! at þèr þurfið ekki vors liðs lengr, ok greiði þèr nú vel af hendi þann mála, er vèr eigum at hafa. Konúngr mælti: mikit hefir afgerzt yðvarri hegatkvomu. Satt er þat, herra! segir Eymundr, þvíat fyrir laungu værir þú af ríki rekinn, ef eigi nytir þú vor við; en um fráfall bróður þíns er nú, sem þá er þú gaft þat kvitt. Konúngr mælti: hvert ráð taki þèr nú upp? Eymundr svarar: hvert mundir þú sízt vilja? eigi veit ek þat, segir konúngr. Eymundr svarar: ek veit þó gerla: sízt vildir þú, at vèr færir til Varnlafs konúngs, bróður þíns, en vèr munum nú þó þángat fara, ok veita honum allt þat, er vèr megum; ok sit nú heill, herra! Gánga þeir nú út skjótt, ok til skipa sinna, er þá voru albúin. Jarisleifr konúngr mælti: skjótt fóru þeir nú í brott, ok eigi at vorum vilja. Drottning svarar: svá mun fara, ef þið Eymundr konúngr eigið ráðum at skipta, at hann mun verða yðr þúngr í skauti. Konúngr mælti: þat væri gott ráð, ef þeir yrði afráðnir. Drottning svarar: fyrr mun hitt at hendi koma, at þèr munuð fá af þeim nokkura sneipu. Síðan fór hún til skipa, ok Rögnvaldr jarl Úlfsson við nokkura menn, þar er þeir Eymundr lágu við

land; ok var þeim sagt, at drottning vill finna Eymund. Konúgr mælti: trúum henni ekki, þvíat hún er konúgi vitrari, en eigi vil ek varna henni viðtals. Þá vil ek fylgja þér, segir Ragnar. Nei, segir Eymundr, ekki er þetta úfriðarför, enda er ekki ofrefli liðs tilkomit. Eymundr hafði tuglamöttul¹⁾ ok sverð í hendi, þau settust niðr á bakka einum, þar sem leira var undir niðri, þau settust nær honum dróttning ok Rögnvaldr jarl, ok nálíga á klæði hans. Drottning mælti: þat er illa, er þið konúgr skuluð svá skilja; vilda ek gjarna blut í eiga, at betr færi með ykk enn verr. Þá hafði hvorki þeirra hendr sínar kyrrar; hann leysti möttulbönd sín, en hún dró af sér glófan, ok brá upp yfir höfuð sér. Hann sér nú at eigi er svikalaust; ok þat var raunar, at hún hafði sett menn til at drepa hann, ok hafa þat at marki, er hún brygði upp glófanum, ok þegar hlaupa þeir menn fram. Eymundr sá þá, fyrri enn þeir komu at honum; sprettr hann þá upp skjótt, ok fyrr enn þeir hugðu, varð möttullinn eptir; áttu þeir hans þá ekki kosti. Ragnar sá þetta, ok hljóp á land af skipunum, ok svá hverr at öðrum, ok vildu drepa menn drottningar; en Eymundr kvað eigi skyldu svá vera. Hrundu þeir þeim ofan fyrir leirbakkann, ok höfðu á þeim hendr. Ragnar mælti: nú munum vér eigi meta við þik, Eymund! ráðin; skulu vér

¹⁾ þannig.

nú flytja þau í burt með oss. Eymundr svarar: eigi byrjar oss þat, ok skulu þau heim fara í friði, þvíat eigi vil ek svá slíta vináttu við drottningu. Ferr hún nú heim, ok eigi eyrindi fegin; en þeir sigla í burt, ok lètta eigi fyrr enn þeir koma í ríki Varnlafs konúngs, ok sækja á hans fund; en hann tekr við þeim vel, ok spurði þá tíðinda; en Eymundr sagði allt sem gengit hafði, bæði upphaf ok skilnað þeirra Jarisleifs konúngs. Hvat ætlizt þèr nú fyrir? segir konúngr. Eymundr svarar: því hèt ek Jarisleifi konúngi, at vèr mundum hingat leita til yðvar, þvíat mik grunar, at hann muní mánka vilja ríki þitt, sem bróðir hans gerði við hann; ok sjái þèr nú ráð yðvart, herra! hvort þèr kjósið oss til yðvar eðr frá, eðr hvort þú þikist nokkut þurfa vors gengis. Já, segir konúngr, fúsir værum vèr til yðvars fylgis, eðr til hvers mælit þèr? Eymundr svarar: hinn sama kost viljum vèr hafa, sem vèr höfðum með bróður þínum. Konúngr mælti: gef mèr stund til at ráðast um við mína menn, þvíat þeir leggja lèð fram, þó at ek greiða af hendi. Þessu játar Eymundr konúngr. Varnlafr konúngr stefnir þing við menn sína, ok segir þeim, hvör frètt komin var af Jarisleifi konúngi, bróður hans, at hann sitr um ríki hans; ok segir, at Eymundr konúngr er þar kominn ok býðr þeim sitt traust ok forstöðu. Þeir fýsa konúng mjök at taka við þeim; ok við þetta kaupa þeir saman, ok skilr konúngr sèr ráðagerðar hans, þvíat ek er

minni ráðagerðamaðr enn Jarisleifr konúngr, bróðir minn, ok varð yðvar þó í milli gengit; viljum vèr opt eiga ræður við yðr, enn gjalda yðr allt eptir skildögum. Nú eru þeir þar í miklum sóma ok góðu yfirlæti af konúngi.

Sætt þeirra bræðra Jarisleifs ok Varnlafs.

11. Sá atburðr varð at sendimenn komu frá Jarisleifi konúngi, at beiða þorpa ok borga, er lágu við ríki hans af Varnlafi konúngi. Hann berr nú upp þetta fyrir Eymundi konúngi; en hann svarar svá: þèr eigið þessa ráð, herra! Konúngr mælti: nú er til þess at taka, er skilit var, at þèr leggið ráðin til með oss. Eymundr svarar: svá lízt mèr, herra! sem vera muni fángs von at frekum úlfi; heimt man brátt hit meira, ef þetta er tillátit; ok fari sendimenn aptr í friði, segir hann, sjá munu þau þikjast vor ráð; eðr hversu lengi þarftu liði at safna? Hálfan mánuð, segir konúngr. Eymundr mælti: kveð nú á, herra! hvar þèr skuluð finnast til orrostu, ok seg sendimönnum, at þeir megi segja konúngi sínum; ok var nú svá gert, ok fara sendimenn heim. Býst nú hvortveggi herinn til orrostu, ok koma saman í ákveðnum stað at landamæri; setja þeir nú herbúðir sínar, ok eru þar nokkurar nætr. Varnlafs konúngr mælti: hvat skulum vèr hèr sitja til einskis? höfum eigi sigrinn or hendi oss! Eymundr mælti: lát mik fyrir ráða, þvát frest eru ills bezt, ok er eigi enn komin íngigerðr

drottning, er ráð hefir fyrir þeim öll, þó at konúgr sè foringi liðs þeirra; ok skal ek nú vörð halda, herra! Konúgr svarar: svá sem þèr villð. Þeir sitja nú þar 7 nætr með herinn. Ok eina nótt var veðr illt ok myrkt mjök, þá hvarf Eymundr konúgr frá liði sínu ok Ragnar; þeir fóru í skóg ok á bak herbúðum Jarisleifs konúgs, ok setjast niðr hjá götu einni. Þá mælti Eymundr konúgr: þessi gata mun vera riðin af mönnum Jarisleifs konúgs, ok ef ek vilda leynast, þá munða ek nú fara, ok verum nú hèr fyrst; ok er þeir höfðu setit um stund, þá mælti Eymundr konúgr: óvitrliga sitjum vèr. Þvínæst heyra þeir, at riðit var, ok svá þat, at kona var í ferðinni; urðu þeir þess varir, at maðr reið fyrir konunni, enn annar fór síðar. Þá mælti Eymundr konúgr: þar mun drottning fara, ok skipumst vèr nú tveim megin götunnar; ok er þeir koma at oss, þá særi þèr hestinu undir henni, en þú, Ragnar! tak við henni. Ok er þessir ríða fram hjá, finna þeir eigi fyrr enn hestrinn fèll niðr dauðr, enn drottning öll í brottu. Annar segir, at hann sá svipinn mannsins, er stökk yfir götuna, ok þorðu eigi at hitta konúginn, þvíat þeir vissu eigi, hvört þessu olli menn eðr tröll; leyndust nú heim at fara, ok gera eigi vart við sik. Drottning mælti við þá fóstbræðr: seint létti þèr Norðmenn svívirðing við mik. Eymundr mælti: vel skulu vèr við

yðr gera, drottning! en eigi veit ek, hvort þú kyssir nú fyrst konúnginn at sinni. Fara þeir nú til herbúða Varnlafs konúgs, ok segja honum, at drottning er þar komin; hann fagnar því, ok vakir sjálf yfir henni. En um morguninn biðr hún Eymund konúng koma til sín, ok er þau hittust, þá mælti drottning: þat er bezt ráð, at vèr sættumst, ok vil ek bjóðast til at gera á milli yðvar; vil ek því lýsa áðr, at ek mun Jarisleif konúng mest meta. Eymundr konúgr svarar: konúgr á hèr vald yfir. Drottning svarar: þín ráð munu þó mest höfð. Eptir þat hittir Eymundr Varnlavum konúng, ok spyrr, ef hann vill at drottning geri þeirra á milli. Konúgr svarar: eigi kalla ek þat ráðligt, er hún hefir þó því heitit at mínka vorn hlut. Eymundr mælti: muntu una því, at hafa þat, er þú hefir áðr? Já! segir konúgr. Eymundr mælti: ekki kalla ek þat gerð, ef eigi er aukinn þinn hlutr, þvíat jafnt áttu at taka arf eptir bróður þinn sem hann. Konúgr svarar: þess ertu fúsari at ek kjósa hennar gerð á, ok sè þat þá. Eymundr konúgr segir nú drottningu, at því er játat, at hún skal gera sætt milli konúganna. Þat mun þá þín ráð, segir hún, ok muntu sjá, á hverjum minnst mein eru, eðr hver gerð vera skal. Eymundr konúgr mælti: ekki latta ek, at yðvar sómi væri gerr. Þá var blásit til móts, ok sagt at Íngigerðr drottning vill tala við

konúnga ok liðsmenn þeirra; ok er liðit kom saman, þá sjá menn, at Íngigerðr drottning er í flokki þeirra Eymundar konúngs ok Norðmanna. Er nú boðit af hendi Varnlafs konúngs, at drottning skuli gera. Hún segir Jarisleifi konúngi, at hann skal hafa hinn æzta hlut Garðaríkis, en þat er Hólmgarð; en Varnlafr skal hafa Kænugarð; þat er annat bezt ríki með sköttum ok skyldum; þat er hálfu meira ríki, enn hann hefir áðr haft; enn Pallteskju, ok þat ríki, er þar liggr til, skal hafa Eymundr konúngr, ok vera þar konúngr yfir, ok hafa allar landskyldir úskerðar, þær er þar liggja til: Þvíat vèr viljum hann eigi í brott or Garðaríki. Ef Eymundr konúngr á erfingja eptir sik, þá sè þeir erfingjar eptir hann at því ríki; en ef hann á öngan son eptir sik, þá skal hverfa aptr til þeirra bræðra. Eymundr konúngr skal ok hafa landvörn fyrir þeim bræðrum ok öllu Garðaríki, en þeir skulu efla hann at liði ok sínum styrk. Jarisleifr konúngr skal vera yfir í Garðaríki. Rögnvaldr jarl skal hafa Aldeigjuborg, eptir því sem hann hefir áðr haft. Var þessi sætt ok ríkjaskipti samþykkt ok staðfest af öllum landslýð. Skyldu þau Eymundr konúngr ok Íngigerðr drottning gera um öll vandamál. Fór nú hverr heim til síns ríkis. Varnlafr konúngr lifði eigi lengr enn 3 vetr; tók hann þá sótt ok andaðist, ok var hinn vinsælasti konúngr. Eptir hann tók ríki Jarisleifr konúngr,

ok stýrði nú einn báðum ríkjunum. En Eymundr konúgr ræð fyrir sínu ríki, ok varð eigi gamall. Hann andaðist erfíngjalaus, ok varð sótt dauðr, ok þótti þat hinn mesti mannskaði öllu landsfólki, þvíat eigi hefir verit meiri spekingr útlendr í Garðaríki enn Eymundr konúgr; en eigi varð herskátt í Garðaríki, meðan hann hafði landvörn fyrir Jarisleif konúng. En í sótt Eymundar konúngs, þá gaf hann ríki sitt Ragnari, fóstbróður sínum, þvíat hann unni honum bezt at njóta; var þat í leyfi Jarisleifs konúngs ok Íngigerðar drottningar. Rögnvaldr Úlfsson var jarl yfir Aldægjuborg; þau voru systrabörn ok Íngigerðr drottning. Hann var höfðingi mikill, ok var skattgildr undir Jarisleif konúng, ok varð gamall. Ok þá er hinn heilagi Ólafr Haraldsson var í Garðaríki, þá var hann með Rögnvaldi Úlfssyni, ok var þeirra vinátta hin mesta, þvíat allir göfgir menn virðu Ólaf konúng mikils, meðan hann var þar, en þó aungir meira enn þau Rögnvaldr jarl ok Íngigerðr drottning; þvíat hvort þeirra unni öðru með leyndri ást.

D.
Þátr
T Ó k a T Ó k a s o n a r'.

Í þann tíma er Ólafr konúgr sat í Sarpsborg, bar þat til einn tíma at mikill maðr ok ókunnr gekk fyrir konúnginn, ok kvaddi hann, en konúgr tók honum vel, ok spurði hann at nafni, en hann nefndist Tóki, ok kveðst vera Tókason, Tóka sonar hins gamla; hann beiddi konúnginn at vera með hirðinni nokkurt skeið; konúgr veitti honum þat, ok skipaði honum sæmiligt sæti. Tóki var fáskiptinn, ok drakk löngum lítit, hann var liðugr ok viðfellinn, ok þokkaðist hverjum manni vel. Þat fann konúgr at Tóki var bæði fróðr ok fréttinn, leysti hann ok or öllu vel ok vitrliga; þótti konúgi hin mesta skemtan at ræðum hans. Þat sá menn at Tóki var gamall maðr, en þó sá þeir at hann hafði verit afburðarmaðr at vexti ok vænleika. Þat var einn dag, er konúgr talaði við Tóka, ok spurði, hversu gamall maðr Tóki væri. Hann sagðist þat ógerla vita; en hitt veit ek, at mēr var aldr skapaðr, at ek skylda lifa tvo mannsaldra, ok þiki mēr von at þeir sè brátt endaðir, at því sem flestra manna aldrar gerast. Konúgr mælti: muna muntu þá Hálf

1) Hér hefr upp hinn níunda (þátt) Olafs sögu Haraldssonar: þannig er fyrisögnin í F.

konúng ok rekka hans eðr Hrólfr kraka ok kapp hans? Tóki svarar: man ek þá hvoratveggju, þvíat ek var með þeim báðum. Konúngr spurði: hvorir þóttu þèr þar frægri? Tóki svarar: þat skulu þèr dæma, herra! en ek skal segja yðr þartil einn æfintýr; þá var ek sem ernastr maðr, ok fór ek landa á milli, ok hafða ek sveit manna valda með mèr, eptir því sem mèr þótti standa, ok við mitt hæfi vera, þvíat ek þótti þá þeim framfylgja, er í fræknara lagi voru; var þat ok satt, at mèr þótti þá fátt úfært; fór ek þá víða um lönd, ok vilda ek reyna örleik höfðingja ok frægðir kapp þeirra; var þat ok lagit á mik með aldrinum, at ek skylda hvergi una lengr enn 12 mánuði, ok vissa ek at þat gekk eptir. Þá spurða ek til Hrólfs kraka, örleika hans ok mildi, frægða ok framaverka, ok hraustleika kapp hans, at þeir voru ólíkir öllum öðrum at affli ok allri atgervi; gerðumst ek fúss at finna þenna konúng ok kapp hans; fór ek þá ok sveitúngar mínir, þartil at ek kom fram í Danmörku á fund Hrólfs konúngs; gekk ek fyrir hann, ok kvadda ek hann; en hann tók mèr vel, ok spurði, hvat manna ek væri? en ek sagða honum; hann spurði mik at eyrindum; en ek sögðumst vilja þiggja at honum vetrvist; en hann kveðst við öngan mann mat spara, ok eigi mundi hann við mik fyrstan eðr sveitúnga mína; ek spurða þá, hvar ek skyldi sitja;

hann bað mik þar sitja, sem ek gæti rutt mér til rúms, ok kippt manni or sæti; ek bað hann hafa þökk fyrir; treysta ek mér þá harðla vel, ræð ek þar þegar á, er sat Böðvar bjarki; konúgr skildi þat til, at þeir skyldu ekki móti brjótast; tók ek þá í hendr Böðvari, ok setta ek fætrnar í fótskemilinn, lét ek síga herðarnar, en ek herða handleggina, treysta ek þá á af öllu afli, en hann sat kyrr, svá at hvergi gat ek honum vikit, en stundum var hann rauðr sem blóð, en stundum bleikr sem bast, eðr blár sem hel, eðr fölr sem nárr, svá at ýmsir þessir litir færdust í hann, svá brá honum við. Síðan tók ek í hendr Hjalta hinum hugprúða, herti sik þar hvorr sem gat, hann ok ek; honum gat ek kippt á framanverðan stökk, en þá gat hann of allt viðrætt, ok settist niðr aptr fyrir mér; gekk þetta nokkura stund, þartil at ek gáfumst upp; tók ek þá til Hvítserks hins hvata, ok treysta ek á, sem ek orkaða, gat ek honum þá framkippt ok svá hverjum at öðrum; fór ek svá í kríngum hallina, ok gekk þaðan af hverr or sínu sæti; síðan sat ek þar, er mér líkaði, ok mínir menn, höfðu vèr allir hin sæmiligustu sæti; var þar hin mesta mikilmenska á öllu, ok þar hefi ek svá verit, at mér hefir bezt þótt at öllum hlutum. En er sumar kom, gekk ek fyrir Hrólfr konúng, ok þakkaði ek honum vetrvistina, ok sagða ek at ek munda þá í brottu

verða; en hann bauð mæð sèr at vera, en ek unda því eigi. Fór ek þá enn víða, ok þartil at ek spurða til Hálfis konúngs ok rekka hans, var mikit afsagt, hvílíkir hreystimenn þeir voru; fór ek þá enn, þartil at ek kom hingat í Noreg, ok á fund Hálfis konúngs, gekk ek fyrir hann, ok kvaddi ek hann; en hann tók mæð harðla vel; en ek beidda hann vetrvistar, en hann kvað mæð þat til reiðu, at sitja þar svo lengi, sem ek vilda verit hafa; ek spurði þá, hvar ek skylda sæti hafa ok mínir menn. Hann bað mik þar sitja, sem ek gæta kippt manni or rúmi með jöfnum skildaga ok Hrólfr kraki gerði. Geng ek þar at, sem sat Útsteinn jarl á aðra hönd konúngi, tók ek í hendr honum, ok ætlaða ek honum or sæti at kippa, herta ek mik þá af öllu megni, ok gat ek ekki atgert. Síðan gekk ek til Innsteins, þá til Hróks hins svarta, þá til Bjarnar, svá til Bárðar, gat ek öngum þeirra framkippt; þannveg fór ek innan um alla hallina, at ek gat þar öngum or sæti kippt; ok þat er yðr sannast at segja, herra! at eigi brá þeir sèr meir við hinn yzti maðr ok hinn minnsti heldr enn Böðvar bjarki. Síðan gekk ek aptr fyrir konúng, ok spurða ek þá, hvar ek skylda sitja, með því at ek gæta hvergi rutt mæð til rúms. Hann sagði þá at ek yrða at sitja skör lægra enn hans menn; fór ek þá til sætis, þar sem mæð var skipat ok mínir menn; skorti þar

öngvan fögnuð, þann sem hafa þurfti, ok þar þótti mér ekki at, nema þat eina, at ek átti þar upp at sjá til annarra manna, en aðrir menn niðr til mín, ella hefði mér þar bezt þótt. Skulu þer nú segja, herra! hvorir frægri voru? Auðsèð er þat, kvað konúngr, at miklu sterkari hafa verit rekkar Hálfis konúngs, en engi þiki mér verit hafa konúngrinn samtíða örvari ok betri at sèr, enn Hrólfr kraki; en hvort ertu skírðr maðr eðr eigi? Tóki svarar: ek er prim-sigudr, en eigi skírðr, sakir þess at ek hef verit ýmist með heiðnum mönnum eðr kristnum, en þó trúi ek á Hvíta-Krist; er ek nú ok þess eyrindis kominn á yðvarn fund, at ek vil skír-ast, ok þann boðskap hafa, sem þer bjóðið, þvíat mér þikir eigi víst, at ek muna þat af betra manni fá mega. Konúngr varð við þat glaðr, er hann vildi skírnr taka ok guði þjóna; var Tóki síðan skírðr af hirðbiskupi Ólafs konúngs, ok andaðist í hvítavoðum.

E.

Þátr

Eindriða ok Erlíngs.

Eindriði Einarsson flutti með sér Sigríði Erlíngsdóttur.

ERLINGR Skjálgsson sat á Jaðri, hann átti Íng-
ibjörgu Tryggvadóttur; þau áttu mörg börn;
Skjálgr hét son þeirra, Loðinn ok Þórir; Sig-
ríðr hét dóttir þeirra, hún var á fóstri í Körmt
á Ögvaldsnesi. Ólafr konúgr skipti um ár-
menning við þann mann, er var fósturfaðir Sig-
ríðar Erlíngsdóttur, ok setti hann þann mann
niðr norðr í Folkrín; Sigríðr fór norðr með
honum, ok var þess þó ófúss, ok undi við illa,
er hún þóttist vera flæmd frá frændum sín-
um. Þá var Eindriði heima með Einari feðr
sínum á Gimsum, hann var þá gerviligastr
úngra manna í Noregi. Eindriði bjó skip sitt
til siglíngar, ok ætlaði suðr í land. Þat var
einn dag, er Sigríðr Erlíngsdóttir var úti stödd,
at hún sá at skip eitt glæsiligt var komit við
eyna, búnir ennisþænir ok svírnir, ok víða
steint fyrir ofan sjóinn, þar sá hún ok með
frítt drengjaval; hún gekk þángat, ok spurði,
hverr fyrirræð skipinu. Eindriði sagði til sín

ok feðr síns. Ek veit gerla, sagði hún, hvern þú ert, eðr viltu veita mér far suðr í land til föður míns? Hann spurði: hvern er faðir þinn? Erlíngr Skjálgsson, segir hún. Eindriði Einarsson var í starfi miklu, at hlæða skip sitt öðruvísi, enn áðr var hlætt, ok gáði hann lítt til, hvat er hún sagði. Þeir hældu þegar frá eyjunni, er þeir voru búnir, en Sigríðr hafði gengit útá skipit, ok ömuðust liðsmenn lítt við hana; en er þeir höfðu umsiglt, ok menn settust í rúm sín, þá mælti Eindriði: hvernar ættar kveðst þú vera, meyja? Hún svarar: ek er dóttir Erlíngs Skjálgssonar. Eindriði mælti: þetta hugsaða ek of síð; eðr hví sagðir þú þetta svá síð? Hún svarar: ef þú ert trauðr at taka við mér, þá mundi þèr því fyrr fara, sem ek hefða þèr fyrr sagt. Eindriði mælti: eigi þiki mér vandalaust at fylgja þèr, en svá verðr nú at vera, sem orðit er. Sigla þeir nú ok eigi lengi, áðr enn andviðri gjörði í mót þeim, ok var eigi annar kostr, enn halda til hafs, rak þá at eyju einni, ok komust nauðuliga á land, þess at þeir hældu skipi ok mönnum; þeir gengu á eyna, ok fundu þar fiskiskála, ok bjuggust þeir þar fyrir; en er þeir fóru til svefnis, þá spurði Eindriði Sigríði: hver viltu at þèr hvíli næst í nótt? Hún svarar: ek vil hvíla við vegg, en þá vil ek at þú hvílir mér hit næsta. Svá skal vera, sagði hann, ok lágu þar þá

nótt, en veðrit hélzt 3 nætr; síðan létti upp hríðinni, ok fóru þau til skips, þá mælti Eindriði: eigi tekst oss greiðiliga til um ferðina, ok þætti mèr, Sigríðr! sem þèr væri nú betra heima í eyjunni Fólkrín, enn rekast hèr með oss. Hún svarar: ek tel enn lítt at, segir hún. Síðan gaf þeim eigi austr at sigla, ok sigldu þá inn til Þrándheims. Einar tók fálaga við þeim, ok mælti við Eindriða: ekki hafi þèr nú, frændi! lítit við um friðlurnar, þar sem nú er dóttir Erlíngs friðla þín. Eindriði svarar: eigi varði mik slikra orða af þèr, faðir! þótt ek vildi fylgja henni á fund föður hennar, en því veld ek eigi, þó at veðr banni okkr greiðliga at fara. Einar mælti: þik skaðar ekki, frændi! ef ek einn mæli þetta, en hitt munda ek ætla, at þá virðing hefði Erlíngr, faðir hennar, á ok aðrir frændr hennar; nú er mèr ekki um vist hennar hèr. Eindriði svarar: ekki skal ok því halda þèr á hendr, en kent hefir þú mèr at hafa ekki mannatökur hèr á Gimsum, en brott skulu losna svá margir menn með mèr, at þèr skal sýn búhlífð í því vera. Síðan lét Eindriði framsetja karfa einn, er hann átti, ok steig hann þar á (ok) menn hans; þá mælti Einar: hvert skal nú fara, Eindriði? Ek ætla at flytja Sigríði á fund föður síns. Einar mælti: þat mun þèr ok verst gegna. Eindriði svarar: eigi mun nú fyrir öllu verða umsèð. Síðan fóru þeir suðr fyrir land, ok byrjaði lítt, ok námu eigi

fyrr staðar, enn þeir komu suðr á Jaðar, ok gengu upp til bæjarins á Sóla; öngvir voru þar menn úti; síðan gengu þeir inn, ok sátu menn við drykkju; beini var þeim veittr, ok voru menn allir fáir við þá; engi voru tjöld í stofu Erlíngs, en hríngabrynja hëkk yfir hverjum manni ok hjálmr ok sverð; ok er menn fóru til svefns, þá var Eindriða fylgt í lopt eitt velbúit, rekkja var þar búin vegliga, ok var honum þángat til fylgt. Eindriði gekk at hvílunni; ok sá at kona hvíldi þar í, ok kendi hann þar Sigríði; hún bað hann skjótt í burt gánga: ok mun þér eigi þat duga at sofa hër inni. Hann kvað svá vera skyldu; þarnæst heyrði hann dyn mikinn, ok var þar þá kominn Erlíngr bóndi, ok margir menn með honum. Erlíngr mælti: hví leggstu nú eigi í sængina, Eindriði! ekki er þat nú ósæmiligra, enn at sofa hjá dóttur minni í fiskiskálum? Eindriði svarar: svá at eins svaf ek þar hjá henni, at henni var þat engi skömm, nè frændum hennar, ok gerða ek þetta meir fyrir hennar bæn, enn til úsæmdar við yðr. Erlíngr svarar: ekki muntu þar nú orðum einum viðkoma, en kostr mun þér at bera járn at færast undan. Eindriði svarar: launa má betr góða fylgð, en þó at þetta sè nokkur þreynging, þá skal þó þat gjöra, at firra svá konuna ámæli ok sjálfan mik; hann kvað þá vísu:

Mèr kom mundar fura

meýjar hold í eyju,
 fátt segir Freyr hit rétta,
 fjarri allt nema varrar;
 en sá er oss vill kenna
 atgeirs af því fleira
 Baldr mun sjá til sjaldan
 segi hann allvesall þegja.

Erlíngur mælti þá: sæma mundu vèr við þat, ef ekki hefði meira at orðit enn slíkt svà.

Eindriði gerði skírslur fyrir Sigríði Erlíngsdóttur.

2. Nú liðr af náttin, ok um morguninn sat Eindriði til járnns, ok fastaði, sem siðr er til þeirra manna, er járn skulu bera; ok er hann skyldi bera járnit, þá er svà sagt, at eigi mátti sköruligar at því vinna; en er 3 nætr voru liðnar, var leyst til handarinnar, ok var fjöldi manna hjá, allir matu við Erlíng atkvæði um skírsluna; þá mælti Erlíngur: slíkt má maðr bezt skírr vera, sem þú ert, Eindriði, ok hefir þú drengiliga hrundit þessu máli, ok þigg nú af oss góða sæmd. Eindriði svarar: at er þat nú gert, er mest lá við, at ek hefir firrt dóttur þína árnæli, ok svà mik, en vistir mínar munu hær ekki lángr vera á Sóla at sinni, ok gekk í brott. Allir fundu at Erlíngi bjó mikit í skapi, ok hann var reiðr orðinn. Þá mælti Skjálgr, son Erlíngs, til föður síns: hvört skuluð þið Eindriði at þessu

skilja? Erlíngur svarar: hvat má ek nú at gera? Skjálgr mælti: svá hyggst mér at, faðir! at eigi muni svá búit hlýða, við ofrkapp þeirra frænda ok ríki mikit, en svá háðuliga sem gert hefir verit til þvílíks manns, sem Eindriði er. Erlíngur svarar: hvat má ek nú atgera fleira, enn bjóða honum góð boð, en þóat þeir feðgar sè ríkir menn, þá eru vèr ekki uppgefnir fyrir þeim. Skjálgr mælti: svá er þat, en þó verðr þat margs manns bani; veri þat nú mitt ráð at bjóða honum góð boð. Erlíngur spyr: hvat skal bjóða honum? Skjálgr mælti: ek vil bjóða honum fram Sigríði, dóttur þína. Erlíngur svarar: hvar hafa menn slíkt heyrt, at ek munda nokkurum manni bjóða fram dóttur mína? þat þætti mér mælanda, at hann bæði hennar, ok þá gæfva ek honum hana. Skjálgr mælti: nei, faðir! eigi er svá, engar eru þat yfirbætr, at hann náí at eiga dóttur þína, þvíat ekki er hann verr mannaðr enn hún, ok á hitt fyrir at koma hans svívirðing, at þú gerir honum þá virðing at bjóða honum dóttur þína fyrir sína þraungvin ok mæðu, er hann hefir sköruliga borit, ok er ekki meðalsæmd at eiga slíkan mann at mág, sem Eindriði er, þóat þú kvæðir meir at einu orði, enn þèr þíkir mátuligt. Erlíngur svarar: bjóð þú honum hana fram, ef þú vill. Skjálgr mælti: viltu játa því, ok

gánga við síðan fyrir honum, ok mun ek þá áhætta. Erlíngur mælti: ráð þú nú, frændi! ek sé at þú vilt vel. Síðan hitti Skjálgr Eindriða, ok mælti: þat vill faðir minn, at þú farir heim, ok vill hann fagna þér vel, ok gefa þér fè til sátta. Eindriði svarar: ekki þarf ek fè at þiggja af föður þínum, ok mun ek þó fá fè, svá at mér mun endast ok mínum mönnum. Skjálgr mælti: fylgja má þat fènu, at þér megí sæmd at vera, þvíat þér mun kostur ráðahags við Sigríði, systur mína, ef þú vill sættast. Eindriði mælti: ekki skal því leynd yðr, at hún er svá meyja hær í Noregi, at ek vilda helst eiga, en þó mun ek nú ekki biðja hennar at sinni. Skjálgr svarar: þá ertu mjök reiðr vorðinn, ef þú vilt láta gánga undan hinn bezta kost, er til er; en kost muntu eiga ráðahags við Sigríði, þóat þú biðr hennar eigi, ef þú vill, þvíat faðir minn vill bjóða þér konuna. Eindriði mælti: þetta er mikilsvært, þvíat engi maðr mun þat kunna at virða, hversu mikils honum mun þat vært þikja, at hann biði fram nokkurum manni dóttur sína, ok skal nú víst fara at finna hann. Síðan gengu þeir heim á bæinn, ok var Erlíngur úti ok mart manna, ok fagnar hann þá vel Eindriða; þá mælti Eindriði: eru þat þín orð, Erlíngur! at bjóða mér dóttur þína? þat er rétt ok satt, segir Er-

língur. Eindriði mælti: mæl þú manna heil-
astr! ok vil ek þetta boð gjarna þiggja, ok
þat allt, sem mér hefir mislíkat áðr, vil ek
þér nú uppgefa. Síðan fóru fram festar; en
þó vill Eindriði nú heim fara at sinni.

Víðrtal þeirra feðga Einars ok Eindriða.

3. Nú ferr Eindriði leiðar sinnar, þartil er
þeir koma við ey eina, þar sá þeir skip eigi
færri enn 20, ok var í dreki mikill. Eindriði
mælti: betr væri nú at þessir væri friðmenn,
ok gekk uppá drekann, hann kendi aprt í lypt-
íngunni feðr sinn. Eindriði fagnar vel feðr sín-
um. Einar sá til hans, ok mælti: hví hefir
þú kríngluskurð á hári sem klerkar? ek hugði
at þú værir ekki vígðr maðr, ok ekki ertu minn
son. Eindriði mælti: veiztu þat, faðir! at þá
er menn sitja til járn ok skulu skírast, at
skera skal hár þeirra; en ekki máttu segja í
sundr frændsemi með okkr: eðr hvat skal lið
þetta hit mikla? Einar svarar: ek skal þat
segja þér, þótt þú berir eigi traust til at reka
þinnar svívirðingar; þá mun ek þó eigi nenna
at sitja kyrr fyrir; þótt þú hafir heitt járn bór-
it, ok brent hold þitt, þá munda ek vilja at
sumir bæri kalt járn í holdi sèr af þeim Jaðar-
byggjunum, ok vorir óvinir eru; ok ólíkr ertu
orðinn Hákon, móðurföður þínum, eðr sumum
födurfrændum þínum, Katli hæng eðr Kveld-
úlfi. Eindriði mælti: reiðr ertu nú, faðir! en

sáttir eru við Erlíngr nú; ok hefir hann bætt mēr fè. Einar mælti: hvat hefvi ek slíkt heyrð, at taka á sèr mútu sem pútur ok fè sem veslingar; en þar sem þú sazt til járnns, ok tókt fè mútu í bótina, þá mun þat ekki hefta mína ferð. Eindriði svarar: þá þarf meira við; fylgja má þat fènu, er mēr þikir meira undir; Sigríðr, dóttir hans, skal fylgja fènu, ok skal ek eiga hana. Einar mælti: firðindi eru þat víst, en dýrt þiki mēr þú hafa keypt hana, þar er þú bart járn til, ok þiki mēr þetta engi sætt, ok ekki heftir þetta mína ferð. Eindriði svarar: meira þarf þá við, ok veit ek eigi, hvárt þer þikir nokkur virðing eðr sæmd í því, at Erlíngr bauð mér fram dóttur sína. Einar mælti: þat er víst virðing mikil, ef þat er satt, ok ekki þiki mēr sú sæmd minni, enn óvirðing sú, er þú fèkkt í járnburðinum, þvíat hræddr hefir Erlíngr þá verit, er hann bauð þer fram dóttur sína, ok mun ek mēr þetta líka láta, ok förum nú með öllu þessu liði ok sýnum þeim afla vörn, hvat er vèr eigum undir oss. Eindriði svarar: þat vil ek gjarna. Síðan sigla þeir suðr með landi; en er þeir feðgar sjá skipin, mælti Skjálgr: sè nú, faðir! at betra er at eiga þessa menn at vinum enn at óvinum, er hær fara; en nú er þat mitt ráð, at við búum veizlu vegliga ímóti þeim ok stórmannliga, þvíat þik skortir eigi fè til þess. Erlíngr

kvað svá vera skyldu; var nú gengit ímót þeim feðgum, ok fagnat sem best mátti; var síðan veizla hin vegligsta, en Eindriði gekk at brúðhlaupi sínu, ok síðan voru menn með gjöfum brott leystir, ok mæltu þeir Einar ok Erlíngr til vináttu með sèr, ok skildu at svá mæltu. Eindriði fór heim (með) konu sína Sigríði, ok undu vel sínu ráði.

F.

Frá

Þórarni Nefjúlfsyni.

ÞÓRARINN Nefjúlfsson hafði verið (með) Knúti konungi hinum ríka um vetr ok sá maðr, er Þorsteinn hét ok var Ragnhildarson; þeir gjörðust vinir, ok mæltu til vináttu, ok sögðu svá, ef þeir væri samlendir, at þeir skyldu einn stað byggja. Nökkuru síðar kom Þorsteinn skipi sínu í Eyjafjörð, ok bauð Guðmundr hinn ríki honum til Möðruvalla. Þorsteinn segir, hvat þeir Þórarinn höfðu viðmælt; þá bauð Einar, bróðir Guðmundar, honum til þverár með hinn fjórða mann; hann svarar hinu sama; margir mæltu at hann færi í geitarhús ullar at biðja um vistartekjuna, þvíat Þórarinn var sjaldan árbýll, ok bjó við útsker norðr á Tjörnnesi. En þegar Þórarinn spurði útkvomu Þorsteins, þá rak hann fjölda hesta til Eyjafjarðar; Þórarinn var all vinsæll, hann bauð Þorsteini til sín með alla skipshöfn sína, þeir voru 18 menn saman; fór Þorsteinn heim með Þórarni; þá lét Þórarinn höggva upp allt kvíkt fè sitt, ok skorti vætta um vetrinn [með forsjon¹ konu

¹) óljóst.

Þórarins. Um vorit spurði Þorsteinn verkstjóra Þórarins, hvat kostat hafði [Þórarinn, er hann hafði haldit menn svá marga¹ er þar hafði verit um vetrinn; hann kveðst ætla at miklu hefði kostat, ok lofaði risnu Þórarins. Þorsteinn keypti síðan jafnmikit [kvikfè, sem drepit hafði verit ok gaf Þórarni¹; húsfreyju gaf hann húsbúninginn, skipit hált gaf hann Þórarni, ok bað hann at fara með sèr. Þórarinn þakkaði honum gjafirnar; þeir fóru utan um sumarit. Ólafr konúngr bauð Þórarni til vistar með sèr, þegar er þeir hittust. Þórarinn kveðst þat þiggja mundu, ok beiddi Þorstein til vistar með sèr; konúngr kvað þá Knút hinn ríka eigi hafa senzt menn á meðan, en kvað Þorstein sagðan góðan dreng: ok mun þat vel ráðit, ef Þorsteinn þjónar oss svá sem Knúti konúngi, ok bað Þórarinn ráða. En er Þórarinn segir hirðvistar boð við þá báða, svarar Þorsteinn: þèr mun boðin hafa verit, en þú munt beðit hafa til handa mèr; oss er betra at hafa boðna vist með Ólafi konúngi, enn beiðast með öðrum konúngum. Síðan vísaði konúngr þeim til sætis; Helgi ok Þórir hētu þeir menn, er næstir sátu út frá þeim Þórarni, ok urðu þeir at þoka undan, ok þótti þeim sèr óvirðing gjör í þessu. Hinn fyrsta aptan var Þórarinn útkallaðr; Bjarni nefndist sá maðr, er hann kallaði út, ok kveðst vera systurson Þórarins,

¹) þannig afskriftin, er óljót í skinnbókinni.

ok kominn af skipsbroti norðr við Hálogaland, ok bað Þórarinn ásjár. Þórarinn bauð at taka hann í vist at bónda nökkurs; vera þótti Bjarna frændsemi til, þó at þeir væri báðir á einni vist; Þórarinn kveðst eigi deili á honum vita, hvort hann væri hans frændi eðr eigi; Bjarni gekk þegar á hæla honum ok fyrir konúng; Þórarinn sagði konúnginum um þenna mann; konúngur kvað hann hans frænda vera mundu: en ábyrgstu at óþrjózkr sè, ok ráð sjálfr hirðvist hans; konúngur bað hann sitja á annan bekk, ok var honum vel skipat. Bjarni settist niðr utar frá Þorsteini nær á herðar Helga; Þórarinn kvað, honum mundu vanda verða hirðvistina við þrjózku hans, ok bað hann eigi neina kvittu kveikja í hirð konúngs. Þorsteinn var fámálugr ok fylgjusamr konúngi, ok svá Bjarni; ok er áleið vetrinn, hafði Bjarni sofnat eitt kveld, svá at allir menn voru brutt úr höllinni, þá er hann vaknaði, ok til aptansaungs arit, er hann sprettr upp, ok gekk út eptir strætinu, ok var myrkt orðit, ok sá þá Helga ok Lopt í skemmu einni með sveit sína, ok var þar ljós; Helgi kveðst þeim ill tíðindi kunna at segja, at konúngur þeirra var svikinn, ok Knútr konúngur hefði ráðit svik við hann; ok sendi hann því Þorstein til Íslands, at gefa Þórarni stór-gjafir, at hann skyldi væla konúnginn, en (Þorsteinn) skyldi vinna á honum; ok Þórarinn hefði þegit gullhring at Knúti til þess, ok þann hefir

hann á vinstri hendi ok berr leyniliga, en þann berr hann opinberliga á hægri hendi, er Ólafr konúngr hefir gefit honum, svâ at allir sjá. Bjarni gekk til aptansaungs ok gat hann ekki um þetta. Þeir Helgi tóku ekla til matar um kveldit; konúngrinn spurði, hvört þeir væri sjúkir; Helgi kvað þeim verra ennsótt, ok kveðst eigi segja mundu fyrr enn annan dag á málstefnu, ok þá sögðu þeir þetta allt konúngi; hann kveðst eigi trúa mundu, fyrr enn hann reyndi um hrínginn Knúts naut. Ólafr konúngr gekk til handlauga, ok tók um ermi Þórarni, ok þá fann hann gullhrínginn undir skyrtuermi hans, sem Helgi hafði sagt, ok trúði hann þá svikum við sik, ok spurði þá með reiði, hvaðan sá hríngr væri atkominn. Þórarinn sagði, at Knútr hefði átt ok gefit honum sem var; hví berr þú hann svâ leyniliga, sagði konúngr, eðr á annan veg enn þann, sem ek gaf þèr? Þórarinn svarar: Því ber ek hann leyniliga, herra! ok á vinstri hendi, at gjafa munurinn er fjarri, en þann gullhríng ber ek á hægri hendi, er mèr gaf hinn merkiligasti konúngr, sá vèr þjónum nú. Ekki vildi konúngr áhlýða nú, hvat Þórarinn sagði, ok lét taka þá alla Þórarinn ok Þorstein ok Bjarna, ok setja í myrkvastofu, ok kallaði þá drottins svika. Mörgum mönnum þótti þetta ill tíðindi; biskup fór at skripta þeim, ok sagði konúngi, at engi voru svik af þeirra hendi, ok

beiddi konúng, at skírsla væri gjör um þetta mál, ok bæri guð vitni um þetta hvern er satt segði; þat fèkkst at biskup gjörði skírslu; Bjarni bar járn hraustliga ok karlmannliga, bóla var á hendi Bjarna, þá er skírsla var sèn, kallaði konúngr hann brunninn, en biskup veitti engin atkvæði; konúngr bað þórarinn sjá, en hann svarar: þóat þèr kallið Bjarna eigi skíran, þá gjöldum vèr aldri þess, er þèr berið á oss hèrum. Konúngr bað þorstein sjá; þorsteinn mælti, í því er hann sá höndina: þar er ok svâna; konúngr innti til: hví kvattu svâ at? þorsteinn kvað þeim mundu oflengi frestast uppfestíng þeirra, ef hann segði áðr söguna. Konúngr kvað þessa vera skyldu dvölinna.

Frásögn þorsteins.

þorsteinn hóf svâ þetta mál: Rigarör hèt faðir minn, en Ragnhildr móðir, þau voru göfug at kyni; faðir minn andaðist, þá er ek var barn, móðir mín giptist þeim manni, er hèt þrándr. Björn ok þrándr hētu synir þeirra, ok var lítit miseldi á millum okkar bræðra. Björn andaðist brátt, ok fór Ragnhildr heim til Svíþjóðar, en þrándr ræð fyrir föðurleifsinni; ek var í förum, ok fór ek í Austrveg ok allt til Jórsala, ok tók ek þar skírn, ok kom ek norðr hín gat til Svíþjóðar, þá vilda ek kenna móður minni rétta trú, ok hún vildi þat eigi, ok þóttist týnt hafa syni sínum, er ek hafði trú tekit; þau urðu málalok, at við sættumst at því, at

(Þat) skyldi eptir öðru líkja eða víkja, er goðin ætti rammari; síðan voru goð hennar sett í hverfíng úti ok vel búin, ok kastat járn glóandi á knè því er mátkast var, ok tók þegar at loga hvert at öðru, ok brunnu at köldum kolum; síðan var heitt þat sama járn ok gjört glóanda, ok bar ek 9 fet, eptir dæmum kristinna manna, óvígat járn, svá at aungvir klerkar voru hjá, ok var höndin leyst eptir þrjár nætr, en á hinni þriðju nótt dreymdi mik, at bjartleitr maðr kvæmi til mín ok ávítaði mik um dirfð mína, en kvað mik njóta skyldu góðvilja míns, er ek kenda móður minni rétta trú, ok kvað fegri mundu hönd mína enn heila, þá er til væri leyst, ok mun (þú) hafa síðan glófa á hendinni ok hrósa eigi dýrð minni, ok kvað mik skyldu gjalda hær í heimi, svá at ek munda rægðr við konúng, ok bað mik þá sýna höndina, ef lif mitt lægi við; ok er höndin var leyst, var sem gullpeníngr lægi í lófanum, þar sem járnit hafði legit, ok rauðr þráðr um utan, ok var þar hærra holdit enn annarstaðar; móðir mín tók kristni ok allir vinir okkrir af þessi jarteign; ek hefí ok eigi sýnda mína hönd; síðan dró þorsteinn af sèr glófann, ok sýndi á sèr höndina, ok kveðst ætla, at svá nökkurn mundi Bjarni hafa atgoldit fyrir fávizku sína í skírslunni, sem hann mundi, ef hann fengi eigi þessa jarteign. Konúngur sefaðist þá, ok leitaði at við Bjarna, ok þeir biskup, livers hann mundi at hafa goldit;

Þá segir Bjarni, hver svikat hann hafði heyrt ok leynt, ok kvað Þórarinn þat hafa boðit sér at reifa aungvan hlut eðr kvittu í konúngs höll; þá voru þeir Helgi teknir ok fjötraðir ok neyddir til sagna, gengu þeir þá við um rógit. Konúngr vildi at (þeir) Þórarinn ræðu hegningu þeirra, ok væri þeir drepnir, en Þórarinn gjörði þá úr Noregi, ok tók af þeim fê allmjök svâ, ok kallaði Þórarinn þetta konúngs gæfu, er hit sanna var vitat um þetta mál. Þórarinn var með Ólafi konúngi alla stund síðan, ok fêll með honum.

G.

Þáttur

Egils Hallssonar ok Tófa Valgautssonar.

Frá Valgauti Jarli.

Valgautr hét jarl ríkr, er ræð fyrir Gautlandi, hann átti son þann, er Tófi hét; hann var vænn ok skörúngr mikill; hann fór á fund Ólafs Tryggvasonar, ok tók skírn, ok var með honum. Valgautr þóttist orðit hafa fyrir miklum vansa, ok vildi aldri sjá hann síðan. Tófi var lengi í kaupferðum, hann kom skipi sínu eitt sumar í Hornafjörð, ok fór til vistar til Hofs; þar bjó Egill Hallsson; hann átti Þorlaugu, þeirra dóttir hét Þorgerðr. Egill spurði Þorlaug, hversu fjárhagr þeirra færi fram; hún kveðst ekki at öðru hyggja enn því, at forræði hældist fyrir innanstokk ok ráðahagr þeirra. Þat er mál manna, segir Egill, at við sèum litlir fjárhagamenn bæði, ok treysti ek eigi at ráðahagrinn haldist, ok því ætla ek utan með Tófa í vor. Svá gjörðu þau, ok urðu þau vel reiðfara, fóru þeir Tófi ok Egill brátt á konúngs fund; konúngr bauð Tófa

til hirðvistar ok svá Agli, en hann leigði Þorlaugu garð fyrir sakir æsku Þorgerðar.

Frá Agli Hallssyni.

2. Þenna vetr¹ var Egill Hallsson með Ólafi konúngi, ok hafði virðingar miklar, en er skamt var af vetri, ógladdist Egill; Tófi spurði, ef konúngr fyndi ógleði hans, ok kvað þat tilkoma, er kona hans ok dóttir var annarsstaðar: ok vilda ek at þær færi hingat; konúngr lét svá vera. Öllum konúngs mönnum líkaði vel til Egils, en mærin var þá á hinn átta vetr. Tófi leiddi Þorgerði til konúngs, ok bað hann mæla til hennar nökkurum merkiligum orðum, at þá mætti eðr þætti hirðmönnum vera meira vert um hana. Konúngr svarar: gott er góðum orðum til hennar at mæla, þvlat Íslendingar munu hennar hafa miklar nýtjar ok lángr ok hennar afkvæmis. Þetta spámæli Ólafs konúngs birtist svá, at Þorgerðr Egilsdóttir var móðir hins helga Jóns biskups. Tófi sagði at þeir Egill höfðu gjört fèlag með sèr, ok ætluðu þar með til Englands; konúngr leyfði þat eigi, ok kvað þá skyldu fara með sèr, ef hann færi suðr til Danmerkr, ok varð svá at vera, sem konúngr vildi; ok leið svá vetrinn.

Er Egill ok Tófi leystu bandingja.

3. Þá er Ólafr konúngr lá þar² átti hann tal ok stefnur við sína menn; þat var einhverja

¹) sem aðdragandinn er aðsagðr í 128 kap. Ol. S. II. ²) sem umgetr í 152 kap. í Ol. S. II. F lætr þat vera í Limafirði.

nótt, at þeir áttu vörð at halda á konúngs skipi Egill Hallsson ok Tófi Valgautsson, er furr var getit, en er þeir sátu at verðinum, þá heyrðu þeir grát ok veinan þar til er var hertekit fólk, var þat bundit um nætr á landi uppi, voru þat mest 12 vetra gömul börn ok vetr-gömul ok þar í milli, ok aðrir frændr manna ok virktamenn; var því þetta gjört, at þeir ætluðu at þeir mundu leysa þá út með fè, er áttu. Tófi sagði, at honum þótti illt at heyra á gaulun þeirra, ok bað Egil fara til með sèr, at leysa fólkkit ok láta hlaupa, hvert er vildi. Egill kveðst ætla, at eigi mundi hlýða at bregða boði konúngs; en þó fóru þeir til, ok skáru böndin af fólkinu ok hleyptu á braut öllum; þetta verk var óvinsælt af liðsmönnum, en konúngurinn varð svá reiðr, at hèlt við voða sjálfan, ok mælti: bæðier, at þeir þikkjast miklir, enda eru þeir svá, er þeir vijla at aungu mín ráð hafa, ok eigi veit ek, nær þeir koma jafnmiklu fè undir oss, sem þeir ræðu undan oss; skulu vèr nú brátt fara hèðan. Um morguninn er þeir voru búnir, ok bryggjur voru á skip komnar, kallaði maðr af landi ofan, ok bað at fara með þeim; en þeim þótti maðrinn ómerkiligr ok gáfu aungvan gaum at honum; maðrinn bað þá fara fyrir hamargnípu eina, ok taka þar við sèr, ok fór hann þángat, ok var eigi við honum tekit; þá

kastaði hann glöðum á konúngs skipit, ok rauk ur dust, síðan kom sótt í lið konúngs, ok var þat hjartverkr, ok lágu menn 2 dægr eðr eitt. Egill tók sótt þessa; Tófi spurði at sótt Egils; hann kveðst hafa þá sótt, er þar fór yfir. Tófa þótti mein mikit á sótt Egils; mein eru, sagði Egill, þvíat mik úggir at samanfari guðs reiði ok konúngs, ok er mēr þat mest ángr, at ek em missátr við konúng, ok bað hann fara, at leita um sættir við hann. Ek er eigi allvell tilfær eðr tilfallinn, sagði Tófi, at fara á konúngs fund, þvíat ek em borinn sömu sök sem þú; en þó skal ek fara. Hann tjáði mál Egils fyrir konúnginum, en konúngr leit eigi til hans. Tófi sagði Agli þetta. Svá mun mēr þikja, sagði Egill, sem muni meira áliggja, ef þú ferr í annat sinn. Tófi fór, ok talaði um vanmátt Egils. Konúngr leit til hans reiðugliga, svá at menn hlupu í milli. Tófi sagði Agli. Egill svarar, ok kveðst hvert mál þikja til skila fært, ef þrisvar er reynt. Reynt þikjumst ek hafa, sagði Tófi; satt er þat, sagði Egill, en athugi hvers manns er lítill, þá er hann er sjúkr, ok bað segja Finni Árnasyni, at hann færi á konúngs fund með hans erindi; hann fór þegar, ok spurði, hvert konúngr hefði frétt vanmátt Egils. Konúngr kveðst spurt hafa; hefir þú spurt þat, at hann berr sótt sína þrýðiligar enn aðrir menn? hann stynr eigi, kvað Finnr, sem aðrir menn, er æpa upp jafnsjúkir. Svá er,

kvað konúgr; mein munu þér áþikja á sótt Egils, sagði Finnr. Mein víst, sagði konúgr, ok þau mest, at Agli batnaði, svá at við mættum kæra mál okkur í Noregi. Reiðr ertu nú, herra! kvað Finnr, ok mun þetta mest gjört til þess, at vèr skulum eigi gjöra í móti þínum vilja, en eigi mæli ek þetta af alvöru, þvíat þér kennið oss, at vèr sèum skamrækir, ok segið þat yðvarn vilja, ok því væntum vèr at þér munið skamrækir við oss vera, þvíat vèr hætum opt lífi voru fyrir yðrar sakir, ok sjáum vèr til margfaldra launa af þér fyrir þat. Finnr tók í hönd konúngi, ok fylgði hann Finni tregliga; konúgr spurði, ef Egill hefði honum orð sendt. Egill kvað þat satt; hvat viltu mèr? kvað konúgr. Egill svarar: færa mik í frið við yðr, herra! ok Tófa Valgautsson, er nauðigr gjörði á mót yðrum vilja. Konúgr svarar: þér er mikit fyrir máli, ok þarftu skamt um þetta at tala, þvíat þú þiggr eigi í frið hvorki hann nè þik. Þess vil ek biðja, sagði Egill, at þér sjáið á með þorlaugu, konu minni, ef mín missir við. Ekki stríði ek konum, sagði konúgr; en ef eigi er skyldara tal við mik, þá geng ek á braut. Egill bað konúnginn taka á meininu, ok kveðst heldr muna, ef þat væri á efstum stundum lífs hans. Konúgr kveðst enginn læknir vera, ok kvað aungvan mann kenna Agli þróttleysi. Finnr mælti: þau eru mest metorð, er Egill gjörði, þvíat hann kveðst þat ætla, at saman mundi fara

guðs villi ok þinn, ok minnst á þat, hvers þú kant Egil, þar er þú settist upp í nótt þrisvar, ok straukt votum dúki um augu þer, ok vart búinn at leysa fólkit, ok þú mundir leyst þat hafa, ef minni heipt væri á milli ykkar Knúts konúngs, ok margir verða um sárt at gjalda fyrir yðrar sakir; Egill hafði huggæði sem þer, en meira þróttisinni enn allir menn aðrir. Konúngr tók þá á síðu Egils, ok tók þegar úr allan verkinn; eptir þat var leitast meir um sættir með þeim konúngi af þessum atburð, ok kom aldri gjörninga sótt (meir) í lið Ólafs konúngs. Svá segja sumir menn, at Knútr konúngr hafi keypt at finnskum manni at gjöra gjörningar í lið Norðmanna. Ólafr konúngr bjó nú ferð sína austr undan Knúti konúngi, þá báðu þeir Egill ok Finnr (fyrir) Tófa, ok beiddu honum friðar, ok buðu fè til sættar. Konúngr gjörði kosti á því, ok mælti: sendiför hefi ek ætlat ykk, at þið komið Valgauti á minn fund, ok munu þið eigi koma honum, nema hann vill sjálfr fara. Egill bað sér hvíldar um 3 nætr eptir sóttina; konúngi þótti hann þurfa þess. Þeir fara síðan ok koma aptan dags til Valgauts, þá er borð voru upptekin. Valgautr fagnaði Tófa, ok kveðst mundu gefa honum allt Gautland ok jarlsdóm, ok segja til fjárs þeirra allra, er hær hefði fólgit í jörðu, ef Tófi lèti af síð þeim, er hann hefir vanvirðt alla frændr sína. Tófi svarar: eigi er svá til-

farit; við Egill erum missáttir við Ólaf konung, ok er þat mitt friðkaup, ef þú kemr á hans fund, hversu sem með ykkir ferr; en ef þú villt eigi fara, þá er ek sæmdarlaus ok friðlaus, ok er meira verð reiði konungs ok gæfa hans enn Gautland ok lè þitt allt. Valgautr þóttist mist hafa sonar síns, ok kvað hann eigi allnær geta, at hann mundi fara á fund þess manns, er slíku olli: ok á ek við hvorigan ykkarn vantalat, ykkarn Ólaf, ok kvað engi þá þurfa at ugga harðræði hans afgangals manns. Síðan talaði Egill mart um háttu Ólafs konungs; en Valgautr kvaðst eigi heyra mega skjál þeirra, ok bað fylgja þeim í útiskemmu eina; þeim þótti gott at sofa einum saman ok svá at matast. En er Valgautr vaknaði úr svefni, þá spurði hann konu sína, hvert hann skyldi fara; hún bað hann ráða; hann kveðst ok at aungu mundu hafa, hvat hún segði til, ok kveðst fara mundu, ok kvað sèr leitt at eigi legðist fyrir Tófa, ok kveðst eigi vita, hvat þess mundi vera í fari konungsins, at þat væri betra enn allt Gautland. Svá þikrir þèr, sagði hún, sem ek mæli eptir Tófa, þá er ek leyfi Ólaf konung ok svá háttu hans ok trú hans. Valgautr kveðst aungva breytni mundu upptaka, þóat hann færi, ok seldi henni í hendr fingrgull til jarteigna, ef hann tekr skírn, at þá skyldi hún ok svá gjöra, ok allir þeir er hún kæmi ráðum við, ok þessar jarteignir kæmi til; en ef hún spurði hann drepinn, þá skyldi hún fyrst drekka

erfi, en síðan gjöra bál ok brenna fè þetta allt, þat er hún mætti, ok gánga síðan sjálf á bálit. Um morguninn eptir fór Valgautr til skemmu þeirra Tófa, ok bað þá nú eigi dvelja, ef þeir vildu sjá þá konúng báða saman. Síðan fóru þeir á konúngs fund, hann sat þá yfir drykkjuborðum, er þeir kvomu; konúngr kvaddi fyrr Valgaut; hann tók seint máli konúngs, ok spurði, ef konúngr hefði honum orð sent, ok svá ef þat skyldi þeim Tófa friðkaup vera, ef hann kæmi á konúngs fund, eða hvort konúngr vildi þat enda. Konúngr kveðst því vanari, at enda orð sín. Valgautr bað þá konúng heilan sitja, ok vildi í braut snúa. Konúngr lét halda honum, ok kendi honum trú; opt kveðst Valgautr slíkt heyrt hafa, ok kvað eigi stoða mundi, ok kveðst gjört hafa ráð fyrir, at brenna skyldi bæi ok lausafè: en jarðir má eigi brenna eðr umsnúa. Konúngr bað Tófa fylgja honum út; síðan fóru þeir, ok kvomu í rjóðr eitt; þar sofnaði Valgautr, ok þegar hann vaknaði, sendi hann Tófa eptir konúngi; hann kom þegar. Valgautr kveðst sótt hafa tekit, ok kveðst þat spurt hafa, at konúngr tók sótt af mönnum ok guð sá, er hann trúði á, ok þeir mætti ok kasta sóttum á menn, ef þeir vildi: ok mun ek þær kenna, hvort sem mæ batnar eðr ek dey. Valgautr kveðst þá mundu skírn taka, ef konúngr vildi, ok kvað sèr þat aldri skyldu

í augu vaxa, ok halda þá trú síðan, ok þvíat eins þá at konúngr vildi hann þar grafa, sem hann bannaði mest: ok mundi ek, sagði Valgautr, fè tilleggja, at hær væri kirkja gjör ok virðuligr bær, en kvað sèr þat aungva virðing, at honum væri þar niðrstúngit, sem margir aðrir óríkir menn væri jarðaðir; hafa kveðst Valgautr mátt til at fara heim, ef konúngr vildi eigi kaupa. Þetta kaup vildi konúngr gjarna; síðan var þar kirkja reist ok virðuligr bær at ráði konúngs ok Valgauts, ok var hann þar, meðan hann lifði; en er hann andaðist, var hann grafinn at þeirri kirkju, er hann sjálfr lét gjöra. Tófi tók við fingrgullinu ok fór til Gautlands, ok setti menn fyrir eignir sínar, þá er hann var með konúnginum. Móðir hans tók við skírn, ok allir þeir menn sem Valgautr sendi orð til. Tófi var lengstum með Ólafi konúngi, ok fèll á Stiklastöðum með Ólafi konúngi. Egill fór til Íslands ok var hit mesta göfugmenni; hann lét Tófa heita son sinn, hann var faðir Þórdísar.

Þáttur

af Rauðúlfi ok sonum hans.

RAUÐULFR¹ hét maðr, er bjó í dalnum²; Ragnhildr hét kona hans; Dagr ok Sigurðr hétu synir hans, þeir voru enu efniligustu menn, þeir skyldu halda svörum upp fyrir Austrdali³, ok bera þá undan sök um þessi kensl⁴; Birni þóttu þeir vera líkastir til, ok vera drambsmenn miklir at vopnum ok í orðum, snèri hann þá þáingat ræðunni á hendr þeim, ok kvað þá eigi ólíkkliga til at hafa slíkt gjört; þeir synjuðu fyrir sik, ok sleit svá þánginu. Litlu síðar kom til Bjarnar ármanns Ólafr konúngr með liði sínu, ok tók þar veizlu, var þá kært fyrir konúngi mál þeirra, er áðr var uppborit, sagði Björn, at honum þóttu Rauðssynir líkastir til at valda þessum ótila. Síðan var sendt eptir sonum Rauðs, en er þeir hittu konúng, þá taldi hann þá menn óþjófliga, ok bar þá undan sökum, ok kveðst hyggja at þeir væri þessa eigi valdir. Rauðr⁵ hét öðru nafni Þorólfr⁶, hann átti vegligan bæ; ok var ríkastr maðr í Dölunum; þeir feðgar

¹) Rauðr, B, II, K, S; Ulfr, D, F. ²) Eystriðölum, D, II. ³) Eystri-Dæla, B, II. ⁴) sjá 160 kapít. í sögu Ól. konúngs helga. ⁵) Ulfr, D. ⁶) þannig B, II; Rauðr, D; Þorólfir, L.

höfðu þar smíðat öll hús þau, er mestr hagleikr (var) á. Síðan sendi Rauðúlfr sonu sína á fund Ólafs konúngs, ok bauð honum heim til veizlu; þat var heldr síð dags, er konúngr kom til Rauðs, hann hafði þá þar með sér 2 hundruð manna; konúngr sá þar garða háfa ok vel lukta, en er þeir kvomu at hliðinu, þá var þat opit, ok þó vel umbúit, ok læk þar grind á járnum, ok eigi allauðveldligt at komast inn, ef lukt var hliðit. En er konúngr reið í hliðit, þar stóð fyrir Rauðr bóndi ok synir hans ok mikit fjölmenni; fagnar Rauðr vel konúngi ok mönnum hans, ok stigu þeir af hestum sínum; þá spurði konúngr bónda: er þetta kirkja et fagra hús, er ek sè hær í garðinum? Bóndi svarar: þetta er svefnskemma mín, er gjör var í sumar, ok er nú hit fyrsta algjör; öll ræfr voru þar spónþökt á húsinu ok þá nýþökt ok ný brædd, Síðan gengu þeir til stofunnar, ok sá konúngr, at þat var allmikit hús, stofan var borðþökt ok brædd. Konúngr sá þar í garðinum mörg stór hús ok smá ok öll fagrliga gjör; spurði konúngr ef þar væri kirkja í garðinum. Bóndi svarar: ekki hefir hær fyrr biskup komit enn nú með yðr. Síðan lét biskup reisa landtjald sitt í túninu fyrir stofunni, ok saung þar aptansaung, ok var þvílokít í dagsetr; eptir þat gekk konúngr til stofu, ok voru kerti borin fyrir konúngi, ok er þeir kvomu í stofuna, var þar vel umbúizt; síðan settist

konúgr í háseti, ok hjá honum biskup til annarrar handar, en til vinstri handar honum sat drottning, ok þar hinar fremri konur útí frá henni. Björn stallari sat gegnt konungi á enn óæðra bekk, ok hirðin til beggja handa honum; útí frá biskupi sat Finn Arnason, þá Kálfr¹ bróðir hans, ok þá Þorbergr² Arnason, þá Arnbjörn Arnason, síðan Kolbjörn Arnason, þá Árni Arnason, þeir bræðr voru allir lendir menn Ólafs konungs; ok þá er skipat var öllum förunautum Ólafs konungs uppá pallana, þá var alskipuð stofan et efra með veggjunum, en heimamenn ok fyrirboðsmenn skipuðu reiðustóla ok forsæti³; Rauðólfr bóndi sat at framman á reiðustól⁴, er stóð fyrir lendum mönnum, þar var hin fegursta veizla ok margskonar drykkir ok krásir góðar; synir Rauðs gengu um beina, ok skipuðu öllu, eptir því sem bezt samdi; konúgrinn gjörði sik þar kátan, ok fannst mikit um list þá ok kurteisí, er þar var á öllu, ok hversu skörugliga veitt var, ok skörugliga fór allt fram⁵. Konúgr átti þá tal við Rauð bónda, ok fann hann þat brátt, at Rauðr var orðsvinnr⁶ ok forvitri; gjörðist þá gleði mikil um alla stofuna, ok spurði konúgr Úlf⁷ margra luta úkunnra, en Úlfr hafði til allra luta úrlausnir; var þat sumt er kon-

¹) Þorbergr, H. ²) Kálfr, H. ³) flota, hin. ⁴) þeim stóli, hin. ⁵) Hér bresta B, D, H stykki við um ætt Rauðs, sem stendr í niðrlægi þáttarins. ⁶) orðsæx, F. ⁷) Rauð, hin.

úngi var áðr kunnigt at svá var, en sumt var honum ókunnigt, svá at hann vissi eigi áðr til, en allt þat sem hann vissi, þá var þat eptir því sem Úlfr sagði; nú lagði konúgr af því trúnað á ræður hans; ok sagði Úlfr hvergi lengra, enn konúgr spurði. Þá spurði Ólafr konúgr Úlf þeirra hluta, er eigi voru framkomnir, hvern veg verða mundi, en Úlfr veitti úrskurð nökkurn um flest. Þá mælti konúgr: ertu spámaðr, Úlfr? Fjarri ferr þat, herra! sagði hann. Hví veiztu slíkt þá, sagði konúgr, er eigi er framkomit? Legg eigi trúnað á slíkt, sagði Úlfr, þótt ek geypi mart fyrir yðr, er ek nenni eigi at þeigja við yðr, en eigi veit ek slíkt með sannindum. Konúgr svarar: at hefi ek nú hugat nökkut, ok finnst mēr svá til, sem þú segir aungvan hlut framarr, enn þú þikist vita, ok seg mēr, hvat til berr, er þú veizt óröðna hluti fyrir, enda sertu eigi spámaðr; veit ek ok at þú ert vel kristinn, ok muntu því eigi hafa fjölkýngi til slíks. Úlfr svarar: sumt merki ek af vindum¹, sumt af himintúnglum, sól eðr túngli eðr stjörnum, en sumt (af draumum). Konúgr spyr þá af sèrhverjum hlut þessara greina, en Úlfr veitti þann úrskurð öllum hans getum, sem honum vel líkaði; töluðu þeir flest ok mest um hátt draumanna: máttu kenna mēr ráð nökkut til þess, sagði konúgr, at mēr

¹) Hér byrjar E í þástinum.

birtist í draumi nökkut um þat, er mèt er mest forvitni á at vita? Ekki má ek yðr kenna, herral segir Úlfr, þvíat þèr vitið allt áðr ok kunnið miklu gjörr enn ek; en þat gjöri ek stundum, þá er ek vil forvitnast í draumi þau sannindi stórra hluta, at ek tek ný klæði, ok fer ek í nýja sæng eðr reykkju, þá er stendr í nýjum stað, svá at engi maðr hefir fyrr í sofit í þeim stað á þeim klæðum, á sæng eðr húsinu, ok slíkt sem þá dreymir mik, marka ek, ok mun gánga eptir því sem þá fæ ek ráðit drauma.

Ólafr konúngr spurði Ulf um íþróttir hans.

2. Konúngr spyr þá: hverja íþrótt kantu best, Úlfr? sagði hann, ek sè at margra hluta muntu vera velkunnandi. Úlfr svarar, ok kveðst hann vera enginn íþróttamaðr: en þó, ef ek skal nökkut tiltaka, þá ætla ek helzt at ek muna drauma ráða, eptir því sem gánga munu. Konúngr mælti: hvert hefir þú kent sonum þínum allar íþróttir þínar? Úlfr svarar: spyr þú at því þá. Síðan lét hann kalla þá til sín, ok mælti: Úlfr, faðir ykkar, kennist mèt vitr maðr ok margkunnigr: eða hafið þið numit allar íþróttir hans? Sigurðr svarar, hann var ellri: kann ek at síðr allar hans íþróttir, at ein er sú er hann hefir mèt kent, ok skil ek at ek kann eigi jafnvel sem hann, ok er sú ein af mörgum hans íþróttum. Hver er sú, sagði konúngr? Sigurðr svarar: þat er at greina gáng

himintúngla, sólar ok túngls, ok vita allan gáung himintúngla þeirra, er ek sè; ok kenna stjörnur þær, er merkja stundir, svá at ek mun vita þá lengð um dag ok nótt, þóat ek sjái eigi himintúngl, ok veit ek þó grein allra stunda. Konúngr mælti: þat er mikil íþrótt. Dagr mælti: þá eina íþrótt hefi ek ok numit, þá er mér þikur frásagnar verð, ok kann faðir minn þó þar miklu meira af. Konúngr spyr, hver sú væri. Dagr svarar: ef ek sè vandliga í augu manni, ok sè ek allt athæfi hans ok yfirbragð, mun ek skynja háttu hans, ok vita kost ok löst á honum. Konúngr svarar: þetta er mikil augnabragð, ef svá er sem þú segir, fæ ek þetta skjótt reynt. Þá mælti konúngr til biskups: svá lízt mér sem þann bónda höfum vèr nú heimsóttan, er mik væntir at vèr fáum eigi hans nóta¹ í hans fræðum ok íþróttum eðr sona hans, ok þikkjumst vèr þó hafa mjök gott mannval, ok eigi skal ok kostur í Noregi þeirra manna, er betr eru mentir enn þeir er nú eru með oss, en þó hygg ek at oss skorti flesta hluti við þá feðga; en hverja íþrótt vill þèr tiltaka, herra biskup! þá er þèr þikizt helzt tilfærir? Biskup svarar: þat mun ek helzt tiltaka, ef ek skal nökkut, at ek mun sýngja tíðir 12 mánuðu alla, allar þær sem hafa þarf, þóat ek hafi aungva bók við. Þetta er mikil íþrótt,

¹) maka, B, D; líka, F, H.

sagði konúgr, með þeima hætti sem er¹. Þá mælti biskup: heyra viljum vér nú, konúgr! hvat þér takið yðr til íþróttar. Konúgr svarar: þat mun ek helzt taka mèt til íþróttar, ef ek sè mann um sinn, ok vilja ek vandliga athyggja, þá skal ek kenna hann síðan, hversu lángt sem í millum okkra funda er. Biskup svarar: þessi íþrótt er af miklu viti. Þá mælti konúgr: þessi skemtan, sem vér höfum upptekit, skal fara nökkru víðara um stofuna; seg, Kálfr Árnason! hvat þú tekr þér til íþróttar. Hann svarar: eigi mun ek melta reiði mína, hversu lengi sem ek þarf at bera hana. Enn mælti konúgr: Finnr! segir hann, segja verðr þú þínar íþróttir. Finnr svarar²: þat fær ek þá mèt til íþróttar, at ek mun eigi flýja úr neinum háska frá lánardrottni mínum, ámeðan hann vill viðhaldast, ok standi hann uppi. Konúgr mælti: þat er líkligt, at þér endist þat vel. Enn mælti konúgr: þú, Þorbergr! heyra viljum vér hvat þú leggur til þessa máls. Hann svarar: þat ætla ek, at ek skal hvorki rjúfa orð mín nè eiða við lánardrottinn minn. Konúgr mælti: þetta er mikit mál, ok þó allíkligt at slíkum manni muni vel endast sem þú ert, en all lítt halda menn trúnaðinum við mik, er fyrir skömmu

¹) ok yðr sómagóð, herra! b. v. B, II; þínslig, D. ²) engi fær þat sagt, herra! er ekki er til. Konúgr mælti: fær til nokkut, b. v. B, F, H.

var mèt þess lítil von at. Þá mælti konúgr til Arnbjarnar: hverja íþrótt kantu framast? Arnbjörn var styrkr maðr, hann mælti: þat mun ek tiltaka, er vera kann at eigi sè satt, at ek þikjumst vel fær vera at bogaskoti, ætla ek at eigi skuli sá bogi hær finnast í Noregi, at mèt muni eigi vopnfær. Konúgr sagði, at svà mundi vera. Síðan spyr konúgr Kolbjörn¹, hverjar hans íþróttir voru, þær er hann vill helzt tiltaka. Kolbjörn svarar: þar eru þær íþróttir mínar, er ek kalla allar jafnar, en þó aungva betri enn góða fyrir sik, beinskeyti ok skíðaferð ok sund. Konúgr sagði, at hann tæki eigi meira af, enn hann mætti, þvíat þú ert at þessum íþróttum jafnbúinn þeim, er beztir eru af jafnsterkum. Þá spurði konúgr Árna, hvat hann vildi tilnefna. Árni svarar: ef ek sigli með landi fram snekkju minni, ok sit ek í aktaumum, þá skal engi² snekkja tvítugsessa sigla fyrir mèt, eða ek vilja fyrri svipta enn þeir. Konúgr kvað aungvan þess mundu frýja honum, sagði ok aungvan kunna nærr at ætla enn hann, hvat [endast mundi³. Konúgr spurði Björn stallara, hverja íþrótt er hann þóttist framast hafa; þann hlut mun ek helzt tiltelja, sagði Björn, ef ek tala á þingum orð eðr eyrindi

¹) Kolbein, hér L. ²) hér byrjar I bókar brotið aftr; jafnmikil, b. v. B, F, II. ³) næst mundi liggja ófærurni, E, D, I; hér sleppr E um sinn.

konúngs eðr lánardrottins míns, at engi skal svá ríkr áheyra, at ek skula fyrir þá sök mæla lægra eðr skelfra, hvort honum þikir vel eðr illa. Þessu trúi ek vel, sagði konúngr, síðan þú vart á Uppsalaþingi, ok taladir þar, ok gjörðir reiðan Ólaf konúngsvenska, þvíat flestum mönnum mundi ok þat verða frama skortr. Síðan töluðu tveir ok tveir sín í milli, ok tóku til sinna íþróttu, varð at þessu mikil skemtan; gekk konúngr síðan at sofa.

3. Þá fylgði Rauðólfr bóndi honum til skemmu þeirrar ennar nýju, er konúngr hafði séð um kveldit, ok hann ætlaði at kirkja væri; þá var á logn veðrs ok heiðviðri, svá at hvergi sá annat enn heiðan himin. Konúngr spurði Sigurð, son bónda: hvat mun veðrs á morgin? Drífa, sagði Sigurðr. Þat þikir mér ólíkligt, sagði konúngr; gekk hann síðan til reykkju sinnar, ok var þar vel umbúit. En er konúngr gekk inní svefnskemmuna, þá var kerti loganda borit fyrir honum, hann litaðist um úti í svölunum ok hugði at stöðu hússins, ok skildi þegar setning þess, at þat var krínglótt, gekk hann þá inní húsit, ok sá fyrir innan svalirnar skjaldþili umhverfis¹ húsit; fjórar voru útdyr á skemmumni, ok allra jafnlángt í millum, en út með veggjunum [voru útstafir upphafir, ok þar með² voru reykkjur búnar allvegligar, en

¹) Þannig hin; um þvert, L. ²) v. í hin.

allt tjaldat, þar er þat þótti bæta; í þessu húsi voru ok reistir upp¹ háfir stafir ok digrir, ok stóðu þeir í hríng, var þar upp af hvelft ræfrit, þat var allt steint ok pentat², en í millum stafanna voru bríkur, ok þar fyrir innan voru reykkjurnar búnar rískum mönnum, mátti þar vel í hverjum fjórðungi liggja 20 menn, en 40 í útiskemmumni; þar var skipat hirðmönnum konungs; í miðju húsinu var arinn víðr³ ok krínglóttr með trè gjörr, ok pallar umhverfis upp at gánga, en uppi á arninum var sæng mikil, ok gjör með hinum mesta hagleik; flest trè voru þar með [koppa járnum rend⁴ ok steint⁵ allt ok víða gullagt; upp af hornstöfunum voru jærnslár ok stórir knappar upp, af eiri⁶ gjörfir ok gyltir, en út úr hornstöfunum voru jærnslár, en þar upp voru kertistigr, ok stóðu þar uppákertistikur⁷ með þrimr kvíslum. Úlfr sagði konungi, at hann (skal) fara í þá sængina, er þar var búin, ef hann vill drauma forvitnast, en drottning skal sofa í annarri náttlángt. Konúgr sagði at svá skyldi vera; ok er hann var afklæddr, steig hann upp í reykkjuna, ok lagðist til svefns; hann sá til hægri handar sér [innar í⁸ sætinu⁹, at

¹) 20, b. v. *hin*. ²) púnterat, *F*. ³) settr, *F*. ⁴) gjörr, *B H*; v. *i*. *J*; frá [*hefr F*: kopar eða jærnum slegin. ⁵) pentut, *F*. ⁶) þannig *hin*; vei, *L*. ⁷) ok stóðu þar á (upp hallz kerti, *I*;) umhverfis mikil vaxkerti, *D*; kerti há, *F*, *H*, *I* b. v. *B*, *D*, *F*, *H*, *I*. ⁸) í enu yðra, *B*, *H*, *J*; syðra, *D*. ⁹) plasinu, *H*, *I*.

þar var skipat biskupi ok kennimönnum hans, en til vinstri handar hvíldi drottning ok ríkiskonur hennar, en at höfða fjölunni, þá lágu í þeim fjórðungi Kálfr [ok Arnbjörn¹ [ok Árni² ok Kolbjörn³ Árnasynir ok þeirra menn, [ok í frá fótafjölinni lá Finnur, Þorbergr ok Árni⁴ ok þeirra menn⁵.

Um vitran Ólafs konúngs ok hugsan.

4. Ólafur konungur vakti lengi um nóttina, svá sem hann var vanr, saung hann fyrst bænar sínar, ok síðan hugsar hann mart, þá sá hann upp yfir sik í ræfrit, hann sá þar skrifaðan guð sjálfan ok veldishring hans, ok þar ofan yfir engla fylki hans, ok þar [með víðan⁶ himin, þann er hverfðr er utan um lopt öll, ok þar með voru mörkut himintúngl, en neðst ský ok vindar ok þá fuglar margir, en neðast⁷ jörð ok þar með grös ok víðir ok margskyns kvikendi, sjár ok vötn, ok sjókvikendi á marga lund, en á neðra ræfrinu fyrir utan stafina voru markaðar fornaskjur ok sögur frá ágætum konungum, ok leit konungur þar lengi á, en er hann lengi hugsaði hær um, þá var sá einn hlutr, er honum þótti undarligri enn annat, honum þótti sængin snúast undir sér, síðan féll svefn á hann, ok svaf hann um hríð; en er hann vaknar, hugði hann at draumum sínum; því næst dagaði, stóð biskup þá upp

¹) v. í D. ²) v. í B, F, H, J. ³) þannig hin; Kolbeinn, F, L. ⁴) Arnbjörn, D. ⁵) Frá [v. í L; b, v, hin. ⁶) fyrir neðan, hin. ⁷) fuglar, b. L. hær við apr.

til tíða. Konúngr klæddist, ok ¹gekk til óttusaungs, ok hlýddi morguntíðum²; síðan gekk hann á málstefnu, ok lét kalla til sín Rauðbónða, ok sagði honum draum sinn; ok er því var lokit, mælti konúngr: þú (skalt) segja mér í dag eptir hámessu, hvat draumr³ sjá merkir. Merkiligr þikki mér draumr yðvar, sagði Úlfr⁴, ok or honum mun ek gera nökkut, en þat skuluð þèr bæta mér, herra! er þèr hyggið, at mik skorti á, ok hann þýði annat, enn ek gjöri úr honum.

Ólafr konúngr lét kalla Dag til sín.

5. Veðr (var) þykt ok drífa, sem Sigurðr⁴ hafði sagt, þá lét konúngr kalla til sín Dag ok Sigurð, sonu bónda; síðan lét konúngr sjá út, ok sá hvergi skýlausan himin; þá bað konúngr Sigurð segja, hvar þá mundi sól komin; hann kvað glöggt á þat; konúngr lét taka sólarstein ok hélétt upp, ok sá hann þá, hvar geislaði úr steininum, ok markaði svá til, sem Sigurðr hafði sagt. [þá spurði konúngr Dag: hvern sèr þú skaplöst minn? Eigi fæ ek, herra! þat sèð, en þóat ek geipi nökkut um hversdagliga menn, þáer þat nökkut öðruvísa, en ek hefir hvorki til vit nè skilning, er þat ok ætlan mín, at fátt muni vera aftækt um yðra skapsmuni. Seg nú, sagði konúngr, ekki stoðar nú undan at fara. Dagr svarar: þann þá, herra! er fleiri hendir, [en þat er kvenna ást⁵. Rét segir þú, sagði konúngr, ok eruð þèr feðgar langt um fram

¹) morgun tíðum, *ráugt*, L. ²) *Hér endar I bókar brotið í þettinum.* ³) enn, *b. v. L.* ⁴) Dagr, L. ⁵) at þú ert kvennhallr, F.

flesta menn, þá er ek veit, at viti ok hyggindi¹. Síðan gekk konúngr til messu.

Er konúngr gekk til stofu.

6. En er tíðum var lokit, þá gekk konúngr til málstofu, ok með honum biskup ok drottning ok lendir menn, þar var ok Rauðr ok synir hans. Konúngr mælti til Úlfs: mun svá vera, sem mèt sýndist í nótt, at mèt þótti sem sængin snèrist undir mèt, sú er ek svaf í, eðr húsit? Úlfr svarar: því var svá smíðat, herra! at þèr skylduð jafnan horfa á sólina, ok draumr þinn gengi at sólu, ok allt athæfi þitt ok forvitni. Þá mælti konúngr: nú vilek, Úlfr! at þú segir mèt draum minn, ok svá hvat hann merkir. Úlfr svarar: hitt mun ek fyrst segja, er þú spurðir eigi, hvat þú hugsaðir, áðr enn þú sofnaðir; þú batt at guð skyldi birta fyrir þèr, hvern enda eiga mundi stjórni² sú ok styrjöld, er nú hefir hafizt, eðr á hvern veg fara mundi hèðan af eðr síðan, þá signdir þú þik í krossmarki drottins. Rètt segir þú þetta, sagðikonúngr, en hvat segir þú af drauminum³? Úlfr mælti: þèr sýndist í drauminum kross standa á jörðunni mikill ok grænn sem gras, ok líkneski á krossinum, en er þú sáttt höfuðit róðunnar, þá var þat af rauðu gulli gjört, en er þú sáttt í andlitit, þá þótti þèr sem um utan lægi hríngur rauðlitr sem regnbogi, en vaxinn sem veldishríngur guðs,

¹) Hér kemr í B, D, II, K, S, þat sem seinast stendr í þættinum: svar Dags um Björn úrmann; en hæði þat ok hitt frá fyrri | hefir E framur, þar sem Dagr telur íþrótt sínu. ²) Óvú, B. ³) Í þr þyrjar E uptr.

en innan í hríngnum voru markaðir englar guðs ok himinríkis dýrð; kross þessi, er þú sátt, ok krossfesting boðar ófrið, en svá sem þú ert höfuðsmaðr, þá muntu eiga höfuð líknesksins í drauminum, ok svá sem þær þótti höfuðit af rauðu gulli gjört, ok þar lýsti af sem forðum af ljósu gulli, þar mun birtast tign þín um alla menn fram í þessu landi, svá sem rautt gull er dýrra hverjum málni öðrum; en sem þær sýndist andlitit, er bæði fylgir heyrn ok sýn ok mál, þar var þær sýnt í þeim stað himinríki ok himinríkis dýrð, þar var þær sýnd umbun góðra verka, er þú hefir snúit¹ mörgum lýð til rættar trúar með orðum þínum ok ríkdómi; en manna höfuð er meir böllótt enn langt, þá get ek þær sýnt hafa verit ekki langt ríki² ok eyðiligt veraldar ríki. Konúngr mælti: hvat mun veldis hríngr sá merkja, er mæð sýndist? Úlfr svarar: hríngr sá merkir æfi þína ok tign ríkis; hríngr er endalaus, svá mun ok verða frægð þín; hríngr sýndist þær vera hvass upp ok niðr, svá ferr ok um æfi þína, hvöss eru upphöf, látið bæði föður þinn ok aðra frændr þína göfga, [svá ferr ok æfi þín³, at hörd munu verða endamörk ríkis þíns; hríngr vaxandi til miðs, ok síðan þverrandi til endalykta, svá hefir ok hafizt ríki þitt ok þessa heims veldi. Úlfr mælti: hálsinn á líkneskjunni sýndist þær úr kopar gjörr, þat er hinn harðasti málnr, ok af því eru klukkur gjörvar, er mest hljóð fylgir; þat ríki, er

¹) þannig hin, sýnt, L. ²) líl, hin. ³) ok allar eignir; kann ok vera, L.

næst kemr eptir þat, mun vera frægt ok birtist fyrir hvers manns eyrum, svá sem hljóð stórra klukkna; þar leikr um utan skoteldr, þat er hit mesta herskaparfæri, hræðiligt ok staðfastligt; kopar er harðr ok stökkr¹, svá mun þat ríki óþolit²; en þar, er þat var fyrir ofan ok neðan slétt fyrir málmaskiptit, þar mun þat ríki ekki langt vera, ok aungvar ættir munu þaraf lifna í þessu landi; þèr sýndist, sem ofan úr höfðinu greiddist gulligr lokkr allt á axlir ofan, þat mun þat merkja, at yðr vegsemd mun mest prýdd vera í þessu landi ok víðara annarsstaðar. Úlfr mælti: en þá leiddir þú fyrir augu þèr brjóst ok faðm róðunnar ok úthendrnar á krossinum, þat sýndist þèr vera af brendu silfri, var þar á markaðr himin ok túngls gánger, sól ok túngl, ok stjörnur með birti ok fegurð; þat ríki, er þá kemr næst, mun vera vegsamligt, svá sem himintúngl birtir, ok allir menn fagna birti sólarinnar, ok er hún nytsamlig öllum heimi, hún gefr ljós, ok vermir dögginu ok jörðina til ávaxtar, svá mun ok þat ríki vera ársællt³ öllu landsfólkinu; en þar er þú sátt líkneskit breiða faðminn, þar mun sá, er kemr til þessa ríkis, hafa miklu meira í fangi, enn aðrir höfðingjar hafa haft fyrr hær í landi⁴; en þar er lokkar þeir hinir gulligu fèllu ofan um brjóstit⁵, þar mun sá enn ágæti höfðingi vera, er þá kemr til ríkis hær,

¹) sterkr, E. ²) óþolanligt, E. ³) þarfsælt, E. ⁴) ok veru víðfaðmava hans ríki, b. v. B. ⁵) ok veru holdgrúnir, b. v. E.

yðr tengðr, ok þrýðast af yðvarri dýrð; en svá breiðr sem hans faðmr var, þá var hann stuttr¹, ok² mun ríki hans verða eigi langt. Úlfr sagði: enn þarnæst sáttu fyrir neðan brjóstit breiða gjörð liggja um róðuna, ok tók nær allt upp undir hendr, gjörðin var gjör af járn ok skýgð sem sverð, þat má kalla megingjörð; ríki þat, er þá kemr næst, mun verða styrkt ok máttugt af mektugum höfðingja; ok er þer var þat sýnt skýgt járn, þar mun vera margt skýgt sverð á lopt borit fyrr ok síðar; sú gjörð var öll fáguð með brögðum ok undarligum hagleik, at því er þer þótti, sum ristin eptir fornum sögum, þer sýndist þar á saga Sigurðar Fofnisbana ok Haralds hilditannar, ok enn nökkut af verkum Haralds hárfagra, þar mun sá konúngr fremja mörg stórverk, þau er lengi munu uppi vera, ok mikla bardaga gjöra með sinni frægð³; en þar er þer voru ásýnd stórverk hinna mestu konunga ok hinna ágætustu, þá mun sá konúngr þat sýna með sjálfum sér, ok af þeirra líking mun hann fremjast; en járn þat er harðr málmr ok mörgum til skaða lagðr, þat ríki mun mörgum þikja hart ok skaðasamt frá upphafi til enda. Úlfr segir: en fyrir neðan jarngjörðina var kviðr róðunnar bleikr ásýndar sem næsta⁴ gull þat var litat⁵ ok skýgt fagurt, þar var áfáit flútr ok viðir ok allskyns blóm, þat er á jörðu

¹) stinnr, E. ²) þó, E. ³) framkvæmd, hin. ⁴) þannig, B, H; hesta, D; vesta, L. ⁵) líkat, B, D, E, H.

vex, ok margskonar kvikindi þau, er á jörðu gánga, allt þetta var gjört með hinum mesta hagleik, þar var sýnt í þessu þat ríki, er þar kemr næst, þat var gulligt [til at sjá, sem næsta gull, en upp í höfuðróðunnar var at sjá sem rautt gull¹]; rautt gull ok bleikt gull á eigi saman nema nafn eitt, þat munda ek ætla at sá konúngr mundi hafa nafn þitt ok vera göfugr ok dýrligr, en þó ekki þinn² maki, þar var ámarkaðr jarðar ávöxtr, ok nær öll prýði heims ok fegurð, svá mun ok þessi konúngr prýða þetta ríki með góðri stjórn, hans æfi mun vera með miklum blóma, ok svá mikill hagleikr sem þér var þarsýndr, (svá) margfalliga mun hann vera kallaðr sínu landsfólki hentiligr. Úlfr mælti enn: en er þú hugleiddir³, ok sátt lengra ofan þann sama mann, er á krossinum var, sýndist þér ofan frá nafla allt ofan um sköpin silfr litr á, þat er óskírt er, ok var þó vel-litt⁴, þat silfr gengr hær í landi, ok má með því alla hluti hær kaupa, en utanlands er þat eigi gjaldgengt, nú mun sá vera mikill höfðingi ok öllum vegr at hær í landi, en utanlands mun hans vera ekki svá mikill (gánger) sem hins, er hið bjartasta silfr merkist fyrir; en þar er silfrit var vel litt ok var fagurt, þar mun hann öllum vel líka ok hans ríki, þat er standa mun með fegurð ok prýði allt til enda lífs síns, [mun hann ok fylgja sköpum

¹) sem höfuðit uppi, D, E, F. ²) hinn, F. ³) hær sleppr E í þættinum, H. ⁴) með þeim hætti sem var, b, v. B, H.

sínum¹ ok forlögum, mun af honum kvíslast² ok dreifast kynkvíslir; nú var komit ofan til fótanna mannsius, ok svá þá sem bolrinn er³, mun sá vera um flesta hluti jafnínghi fyrir- manna sinna. Rauðúlfr segir: Þar er þær sýndist lærit ofan, ok hörundar litr á, þat ríki mun vera þarnæst, er tvískipti mun vera á öllu landi, ok mun þar koma í bræðraskipti; þar er þær sýndist á báðum lærunum hörundar- litr, þá munu þeir deila makliga ok jafnliga sín í milli; ok svá sem fætr halda upp öll- um líkam, svá munu þeir upphalda síðum ok dæmum fyrirmanna sinna, ok mun þeirra ríki haldast ok fara eptir rætti skepnu⁴ ok al- menniligri mensku; þá sýndist yðr niðr frá knè tær⁵ af trè, en þat er fornt mál, at þess manns ráð gengr á tréfótum, er margir hlutir gánga illa, þat ríki, er þá kemr, þikir mèr líkligt til þess, at ill endimörk verði á þeirra skiptum, ok munu þeir þó vera af einum kynkvíslum, mun þar upphefjast frænda róg ok illar deilur; þarnæst sáttu á ristum fram, var þat af trè allt, þær sýndist sem fætrnir væri mislögum lagðir á krossinum, ok settr í jarngaddr í gegnum báðar ristrnar, ok tærnar legðist hver yfir aðra, þar er þær sýnt þat, hverjar mislögur þeir munu hafa ok misgjörðir, þar munu bræðr berast banaspjót eptir þat; þar er

1) *b. v. B, D.* 2) valdit, *b. v. B, D, II.* 3) allr upptyaðr er sá konúgr kemr til, þá *b. v. B, II.* 4) skípan, *B.* 5) fótleggir, *B, D, II.*

Þú sátt einn járn-gadd í gegnum báðar rist-rar, en tærnar lagðar hver yfir aðra, svá sem börn gjöra hrúta með fingrum sér, þeirra afkvæmi mun síðan hver öðrum mýggja ok vilja til jarðar koma. Konúngr mælti: vitr maðr ertu, Rauðr! ok þér feðgar; síðan gekk konúngr til borða, ok var þar hin prýðiligasta veizla. Rauðr segir, at hann var svenskr at ætt: lilupumst (ek) í burt með konu þessa, er ek hefí átt síðan, hún er systir Hríngs konúngs Dags-sonar; þá vaknaði konúngr við ætt beggja þeirra. Þá spurði konúngr Dag Rauðsson, (ok segir) at hann skyldi segja honum, hvern skaplöst hann sæi Bjarnar ármanns. Dagr sagði, at Björn var þjófr, ok þat með at hann segir, hvar Björn hafði fólgit á bæ sínum, bæði bein ok horn ok hold^r, af nautum þeim, er hann hafði stólit þá um haustit: er (hann) ok valdr allra þeirra stulda, er í haust hafa orðit, ok hann hefir öðrum mönn-um kent; sagði Dagr konúngi öll merki til, hvar konúngr skyldi leita láta. En er konúngr fór í burt frá Rauðúlfs, þá var hann leiddr með stór-um gjöfum út, fóru með konúngi synir Rauðs, kvomu þeir þá fyrst til Bjarnar, ok reyndist honum allt, svá sem Dagr hafði sagt, en eptir þat lét konúngr Björn fara úr landi í burt, ok naut hann drottníngar at því, er hann hêlt lífi sínu ok limum.

^r) húðir, B, H.

G e i s l i
er
E i n a r S k ú l a s o n
kvað um
O l a f H a r a l d s s o n
Noregs konúng.

Eins má orð ok bænir
allsráðanda¹ hins snjalla
vel er fróðr sá er getr góða
guðs þrenning mēr kenna;
göfugt ljós boðar Geisli
gunnöfligr miskunnar
ágætan býð ek ítrum
Ólafi brag sólar.

2.

Þeirrar er húms² í heimi
heims myrkrum brá þeima
ok ljós meðan var vísi
veðr kallaðist hallar;
sá lét bert frá þjartri
berast maðr und sky-jaðri³
frægr stóð af því flæðar
fögnuðr röðull stjörnu.

¹) allsvaúdanda, HK. ²) þannig, HK; heims, F. ³) eða,
skyjaðri.

3.

Síðar heilags brá sólar
setrs var þat fyrir betra
auðfíndum annars
ómjóss röðuls ljósi;
æztr þrifnuðr ræð efnast
oss þá er líf á krossi
jarðar allra fyrða
ónauðigr tók dauða.

4.

Upprann allrar skepnu
iðvanðr á dag þriðja
Kristr með krapti hæstum
kunnr rættlætis sunnu;
veit ek at mildr frá moldu
meginfjöldi reis hölda
iflaust má þat efla
ossa vån með hånunum.

5.

Sonr stè upp með yndi
auðar mildr frá hauðri
jöfra bestr í æztrar
alls ráðanda hallar;
lofaðr sitr englunum efri
öðlíngra hnígr þíngat
döglíngs hirð á dýrum
dagbólís konúngr stóli.

6.

Veitti dýrðar drottinn
dáðvandr gjafir anda

mál kynnast þau mönnum
 máttigs framir vátta;
 þá reis upp sú er einum
 alþýð guði hlýðir
 hæstr skjöldúngr býðr höldum
 himin vistar til kristni.

7.

Nú skulum göfgan geisla
 guðs hallar vèr allir
 ítr þann er Ólafr heitir
 alstyrkan vel dýrka;
 þjóð veit hann und heiða
 hríð-blásnum sal víða
 menn nemi mál sem ek inni
 mín jarteignum skína.

8.

Heyrðu til afreksorða
 Eysteinn konúngr beinna
 Sigurðr bygg at því snöggum
 sóknsterkr hve ek fer verka;
 drengr berr óð fyrir Ínga
 yðvart bið ek magnit styrkva
 mærd þá er miklu varðar
 máttig höfuðáttar.

9.

Yfirmanni býð ek unnin
 upp er mærd borin lærðra
 Jón köllum svá allrar
 alþýðu brag hlýða;
 hefjum hendr en leyfa

hygg ek vin röðuls tiggja
stóls vex hæð þar er hvílir
heilagr konúngr fagran.

10.

Öld samir Ólafs gilda
orðgnóttar bið ek drottinn
oss at óðgerð þessi
ítrgeðs lofi kveðja;
fann ek aldrei val vildra
vallrjóðanda allra
raun samir rætt í einu
ranni fremdar manna.

11.

Þreklynds skulu þrændir
þegns þrýði brag hlýða
Kristis lifir hann í hæstri
hall, ok Norðmenn allir;
dýrð er ágæt orðin
eljanhress í þessum¹
þjóð nè þengill fæðist
þvílíkr í konúngs ríki.

12.

Sighvatr frá ek at segði
sóknbráðr konúngs dáðir,
spurt hefir öld at orti
Óttar um gram dróttar;
þeir þafa þengil mæra
því er sízt frama lýstan
helgum lyt ek er hētu
höfuðskáld fíra² jöfri.

¹) þessu, *HK*. ²) fírar, *HK*.

13.

Móðr vann margar dáðir
 munnrjóðr hugins gunna
 satt var at siklíngr bætti
 sín mein guði einum;
 leyndi lofðúngur Þrænda
 liðgegn snara þegna
 fár gramr hefir frægri
 fæzk háleitri gæzku.

14.

Rèð um tólf sá er trúði
 tír bráðr á guð láði
 þjóð muna þegnar fæða
 þrjá vetr konúng betra;
 áðr fullhugaðr fèlli
 fólkvaldr í dyn skjalda
 hann spennir oss fyrir innan
 Ölvis haug frá bölvi.

15.

Fregit hef ek satt at sagði
 snjallri ferð áðr berðist
 drótt nýtr döglíngs máttar
 draum sinn konúngur Rauma;
 stíga sá standa fagran
 stjórnarfimr til himna
 rausn dugir hans at hrósa
 Hörða gramr af jörðu.

16.

Ok hver¹ lofaðr hugðist

¹) hvar, HA.

hrokkinnseiðs hins dökkva
lýngs í lopt uppganga
látrs stríðandi síðan;
leit¹⁾ á er landsfólk²⁾ gætir
líknframar himinríki
umgeypnandi opnast
alls heims fyrir gram snjallum

17.

Vakit frá ek víg á Stikla
víðlendr stöðum síðan
Innþrændum lét undir
álmreyr-lundr dreyra;
heims þessa frá ek hvassan
hvatir feldu gram skatnar
þeir drýgðu böll brigðu
branddríf numinn lífi.

18.

Fúss er ek því at vann vísir
var hann mestr konúngr flestra
drótt nemi mærd ef ek mætta
manndýrðir stef vanda;
greitt má gumnum lètta
guðs riðari³⁾ stríðum
röskr þiggr allt sem æskir
Ólafr af gram sólar.

19.

Náðit⁴⁾ bjartr þá er beiðir
baugskjalda lauk aldri,
sýndi salvörðr grundar
sín tákn, röðull skína;

¹⁾ lét, HK. ²⁾ landfólks, HK. ³⁾ þannig, HK; riðaðri, F.
⁴⁾ þannig HK; náðist F.

fyrr var hitt at harra
 hauðr tjalda bar¹ dauða
 happ nýttast mèt mætta
 máltól skinu sólar.

20.

Gerðist brátt þá er barðist
 broddrjóðr við kyn þjóðar
 gramr vandit sá syndum
 sik jarteignir miklar;
 ljós brann líki vísa
 log skíðs yfir síðan
 þá er önd með sèr sendist²
 samdægris guð framdi.

21.

Dýrð lætr drottinn³ Hörða
 dragist mærd þannig hrærða
 ítr munat öðlingr betrí
 alls græðari fæðast;
 greitt má gumnum lètta
 guðs riðari stríðum
 röskr þiggr allt sem æskir
 Ólafr af gram sólar.

22.

Drótt þó dýran sveita
 döglings ríks af líki
 von gleðr hug með hreinu
 hans batnaðar vatni;
 satt var at Sygna drottins⁴
 særendr guði kæran

¹) brá, *HK*. ²) senda, *HK*. ³) drottinn, *HK*. ⁴) drottinn, *HK*.

hríngs megu heyra drengir
hans brögð í gröf^x lögðu.

23.

Kom þar blindr en ek byrja
blíðverk muni síðar
auðar njótr er ýtar
jöfrs bein þvegít höfðu;
sjón brautir þó sínar
seggjum kunns í brunn
ár þeim er Ólafs dreyra
orms landa var blandinn.

24.

Sjón fèkk seggr af hreinu
sú dýrð munat fyrðum
förunðr mun þat firnast
fjölgóðr konúngs blóði;
greitt má gumnum létta
guðs riðari í stríðum
röskr þiggr allt sem æskir
Ólafr af gram sólar.

25.

Tólf mánuði var týnir
tandranðr^a huliðr sandi
fremdar lystr ok fasta
fimm nætr vala strætis;
áðr enn upp or víðu
úlfs niðanda kistu
dýrr lætr drottinn harra
dád milds koma láði.

¹) róf, HK. ²) tandra, HK.

26.

Mál fèkk maðr þar er hvílir
 margfríðr jöfurr síðan
 áðr sá er orða hlýru
 afskurðr¹ farit hafði;
 frægð ríðr fylkis Egða
 fólksterks af því verki
 jöfrs snilli fremst alla
 úngs á danska túngu.

27.

Föður skulum fulltíngs biðja
 fremdar þjóð ens góða
 mæðir mart á láði
 Magnúss hvatir bragnar;
 greitt má gumnum létta
 guðs ríðari í stríðum
 röskr þiggr allt sem æskir
 Ólafr af gram sólar.

28.

Gekk sínum bur svekkvir²
 sólar straums í drauma
 vald³ læzt fylgja foldar
 framlyndum gram myndu;
 áðr á Hlýrskógsheiði
 harðgeðr konúngr bardist
 góðs eldis naut⁴ gyldir
 gnótt við heiðnar dróttir.

29.

Lèt jarplits átu
 arnar jóðs enn góði

¹) afskurði, HK. ²) sökkvir, HK. ³) valdr, HK. ⁴) hlaut, HK.

munn rauð málmþings kennir
 Magnús hugins fagna;
 hrætt varð fólk á flótta
 frá beit egg at leggja
 sorg biðu víf en vargar
 vindversk of hræ gíndu.

30.

Raun er at sigr gaf sínum
 snjallr lausnara spjalli
 hrósek verkum vísa
 vígdjarfs frómum arfa;
 greitt má gumnum létta
 guðs riðari í stríðum
 röskr þiggr allt þat er æskir
 Ólafr af gram sólar.

31.

Satt var at silfri skreytta
 seggjum hollr ok gollu
 her lét Guthormr gerfa
 grams hróðr var þat róðu;
 þat hafa menn at minnum
 meirr jarteigna þeirra
 mark stendr Krists í kirkju.
 konúngs friðgjafar² miðri.

32.

Menn hafa sagt at svanni
 sunnr Skánúngum kunnir
 oss um Ólafs missu
 almilds baka vildi;

¹) hugin, HK. ²) þannig, HK; er óskilmerkiligt í F.

en þá er brúðr at brauði
brennheitu tók leita,
þá varð grjón at gránu
grjóti danskrar snótu.

33.

Hildings hefir haldin
hátíð verit síðan,
sannspurt er þat sunnan,
snjalls um Danmörk alla;
greitt má gumnum lætta
guðs riðari í stríðum
röskr þiggr allt sem æskir
Ólafr af gram sólar.

34.

Göfug reð horn úr hofi¹
hvítíngs of sök litla
auðar aumum beiði
úngs manns skera túngu;
þann sáam vèr er vorum
válaust numinn máli
hodda njót² þar er heitir
Hlíð fám vikum síðan.

35.

Frètt hef ek at sá sótti
síðan málma stríðir
heim þann er hjálp gefr aumum
hár skerðandi í ferðum;
hèr fèkk hann en byrja
hátt kvæði skal ek bæði

¹) hæfi, *HA.* ²) brjót, *HK.*

snáka vángs of slöngvi
slúngin mál ok túngu.

36.

Dýrð er ágæt orðin
öðlíngs ríks af slíku
mærd ríðr mildíngs Hörða
mest um heimsbygd flesta;
greitt má gumnum létta
guðs riðari í stríðum
röskr þiggr allt sem æskir
Ólafr af gram sólar.

37.

Veit ek at Vindr ferr skauti
verðr bragr en þeir skerðu
gjálfrs [niðranda grundar¹
greiddr sárliga meiddu;
ok endr fyrir trú týndri
tírar-sterks úr kverkum
auð skýfanda óðar
ár grimliga skáru.

38.

Sótti skrín et skreytta
skíðrennandi síðan
orð finnast mæðr unnar
Ólafs dreka bóli;
ok þeim er vel vakti
veit ek sönn hugins teiti
máls fékk hilmir² heilsu
heilagr á því deili.

¹) riðanda grindar. *HK.* ²) ok, *b. v. HK.*

39.

Hás lætr helgan ræsi
 heims dómara sóma
 fyllir framlyndr stillir
 ferð himneska verða¹;
 gréitt má gumnum létta
 guðs riðari í stríðum
 röskr þiggr allt sem æskir
 Ólafr af gram sólar.

40.

Hneitir frá ek at hėti
 hjaldrs at vopna galdri
 Ólafs hjörr þess er orra
 ilbleikum gaf steikar²;
 þeim klauf þengill Rauma
 þunnvaxin ský gunnar
 rekin bitu stál á Stikla-
 stöðum valbistar röðli.

41.

Tók, þá er fèll enn frækni
 fylkis kundr til grundar
 sverð, er sókn var orðin,
 svænskr maðr af gram þrænskum;
 sá hefir hjörr ens háfa
 hríngs stríðandi³ síðan
 gulli merktr í Gerkja⁴
 gunn djarfs liði fundist.

42

Nú finnr sá er gaf gumnum

¹) verðan, HK. ²) þannig HK; stíkar, F. ³) stríðanda, HK. ⁴) Girkja, HK.

göfug dýrð jöfra fyrða
 slöng Endriði úngi
 armglæðr í brag ræðu;
 greitt má gumnum létta
 guðs riðari í stríðum
 röskr þiggr allt sem æskir
 Ólafr af gram sólar.

43.

Mér er því mærd skal skíra
 mildíngs þess er gaf hringa
 styrjarvalls¹ of stilli
 styrkan vant at yrkja;
 þvíat tákn þess er lýð lækna
 lofðúngs himintúngla
 ljós kemr raun um ræsi
 ranns ferr hvert á annat.

44.

Gerðist hála² herðum
 heldr síðalla á kveldi
 glann kennandi gunnar
 glaðr vetþryma³ naðri;
 drengr ræð dýrr at vangi
 dagr rofnaðist sofna
 ítrs landreka undir
 orðfímr berum himni.

45.

Misti maðr er lýsti
 morgin var þá borgar
 styrks mundriða steindra

¹) þannig HK; styrjar-smalls, F. ²) eð a, hal á, F. ³)
 vetríma, HK.

stýrsbráðr regins váða;
 nýtr gat sèð á slèttri
 seim þiggjandi liggja
 grundu gyldis kundar
 gómsparra sèr fjarri.

46.

Þrjár grímur vann þeima
 þjóðnýtr Haralds bróðir
 rökk stefnanda reifnis
 ríkr bendíngar slíkar;
 áðr þrifhvassir þessar
 þíngdjarfs fírar ýnga
 björt eru bauga snyrtis
 brögð jarteignir sögðu.

47.

Más lét jarðar eisu
 alvaldr fyrir hjör gjalda
 slèttig óð þann er átti
 Ólafr bragar tólum;
 yfirskjöldúngr lét jöfra
 oddhríðar þar síðan
 garðs of gulli vörðu
 grand altari standa.

48.

Tákn eru björt þau er birtast
 brandel á Grikklandi
 mál finnst um þat mönnum
 margþarfr Haralds arfi;
 fregn ek at allt nè aungir

innendr meguð finna
 dýrð Ólafs ríðr dála
 dagræfrs konúng hæfra.

49.

Háðist hjaldr á víðum
 húngr slökti vel þúngan
 gunnar már í geira
 göll Petzínavöllum;
 þar er svá at þjóð fyrir hjörvi
 þúsundum féll undan
 hríð óx hamdis klæða
 hjálmskæð Grikkir flæðu.

50.

Mundi mest und fjöndum
 Miklagarðs ok jarðir
 hryggs dugði lið liggja
 lagar eldbrota veldi;
 nema rönd í byr branda
 [bart rögn fáir¹ harða
 röðuls bliku vopn í veðri
 Væríngjar frambæri.

51.

Hètu hart á ítran
 hraustir menn af trausti
 stríð stóð² ógnar eyðis
 Ólaf³ í gný stála;
 þar er of einum jörfa
 und báru flug váru
 rofinn⁴ klofnaði reifnis
 rann sextígir manna.

¹) harð rögn fáin, HK. ²) þannig HK; stúl, F. ³) þannig
 JIK; Ólaf, F. ⁴) roðinn, HK.

52.

Þá er rauk af ríki
 regn dreif stál á þegna
 hjálmnjörðungum harða
 heiðengja lið¹ gengi:
 hálf t fimta vann heimtan
 hundrað [brimils sunda²
 nýstan tír þar er nærri
 Norðmanna val þorðu.

53.

Ruðu gumnar gladdir³
 göfugr þengill barg drengjum
 Vagnaborg þar er vargar
 vopn-sundrat hræ fundu;
 nennir öld at inna
 úngr⁴ brimloga slúngins;
 döglíngs verk þau er dýrka
 dáðsnjalls veröld alla.

54.

Nú er þau er vann vísir
 verk fyrir þjóð at merkja
 nauðr í nýjum óði
 næst ríðrat þat smæstu;
 kragt skulum guðs þess er giptu
 gunnstyrks lofi dýrka
 lèr haldfrömum hárrar
 heimslæknis gram þeima.

55.

Ángrs fylldr varð aldar

¹) liðs, HK. ²) brimís fundi, HK. ³) gladdir, HK. ⁴) úngs, HK. ⁵) slúngjum, HK.

illr gerist hugr af villu
 mildíngs þjóu fyrir manna
 margfaldr öfund kaldri;
 lýgi hefir bragna brugðit
 brýtr stundum frið nýtra
 hermdar kraptr til heiptar
 hjaldr stríð skapi blíðu.

56.

Lustu í sundr í sandi
 seggir marglituðr¹ eggja
 hörð grèri fjón með fyrða²
 fót aldrrega rótum;
 ok prest þeir er limleystu
 leyfðar³ kröfð or höfði
 hætt mál var þat heila
 himintúngl firar stúngu.

57.

Túngan var með tångar
 tírkunns lokin munni
 vara sem vænst ok þrisvar
 viðr líf skorin knífi;
 auðskiptir lá eptir
 önd lætr maðr á ströndu
 margr of minni sorgir
 meinsamliga hamlaðr.

58.

Leyfðr er sá er lét stýfðar
 lamins fótar gram njóta
 ítran þegn til augna

¹) marglituðs, HK. ²) fyrðum, HK. ³) þannig HK; feyfðar, F.

útstúnginna ok túngu;
hönd Ólafs vann heilan
hreins gjörvallra meina
ger munu gjöld þeim er byrjar
guðs þræl öfugmæli.

59.

Bíðr allskonar æðri
örugt mælek þat sælu
dýrðar vottr með drottni
dyggvi enn þjóð of hyggvi;
sèr at lausnara leysi
liðs valdr numin aldri
lángvinr friði sik syndum
slík verk á jarðríki.

60.

Hèðan var úngr frá ángri
alls mest vini flestir¹
guð reynir svá sína
siklíngur numinn miklu;
nú lifir hraustr af hæstri
himna valds þar er aldri
fár skerðandi fyrða
friðar sýn gleði týnist.

61.

Hverr er svá hoskr at hyrjar
hans veg megi of segja
ljóss í lífi þessu
lofðúngs gjafar² túnga;
þar er hreggsalar hyggjum

¹) flesta, *HK*, ²) grafar, *HK*.

heitfastr jöfurr veitir
skreytt megu skatnar líta
skrín dýrðar vin sínum.

62.

Heims hygg ek hingat komu
höfuð menn í stað þenna
snarr tiggji bergr seggjum
sólar erkistólar;
hèr er af himna gervis
heilagr viðr sem biðjum
yfirskjödúngr bjarg þú aldar
oss þíníngar krossi.

63.

Öld nýtr Ólafs mildi
jöfrs dýrð höfum skírða
þrotnar háss frá þessum
þíngsnjalls veröld alla;
lúti landsfólk ítrum
[lima síns¹ konúngi himna
sæll er hverr er hollan
hann gerir sèr manna.

64.

Talda ek fátt í fjölda
friðgegns af jarteignum
ber koma orð af orum
Ólafs bragar stóli;
báls² fáí seggr hverr sólar
síklíngs hæfir mikla
hilmis ást ens hæsta
heiðbjartr³ er lof reiðir.

¹) þannig *HK*; linsólmls, *F*. ²) bóls, *HK*. ³) heið-
bjarts, *HK*.

65.

Svá at lausnara leysi
 lángrinn frá kyöl strágrí
 nýta þjóð or nauðum
 nafn kuðr við trú jafnan ;
 víga skyt þeir er vísa
 velendr framan telja
 öflugs Krists af ástum
 almennins brag þenna.

66.

Ólafs höfum jöfri
 orð hags kyni sagðar
 fylgir hugr ens helga
 happs dáðir því ráði ;
 laun fám holl af hánum
 hræsik þrimu líkar
 göfugs öðar hjálp gæðum
 guðs blessan lofs þessa.

67.

Mundi bragr ens brenda
 baug hvers vera þersi
 kann ek rausnar skap ræsis
 raun dýrliga launaðr ;
 ef lofða gramr lifði
 leikmildr Sigurðr hildar
 þess lýsek veg vísa
 vellom grimmr enn ellri.

68.

Bæn hefir þéngill þína

*) skíðs, *HR.*

Þrekrammr stoðat framla
iflaust hafum jöfri
unnit mæro sem kunnun;
ágætr segir (ýtum)
æstan hve ek brag leysta
hás elskik veg vísa
vagnræfrs en ek þagna.

Registri

yfir

Öll manna ok þjóða nöfn, sem finnast
í sögu Ólafs konungs helga.

- Aðalráðr, Engla konúgr, I, 17. 36. 48-53. 63. II, 155-157.
- Aðalráðssynir, II, 155-157.
- Aðalsteinn, Engla konúgr, I, 13. 17: II, 129.
- Afrastir, II, 47-52. 68. 78. 204.
- Agnar, son Ragnars rykkils, II, 268.
- Aki, hirðmaðr Eiríks konúgs, II, 245-246.
- Vagnsson, II, 182.
- Amundi Arnason, I, 238
- bóndi, I, 215-217.
- Alfhildr, ambátt, I, 273
- Ringsdóttir, I, 7.
- Alfífa drottúing, II, 99-102. 106. 184. 185. 209. 219. 220.
- Alfinnr jarl, II, 99.
- Alof árbót, I, 7.
- Andreas Guthormss, grábaks, II, 150.
- Ari prestur Þorgilsson, I, 1. 2. 5. 19. 210: II, 23, 114.
- Arnfinnr Arnason, Armóðssonar, II, 82.
- jarl, I, 17.
- Þorfinnss. II, 213.
- Arnasyuir, II, 17. 25. 116.
- Arnþjórn Arnason, I, 238, 385: II, 30, 332-340.
- Arni Armóðsson, I, 238-239: II, 82.
- Arnason, I, 321-325: II, 25. 103. 113. 124. 205. 332. 337. 340.
- Arnkell jarl Torf-Einars II, 212.
- Arnþjótr gellini, I, 337-341: II, 67. 68. 78
- Arnór jarlaskúld, I, 214. 272: II, 89. 118. 134.
- Arnvidr blindi, I, 204-210.

- Asar, I, 234.
- selsbani Sigurðarson, I, 254-270. 276-279: II, 71. 72.
- Asgautr ármaðr, I, 112-115.
- Askell, II, 285.
- Aslákr Erlingsson, I, 70. 74. 294.
- fitjaskalli, I, 251. 252: II, 14. 15. 18. 19.
- af Finneyjum, II, 44. 84. 237.
- Asmundr Crankelsson, I, 233. 275-279. 330-332: II, 2, 3, 125.
- Asta Guðbrandsdóttir, I, 24-28. 32-39. 75-83. 152-154: II, 267.
- Astríðr Eiríksdóttir bjóð-askalla, I, 20. 131.
- drottning, dóttir Olafs Svía konúgs ok Eðlu, I, 179. 180. 192-196. 204. 379: II, 25. 41. 171-176.
- Steinkelsdóttir, I, 7.
- Sveinsdóttir konúgs, I, 305.
- Tryggvadóttir, I, 70.
- Atti hinn dælski, I, 200-206.
- Bárðr Jökulss. II, 28.
- Bárðr prestur, I, 318.
- II, 302.
- Bergljót Þórisdóttir þegjanda, I, 7. 18.
- Hákonard. kona Einars þambaskelfirs, I, 61.
- Bergr, I, 352.
- Bersi Skáldtorfuson, I, 101. 292: II, 233. 234.
- Bjarnar, I, 298-302: II, 280-282.
- Bjarni gullbráarskáld, II, 17. 31. 32. 83. 123. 127. 141.
- systursou Þóraríns Nefjúlfs II, 315-320.
- Björn Haraldsson hárfagra, I, 7-11. 13.
- Hítðælakappi, I, 109-111: II, 234.
- ízlenzki, II, 285. 288.
- ármaðr, I, 379: II, 330. 348.
- hinn gamli Svía konúgr, I, 162. 183: II, 245.
- stallaxi, I, 120. 127-144. 156-164: II, 25. 33-36. 83. 84. 187-190. 332. 337.
- Þrándarson, II, 318.
- II, 302.
- Blökumenn, II, 283.
- Brjáns orrosta, I, 214.

- Brúsi jarl Sigurðars., I, 213-230. 239: II, 141.
 - bóndi, II, 20-23.
 Brynjólfr úlfaldi, I, 118-120. 122. 123.
 Barizlafr konungur, II, 270-290.
 Basíngur, sverð, I, 37. 38. 58: II, 165.
 Bæðvar, son Víkinga-Kára, I, 131.
 - bjarki, II, 301. 302.
 Bælverkr skáld, II, 88.
 Dags Haraldsson, I, 7. 8.
 - Hringsson II, 45. 267.
 - Hringsson, II, 25. 45-47. 53. 56. 61. 62. 75. 81. 84-87. 94. 204-205. 267.
 - Rauðsson, I, 379-381: II, 330-348.
 Dala - Guðbrandr, I, 240-249.
 Danir, I, 48. 49. 52. 64. 84. 118. 123. 168. 201. 229. 370: II, 100. 228. 239. 247. 250. 255.
 Dúngarðr jarl, I, 213.
 Eðla, frilla, I, 179.
 Eðrikr strjóna, II, 155. 158.
 Eðvarðr hinn helgi, I, 48.
 Egðir, II, 6.
 Egill, son Síðu-Halls, I, 287. 313. 368. 369: II, 25. 321-329.
 Einar Eyjólfsson, I, 281-283: II, 314.
 - son Guthorms grábaks, II, 150-152.
 - íslenzkr, II, 25.
 - rángmaður Sigurðarson, I, 213-221. 226. 233.
 - Skúlaðson, II, 112. 149.
 - þambaskelfir, I, 61. 62. 91-95. 101. 103. 107. 251. 273. 348: II, 4. 5. 25. 36. 42. 43. 103-106. 113. 115. 117. 126. 168-170. 219-221. 304-313.
 Eindriði úngi, II, 212.
 - son Einars þambaskelfirs, II, 5. 304-313.
 - Styrkársson, I, 61.
 Eiríkssynir blóðaxar, I, 18-23.
 Eiríkr bjóðaskalli, I, 20. 131.
 - Björnsson, Svía konungur, II, 245-251. 255.
 - blóðöx Haraldsson, I, 6. 9-18. 23. 212. 213. 223.
 - Danía konungur, I, 6.

- Eiríkr jarl Hákonarson, I, 36. 59. 61-63. 68. 91. 117. 288: II, 157. 237.
- konúngr af Hörðalandi, I, 7.
- konúngr hinn sigrsæli, Eiríksson, I, 24. 68. 162.
- konúngr Eymundarson at Uppsðlum, I, 24.
- Emma drottning, I, 59, 63. 356-358: II, 155.
- Emundr, son Olafs konúngs ok Eðln, I, 179. 180.
- af Skörum, I, 198-210.
- Erlendr jarl Torf-Einarss. I, 212.
- or Geiði, II, 44, 84. 237.
- Erlingr son Eiríks blóð-axar, I, 17. 22.
- Jónsson, II, 124.
- Skjalgsson, I, 67-71. 74. 95. 103. 105. 116. 117. 240. 251-253. 256-260. 266-268. 306. 322. 375. 376: II, 3. 9-19. 36. 44. 234-237. 304-313.
- Eylífr gauzki, I, 118-121.
- jarl Rögnvaldsson, I, 188.
- Eymundr jarl or Sparblúi, I, 314.
- konúngr Hríngsson, II, 267-298.
- Eynir, I, 237.
- Eysteinn erkibiskup, II, 107.
- jarl, I, 7.
- konúngr illráði, I, 314.
- glumra, I, 112.
- Haraldsson, II, 112. 149.
- son Magnúsar berfatts, II, 145.
- orri Þorbergsson, I, 319. 320.
- Eyvindr úrarhorn, I, 122-126. 178. 218. 227.
- skáldaspillir, I, 3. 7. 231.
- Finna, I, 44: II, 42. 82. 207.
- Finnr Arnason, I, 238. 239. 320-330: II, 25. 54. 66. 76. 83. 85. 86. 103. 113. 141. 198. 202. 205-207. 324-326. 332. 336. 340.
- Haraldsson, II, 25.
- litli, I, 167-173.
- skjálgi, I, 7.
- Flæmingjar, II, 137.
- Frakkar, II, 137. 138.
- Freyja, I, 234.
- Freyr, II, 239.

- Freyviðr dauði, I, 204-210.
- Fróði Eiríksson blóðaxar, I, 17.
- Haraldsson, I, 7-9.
- Gamli Eiríksson blóðaxar, I, 17. 18.
- Garða-Ketill, II, 285.
- Ganka-Þórir, II, 47-52. 68. 78. 201.
- Gautar, I, 42. 119. 126. 188.
- Gauti-Tólfvason, I, 201.
- Gautr hinn rauði, I, 307. 308. 346-348.
- Geirfinnr, I, 55.
- Gaungu-Hrólftr, I, 60.
- Gellir Þorkelsson, I, 287. 313. 314. 332.
- Gestr, II, 171. 172.
- Gilli lögsögumaðr, I, 284. 285. 306. 343-348.
- Gissur Guðbrandsson, I, 33.
- gullbráarskáld (-fóstri), II, 25. 56. 57. 80. 203.
- hvíti, I, 131.
- svartí, I, 134. 137. 143.
- Goðormr, II, 239.
- Gormr konúgr, I, 291.
- Grankell (Granketill) bóndi, I, 232. 330-332: II, 2. 71.
- Grelöð, dóttir Dúngaðar jarls, II, 213.
- Grikkir, II, 137.
- Grínkell biskup, I, 108: II, 104-106.
- Grímr góði, II, 63. 95-99. 105.
- Grjótagarðr, bróðir Sigurðar Hlaðajarls, I, 19-20.
- Ölvisson, I, 384-386: II, 30. 72.
- Grjótvör, II, 229.
- Gróa, dóttir Þorsteins rauðs, I, 213.
- Guðbrandr konúgr, I, 83. 147-152.
- kúla, I, 24. 23.
- Guðini jarl Ulfjádsson, I, 366.
- Guðleikr gerzki, I, 124-126.
- Guðmundr Eyjólfsson, I, 176. 177. 281-284. 287: II, 269. 314.
- Guðröðr Björnsson Haraldssonar hárfagra, I, 10. 13. 15. 16. 20. 21.
- Eiríksson blóðaxar, I, 17. 20. 21.
- Haraldsson hárfagra, I, 6.
- ljómi, I, 7. 10.
- Dalakonúgr, I, 145-152.
- Vinda konúgr, I, 30.
- Gull-Haralde, I, 22.

- Gunnhildr Hálfðánard, I, 7. 231.
- konungamóðir, kona Eiríks blóðaxar, I, 10. 14-19. 23.
 - kona Haralds Knútssonar ríka, Heintriksd. II, 124.
 - Knútsd. ríka, II, 155.
 - systir Olafs k. helga, II, 135. 136.
 - Sigurðard. sýrs, I, 76. 286.
 - Sveinsd. I, 74.
- Gunnsteinn i Lángey, I, 276. 296-304. 326. 327.
- Guthormr Eiríksson blóðaxar, I, 17.
- grábak, II, 150.
 - son Haralds hárfagra ok Gyðu, I, 6. 9.
 - son Haralds hárfagra ok Ragnhildar, I, 6.
 - son Ketils kálfs, II, 135. 136.
 - jarl Sigurðarson, I, 212.
 - Sigurðarson sýrs, I, 76. 152. 153.
 - sindri, I, 12.
- Gyða Eiríksdóttir, I, 7.
- enska, II, 115.
 - dóttir Guðina jarls, I, 366.
 - systir Ulfis jarls, I, 366.
- Hákon Aðalsteinsfóstri Haralds., I, 13. 15-19. 34. 84. 108. 140. 213. 233. 315.
- jarl Eiríksson, I, 62. 67. 71-74. 80. 91. 117. 273. 288-292. 352-355. 377: II, 4. 16. 18. 19. 24. 28-42. 68. 69. 129. 237.
 - Hlaða jarl Grjótgarðsson, I, 7.
- Hákon Hlaðajarl hinn ríki Sigurðarson, I, 1. 3. 7. 18-20. 22-24. 26. 34. 62. 84: II, 157. 311.
- Haldór, II, 149.
- Brynjólfsson, I, 306.
 - Ramnveigarson, I, 35. 36.
- Háleygir, I, 234. 257. 259. 325: II, 73.
- Hálfðán hvíti Haralds., I, 7. 9.
- svartí, faðir Haralds hárfagra, I, 3.
 - svartí Haraldsson, I, 7. 9-14.
 - son Haralds hárfagra, I, 6.
 - háleggr, I, 7. 9. 212.
 - Hálfðán jarl, I, 7. 231.
 - Sigurðarson sýrs, I, 76. 152-154.

- Hálfr konúgr, II, 299-303.
- Hallfreðr háreksblesi, II, 8.
- Hallvarðr hinn helgi, II, 267.
- Hallr af Síðu, I, 1.
- Þórarínuss, I, 2.
- Hár harðgreipi, II, 60.
- Haraldr gráfeldr Eiríksson blóðaxar, I, 17, 20-22, 288.
- gilli, II, 11.
- Gormsson, Dana konúgr, I, 20-23, 60, 84, 140, 288; II, 156, 237, 247, 250.
- Guðínason, Engla konúgr, I, 366.
- grænski Guðraðarson, Björnsonar, I, 20-26, 34.
- jarl, II, 100.
- hinn hárfagri, I, 3, 6-16, 23, 76-80, 83, 85, 140, 210, 223; II, 45, 71, 238, 239, 245.
- hilditönu, II, 345.
- Knútsson ens ríka, I, 63; II, 124, 132, 155.
- Sigurðarson, I, 1.
- Sigurðarson sýrs, I, 83, 152-154; II, 44, 45, 62, 63, 87, 88, 142, 143, 197, 204, 205.
- son þorkels háfa, II, 31.
- Hárekr í Þjóttu, son Eyvindar skáldaspillirs, I, 231, 232, 239, 275, 276, 330-332, 370-373; II, 2-4, 36, 42, 71-75, 85, 86, 124, 125, 137.
- Hávarðr Þorfinnsson, I, 213.
- Heiðrekr strjóna, I, 63.
- Heinrekr keisari, II, 124.
- Helgi, II, 248, 255-266.
- hirðinaðr, II, 315-320.
- Helsingjar, I, 315.
- Hemúgr, bróðir þorkels háfa, II, 156.
- jarl, II, 249.
- Hjalti Skeggjason, I, 115, 127-144, 156-164, 178.
- hugprúði, II, 301.
- Hildir Rólfsdóttir nefju, I, 60.
- Hofgarda-Refr, II, 56, 80.
- Hlödver Þorfinnsson, I, 213.
- Hólmfríðr Eiríksd. konúngs, I, 68.
- dóttir Olafs konúngs ok Eðlu, I, 179.
- Hneitir, sverð, I, 58; II, 65, 111, 112, 164.
- Hrani hvíti, I, 20.
- injónefr, I, 76.
- viðförla, I, 20, 21, 26-39, 64, 67, 78.

- Hringr konúgr Dagsson, I, 380: II, 25. 45. 204.
 267. 268. 348.
 - son Haralds hárfagra, II, 267.
 Hrói skjálgi, I, 118. 124.
 - hinn heimski, II, 252-266.
 Hrókr svartí, II, 302.
 Hróifr skjótandi, II, 60.
 - kraka, II, 172. 300-303.
 Hrótr af Viggju, II, 61. 62. 237.
 Hraerekr konúgr, I, 83. 84. 87. 145-152. 164-178: II, 267-268.
 Hvelpr (Huadr) Sigurðarson, I, 213.
 Hvíta-Kristr, II, 52. 123. 303.
 Hvítserkr hvati, II, 301.
 Hørðakari, I, 13.
 Hørðaknútr Knútsson, I, 63. 305. 355-358: II, 4. 123. 131. 132. 155.
 Hørðar, II, 15. 74. 81.
 Jacob Olafason, I, 179. 207-210.
 Jaðarbyggvar, I, 323: II, 311.
 Jámtar, I, 315. 332. 334.
 Jarðprúðr Jónsdóttir, II, 124.
 Jarisleifr konúgr, I, 192. 196: II, 25. 37. 40. 41. 88. 117. 270-298.
 Játmundr Aðalráðsson, I, 50. 54. 59. 63-65: II, 156-158.
 Játvarðr Aðalráðsson, I, 54. 59-65. 366: II, 156. 157.
 Játvígr Aðalráðsson, I, 59-65.
 Ingibjörg Haraldsd. I, 7.
 - Finnsdóttir, II, 178.
 - jarla móðir, II, 141.
 - Tryggvad. I, 126. 131-144: II, 304.
 - Þrándard., II, 245.
 Ingigerðr drottning, I, 134. 141-143. 157-164. 178-198: II, 25. 37. 39. 40. 41. 200. 272-298.
 - Haraldsdóttir, I, 7. 231.
 Ingi Haraldsson, II, 112. 149.
 Ingiríðr Sigurðard. sýrs, I, 76.
 Ingunnar-Freyr, I, 3.
 Innsteinn, II, 302.
 Innþændir, I, 106. 113: II, 80.
 Jómali, goð Bjarma, I, 299. 300-304.
 Jónsvíkingar, I, 84.
 Jón Arnason, II, 124.

- Jón kaupmaður, II, 183.
- Jórunn skáldmær, I, 12.
- Jótar, II, 7, 247.
- Irar, I, 65.
- Isleifr biskup, I, 2.
- Íslendingar, I, 5, 137. 279: II, 62.
- Ísríður, móðursystir Olafs konungs, I, 287: II, 267.
- Júlianus níðingr, I, 48.
- Ivar hvíti, I, 367.
- Sigtryggsson, II, 25.
- Jökull Þórðarson, II, 28-30.
- K**álfr Arnason, I, 238. 239. 322-325. 382: II, 17-19. 28. 30-32. 36. 71-76. 81-86. 103. 113-118. 123-127. 141. 187. 197. 198. 202-206. 237. 332. 336. 340.
- frændi Kálfs Arnasonar, II, 81, 83.
- Karllöfði, skip, I, 95.
- Karli í Lángey, I, 276-279. 296-304. 326-329: II, 235.
- bóndi, II, 177. 178.
- Mærski, I, 342-348.
- Ketill Jamtr, I, 314.
- hængr, II, 311.
- kálfr, II, 135.
- Ketill af Ríngunesi, I, 94. 105. 149. 286.
- Kimbi, II, 90.
- Kirjalaks keisari, II, 111. 112. 137.
- Klyppr hersir Þórðarson, I, 22.
- Klængr Brúsason, I, 94.
- Knútr konungr ríki, I, 36. 47. 59-65. 74. 81. 211. 230. 273. 288-295. 305. 325. 329. 330. 349-378. 383. 386: II, 1-9. 24. 28. 31-44. 68-71. 100-104. 113. 117. 124. 132. 155-160. 180-198. 204-209. 228. 237. 315-317. 326.
- Knyttlingar, II, 102. 115.
- Kolbeinn sterki, I, 246-248.
- Arnason, II, 25. 205.
- II, 149.
- Kolbjörn Arnason, I, 238: II, 332. 337. 340.
- Kolr Hallsson, I, 1.
- Konofögr Ira konungr, I, 178.
- Kristr, I, 172: II, 48. 67. 109. 225. 277.
- Kveldúlfr, II, 311.
- Leifr í Brattahlíð, I, 176.
- Özurarson, I, 284. 285. 306. 343-348.

- Ljótr Þorfinnsson, I, 213.
 Loðinn Erlingsson, I, 70:
 II, 304.
 Loptr hirðmaðr, II, 316.
- M**agnús Olafsson, I, 274:
 II, 25. 41. 117-127.
 131-134. 141-143. 298.
 - berfattr son Olafs kyrra,
 II, 144. 145.
 Margaðr kónúgr, II, 135.
 136.
 María mey, II, 139.
 Melkólfr Skota kónúgr,
 I, 213.
 Merkúríus hinn helgi, I, 48.
 Mæringr, sverð, I, 110.
 Møðrukári jarl, I, 366.
 Möttull kónúgr, II, 235.
 236.
- Nerciðr jarl gamli, I, 76.
 Nicolaus cardínali, II, 150.
 Njáll, son Finns skjálga,
 I, 7.
 Njörðr, I, 3.
 Nörðmenn, I, 49. 61. 229.
 333. 360. 370: II, 102.
 117. 139. 273-298.
 Noregsmenn, II, 112.
- O**ddr Kolsson, I, 1.
 Oðinn, I, 234: II, 172-
 176. 234.
- Ólafr kónúgr Björnsson,
 II, 245.
 - - digrbeinn, I, 28.
 - - Eiríksson, I, 24. 36.
 41. 68. 81. 112. 120.
 125. 126. 131. 141. 165.
 178-184. 191-210. 250:
 II, 171-175. 272. 338.
 - svænski Eiríksson, I, 24.
 315.
 - kónúgr Geirstaðaálfr,
 I, 27-31. 37.
 - son Haralds hárfagra, I,
 7-13.
 - kyrrí, son Haralds Sig-
 urðars., II, 142. 144.
 - Magnússon berfatts, II,
 145.
 - frændi Kálfs Arnasonar,
 II, 81. 83. 237.
 - kónúgr Tryggvason, I,
 1. 2. 34. 36. 61. 62.
 67-70. 74. 79-81. 84.
 85. 93. 116. 130. 213.
 233: II, 38. 321.
 - kónúgr af Vestfold, I, 3.
 Óláf Bøðvarsdottir, I, 131.
 Otta hertugi, II, 132. 133.
 Óttarr svartí, skáld, I, 5.
 39. 40. 42. 50-52. 58.
 66. 72. 134. 143. 144.
 151. 192. 250. 262: II,
 173-176. 234.

- Pétur postuli, II, 224.
 Ragnar Agnarsson, II, 268-298.
 Ragnar rykkill, II, 268
 Ragurfróðr son Eiríks blóðaxar, I, 17.
 Raguhildr Arnadóttir, I, 238.
 - dóttir Eiríks konúngs, I, 6.
 - dóttir Eiríks blóðaxar, I, 17.
 - Erlíngsd., I, 70, 317-320.
 - kona Rauðs, I, 379-381: II, 330.
 - II, 318.
 Rannveig Þórisdóttir, II, 124.
 Rauðr (eða Rauðúlfr) í Eystri-Dölum, I, 379-81: II, 330-348.
 Raumar, I, 249.
 Rigarðr, II, 318.
 Rikkarðr prestur, II, 150-154.
 - Rúðujarl, I, 59.
 Ríngur Dögsson, I, 7.
 - Haraldsson, I, 7.
 - konúgr, I, 83, 85, 87, 145-152.
 Roðbert lánaspjót, I, 59.
 - jarl Rikkarðss., I, 59.
 Rólfur nefja, I, 60.
 Rúðujarlar, I, 60.
 Rýgir, II, 74. 81.
 Rytungr, sverð, I, 173.
 Rögvaldr Brúsason, I, 217. 222. 229: II, 25. 87-89. 141. 190. 201. 205.
 - Mara jarl, I, 60. 212.
 - konúgr Ólafsson, I, 3.
 - réttilbeini, I, 7-10.
 - (Ragnar) rykkill, I, 7. 8.
 - jarl Ulfsson, I, 68. 126. 128-144. 156-164. 179-198: II, 291-298.
 Sarpr, (fors), I, 121.
 Saur, hundr, I, 314.
 Saxar, I, 123. 168: II, 239.
 Selpórir, I, 253. 255-270.
 Sighvatr skáld, I, 5. 40. 43-45. 51-55. 59. 63. 69. 73. 88-90. 97-100. 103. 109. 135. 136. 169-173. 184-194. 240. 274. 275. 292. 349. 351-355. 358-360. 374-378: II, 1. 2. 11-13. 15. 26. 57. 64. 65. 75. 77-84. 94. 107. 113. 114. 120-123. 128. 170. 173-180. 208-211. 219. 232. 233. 235.

- Sigríður stórráða, dóttir Sköglar-Tosta, I, 21, 24-27. 36. 68.
- Sveinsdóttir, I, 294.
 - kona Kálfs Arnasonar, II, 30.
 - dóttir Þorólfs skjálgs, I, 254, 255. 278.
 - Erlingsdóttir, II, 304-313.
- Sigtryggr bóndi, II, 25.
- (Tryggvi) Haralds son hári, I, 7.
- Sigrbjörg, Þorgnýrsd. II, 259-266.
- Sigurður Akason, II, 182-186.
- Erlingsson, I, 70-322.
 - erkibiskup, I, 242. 246. 266. 268: II, 68. 99. 104. 158-160. 190. 195-199.
 - Fáfnisbani, II, 210. 234. 345.
 - son Finns skjálga, I, 7.
 - hit, I, 169-173.
 - Haraldsson, I, 7 8. 14.
 - son Haralds gilla, II, 112. 150,
 - hrísi Haraldss. I, 7.
 - Hlaða jarl, I, 15-21.
 - hundr, II, 124.
 - bróðir Hróa, II, 263.
 - jarl digri Illðversson, I, 213. 214. 223.
- Sigurður jarl í Orkneyjum, I, 212.
- slefa son Eiríks blóðaxar, I, 17. 22.
 - konúgr sýr, I, 33-38. 74-88. 94-106. 152: II, 168. 169. 267.
 - Jórslafari, II, 149.
 - Magnússon berfættis, II, 145.
 - Rauðs- (eða Rauðúlfs-) son, I, 379-381: II, 330-348.
 - Þórisson, I, 254.
 - son Þóris hunds, II, 124.
 - Þorláksson, I, 307-312. 346-348.
- Skánúngar, II, 239.
- Sapti Þóroddsson, I, 109. 115. 176. 283-285. 316.
- Skeynir, I, 237.
- Skjálgr Erlingsson, I, 70. 253. 263-268. 294: II, 304-313.
- Skjöldr, II, 239.
- Skúli Þorfinnsson, I, 213.
- Sköglar - Tosti, I, 21-24. 36.
- Snjófríður Finnska, I, 7. 9.
- Snorri goði, I, 2. 283. 284.
- Sóti víkingr, I, 40.
- Sparbyggjar, I, 237.
- Steigar-Þórir, II, 267.

- Steinkell Sviakonungur I, 7.
 Steinn Skaptason, I, 287.
 313. 316-325: II, 180.
 181.
 Steinvör, II, 226. 231.
 Stephanus, II, 215.
 Styrbjörn Olafsson, I, 24.
 140. 142: II, 245-251.
 Styrmir prestur, II, 170.
 226. 268.
 Sumarliði Sigurðarson, I,
 213. 214.
 Svanhildr Eysteinsdóttir,
 I, 7.
 Sveinn, I, 165-167.
 - jarl Hákonarson, I, 27-
 31. 36. 59. 61. 62. 68.
 74. 91-107. 111. 147.
 251. 288-294: II, 23.
 69. 113. 168-170.
 - konungur tjúguskegg Har-
 aldsson, I, 36. 37. 48.
 59. 68. 288: II, 155.
 157. 237. 252. 253. 266.
 - Knútsson, II, 43. 99-
 108. 112. 115-117. 120.
 123. 124. 209. 219. 220.
 - Ulfsson, I, 305. 358: II,
 132.
 Sviar, I, 41. 42. 84. 119.
 130. 141. 142. 154. 315.
 333. 360. 368: II, 166.
 167. 196. 239. 246.
 Sygnir, I, 36: II, 74. 128.
 Sæmíngur, I, 3.
 Sölva-Klodi, I, 9.
 Teitr Isleifsson, biskup,
 I, 2.
 Tófa, I, 177.
 Tófi Egilson, II, 329.
 - Valgautsson, I, 368.
 369: II, 25. 321-329.
 Tóki hinn gamli, II, 299.
 - Tókason, II, 299-
 303.
 Torf-Einarr jarl Rögn-
 valdsson, I, 212.
 Tosti jarl, I, 366.
 Tryggvi son Gyðu ensku,
 II, 115. 116.
 - Olafsson, I, 13, 15, 16.
 20. 21.
 Tyrkir, II, 283.
 Ulfhildr dóttir Olafs kon-
 úngs helga, II, 25. 45.
 132.
 Úlfkell snillingur, I, 51. 62:
 II, 155. 156. 228.
 Úlfr jarl Rögnvaldsson, I,
 188.
 - bróðir Sigríðar stórráðu,
 I, 68.
 - son Þorgils sprakaleggs,
 I, 65. 305. 355-358.
 360. 366. 367: II, 162.
 168.

- Úlfir þrándarson jarls, II, 245. 246. 249.
 - *sjá* Rauðr í Eystridölum
 Upplendingar, I, 8. 250: II, 24. 62.
 Uppsviar, I, 206-208.
 Utsteinn jarl, II, 302.
 Vagn Akason, II, 182.
 Valdamar, II, 108.
 - konúgr, II, 270.
 Valþjófr jarl, I, 366.
 Valgautr jarl, I, 369: II, 321-329.
 Varnlafr konúgr, II, 270-298.
 Verdælir, I, 237: II, 87.
 Vestr-Gantar, I, 128, 159. 161. 182. 188.
 Viðkunnr Jónsson, II, 124.
 Vígleikr Arnason, II, 18. 19.
 Víkinga-Kári, I, 131.
 Víkverjar, I, 9. 11. 14. 16. 20. 123. 126. 161.
 Vilborg kona Hjálta Skeggjasonar, I, 131.
 Vilhjálmr jarl Rikkarðsson, I, 59.
 Vindir, II, 132-134. 149.
 Vísivaldr konúgr, I, 26.
 Vísundr, skip, I, 349.
 Vitgeirr sciðmaðr, I, 10.
 Væringjar, II, 111. 112. 137-139.
 Þingbrandr prestur, I, 2.
 Þingamenn, I, 52: II, 155.
 Þjóðólfr enn fróði, I, 3.
 - Hvinverski, I, 29.
 - skáld, II, 88. 134.
 Þór, I, 242: II, 239. 249.
 Þóra Njálsdóttir, I, 7.
 - Mostrstaung, I, 13.
 - Þorsteins dóttir gálga, I, 238.
 - móðir Sigurðar Jórsala-fara, II, 149.
 Þórálfr or Dímun, I, 284. 285. 306-312.
 Þóraldi ármaðr Olafs konúngs, I, 236. 237.
 Þórarinn loftunga, II, 5. 8. 100. 108.
 - Nefjúlfsson, I, 174-178. 263-266. 280: II, 269. 314-320.
 Þórarrr lögmaðr, I, 333-336.
 Þorbergr Arnason, I, 70. 238. 317-325: II, 25. 85. 86. 103. 113. 127. 198. 205. 206. 332-340.
 Þórdís Tófadóttir, II, 329.
 Þórðr digri, II, 25. 80.
 Þórðr Fólason, I, 169: II, 64.
 - Barkarson, I, 280.
 - Guthormsson, I, 287.
 - Hörða-Kárason, I, 22.

- Þórðr íslenzkr, II, 25.
 - ístrumagi, I, 244. 246.
 - Kolbeinsson, I, 62. 110. 280.
 - Sigvalda skúld, I, 88.
 - skotakollr, I, 193.
 - svartaskúld, I, 362.
 - lági Þorláksson, I, 307-312. 347. 348.
 - víkingr, II, 157.
 - II, 234.
 - II, 285.
 Þorsinnr hausakljúfr Torf-Einarsson, I, 212. 213.
 - jarl, I, 17.
 - munnr, II, 56. 57. 80.
 - jarl Sigurðarson, I, 213-230. 239: II, 141.
 - skáld, II, 234.
 Þorgautr skarði, I, 112-115. 125.
 Þorgeir afrazkoll, I, 1.
 - ármaðr, I, 316. 317.
 - flekkur, II, 50. 125. 126.
 - Hávarðsson, I, 280: II, 234.
 - af Kvistum (Kvístöðum), II, 76. 80. 203. 237.
 Þorgerðr Egilsdóttir, II, 321. 322.
 Þorgils (Þorgeir) álma, II, 63. 95-99. 105.
 - Arason, I, 177.
 Þorgisl, II, 248. 257-266.
- Þorgisl Haraldsson, I, 7-9.
 - sprakaleggr, I, 65, 305: II, 162.
 Þorgnýr Þorgnýrsson, I, 156, 183: II, 248. 249. 256. 259.
 - Þorgnýrsson, I, 156.
 Þórir bóndi, I, 336.
 - Erlingsson, I, 70. 322: II, 304.
 - helsíngur, I, 314: II, 137.
 - hersir, I, 6.
 - hirðmaðr, II, 315.
 - lángr, I, 120. 171-173.
 - hundr, I, 233. 254. 259. 269. 270. 278. 279. 297. 326-330. 375. 376. 382: II, 4. 36. 42. 71-77. 82-87. 97. 124. 202. 207. 208. 235-237.
 - Nefjúlsson, II, 234.
 - þegjandi, I, 7.
 - Ölvisson, I, 382-384: II, 24. 30. 72. 191.
 - II, 248. 258-266.
 Þorkell fóstri Amundason, I, 216-221. 226-233.
 - bóndi, II, 232.
 - Eyjólfsson, I, 280. 283. 284.
 - háfi, I, 65: II, 31. 155-157. 167. 168. 228.
 Þorketill bóndi, I, 89.

- Þorlaug k. Egils, II, 321.
325.
- Þorleifr hvíti, II, 25.
- kveikr, II, 25. 203.
- Þorleikr Bollason, I, 280.
- Þormóðr Kolbrúnarskáld
Bersason, I, 280: II,
25. 54-61. 89-93. 234.
- Þorný móðursystir Olafs
kon., II, 267.
- Þóroddr Snorrason goða,
I, 287. 313. 316. 332-
241.
- Þórólfr Skjálgi, I, 252-
254.
- *sjá* Rauðr í Eystriðöl-
um.
- Þorsteinn fróði, I, 210.
- gálgi, I, 238.
- Hallsson, I, 283.
- kuararsmiðr, II, 74, 83.
237.
- Ragnhildarson, II, 25.
314-320.
- rauðr, I, 213.
- Þorvaldr Hjaltason, skáld,
II, 250. 251.
- Þorvarðr bóndi Steinvar-
ar, II, 226.
- galli, II, 231.
- Þorviðr stami, I, 204-210.
- Þránðr í Gøtu, I, 284.
307-312. 343-348.
- hvíti, I, 123. 332-
- súla, jarl, II, 245.
- Þrándarson, II, 318.
- II, 318.
- Þrandir, I, 9. 11-15. 19.
34. 85. 106. 314: II,
19. 58. 71. 73. 78.
112. 113. 127. 205.
- Þuríðr Snorradóttir, I, 2.
- Þyri Haraldsdóttir, Gorms-
sonar, II, 247.
- Æsa (Asta) Hakonard, I, 7.
- Ölver bóndi, I, 187.
- á Eggju, I, 234-239.
382: II, 30. 71.
- Önundr konúgr Olafss.,
I, 209. 250. 294. 295.
305. 350 356-378: II,
41-45. 238.

Registri

yfir

öll landa, staða ok fljótanöfn, sem finnast í sögu
Ólafs konungs helga.

- Agðanes, I, 322. 225.
Agðasund, I, 124.
Agðir, I, 23. 97. 122. 124.
251. 306: II, 3. 16. 44.
Aguafit, I, 41: II, 167.
Akranes, I, 111.
Akreyjar, I, 123.
Aldeigjuborg, I, 197: II,
117-118. 297. 298.
Apavatn, I, 89: II, 232.
Arós, II, 41.
Asmundarvoggr, I, 218.
Atjándaland, I, 155.
Attandaland, I, 155.
Auðafurða, II, 166.
Angasund, I, 124.
Aungulseyjasund, II, 239.
Aungulsund, II, 135.
Austrdalir, II, 330.
Austrey, I, 307.
Austreyjar, I, 345.
Austrlönd, I, 82. 162:
II, 247.
Austr-Ránríki, I, 68.
Austriki, I, 46: II, 246.
Austrvegr, I, 20. 24. 25.
66 106. 122. 124. 163:
II, 166. 271. 318.
Austrvík, I, 68.
Balagarðsá, I, 44-45.
Barvík, I, 363.
Bjarkey, I, 233. 254. 278.
279. 304. 326-227: II,
124.
Bjarkeyjar, II, 18.
Bjarmaland, I, 296. 298.
329: II, 279.
Bliskumannaland, II, 137.
Bóku, II, 11-13. 17.
Borg, I, 184. 191. 192.
251: II, 8.
Borgund, II, 18-19.
Borrar, I, 240.
Brattahlíð, I, 176.
Breiða, I, 242.
Breiðafjörður, I, 177.
Bretland, I, 218: II, 135.
Brúnsvík, II, 132.

- Dalir**, I, 94. 145. 152. 240-244. 273. 287: II, 20. 22. 56. 58.
Danaveldi, II, 4.
Dannörk, I, 1. 6. 22. 39. 40. 45. 66. 118. 123. 140. 211. 288. 291. 294. 295. 305. 350-352. 355-356. 366. 375. 386: II, 1. 4. 6-9. 41. 43. 100. 101. 120-124. 131-132. 139. 142. 182. 184. 247. 250. 252. 258. 263. 266. 300. 322.
Dímun, I, 284. 306. 307. 312.
Dýflin á Irlandi, I, 9: II, 135
Dofrafjall, II, 179. 180.
Dofrar, I, 239.
Dröfn, II, 8.
Eggja, I, 234. 237. 239. 324. 382: II, 30. 103. 127.
Eiðaskógr, I, 118. 185-189. 315: II, 24. 25. 44. 239.
Einbúi, II, 23.
Eitreyjar, I, 123.
Ekreyjar, I, 123. 201.
Elfarkvíslar, I, 9.
Elfi, I, 9. 118. 121. 126. 164. 251: II, 132.
England, I, 1. 9. 15. 17. 36. 47. 48. 51. 53. 61-64. 66. 74. 81. 123. 211. 273. 288. 289-291. 294. 305. 325. 329. 330. 349. 352. 355. 356. 374: II, 1. 9. 31-33. 104. 124. 132. 142. 155-158. 166-68. 191. 207. 224. 226. 228. 237. 257. 168. 322.
Eyjafjörðr, I, 281: II, 269. 314.
Eykundasund, I, 306: II, 3. 6. 10.
Eyland, I, 125. 155.
Eynafylki, I, 91.
Eyrarsund, I, 365. 367. 370: II, 8.
Eyðtland, I, 9. 162.
Eystraland, I, 155.
Eystra-Gautland, I, 155. 198.
Eystri-Dalir, I, 379.
Eysýsla, I, 43.
Fetlafjörðr, I, 55: II, 160.
Fífi, I, 293.
Finnmörk, I, 119. 315: II, 235.
Finneyjar, II, 44. 84. 237.
Finuland, I, 44. 162.
Firðatylki, I, 23.

- Fitjar, I, 18: II, 128.
 Fjaðrundaland, I, 155.
 Fjórðúngaland, I, 155.
 Flæmingjaland, I, 48. 123.
 Foldin í Noregi, I, 20.
 103. 118: II 3. 8.
 Fólkrín, II, 304. 206.
 Frekeyjarsund, II, 18.
 Frisland, I, 45. 122.
 Frostá, I, 92.
 Fyrðir, I, 6. 246: II, 10.
 16.
 Fýrisvellir, II, 249. 250.
 Færeyjar, I, 109. 279.
 284-288. 306. 310. 312.
 341. 343-48.
 Gandvík, II, 238.
 Garðar, II, 215. 221.
 Garðar á Akranesi, I, 111.
 Gauðaríki, I, 26. 106. 124.
 198: II, 25. 36-39. 43.
 68. 88. 89. 104. 117.
 121. 200. 270-279. 284-
 298.
 Gata, I, 284. 307. 312.
 343. 348.
 Gaular, I, 306.
 Gaularás, I, 93. 115. 317.
 Gaulardalr, I, 91-93. 115.
 240. 317: II, 230.
 Gauldælafylki, I, 91.
 Gautellfur, I, 118. 201:
 II, 239.
 Gautland, I, 42. 121. 124.
 135. 136. 140. 144. 155.
 179. 185. 186. 191-193.
 196. 198. 210. 306. 314.
 371. 385: II, 8. 25. 41.
 223. 321. 326-329.
 Geirstaðir, I, 30. 121.
 Geirsver, I, 302.
 Gerði, II, 41. 84. 137.
 Germanía, I, 82.
 Gimsar, I, 61: II, 304.
 306.
 Gíslu- (Gíslu) pollar, I,
 54.
 Gizka, I, 317-322.
 Grenjar, I, 95.
 Grenmörk, I, 20.
 Gresúngar (Grennúngar),
 II, 22.
 Grikkland, II, 5. 136.
 Grímsey, I, 281-283.
 Grænland, I, 20. 176. 279:
 II, 269.
 Grænlandsfylki, I, 30.
 Guðbrandsdalir, I, 8. 83.
 88. 94. 286: II, 23.
 Gunnvaldsborg, I, 55.
 Haðaland, I, 7. 9. 10.
 83. 88. 145. 146. 152.
 249. 287.
 Hákonarhella, I, 18.
 Halland, I, 9.

- Hálogaland, I, 9. 231-233. 275. 296. 325. 326. 330. 373: II, 2. 3. 125.
- Háls, I, 22.
- Haugasund, I, 14.
- Haugr, I, 236: II, 126. 127.
- Haukadalur, I, 2.
- Heiðabær, II, 133.
- Heiðmörk, I, 7. 8. 83. 94. 145. 148. 152. 249. 286. 379. 382. 384: II, 23.
- Helsíngjaland, I, 106. 107. 314. 315: II, 67. 117.
- Herdalir, I, 44.
- Hereyjar, I, 308. 341: II, 18.
- Hísing, I, 118. 123. 210.
- Hítardalur, I, 110.
- Hjaltland, I, 109. 227. 230.
- Hjörúngavogr, I, 26.
- Hlaðir, I, 18. 93.
- Hlèsey, I, 201.
- Hlýrskógshéiði, I, 133.
- Hof, I, 186. 242: II, 321.
- Holund, I, 54.
- Hólmgarðr, I, 192. 196: II, 117. 118. 215. 221. 271. 272. 297.
- Hornafjörðr, II, 321.
- Hríngaríkisnes, I, 94.
- Hríngaríki, I, 267.
- Hríngmaraheiði, I, 51.
- Hríngsákr, I, 145.
- Hríngsfjörðr, I, 54.
- Hróaskelda, I, 366.
- Hrosseyja, I, 215.
- Húnkver, II, 19.
- Húnþorp, I, 241.
- Húsafell, I, 110.
- Hvítíngsey, I, 116. 306.
- Hvítíngshjalli, I, 110.
- Hörðaland, I, 7. 9. 10. 18. 23. 251. 270. 306. 349: II, 16. 44. 115.
- Jaðar, I, 10. 67. 254. 257. 260. 263. 306. 322: II, 9. 10. 12. 16. 17. 36. 44. 116. 235. 304.
- Jamtaland, I, 106. 108. 123. 314. 315. 332: II, 47. 67. 88. 117.
- Járnberaland, II, 45. 197.
- Jugafurða, I, 64.
- Immaney, II, 54.
- Jómsborg, II, 100. 132. 247.
- Jótland, I, 356: II, 142.
- Jótlandssíða, II, 181.
- Jórðan, II, 37.
- Jórsala, II, 37. 124.
- Jórsalaheimr, I, 58.
- Írland, I, 9. 65. 66. 178. 214. 217. 218. 230: II, 127. 135. 145. 168.
- Ísland, I, 3. 4. 89. 90. 109. 110. 115. 127. 137. 176-178. 279. 280. 282. 284. 287. 313. 332: II, 176. 177. 203. 232. 240. 269. 316. 329.

- Júngufurða, I, 64.
- Kalmarmar, I, 372.
- Kantarabyrgi, I, 52.
- Karfsund, I, 92.
- Karlsár, I, 55. 56: II, 162. 163.
- Karlssund, I, 92. 116.
- Karmsund, I, 92. 116. 261.
- Katanes, I, 214. 215. 217-218. 229: II, 33.
- Kaupáugr, I, 314. 340: II, 104. 117. 133. 143. 144. 181. 213. 216.
- Kilir, I, 119. 315.
- Kinnlimasíða, I, 45.
- Kirjálaland, I, 162.
- Kjölur, I, 112. 314. 315: II, 47. 48. 68. 117. 119.
- Konungahella, I, 305.
- Konungssund, I, 42: II, 166. 167.
- Kúrland, I, 162.
- Kvistir (Kviststaðir), II, 76. 80. 203. 237.
- Kænugarður, II, 271. 297.
- Körmt, I, 255. 258. 260. 266: II, 304.
- Landamæri, I, 164.
- Láugey, I, 276. 297. 304.
- Láugr (vatn), I, 241.
- Laupandanes, I, 215.
- Lengjavík, I, 304. 326.
- Lesjar, I, 239-242. 245: II, 20. 23.
- Leyruvogar, I, 269.¹
- Líðandisnes, I, 23. 68. 105. 164. 177. 251.
- Líðstaðir, I, 244.
- Límajörður, I, 22, 355-357: II, 3. 6.
- Lóar, I, 240.
- Lón, I, 240. 242. 245.
- Lundún, I, 50. 51. 62. 63: II, 32. 140. 155-157. 226. 227. 237.
- Lygra, I, 309. 311.
- Lögrinn, I, 41. 42. 206: II, 41. 255.
- Mánaborg, I, 273.
- Mar, II, 166.
- Masarvík, I, 92.
- Mikligarður, II, 111. 112. 138. 139.
- Mjör, I, 105.
- Móra, I, 250.
- Mostr, I, 13.
- Mót, (Mont), II, 122.
- Máli, I, 163.
- Myrkviður, II, 249.
- Mæri, I, 68. 115. 212. 235-237. 280. 317. 341: II, 20. 28. 76. 115. 202.
- Möðruvellir, I, 177: II, 269. 314.

- Naumdælafylki, I, 232.
 Naumudalir, I, 231.
 Neríki, II, 25.
 Nes, I, 122. 147. 240: II, 169.
 Níð, á, I, 93: II, 7. 142. 181. 182.
 Niðarhólmur, I, 322.
 Niðarnes, I, 1.
 Niðarós, I, 1. 91-94. 105-108. 230-233. 238. 273. 296. 314. 332: II, 3. 31. 99. 133. 144. 149. 179. 220. 223. 230.
 Njósbrekka, II, 20.
 Njörvasund, I, 58.
 Norðheimr, I, 9.
 Norðimbraland, I, 17. 65.
 Norðmæri, I, 9. 23.
 Norðr-Agðir, I, 105.
 Norðreyjar, I, 344. 346.
 Norðrhálfan, II, 159. 268.
 Norðrlönd, I, 18. 34. 62. 139. 140. 202. 289. 291. 340: II, 134. 172. 191. 226. 241.
 Norðr-Markir, I, 118.
 Normandi, I, 59. 60. 64.
 Nýjamóða, I, 53.
 Nyrvi, II, 19.
 Ólafsbýgðir, II, 47.
 Ólafshellir, II, 22.
 Orðost, I, 124.
 Orkadalur, I, 61. 91-94. 115. 240. 316.
 Orkdælafylki, I, 91.
 Orkneyjar, I, 9. 17. 23. 109. 178. 212-230. 233. 279: II, 141.
 Ostra, I, 124.
 Ostrarfjörðr, I, 271.
 Ótta, I, 240.
 Palteskja, II, 271. 297.
 Peituland, I, 58. 59.
 Persinjavellir, I, 137.
 Petlandsfjörðr, II, 33. 141.
 Ránríki, I, 9. 16.
 Raumaríki, I, 8. 83. 94. 118. 145-148. 152. 249. 250.
 Raumelli, I, 121.
 Raumsdalir, I, 9. 23. 68. 341.
 Reinfura, I, 12.
 Reinslætta, I, 12.
 Reykjahólar, I, 177.
 Rímansey, I, 212.
 Rínga, I, 94.
 Rínganes, I, 94. 105. 149. 186: II, 135.
 Ríngaríki, I, 7. 9. 33. 34. 249. 287.
 Ríngisakr, I, 145. 148. 150. 152.

- Róðrarfjörður, II, 19. 28.
 Rogaland, I, 23. 68. 95.
 251. 256: II, 16. 44.
 Rómaborg, I, 273: II, 57.
 121.
 Rúða, I, 352.
 Rýggjarbit, II, 3.
 Rögnavaldsvogr, I, 213.
 Röwd, II, 151.
 Samsey, II, 258.
 Sandvík, I, 215. 220. 297.
 Sarpr, I, 121.
 Sarpsborg, I, 194. 295.
 296. 373: II, 299.
 Sauðúngssund, I, 67. 71.
 73.
 Saurhlíð, II, 99. 107.
 Saxland, I, 123: II, 132.
 Sefsurð, II, 20.
 Selja, I, 67.
 Seljupollar, I, 55.¹
 Síða, I, 1.
 Sigtún, I, 41: II, 119.
 Sikreyjar, I, 123.
 Sjóland, I, 155. 350. 365.
 Skáney, I, 350. 358. 372.
 Skarir, I, 136. 198. 208.
 209.
 Skarsund, (Skarasund), I,
 92.
 Skíll, I, 119.
 Skónarsund (Sóknarsund),
 II, 116.
 Skot, II, 19.
 Skotborgará, II, 133.
 Skotland, I, 212. 218. 229.
 230. 291. 293: II, 127.
 Skön, I, 68. 112.
 Slesvík, II, 156.
 Smálönd, I, 373.
 Sogn, I, 9. 23. 67. 68.
 271.
 Sognsær, I, 251.
 Sóla, I, 103. 105. 256.
 257. 263. 306: II, 15.
 237. 307. 308.
 Sóleyjar, I, 250: II, 9.
 Sólundir, II, 142.
 Sótasker, I, 40. 141.
 Spanía, I, 82.
 Spárbúi, I, 314.
 Sparbyggjafylki, I, 68.
 Staðr í Noregi, I, 12. 67.
 250. 348: II, 3. 6. 18.
 97. 226. 229.
 Stafabrekka, I, 240.
 Stafamýrar, II, 51.
 Stafr, II, 51.
 Steigh, I, 287.
 Steinavogr, II, 18.
 Steinker, I, 91-93.
 Steinslétta, I, 12.
 Stiklastaðir, I, 5: II, 61-
 63. 66. 75. 91. 97-
 100. 105. 110. 112. 118.
 125. 126. 190. 197. 202.
 223. 237. 329.
 Stjóradalur, I, 93. 112.

- Stokkhólmur, II, 167.
 Stokksund, I, 41. 42.
 Storð, I, 18.
 Storða- (Stjóra, Strjóna)
 fylki, I, 68.
 Stórdælafylki, I, 68.
 Straumeyja, I, 343. 344.
 Strind 115.
 Strindæla- (Strinda) fylki,
 I, 91.
 Strönd, I, 115.
 Stúlka- (Tosku-) land, I,
 59.
 Suðreyjar, I, 230: II, 127.
 Suðrland, I, 214. 215.
 Suðrmannaland, I, 155.
 Suðrriki, I, 82.
 Suðrvík, I, 45.
 Suðvírki, I, 48-51.
 Súla, I, 11: II, 49. 87.
 210.
 Sult, II, 19. 28.
 Sundmæri, I, 341.
 Sunnhörðaland, I, 13. 252.
 Sunnmæri, I, 23.
 Súrnadalr, I, 317.
 Sveggjaðarsund, II, 115.
 Svíasker, I, 40. 125.
 Sviaveldi, I, 39. 133. 140.
 154. 156. 197. 202. 294:
 II, 24. 41. 46. 53.
 248.
 Svínasund, I, 9. 118.
 119.
 Svíþjóð, I, 21. 24. 25. 27.
 34. 40. 41. 66. 106. 112.
 125. 154. 155. 160. 196-
 199. 251. 294. 295: II,
 25. 41. 43. 44. 68. 88.
 111. 117. 118. 143. 166.
 196. 248. 255. 266. 318.
 Sæheimur, I, 18: II, 152.
 Sæla, I, 67.
 Sölvaklofi, I, 11.
 Sölvi, I, 11.
 Temps, I, 48. 49: II,
 156. 157. 228.
 Tíundaland, I, 155. 156:
 II, 248.
 Tjörunes, II, 314.
 Túngur, II, 12.
 Túnsberg, I, 10. 14. 20.
 23. 168. 172. 174. 211.
 250. 290. 385: II, 8. 9
 Tyrkland, II, 283.
 Uglá, I, 19.
 Ulfasund, I, 67: II, 129.
 Ulfkelsfjörður, I, 218.
 Ulfkelsland, I, 51.
 Ulfreksfjörður, I, 178.
 Ullaragr, I, 157. 207.
 Uppdalr, I, 91.
 Upplönd, I, 7. 10. 15. 16.
 21. 27. 144. 167. 234.
 250. 286. 296. 378. 379.
 384: II, 44. 52. 104.
 113. 150. 170. 222. 267.

- Uppsalaþrekkka, II, 250.
 Uppsálar, I, 24. 140. 142.
 154-156. 160. 199: II,
 245. 248. 338.
 Urguröst, I, 242.
 Úsa, I, 242.
 Úsadalir, I, 242.
 Útsteinn, II, 14. 17.

 Vaga, I, 240. 242.
 Valdalar, II, 19. 28.
 Valdi, I, 65.
 Valdres, I, 83. 270.
 Valgaría, II, 37.
 Valland, I, 59. 60. 64-66.
 374: II, 140. 166. 257.
 263.
 Varrandi, I, 58. 59.
 Vazbær, II, 25.
 Vazdalr, II, 28.
 Veðrey, I, 373.
 Veggir, I, 21.
 Veggjarsund, II, 19.
 Vellir, I, 110.
 Veradalr, I, 112. 236: II,
 61. 68. 86. 97. 125.
 126. 205.
 Verdælafylki, I, 68: II, 49.
 Vermaland, I, 155. 200:
 II, 25. 44. 68.
 Vestfold, I, 3. 7. 8. 10. 11.
 13. 16. 23. 74. 88. 329.
 Vestmannaland, I, 155.
 Vestrafjörðr, I, 329.


 Vcstra - Gautland, I, 68.
 139. 155. 180. 182. 198.
 199. 295. 305. 368. 373.
 Vestrlönd, I, 60. 68.
 Viggja, II, 61. 237.
 Vikarnes, I, 1.
 Víkin í Noregi, I, 10. 14-
 16. 20. 37. 94. 95.
 105. 118-121. 123. 126-
 128. 164. 168. 184. 211.
 250. 286. 287. 294. 306.
 314. 373. 285: II, 8. 9.
 11. 100. 115.
 Vilhjálmsbær, I, 54.
 Vína, I, 298.
 Vindland, I, 179. 180: II,
 100. 132. 145. 182. 246.
 247.
 Vínulmörk, I, 8. 16. 23.
 144.
 Vors, I, 270.
 Væni, I, 118.
 Vættaland, I, 122.

 Þelamörk, II, 215.
 Þingvellir, I, 279: II, 240.
 Þjóttá, I, 231. 232. 239.
 275. 371. 372. 373: II,
 2. 4. 36. 71. 85. 124. 237.
 Þjótandi, II, 19.
 Þórsbjörg, I, 12.
 Þórshöfn, I, 343.
 Þotn, I, 9. 83. 249. 272.
 287.


Þrándarnes, I, 254. 270. 277.	115. 120. 124. 131. 149. 153. 179. 306.
Þrándheimsmynni, I, 19.	Þrændalög, I, 61: II, 117.
Þrándheimar, I, 7. 9. 11. 14-16. 18. 19. 22. 23. 68. 91. 94. 105-108. 115. 123. 211. 230-234. 237. 238. 251. 273. 279. 280. 314. 315. 325. 341. 384: II, 2. 3. 16. 18. 28. 30. 31. 42. 49. 50. 52. 68. 100. 102-104. 108.	139. Þverá, II, 314. Ögvaldsnes, I, 255. 258. 261. 264. 266. 268. 270: II, 304. Öndr, I, 254 Öslarfjörðr, II, 8. Öxnafurða, I, 64.


Prentvillur:

I fyrri Deild Ol. S. II.	bla. 310:	Þorláfs les: Þórólfs.
— — — —	380:	árnaðr Olafs konúngs, les: ármanns. Ólafr konúngs.











100389816 - 8

